BJÖRGVIN ÞÓR SIGURÓLASON
*Deilir mótorhjólinu með konu sinni*
Bílar Ferðir Börn
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




FRIÐRIK ÁRMANN GUÐMUNDSSON
*Fagnar 50 ára afmæli Melabúðarinnar*
Búðin í eigu sömu fjölskyldu frá 1964
FÓLK 42






FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

5. júlí 2006 — 178. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000



**Furðulega fjölbreytilegur hafís**
Dr. Þór Jakobsson er hvatamaður að Hafíssetrinu á Blönduósi sem er opnað í dag.
TÍMAMÓT 24

**Um snuður og hleranir**
„Flestir þingmenn láta sig dreyma um að verða ráðherrar og hluti af framkvæmdavaldinu," skrifar Ólafur Hannibalsson. „Sauðtryggur stjórnarmeirihluti þingsins gerir eins og fyrir hann er lagt. Til skamms tíma hafa dómstólar verið undir sömu sök seldir..."
Í DAG 20

**Vinsælli en George Michael**



Fyrsta lag Nylon í Bretlandi er í fimmta sæti á vinsældalista sjónvarpsstöðvar. Þar skjóta þær sjálfum George Michael ref fyrir rass.
FÓLK 35

**Blikar vilja Ólaf**
Breiðablik hefur sett sig í samband við Ólaf Þórðarson, sem áður þjálfaði ÍA, með það fyrir augum að hann verði næsti þjálfari liðsins.
ÍÞRÓTTIR 36



## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR SYÐRA -** Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Skúrir sunnan til, skýjað norð-vestan til en bjart með köflum á Norðausturlandi. Hiti 10-19 stig, hlýjast norðaustan til.

# Gæti þurft að kalla inn fjölda fellihýsa

**Ólögleg fellihýsi eru í umferð hér á landi. Ellingsen seldi ólögleg hýsi, að sögn vegna misskilnings. Vinnueftirlitið er sakað um að sinna ekki skyldu sinni.**

**NEYTENDUR** „Það eru kröfur um innköllun," svaraði Ágúst Ágústsson hjá tæknideild Vinnueftirlitsins, spurður um sölu á ólöglegum fellihýsum hér á landi. Hann vildi þó ekki upplýsa um hvaða innflytjendur væri að ræða.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talsvert magn fellihýsa sem seld hafa verið með ólöglegum búnaði í umferð á Íslandi. Um er að ræða fellihýsi innflutt frá Bandaríkjunum. Þau eru með gastækjum sem standast ekki evrópskar reglugerðir.

Gasbúnað má einungis setja á markað hér á landi ef hann ógnar ekki öryggi manna við venjulega notkun og er CE-staðlaður. Vinnueftirlitið á að hafa eftirlit með gasbúnaði og sjá um að stöðva markaðssetningu á ólöglegum búnaði.

„Í ameríska kerfinu eru ekki skynjarar sem rjúfa gasstreymi ef leki kemur upp og því er slysahættan á þeim tækjum mun meiri. Ég veit að ólöglegir vagnar hér á landi skipta hundruðum," segir Þorsteinn Garðarsson, framkvæmdastjóri Felli- og hjólhýsa. Hann segir Vinnueftirlitið engan veginn sinna skyldu sinni, hvorki við að fylgja því eftir að löglegur búnaður sé í fellihýsum sem eru til sölu, né heldur tilkynningaskyldu til Umferðarstofu.

Sá búnaður sem um er að ræða eru eldavélar, miðstöðvar og vatnshitunarkerfi sem nýta sér gas. Þessi búnaður er í langflestum tilfellum ólöglegur sé hann fluttur til landsins frá Bandaríkjunum. Þegar fellihýsi eru flutt til landsins þarf að skipta um gaskerfi og kostar það á bilinu tvö til þrjú hundruð þúsund í hverjum vagni. Innflutningsaðilar spara sér því töluverðar fjárhæðir með því að selja vagnana óbreytta og með ólöglega búnaðinum.

Fellihýsi með þessum ólöglega búnaði hafa fengist í versluninni Ellingsen. „Þetta er málefni sem ég þarf að tala við mína sölumenn um. Þeir hafa skýr fyrirmæli um að það enginn vagn verði seldur með þessum búnaði núna, meðan ég hef ekki leyfi til að gera það," segir Halldór Jóhannesson, forstöðumaður Ellingsen. „Það eru fellihýsi sem fóru út og eru með búnaði sem ekki er löglegur," sagði Halldór en bætir við að hann hafi ekki vitað að þar væri ólöglegur búnaður á ferð. „Við vissum ekkert um þessar reglur og þess vegna fór þetta eins og fór." - öhö

Niðursveifla hagkerfisins hafin:

## Verð fasteigna muni lækka

**EFNAHAGSMÁL** Niðursveifla hagkerfisins hófst milli fyrsta og annars ársfjórðungs að mati greiningardeildar KB banka með viðsnúningi eignamarkaða.

Þetta kemur fram í nýrri hagspá bankans. Þar er búist við að krónan eigi eftir að veikjast enn frekar fram á næsta ár. Verðbólga mun ná hámarki á núverandi ársfjórðungi og haldast há fram á næsta ár að mati greiningardeildar KB banka. Úr verðbólgu mun draga hratt á næsta ári og jafnvægi skapast í hagkerfinu á ný samkvæmt spánni. Aðhald Seðlabankans er nóg, en bankinn stríðir enn við verðbólguvæntingar og mun vegna þeirra hækka vexti tvívegis áður en snúið verður af þeirri braut.

KB banki gerir ráð fyrir að verð fasteigna lækki um tvö til þrjú prósent að nafnvirði og um sex til sjö prósent að raunvirði á næstu tólf mánuðum. Það er breyting frá fyrri spá sem helgast af því að nú er gert ráð fyrir mun meira framboði húsnæðis en í fyrri spám. -hh

Sjá Markaðinn



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VEIÐIDELLA Á BESSASTÖÐUM** Forsetahjónin færðu George Bush forláta veiðistöng að gjöf við komuna á Bessastaði í gærdag. Þau færðu forsetanum fyrrverandi einnig sérhannaða flugu í bandarísku fánalitunum í tilefni þjóðhátíðardags Bandaríkjanna sem var í gær.

George Bush eldri á Íslandi:

## Snæddi í gær á Bessastöðum

**HEIMSÓKN** George Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, kom til landsins í gærdag í boði Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands. Hann sat kvöldverðarboð forsetahjónanna á Bessastöðum í gærkvöldi, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna.

Við komu Bush til Bessastaða sagði Ólafur að íslenska þjóðin kynni vel að meta vináttu hans. Bush sagðist ekki hafa hikað við að þiggja heimboð forsetans þegar bréf hans barst honum.

Bush verður við veiðar í Selá í Vopnafirði í dag í boði Orra Vigfússonar, en laxveiðar eru ein megináståæða komu hans nú. Þar mun Bush rifja upp heimsókn sína frá 1983 þegar hann veiddi í Þverá í Borgarfirði. - shá / sjá síðu 8

**> Markaðurinn**
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Seldur hefur verið fiskur á mörkuðum fyrir tæpa átta milljarða á fyrri helmingi ársins:

# Meðalverð á fiski aldrei hærra

**ÚTFLUTNINGUR** Meðalverð á íslenskum fiskmörkuðum í júní var 148,42 krónur kílóið sem er það hæsta sem sést hefur frá því fiskmarkaðir hófu göngu sína árið 1987. Eyjólfur Þór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Íslandsmarkaðar hf., segir að þakka megi veikingu krónunnar þetta háa meðalverð en við þær aðstæður séu menn tilbúnir til að borga meira fyrir hráefnið. „Þetta er líka spurning um framboð og eftirspurn en nú upp á síðkastið hefur eftirspurn eftir fiski verið mikil en framboð ekki fylgt eftir." Eyjólfur segir einnig að gott hráefni auki eftirspurn eftir íslenskum fiski erlendis.

**MEÐALVERÐ Á FISKMÖRKUÐUM Í JÚNÍ**




Fyrstu sex mánuði ársins 2006 voru 61,788 tonn af fiski seld og var uppistaða aflans þorskur og ýsa. Ef ekki er tekin með sala á loðnu er þetta mesta magn sem selt hefur verið á því tímabili frá upphafi markaðanna. Heildarverð aflans fyrstu sex mánuði þessa árs var 7.972 milljónir og var meðalverðið 129,01 króna. Til samanburðar má geta þess að mesta verðmæti í júnímánuði var árið 2001 en þá var heildarverðmæti aflans 1.332 milljónir og meðalverðið 137,03 krónur.

Eyjólfur segist merkja aukna eftirspurn eftir fiski frá erlendum mörkuðum og þar sé Evrópumarkaður framarlega í flokki. -hs





## SPURNING DAGSINS

*Logi, ætlið þið að leika tölvukerfi?*

Það getur vel verið að við reynum að nýta sérfræðiþekkingu liðsmanna á þann hátt.

Tökur eru hafnar á sjónvarpsþættinum íslensku nördarnir. Þar munu fimmtán nördar freista þess að mynda fótboltalið sem getur unnið Íslandsmeistarana í fótbolta. Logi Ólafsson er þjálfari liðsins.

Veiðileyfi seld á 50% afslætti í gjöfulustu laxveiðiám landsins næstu daga:

# Minni veiði í Norðurá í ár

**VEIÐI** Nú fram að helgi er veittur fimmtíu prósenta afsláttur af veiðileyfum í Ytri- og Eystri-Rangá sem eru gjöfulustu laxveiðiár landins. Það sem af er tímabilinu eru sextíu laxar komnir á land í Ytri-Rangá en eitthvað minna í Eystri-Rangá.

Stefán Sigurðsson sölustjóri hjá Lax-á segir að veiðileyfi fáist á niðursettu verði þegar fyrirvarinn sé svo stuttur en margir bóki leyfi með allt að ársfyrirvara. „Rangárnar byrjuðu snemma í ár og árnar fyrir norðan eru einnig að koma til.“ Stefán sagðist ánægður með tímabilið í heild sinni það sem af er og segir Laxá á Ásum einnig komna af stað en það er talin ein besta laxveiðiá landsins.

Í Laxá á Ásum er ekki veittur afsláttur þó að laust sé í veiði með nokkurra daga fyrirvara. Þar er laust næstkomandi föstudag og laugardag og kostar veiðileyfið með fullri þjónustu þá daga 220 þúsund krónur.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum um veiði í Norðurá í Borgarfirði höfðu veiðst 428 laxar þar nú í upphafi vikunnar. Mjöll Daníelsdóttir sem rekur veiðihúsið í Norðurá segir þetta nokkuð minna en á sama tíma í fyrra en það var metár. „Veðrið hefur sett strik í reikninginn með miklum vatnavöxtum sem þó virðast í rénun núna. Uppselt er í veiði í Norðurá í allt sumar.“ -hs



**NORÐURÁ Í BORGARFIRÐI** Veðrið hefur haft áhrif á veiðina það sem af er sumri en þó er uppselt í ána í sumar.

Norðmenn skattleggja skip:

## Himinhá gjöld vegna losunar

**SJÓVEIÐAR** Svo gæti farið að norski fiskiskipaflotinn verði að greiða sem nemur 2,7 milljörðum íslenskra króna í sérstakan skatt vegna losunar á svokölluðum köfnunarefnisoxíðum. Skatturinn verður lagður á öll skip sem eru með vélarafl yfir 750 kílóvött og eru í rekstri innanlands. Þetta kemur fram á fréttavefnum skip.is, en upprunalega fréttin er af vef samtaka norskra útgerðarmanna.

Ástæðan fyrir skattlagningunni er sú að Noregur hefur undirgengist Gautaborgarbókun sem kveður á um takmörk á losun köfnunarefnisoxíða. Íslendingar hafa einnig samþykkt bókunina. - sþs



INGIMUNDUR EINARSSON



STEFÁN EIRÍKSSON

Nýtt embætti lögreglustjóra:

## Tveir sækja um embættið

**UMSÓKN** Tveir umsækjendur sækja um nýtt embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, en umsóknarfrestur rann út í fyrradag.

Þeir Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri í Reykjavík og Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, eru einir um hituna.

Böðvar Bragason, núverandi lögreglustjóri í Reykjavík, hefur sagt að hann sækist ekki eftir stöðunni.

Umdæmi embættisins nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Sveitarfélagið Álftanes. - æþe

Jeppaferð endaði í skurð:

## Fóru drukknir í jeppaferð

**LÖGREGLA** Þrír menn brugðu á það ráð að fara í jeppaferð á túni nálægt sumarbústað sem þeir unnu við uppsetningu á, skammt vestan Varmahlíðar, í gærmorgun. Jeppaferðin fór ekki betur en svo að jeppinn kolsteyptist ofan í skurð sem lá meðfram túninu.

Þegar lögregluna frá Sauðárkróki bar að garði voru mennirnir greinilega ölvaðir en þó nokkuð brugðið, að sögn lögreglu.

Lögregla tók skýrslu af mönnunum og kallaði til bíl til að aðstoða mennina við að ná jeppanum. - æþe



**BÖRNIN OG GÆSLUKONURNAR Á VELLINUM VIÐ NJÁLSGÖTU** Einungis konur vinna á Njálsgötuvellinum og þegar ljósmyndari kom á staðinn voru þær fleiri en börnin sem þurfti að passa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Segja foreldra ekki vita um gæsluvelli

**Leikvellir ÍTR tóku í sumar við þeirri þjónustu sem gæsluvellirnir veittu barnafólki áður. Opið er sjö og hálfan tíma á dag og verðið er í lágmarki. Starfsmenn telja marga foreldra ekki vita af þjónustunni sem þeim býðst.**

**BÖRN** Íþrótta- og tómstundaráði var falið að reka leikvelli yfir sumartímann á sex stöðum í borginni. Þrjár af þeim konum, sem sagt var upp á gæsluvöllum Reykjavíkurborgar fyrir ári þegar ákveðið var að loka yfir vetrartímann, vinna á leikvöllum ÍTR. „Þeim var lokað því það er engin aðsókn á vellina á veturna,“ segir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála hjá ÍTR. „Þetta spilast eftir veðri og því hefur verið lítil aðsókn á vellina í júní vegna rigningar, en við eigum von á því að hún aukist í júlí, enda margir leikskólar að fara í sumarfrí.“

„Í júní var mjög lítið að gera hjá okkur, bara örfá börn fyrir hádegi og stundum engin,“ segir Anna María Ingibergsdóttir, sem vinnur á leikvelli ÍTR við Njálsgötu 89. Börnin eru allt frá 20 mánaða gömul upp í sex ára, að sögn Steinunnar Guðmundsdóttur, sem vinnur einnig á vellinum. „Þessi börn eru of ung til að fara á leikjanámskeið og annað sem boðið er upp á, þannig að vellirnir eru fyrir þann aldurshóp. Svo er verðið svo lágt, foreldrar eru mjög ánægðir með það,“ bætir Steinunn við. Margir starfsmanna vallanna hafa unnið á frístundaheimilum ÍTR yfir veturinn.

Mikið var til staðar af leikföngum sem gæsluvellirnir höfðu átt sem leikvellir ÍTR geta nú nýtt sér og Brúðubíllinn kemur reglulega í heimsókn á gæsluvellina, en á meðan er ekki boðið upp á gæslu.

Leikvellir ÍTR eru við Fróðengi í Grafarvogi, Malarás í Árbæ, Arnarbakka í Breiðholti, Njálsgötu, Rauðalæk og Frostaskjól. Vellirnir eru opnir frá níu til tólf og eitt til hálf fimm fram til 18. ágúst og kostar 100 krónur fyrir hverja heimsókn barns, nema í fylgd með fullorðnum.

Gæsluvellir Kópavogs eru fjórir talsins, við Borgarholtsbraut, Efstahjalla, Dalsmára og Hvammsveg, og er opnunartími þeirra eins og í Reykjavík, nema þeir opna einum tíma seinna á morgnana og eru starfræktir til loka ágústmánaðar. Í Hafnarfirði eru tveir vellir, í Háholti, opinn til 12. ágúst, og Grænukinn, opinn til júlíloka. Einn völlur er í Garðabæ við Lækjarfit og einn á Seltjarnarnesi. steindor@frettabladid.is

Bílslysið við Varmahlíð:

## Óbreytt ástand hjá stúlkunum

**BÍLSLYS** Ástand stúlknanna tveggja sem slösuðust alvarlega í bílslysi við Varmahlíð í Skagafirði um helgina, er óbreytt að sögn vakthafandi læknis.

Stúlkurnar tvær eru enn á gjörgæsludeild Landspítalans, sofandi í öndunarvél.

Kristinn Sigvaldason, vakthafandi læknir á gjörgæsludeild segir ástand stúlknanna stöðugt. - æþe



**Á UPPLEIÐ** Geimskutlan Discovery heldur út í geiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geimskutlan Discovery:

## Upp í geiminn á þjóðhátíð

**CANAVERALHÖFÐI, AP** Bandaríska geimskutlan Discovery skaust upp í geiminn í gær, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna, með sjö geimförum um borð.

Geimskotinu hafði verið frestað tvisvar sinnum vegna veðurs og Minnstu munaði að því yrði frestað í þriðja sinn í gær vegna þess að skemmdir á einangrunarfroðu komu í ljós á sunnudag.

Skömmu eftir flugtak sáust nokkur brot úr einangrunarfroðu falla af geimskutlunni, en fyrirfram var vitað að það myndi gerst. - gb


afrit.is

- Afritun á hvers konar gögnum
- Einfalt viðmót og uppsetning
- Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- Ókeypis aðgangur í 30 daga
- Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- Vöktun allan sólarhringinn
- Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skýrr
Skýrr


Forstjóri Tryggingastofnunar upplýsti stjórnina um fjársvikamál þjónustufulltrúa:

# Veit ekki um orsök glufunnar

**TRYGGINGASTOFNUN** Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar, fór yfir meint fjár- og bótasvikamál í Tryggingastofnun ásamt endurskoðanda á stjórnarfundi stofnunarinnar á mánudag. Kristinn H. Gunnarsson stjórnarformaður segir að niðurstaðan sé sú að búið sé að fyrirbyggja að svona svik geti endurtekið sig.

Hann segir að ekki sé ljóst hvenær og hvernig glufan í kerfinu opnaðist, sem viðkomandi starfsmaður notfærði sér, en talið sé að það hafi verið í tengslum við tölvuvæðinguna í stofnuninni sem hafi verið hröð og mikil að umfangi síðustu árin. Búið sé að setja undir þennan leka. Nánar verði svo unnið að öryggisatriðum í stofnuninni í samvinnu við Ríkisendurskoðun og utanaðkomandi aðila á næstu vikum.



KARL STEINAR GUÐNASON



JÓN H. B. SNORRASON

„Það er verið að skoða útgreiðslukerfið og það sem því tengist með það í huga að styrkja eða draga úr líkum á því að misferli geti átt sér stað. Við tökum svo einhvern tíma í að fara yfir þetta og innra eftirlitið til að styrkja það frá því sem verið hefur,“ segir hann.

Fjár- og bótasvik þjónustufulltrúans fyrrverandi hafa staðið yfir í fjögur ár en lengst af í litlum umfangi. Aðalsvikin hafa átt sér stað síðustu mánuði, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Rannsókn Ríkislögreglustjóraembættisins miðar vel áfram. Hún snýst nú um það að upplýsa með hvaða hætti 75 milljónirnar runnu út úr stofnuninni, hvernig þeim var ráðstafað og um hlut grunaðra í fjársvikunum.

Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, segir að rúmlega tuttugu manns tengist fjársvikunum með einum eða öðrum hætti. Tveir eru enn í haldi vegna málsins.

Jón segir að hópurinn sé fjölbreytilegur og fólkið hafi mismunandi tengsl við þjónustufulltrúann. ghs@frettabladid.is

120 1886 2006



# Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans hefur verið opnuð ný þjónusta í Einkabankanum á landsbanki.is sem auðveldar fólki að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt getur fólk valið milli tæplega fimmtíu góðgerðarfélaga og lagt þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

**Það er auðvelt að skipta máli**

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 33383 07/2006

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 4.7.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,84 | 75,2 |
| Sterlingspund | 138,17 | 138,85 |
| Evra | 95,78 | 96,32 |
| Dönsk króna | 12,836 | 12,912 |
| Norsk króna | 12,008 | 12,078 |
| Sænsk króna | 10,408 | 10,468 |
| Japanskt jen | 0,653 | 0,6568 |
| SDR | 111,02 | 111,68 |

*Gengisvísitala krónunnar*
132,1127

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Krefst endurupptöku nauðgunarmáls frá árinu 2002:

# Rannsókninni var ábótavant

**DÓMSMÁL** Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður hefur lagt inn kröfu til ríkissaksóknara um endurupptöku nauðgunarmáls frá árinu 2002.

„Ríkissaksóknari ákvað á sínum tíma að það væru ekki efni til að gefa út ákæru vegna sönnunarskorts. Við erum að biðja um endurupptöku málsins, að það verði rannsakað betur og ákæra gefin út.“

Ríkissaksóknara þótti ekki líklegt að sakfellt yrði í málinu sem er grundvallaratriði þess að ákæra sé gefin út að sögn Atla sem telur að rannsókn lögreglunnar hafi verið ábótavant. „Okkur finnst hún hvorki hafa rannsakað líkamlega né sálræna áverka sem eru mjög verulegir og greinilegir nauðgunaráverkar á stúlkunni.



**ATLI GÍSLASON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR** Býst við svari frá ríkissaksóknara innan tveggja mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Slík rannsókn hefur farið fram af minni hálfu og það blasir við að um nauðgun hafi verið að ræða.“ Að sögn Atla hefur stúlkan verið greind með áfallastreituröskun sem er afleiðing nauðgana og er líkt saman við röskun sem verður í kjölfar stórslysa, náttúruhamfara eða stríðsátaka.

„Lögregla leitaði ekki eftir ítarlegu læknisvottorði né sálfræðiskýrslu um afleiðingarnar. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð en því miður venja frekar en undantekning.“

Atli segir að verði ekki orðið við kröfunni blasi við að leita til Mannréttindadómstóls Evrópu. **- sdg**

Staðfesting á nálgunarbanni:

# Lamdi fyrrverandi og hótaði

**NÁLGUNARBANN** Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Austurlands, um nálgunarbann gagnvart manni að beiðni Sýslumannsins á Eskifirði.

Maðurinn hafði margoft birst óboðinn á heimili konunnar, lagt á hana hendur og í einhverjum tilfellum hótað henni lífláti í vitna viðurvist.

Þá vitnaði félagsmálastjóri á svæðinu að maðurinn hefði haft í hótunum við konuna og sagt að hún myndi ekki lifa lengi.

Maðurinn og konan hafa átt í forræðisdeilu yfir tveimur ungum dætrum þeirra um allnokkurt skeið. **- æþe**



**HÚSIÐ AÐ BURKNAVÖLLUM** Einn þremenninganna hleypti af að minnsta kosti tveimur skotum í Vallahverfi Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Skotárásin í Hafnarfirði:

# Tveimur verði haldið lengur

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald yfir þremur mönnum, sem grunaðir eru um aðild að skotárásinni við Burknavelli í Hafnarfirði 21. júní síðastliðinn, átti að renna út í gær. Ákæruvaldið fór fram á við héraðsdóm Reykjaness í gær að gæsluvarðhald yrði lengt til 29. ágúst yfir tveimur mannanna.

Dómari tók sér frest í tæpan sólarhring, eins og honum er lagalega heimilt að gera í alvarlegri sakamálum sem þessu, til að taka afstöðu til krafnanna. Mennirnir tveir sem krafist er frekara gæsluvarðhalds yfir verða í varðhaldi uns dómari kveður upp úrskurð sinn. Dómari mun kunngera niðurstöðu sína um tvöleytið í dag. Þriðja manninum var sleppt. **- æþe**

Vopnað rán í Stokkhólmi:

# Skutu öryggisvörð í andlitið

**SVÍÞJÓÐ, AP** Öryggisvörður var skotinn í andlitið þegar tveir vopnaðir menn rændu peningaflutningabíl í Stokkhólmi í gær. Byssumennirnir réðust á öryggisvörðinn og hrifsuðu af honum peningatösku. Annar þeirra skaut hann síðan í andlitið áður en þeir flúðu í svörtum bíl. Nokkuð hefur verið um vopnuð rán í Svíþjóð á síðustu árum, en afar sjaldgæft að álíka ofbeldi sé beitt.

# Sveitarfélög og ríkið ræða aðgerðir í efnahagsmálum

**Ríkisstjórnin og sveitarfélögin ræðast við um stöðu efnahagsmála. Farið er ofan í saumana á þeim verkefnum sem sveitarfélögin hyggjast ráðast í á næstunni. Fjármálaráðherra kynnti horfur í ríkisfjármálum á fundi ríkisstjórnarinnar í gær og vonast til að landsmenn kunni fótum sínum forráð svo jafnvægi náist.**

**STJÓRNMÁL** Fyrsti fundur fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um efnahagsmál var haldinn á mánudagsmorgun. Til að byrja með er ætlunin að kortleggja stöðuna, fara yfir þau verkefni sem sveitarfélögin hyggjast ráðast í á næstu misserum. Síðar mun koma í ljós hvert framhaldið verður.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sátu fundinn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar auk Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, voru fulltrúar sveitarfélaganna.

Gunnlaugur segir viðfangsefnið vera að draga upp mynd af því sem sveitarfélögin séu að gera. „Það á að fara yfir það sem hefur verið ákveðið og kanna hvað eru verkefni sem hægt er að segja að séu afleiðing einhverrar þróunar.“ Í því sambandi bendir hann á að uppbygging skóla og leikskóla, gatnagerð og annað því um líkt sé afleiðing íbúafjölgunar og því verkefni sem tilheyri uppbyggingu samfélagsins. Við þeim verði vart hróflað. „Við skoðum hvernig þetta skiptist, það sem er óhjákvæmilegt og það sem hugsanlegt eða mögulegt er að hægja á ef ekki er búið að bjóða út eða festa samninga.“

Árni Mathiesen segir samræðurnar á þessum fyrsta fundi hafa verið uppbyggilegar, rætt hafi verið um stöðuna á þessu ári en einnig horft til framtíðar. Hann hafi skynjað vilja til að ríki og sveitarfélög stilltu saman strengi sína betur en gert hafi verið áður.



**BYGGT Á VEGUM HINS OPINBERA** Fulltrúar ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna ræða nú hvort og þá hvernig sveitarfélög geta tekið þátt í að slá á þenslu í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÁRNI M. MATHIESEN**



**GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON**

Ríkisstjórnin hefur boðað aðhaldsaðgerðir í efnahagsmálum til að sporna við þenslu. Árni vill ekki svara játandi að lagt sé að sveitarfélögunum að fara að fordæmi ríkisstjórnarinnar. „En við teldum að það væri mjög skynsamlegt af þeim að gera það,“ svarar hann. Spurður hvort sveitarfélögin finni fyrir þrýstingi frá ríkisstjórninni til að draga saman seglin, svaraði Gunnlaugur neitandi.

Ekki hefur verið tekið saman hvernig framkvæmdir sveitarfélaganna skiptust milli málaflokka á síðasta ári en árið 2004 var skipting framkvæmdafjárins nokkuð jöfn á milli fræðslumála, íþrótta- og æskulýðsmála, skipulagsmála og samgöngumála. „Þetta eru engin gæluverkefni heldur verkefni sem tilheyra uppbyggingu samfélagsins,“ segir Gunnlaugur.

Horfur í ríkisfjármálum voru til umræðu á ríkisstjórnarfundi í gær og fór Árni Mathisen yfir stöðuna eins og hún blasir við nú. Hann segir of snemmt að segja til um hvaða áhrif aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að slá á þenslu muni hafa og að sama skapi vill hann ekki kveða upp úr með hvort hann sé bjartsýnn á að böndum verði komið á efnahagsþróunina. „Það er auðvitað margt mjög óljóst en ég held að svo fremi sem við kunnum fótum okkar forráð eigi hlutirnir að geta gengið nokkuð vel upp.“ **bjorn@frettabladid.is**


BÍLL DAGSINS
NISSAN MURANO
Nýskr 06.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 7 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VIÐSNÚNINGUR** Enda þótt kortin séu ekki ýkja sólrík næstu daga, verður að viðurkennast, að þegar líður að helginni kemur suðvesturhornið æ sterkar inn. Hér er ég fyrst og fremst að tala um þurrviðri en jafnvel má greina að sú gula sýni eitthvað meira af sér en verið hefur síðustu daga. Úrkomunni vex ásmegin á norðan- og austanverðu landinu fyrir og um helgina, sýnu blautast á laugardag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI** Hæg suðlæg eða breytileg átt. Skúrir. Hiti 9-12 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg breytileg átt.

*» föstudagur*




Hæg norðlæg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 26°C léttskýjað | London | 29°C skýjað | Alicante | 31°C léttskýjað |
| Billund | 23°C léttskýjað | París | 32°C léttskýjað | Mallorca | 29°C léttskýjað |
| Osló | 24°C léttskýjað | Frankfurt | 32°C léttskýjað | Algarve | 26°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 25°C léttskýjað | Friedrichshafen | 26°C hálfskýjað | Krít | 24°C léttskýjað |
| Gautaborg | 23°C léttskýjað | Berlín | 31°C skýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína. Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 33362 06/2006



## KJÖRKASSINN

*Ætlar þú að elta sólina í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 37% |
| Nei | 63% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætar þú að fylgjast með úrslitaleik HM keppninnar?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Úttekt á samningi við Landsflug um sjúkraflug í Vestmannaeyjum:

# Vilja niðurstöður í vikunni

**FLUGMÁL** Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, segir að úttektin sem yfir stendur vegna sjúkraflugs í Vestmannaeyjum sé í forgangi í ráðuneytinu. „Okkur barst ósk frá Vestmannaeyjabæ um að við gerðum úttekt á samningnum við Landsflug um sjúkraflug og við féllumst á þá beiðni. Það er búið að setja upp starfshóp sem mun fara yfir gögn og skoða þennan samning á næstu dögum,“ segir hún. „Það er of snemmt að segja til um hvaða úrbóta þarf að grípa til á þessu stigi, eðlilegt er að sjá fyrst niðurstöður úr úttektinni.“

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segist vilja fá niðurstöður úr úttektinni í þessari viku. „Það er mjög mikilvægt að sjúkraflug verði í lagi um næstu helgi en þá er ein stærsta ferðahelgi ársins hjá okkur. Í dag hefur ekki verið sjúkraflugvél á flugvellinum í Vestmannaeyjum. Við leggjum áherslu á að þetta verði unnið hratt og örugglega af ráðuneytinu.“

Seinasta föstudag kom upp atvik þar sem kona í lífshættu þurfti flutning til Reykjavíkur en engin sjúkraflugvél var til staðar í Eyjum. Segir bæjarstjóri að þetta hafi allt of oft komið fyrir og kominn sé tími á lagfæringar. -sþs



**VESTMANNAEYJAR Í FLUGSÝN** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra segir of snemmt að segja til um hvaða úrbóta þurfi að grípa til, en úttektin sé í forgangi í ráðuneytinu.

Helgin á Snæfellsnesi:

# Rán, árás og ölvunarakstur

**LÖGREGLA** Maður á þrítugsaldri réðst að tveimur ungum piltum í Ólafsvík um helgina, sló þá í höfuðið og rændi síma af hvorum þeirra.

Lögregla hafði upp á manninum daginn eftir og var hann færður í fangageymslur. Atvikið hefur verið kært.

Ein líkamsárás var kærð til lögreglunnar á Snæfellsnesi, en þá var maður bitinn í eyrað og sleginn með bjórflösku.

Að sögn lögreglu gekk umferð vel um Snæfellsnesið ágætlega en tólf voru teknir fyrir of hraðan akstur og sami fjöldi er grunaður um ölvunarakstur. -æþe



**COSTA ATLANTICA** Stærsta skemmtiferðaskip semkomið hefur í Akureyrarhöfn.

Costa Atlantica á Akureyri:

# Risaskip í Akureyrarhöfn

**FERÐAÞJÓNUSTA** Nú fyrr í vikunni var skemmtiferðaskipið Costa Atlantica í höfn á Akureyri en það er stærsta skipið sem þangað hefur komið. Skipið er 292 metrar á lengd, 85.619 brúttótonn og ber um 2300 farþega. Costa Atlantica er fjórtánda skemmtiferðaskipið sem kemur til Akureyrar nú í sumar en alls munu skemmtiferðaskip koma þangað í 57 skipti á tímabilinu frá lok maí og fram í september.

Þess má geta að Costa Atlantica lagði að Skarfahöfn í Reykjavík í gærmorgun en fór þaðan síðdegis í gærdag. -hs

Forseti Íslands:

# Flutti aðalræðuna hjá Lyons

**HEIMSÞING** Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands flutti í gær aðalræðu á heimsþingi Lions hreyfingarinnar sem haldin er í Boston en það var alþjóðaforseti Lions hreyfingarinnar, Ashok Mehta sem bauð honum að flytja ræðuna.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

Forsetinn sagði meðal annars í ræðu sinni að með nýrri heimsmynd sköpuðust tækifæri fyrir frjálsar hreyfingar og félagasamtök og að áhrif þeirra myndu aukast með tímanum. Forsetinn lagði áherslu á málefni aldraðra í máli sínu og sagði að þar byggi vannýttur félagslegur kraftur sem Lyons og önnur félagasamtök þyrftu að virkja. Kom hann aftur til landsins í gær. -gþg


Boðun til hluthafafundar Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf.

Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. boðar hér með til hluthafafundar í félaginu þann 19. júlí 2006 kl. 14.00 á Nordica Hotel, sal A-B.

Dagskrá

1. Tillaga um að leysa alla aðal- og varamenn í stjórn félagsins frá störfum.
2. Kosning stjórnar.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 14.00 fimmtudaginn 13. júlí 2006. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka, Borgartúni 25, 7. hæð, Reykjavík fyrir þann tíma.

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur munu liggja fyrir á sama stað til athugunar fyrir hluthafa frá og með 12. júlí 2006.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 12.00 á fundardegi, miðvikudaginn 19. júlí 2006.

Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf.

Straumur-Burðarás FJÁRFESTINGABANKI




**TONY BLAIR** Breski forsætisráðherrann, Tony Blair, kallaði eftir aðstoð hófsamra múslima í gær við að vinna bug á ofstækisfullum hugmyndum og viðhorfi örfárra ungra múslima í Bretlandi, því lögreglunni og ríkisstjórninni væri það um megn án aðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Blair kallar eftir aðstoð múslima

**Nær ár er liðið frá sprengjuárásunum á London og í gær bað forsætisráðherra Bretlands breska múslima um að taka til róttækari aðgerða gagnvart þeim sem kynda undir öfgasinnaðri hugmyndafræði innan samfélags þeirra.**

**BRETLAND, AP** Bretland getur ekki ráðið niðurlögum hryðjuverka innan landsteina sinna, nema hófsamir múslimar geri meira til að draga úr öfgafullum skoðunum sumra trúarbræðra sinna, kom fram í máli breska forsætisráðherrans, Tony Blair, í þingsal í gær. Ekki er nóg að gert í augnablikinu, og verða múslimar því að taka til sinna ráða, að sögn Blair.

„Ef þið viljið sigra þessa öfgastefnu, þá verðið þið að ónýta hugmyndir hennar og þið verðið að gera að engu þessa gremju gagnvart Vesturlöndum, sem að hluta til er algjörlega byggð á fölskum forsendum,“ sagði Blair. „Ríkisstjórnin á sinn hluta í þessu, en í sannleika sagt, þá getur ríkisstjórnin ein og sér ekki sigrast á þessu.“

Á föstudag verður ár liðið frá hryðjuverkaárásunum á London þegar fjórir ungir ofstækissinnaðir múslimar sprengdu sjálfa sig í loft upp í strætisvagni og neðanjarðarlestum með þeim afleiðingum að 56 fórust og hundruð manna slösuðust.

Skömmu eftir árásirnar lofaði Blair að yfirvöld myndu vinna með múslimum Bretlands, sem eru ein og hálf milljón talsins, til að berjast gegn þeirri öfgasinnuðu hugmyndafræði sem hefur verið að ryðja sér til rúms meðal ákveðins hluta ungra múslima.

En nú þarf meira til og bað Blair um hjálp frá þeim mikla meirihluta múslima sem hryllir við hryðjuverkum.

„Rætur þessarar öfgastefnu liggja alveg eins mikið í viðhorfum og hugmyndum, sem og í skipulagningu, og ég tel ekki að til sé svar við þessum hryðjuverkum sem felst eingöngu í störfum lögreglumanna eða öryggisgæslu,“ sagði Blair.

Misheppnaðar lögregluaðgerðir undanfarna mánuði einfalda ekki málið, en þær hafa kynt undir reiði margra múslima sem ásaka bresk yfirvöld um að hafa gert sig að auðveldum skotmörkum.

Þar ber einna helst að nefna dráp lögreglumanna á saklausum Brasilíumanni tveimur vikum eftir sprengjurnar í fyrra, en lögreglumenn töldu manninn vera hryðjuverkamann.

Annað mál sem vakið hefur mikla athygli er innrás yfir tvö hundruð lögreglumanna í síðasta mánuði inn á heimili í Austur-London, þar sem þeir töldu eiturefnasprengju vera í smíðum. Lögreglumenn skutu mann í öxlina í því áhlaupi og handtóku hann svo ásamt bróður sínum.

Báðum var síðar sleppt án ákæru. smk@frettabladid.is

Iðnaðarráðherra áréttar að ríkið reki ekki stjóriðju- og virkjanastefnu:

# Stóriðjustefnunni lauk 2003

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, áréttaði á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun að ekki væri rekin sérstök stóriðju- og virkjanastefna af hálfu ríkisstjórnarinnar. Henni hafi lokið árið 2003. Þótti honum rétt að árétta þessa stefnu.



**JÓN SIGURÐSSON**

Arnar Þór Sævarsson, aðstoðarmaður ráðherra, segir að þess misskilnings hafi gætt í samfélaginu að stjórnvöld rækju sérstaka stóriðju- og virkjanastefnu og því hafi þótt ástæða til að árétta að svo væri ekki. „Síðan árið 2003 hafa þessi mál verið á vettvangi sveitarfélaga, landeigenda, skipulags- og umhverfisyfirvalda auk orkufyrirtækjanna.

Um leið var áréttað á fundi ríkisstjórnarinnar að engin sérkjör fáist af hálfu stjórnvalda vegna samninga um orkufrekan iðnað, til dæmis á borð við skattaívilnanir.

„Ráðuneytið hefur ekkert meira með þetta að gera, við búum í frjálsu samfélagi þar sem markaðslögmálin gilda,“ segir Arnar Þór og leggur áherslu á að ekki sé um stefnubreytingu að ræða heldur áréttingu. -bþs




# Ekki missa af Magna í kvöld

**Þátturinn verður sýndur beint á Skjá*Einum* í kvöld á miðnætti.
Fyrir þá sem sofna fyrir miðnætti er þátturinn sýndur annað kvöld kl. 21.00.
Og úrslitin á föstudagskvöldið kl. 21.30.**

**Hlustaðu á KissFm og XFM í dag og fáðu miða á Rockstar partýið í kvöld á Gauknum og haltu með Magna.**

KISSFM895 XFM

Nú nærðu SKJÁ*EINUM* í gegnum Digital Ísland




## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heita tveir sigurvegarar forsetakosninganna í Mexíkó?

2 Hver er sérstakur gestur Blúshátíðar á Ólafsfirði?

3 Hvaða útvarpsmaður hefur hafið störf að nýju á útvarpsstöðinni X-inu?

Þreifingar hafnar vegna væntanlegs prófkjörs Sjálfstæðismanna í suðurkjördæmi:

# Kristján líklega í framboð

**STJÓRNMÁL** Kristján Pálsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, verður að líkindum meðal þátttakenda í væntanlegu prófkjöri flokksins í suðurkjördæmi. Ekki hefur endanlega verið skorið úr um hvort prófkjör verði haldið en öll sólarmerki benda til að svo verði. Stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í suðurkjördæmi hefur samþykkt að halda prófkjör en endanleg ákvörðun verður tekin á fundi fulltrúaráða flokksins í kjördæminu í lok september.

„Eins og staðan er í dag tel ég ástæðu til að fara í prófkjör. Ég hef í samræðum við mitt fólk sagt að ef af prófkjöri verði þá muni ég mjög líklega gefa kost á mér til þess. En endanlega ákvörðun um það mun liggja fyrir þegar ákveðið er hvort prófkjör fer fram eða ekki," sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið í gær.


**KRISTJÁN PÁLSSON** Stefnir að þingsetu á ný.

Kristján sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjaneskjördæmi frá 1995 til 2003 en þá sagði hann sig úr flokknum þegar ljóst varð að honum væri ekki ætlað sæti á framboðslista fyrir kosningarnar 2003. Kristján bauð fram sér undir merkjum T-listans í kosningunum það ár en hlaut ekki kosningu til þings. Hálfu ári síðar gekk hann aftur í Sjálfstæðisflokkinn.

Sterkur orðrómur er á kreiki um að Árni Mathiesen fjármálaráðherra fari í framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn í suðurkjördæmi en hann er þingmaður suðvesturkjördæmis. Aðspurður vildi Árni ekkert um málið segja. -bþs

Dönsk telpa seld í vændi:

# Níundi maðurinn dæmdur

**DANMÖRK, AP** Danskir dómstólar dæmdu karlmann á fertugsaldri í þriggja ára og þriggja mánaða fangelsi í gær fyrir að hafa haft kynmök við ellefu ára gamla telpu.

Faðir telpunnar bíður dóms, en hann er sakaður um að hafa selt mönnum aðgang að líkama dóttur sinnar, en móðirin hefur verið ákærð fyrir að hafa ekki haft afskipti af málinu. Fjölskyldan er frá Tønder.

Maðurinn var sá níundi sem dæmdur hefur verið í þessu máli, en hinir eru á aldrinum átján til 74 ára. Hann er frá Srí Lanka og verður gerður brottrækur frá Danmörku þegar honum verður sleppt úr haldi. - smk


**BLÓÐ** Nú sem áður er mikilvægt að gefa blóð reglulega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Blóðbankinn stækkar við sig:

# Flytur í haust á Snorrabraut

**BLÓÐBANKINN** Blóðbankinn, sem nú er til húsa við Barónsstíg, hefur fengið leyfi heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis til að flytja starfsemi sína næsta haust í leiguhúsnæði við Snorrabraut 60, þar sem Skátabúðin var áður til húsa.

Lengi hefur verið þröngt um starfsemi Blóðbankans, segir í fréttatilkynningu frá Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Nýja húsnæðið er alls um 1650 fermetrar, en blóðbankinn verður á tveimur neðstu hæðunum. Framkvæmdanefnd um nýjan spítala mun taka á leigu efstu hæðina. -sgj

Orsök lestarslyssins á Spáni:

# Böndin berast að lestarstjóra

**VALENCIA, AP** Jarðlestinni, sem fór út af teinunum í Valencia á Spáni á mánudag, virðist hafa verið ekið á 80 kílómetra hraða þegar hún fór út af sporinu á mánudag, en það er um það bil helmingi hraðar en leyfilegt er að aka henni í beygjunni þar sem slysið varð.

Þetta fullyrti José Ramón Garcia Anton, samgöngumálaráðherra í Valencia-héraði. Hann heldur því fram að ekkert hafi verið athugavert við lestina sjálfa né heldur teinana, sem hefði getað orsakað slys af þessu tagi. Ekki er lengur talið að orsök slyssins hafi verið sú að eitt hjóla lestarinnar hafi dottið af, eins og í upphafi var talið hugsanlegt.

Garcia Anton segir að lestarstjórinn, sem fórst í slysinu, hafi tekið við starfinu í apríl eftir nokkuð stífa þjálfun. - gb


**BUSH Á ÞINGVÖLLUM** Frá vinstri eru séra Heimir Steinsson þjóðgarðsvörður, undir regnhlífinni eru Dóra Þórhallsdóttir, eiginkona Heimis, og Barbara Bush. Þá Steingrímur Hermannsson og George Bush.

# Steingrímur notaður sem skjöldur Bush

**Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra, minnist þess að hann var látinn skipta um sæti við George Bush varaforseta í Stjórnarráðinu vegna ótta öryggisvarða um launmorð. Bush-hjónin dvöldu hér í þrjá daga árið 1983.**

**HEIMSÓKN** George H. W. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, kom til landsins í gær í boði Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands og dvelur hér á landi þangað til á morgun. Forsetinn sat kvöldverðarboð á Bessastöðum í gærkvöldi og mun renna fyrir lax í boði Orra Vigfússonar og NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna, en Bush var verndarsjóðnum innan handar á sínum tíma við að uppræta ólöglega laxveiði í sjó. Bush kom einnig til landsins í júlí árið 1983 en þá var hann varaforseti Ronalds Reagans.


**STEINGRÍMUR HERMANNSSON**

Bush kom til landsins ásamt eiginkonu sinni Barböru þann 5. júlí á einkaþotu forsetaembættisins. Við komuna var varaforsetinn kynntur fyrir Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra og konu hans Eddu Guðmundsdóttur auk íslenskra ráðamanna. Frá Keflavík var haldið með varaforsetahjónin að gestahúsi forsetaembættisins við Laufásveg og vakti athygli hversu gífurleg öryggisgæslan var. Steingrímur Hermannsson rifjar upp að brynvarðir bílar voru fluttir sérstaklega til landsins frá Bandaríkjunum sem vakti mikla athygli hérlendis.

Í hátíðarkvöldverði á Hótel Sögu um kvöldið ávarpaði Steingrímur varaforsetahjónin og lét þess getið að hann vonaðist til þess að dregið yrði úr vígbúnaðarkapphlaupi svo enginn þyrfti að óttast „tortímingu á heimsmælikvarða".

Steingrímur Hermannsson og Geir Hallgrímsson utanríkisráðherra héldu fund með varaforsetanum um samskipti ríkjanna að morgni 6. júlí í Stjórnarráðinu. Steingrímur segir fundinn hafa verið góðan. „Hann gat reyndar ekki svarað mér neinu af því sem ég spurði hann því hann var bara varaforseti. Hann skrifaði mikið hjá sér og sagði að hann myndi taka málefnin upp við forsetann. Ég minnist þess að ég var vanur að sitja við borðið andspænis glugganum á herberginu og Bush átti að sitja með bakið í gluggann. En öryggisverðirnir komu því þannig fyrir að ég var látinn sitja þar því það var hægt að skjóta hann í gegnum gluggann. En það var greinilega allt í lagi þó ég væri skotinn og var því látinn skýla Bush."

Varaforsetahjónin heimsóttu Þingvelli þar sem þau voru frædd um þingstaðinn. Þau heimsóttu síðar Halldór Laxness og konu hans Auði að Gljúfrasteini og fóru til veiða í Þverá í Borgarfirði. Einnig snæddu þau kvöldverð með forseta Íslands, Vigdísi Finnbogadóttur, að Bessastöðum.

Bushhjónin flugu af landi brott þann 7. júlí eftir blaðamannafund og heimsókn til starfsmanna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. svavar@frettabladid.is

Steingrímur Hermannsson fór með George Bush í lax árið 1983:

# Fóru á þyrlu til laxveiða

Við komuna til Íslands í júlí 1983 lýsti George Bush varaforseti yfir miklum áhuga á að renna fyrir lax í íslenskri á. Fór svo að hann og Steingrímur Hermannsson fóru til veiða í Þverá í Borgarfirði og fengu hvor sinn smálaxinn í Kirkjustreng. Steingrímur Hermannsson segir að þetta hafi verið í fyrsta og síðasta sinn sem hann fór til laxveiða á þyrlu. „Bush lýsti áhuga á að veiða lax og svo vildi til að kunningjar mínir voru að veiða í Þverá. Þeir voru svo almennilegir að taka frá einn hyl fyrir okkur sem heitir Kirkjustrengur. Við flugum frá Þingvöllum í þyrlu og áður þurftu öryggisverðirnir að fara og tryggja að ekki væru leyniskyttur við ána. Við lentum á þyrlunum við kirkjuna en ég hafði spurt hvort hann væri vanur veiðimaður og var sagt að hann væri það. En hann reyndist aldrei hafa rennt fyrir lax og aldrei kastað flugu."


**Á LEIÐ Í VEIÐI** Hér fara Steingrímur Hermannsson og George Bush um borð í þyrlu landhelgisgæslunnar TF-Rán sem flutti þá að Þverá í Borgarfirði. Þeir fengu báðir einn lax.

Veiðivörður aðstoðaði varaforsetann við veiðarnar og settu þeir í fimm punda fisk sem Bush landaði. Steingrímur segir að hann hafi síðan kastað flugu í fimm mínútur og fengið annan fljótlega. „Bush flaug því með tvo Þverárlaxa til Bandaríkjanna. Barbara skrifaði konu minni síðar um að þau hjónin hafi boðið fólki í mat í sumarhúsinu þeirra í Connecticut. Þau voru sammála um að það væri besti fiskur sem þau höfðu smakkað."




Miklu ódýrari
símtöl
til útlanda

| | Síminn | Og Vodafone | Hive |
|---|---|---|---|
| Bretland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Bandaríkin | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Danmörk | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Finnland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Frakkland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Holland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Ítalía | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Noregur | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Pólland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Kína | 69,00 | 69,00 | 4,90 |
| Svíþjóð | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Þýskaland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |

Mínútuverð miðað við almenna verðskrá.
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Speight



**Á FLÓTTA** Þessi kona er ein af fjöldamörgum á Srí Lanka sem hafa flúið heimili sín til að þurfa ekki að taka þátt í nauðungarbardagaæfingum Tamíl tígranna. Hún leitar hér ásjár með barn sitt í kirkju í borginni Mankeni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugfarþegar sem komu frá Kaupmannahöfn um helgina bíða enn farangursins:

# Verkföll á Kastrup orsökin

**FERÐALÖG** Flugfarþegar sem flugu til Íslands frá Kastrup síðastliðinn sunnudag bíða sumir enn eftir farangri sínum sem var skilinn eftir vegna verkfalls hlaðmanna og bilunar á farangursböndum. Þegar blaðamaður hafði samband við flugfarþega sem flaug með Iceland Express frá Kastrup var farangurinn ekki kominn í hús, tveimur sólarhringum eftir heimkomu. Farþeginn hafði haft samband við Leifsstöð til að kanna hvenær farangurinn væri væntanlegur og var þá bent á upplýsinganúmer, en þegar hringt var í númerið kom talhólf og því enginn sem hægt var að tala við. Farþeginn furðaði sig á því að ekki væri settur upp símsvari þar sem hægt væri að fá upplýsingar um farangurinn.



**KASTRUP UM HELGINA** Mikil örtröð myndaðist á flugvellinum vegna skyndiverkfalla sem orsökuðu seinkun á flugi.

Birgir Jónsson forstjóri Iceland Express sagði ástandið á Kastrup búið að vera skelfilegt í langan tíma. „Bæði hefur verið mikið um skyndiverkföll og þjónustunni á fluvellinum er mjög ábótavant. Oft eru fá hlið opin við öryggisleit á háannatímum og þá myndast langar biðraðir.“

Birgir segir að um síðustu helgi hafi bæði verið dæmi þess að flug færu án farþega en einnig að farangur farþeganna hefði verið skilinn eftir á Kastrup. „Þetta ástand er mjög leiðinlegt og erfitt að bæta svona óþægindi. Það eina sem við getum gert er að biðja farþega afsökunar á óþægindunum.“ -hs

Velti sexhjóli á Jökuldalsheiði:

# Kona færð til aðhlynningar

**SLYS** Kona um tvítugt slasaðist í gærdag þegar hún velti sexhjóli við Sænautasel á Jökuldalsheiði.

Tvær konur voru á hjólinu þegar það valt og gerði hin konan lögreglu viðvart, en hún slapp að mestu ómeidd. Björgunarsveitir Landsbjargar voru kallaðar út og komu björgunarsveitarmenn konunni til hjálpar.

Konurnar unnu við að reikna út legu ljósleiðara og óku hjólinu utan vegar. Bentu fyrstu upplýsingar til að hjólið hefði ofrisið og konan fengið það ofan á sig.

Konan var flutt með sjúkrabíl á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til frekari aðhlynningar. - æþe



**FLUGSTÖÐIN** Farþegar þurfa ekki að hafa áhyggjur í vikunni af töfum vegna deilna.

Kjaradeila IGS í Leifsstöð:

# Deilan í salt

**KJARAMÁL** Ekki lítur út fyrir að starfsmenn IGS, dótturfyrirtækis Icelandair sem sér um þjónustustörf í Leifsstöð, grípi til neinna aðgerða um þessa helgi þótt deila þeirra um kjaramál sé engan veginn leyst. Samkvæmt trúnaðarmanni starfsmanna IGS vilja þeir aðeins semja við Jón Karl Ólafsson, forstjóra Icelandair, en hann verður erlendis fram á föstudag.

Starfsfólk felldi sáttatillögur sem þeim voru boðnar af forsvarsmönnum fyrirtækjanna. „Það er ekkert formlegt komið varðandi stöðuna ennþá,“ segir Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri IGS. - sþs

Norskt olíufyrirtæki í umhverfisvæna orkuvinnslu:

# Vilja í gasvinnslu

**NOREGUR, AP** Norskt olíufyrirtæki hefur sótt um heimild til að byggja byltingarkennda gasvirkjun, sem umhverfisverndarsinnar hafa glaðst mjög yfir. Þetta yrði í fyrsta sinn sem þessi tækni yrði notuð, en með henni er mengandi gasi, sem eykur gróðurhúsavanda heims, safnað saman og það nýtt á umhverfisvænan hátt.

Talsmenn Skagerrak Energi AS segja starfsmenn orkuversins muni fanga koltvísýring úr andrúmsloftinu, senda hann í gegnum gasleiðslukerfi til olíuborpalla við strendur Noregs og sprauta honum þar ofan í jörðina. Þetta ferli mun valda auknum þrýstingi á olíusvæðunum, sem mun svo aftur auka olíuframleiðslu borpallanna, þar sem bæði olía og gas er framleitt.

Verið mun anna 400.000 heimilum.



**OLÍUBORPALLUR** Norskt olíufyrirtæki hefur sótt um leyfi til að framleiða umhverfisvænt eldsneyti.

Talsmenn norsku umhverfisverndarsamtakanna Zero, sem berjast gegn gróðurhúsaáhrifunum, sögðu áætlun Skageraak Energi vera „sögulega.“

Gert er ráð fyrir að gasvirkjunin verði tilbúin árið 2010.

Noregur er þriðja stærsta olíuútflutningsland heims, á eftir Sádí-Arabíu og Rússlandi. ■



**KRÍUEGG TEKIN Í DYRHÓLAEY** Þorsteinn Gunnarsson, bóndi í Vatnsskarðshólum, segir eggjaþjófnað hafa mjög slæm áhrif á kríuna. Fuglinn láti ekki sjá sig aftur fyrr en eftir mörg ár.

# Rannsaka eggjatöku

**Óþekktir menn tóku öll kríuegg í Dyrhólaey í seinustu viku. Er hvorki egg né fugl að finna í eynni nú. Lögregla rannsakar málið ásamt Umhverfisstofnun.**

**LÖGREGLUMÁL** Öll kríuegg í Dyrhólaey voru tekin úr hreiðrum sínum í vikunni, en eyjan er friðlýst svæði. Mikið var af kríu í eynni áður, og því um nokkur hundruð egg að ræða, en eftir ránið sést ekki einn einasti fugl.

Talsmaður lögreglunnar í Vík segir málið vera í rannsókn en engar vísbendingar hafi borist um ránið enn. Hann segir að líklega hafi einhver eða einhverjir farið inn á svæðið á bíl til þess að ræna öllum eggjum úr hreiðrunum, en nýleg hjólför mátti sjá utan vegar í eynni. Hann biður alla þá sem upplýsingar hafa um málið að hafa samband við lögregluna í Vík í Mýrdal.

Þorsteinn Gunnarsson, bóndi í Vatnsskarðshólum, segir eggjarán sem þetta hafa mjög slæm áhrif á kríuna enda láti hún ekki sjá sig aftur fyrr en eftir mörg ár. Svipað tilvik hafi komið upp fyrir nokkrum árum og þá hafi það tekið kríuna langan tíma að setjast aftur að í eynni. „Þarna er læst hlið þar sem kemur greinilega fram á skilti að tilgangurinn er að vernda fuglinn, en menn virða það ekki og gera hjólför utan vega á friðuðu svæði,“ segir Þorsteinn. „Þegar við komum að þessu er krían alveg gjörsamlega horfin, ekki einn einasta fugl að sjá.“

Trausti Baldursson, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að málið sé í skoðun hjá stofnuninni og í framhaldi af því taki hún ákvörðun um hvað gera skuli í málinu. „Það er náttúrulega aldrei hægt að koma alfarið í veg fyrir að menn geri svona hluti en möguleg ráð eru að auka gæslu á svæðinu og auglýsa það betur að þarna sé friðland,“ segir hann. „Það eru engar endanlegar lausnir á svona málum, það er helst að reyna að höfða til betri mannsins í fólki að láta svæði vera sem eru friðlýst.“



**KRÍA Í ÆTISLEI** Krían verpir nálægt sjó þar sem stutt er að sækja æti fyrir unga.

Dyrhólaey er lokuð frá 1. maí til 25. júní ár hvert vegna æðarvarps. Þegar hún var opnuð í lok seinasta mánaðar var ákveðið að halda austurhluta hennar lokaðri vegna þess hve mikið var af kríu þar. Skiptar skoðanir eru um það hversu lengi og hversu oft eigi að loka eynni vegna dýralífs, en hún er vinsæl hjá ferðamönnum sem vilja skoða lundann sem einnig heldur til þar.

salvar@frettabladid.is






Meðvitundarlaus í tæp tuttugu ár eftir bílslys:

# Heilinn var í lagi

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur maður sem hafði verið nær meðvitundarlaus í tæp tuttugu ár í kjölfar bílslyss, fékk mál og hreyfigetu á ný fyrir þremur árum vegna þess að heili hans tengdi sig á nýjan leik og nýjar taugar uxu til að laga þær sem skemmdust. Þetta telja læknar í Bandaríkjunum sig nú geta sannað.

Hinn 42 ára gamli Terry Wallis er talinn vera eina manneskjan í Bandaríkjunum sem hefur læknast á svo ótrúlegan hátt eftir alvarlegan heilaskaða.

Læknar hvetja fólk þó til að sýna ekki of mikla bjartsýni vegna bata Wallis og líkja honum við að vinna í happdrætti. -sgj

# full búð af sumarvörum

## sjáðu verðin!

freestyle hjólin komin aftur!



13.990 kr/stk
Freestyle hjól

útilegusett! - allt sem þú þarft í einum poka



18.990 kr/stk
Útilegusett

mikið úrval af barnaleikföngum




verð frá 599 kr.

2.895 kr/stk
Wader risa vörubíll







3.595 kr/stk
Wader stór traktor með skóflu

golfkerrur frá Bagboy! - mikið úrval - frábært verð!



BagBoy




889 kr/pk
Golfboltar

barnagolfsett frá 9.990 kr.





1.990 kr/stk
Fótboltamark




990 kr/pk
Fótboltaæfingasett

gæða vara!



15.990 kr/stk
Körfuboltastandur

HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

**allt í matinn á einum stað**

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 5. júlí til 9. júlí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



**YULIA TYMOSHENKO** Hún er viðkunnanleg á að líta, nýi forsætisráðherra Úkraínu, sem heldur á gulri rós í þinghúsinu í Kænugarði á dögunum. NORDICPHOTOS/AFP

Enn langir biðlistar eftir heyrnarmælingu hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni:

# Eftirspurn fer vaxandi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Bið eftir heyrnartækjum er enn um tveir mánuðir og um 150 einstaklingar bíða eftir að komast í heyrnarmælingu,“ segir Guðrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar.



**GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR**

Mikið hefur áunnist á örfáum árum en ekki er langt síðan yfir þúsund einstaklingar biðu þess að fá mælingu og þá



**HEYRNARTÆKI** Sífellt yngri hópar fólks vilja fá heyrnarmælingu og hefur starfsfólk Heyrnar- og talmeinastöðvar vart undan.

heyrnartæki ef á þurfti að halda í kjölfarið.

Segir Guðrún að almennur biðtími eftir heyrnartækjum hafi ekki minnkað mikið enda þurfi að sérsmíða mörg þeirra tækja fyrir hvern og einn en biðlistar eftir heyrnarmælingum séu enn til staðar.

„Við finnum sérstaklega fyrir því núna að eftirspurn eftir mælingu fer mjög vaxandi. Þjóðin er almennt að eldast og einstaklingarnir eru meðvitaðri um úrræði en þeir voru áður. Mér sýnist því stefna í að við náum naumlega að halda í við eftirspurnina eins og staðan er í dag en biðlistar munu væntanlega lengjast ef fram heldur sem horfir.“ **- aöe**

Vímulaus æska tuttugu ára:

# Ný heimasíða tekin í notkun

**FORVARNIR** Borgarstjórinn í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, opnaði nýja heimasíðu Vímulausrar æsku í gær, í tilefni af tuttugu ára afmæli samtakanna.

Heimasíðan var formlega tekin í notkun af borgarstjóra á fréttamannafundi, sem haldinn var í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Fundarstjóri var Anna Ólafsdóttir Björnsson, formaður Vímulausrar æsku.

„Samtökin hafa unnið gríðarlega mikilvægt starf á þeim tuttugu árum sem liðin eru frá stofnun þeirra,“ sagði borgarstjóri við athöfnina í gær. **- æþe**



**OSAMA BIN LADEN** Ekki lengur viðfangsefni sérdeildar hjá CIA. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríska leyniþjónustan:

# Deild lokað sem elti bin Laden

**NEW YORK, AP** Bandaríska leyniþjónustan CIA hefur lokað deild sem í áratug hefur haft þann starfa að elta uppi Osama bin Laden og félaga hans.

Bandaríska dagblaðið New York Times skýrði frá þessu á þriðjudaginn, en deildinni var lokað seint á síðasta ári.

Starfsmenn hennar voru fluttir yfir á aðra deild innan CIA sem hefur almennt með hryðjuverkavarnir að gera.

Starfsmenn leyniþjónustunnar segja þessar skipulagsbreytingar endurspegla þá afstöðu að al Kaída samtökin lúti ekki lengur skýrri yfirstjórn frá bin Laden og félögum hans. **- gb**

# Lömuð kona látin rýma fyrir öðrum sjúklingum

**Sjúkur einstæðingur var sendur heim af deild B7 á Landspítalanum í vikunni til að rýma fyrir öðrum sjúklingum. Konan er lömuð og bundin við hjólastól og getur enga björg sér veitt. Hún er ósátt við að vera send heim. Þar beið hennar íbúð sem hafði ekki verið þrifin frá áramótum og jólaskrautið hékk enn uppi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Kristjana A. Johnsen öryrki hafði verið á sjúkrahúsum frá áramótum, fyrst í endurhæfingu á Sankti Jósefsspítalanum í Stykkishólmi og svo á deild B7 á Landspítalanum þegar hún var útskrifuð og send heim nú í vikunni. Kristjana er lömuð og með snúinn fót. Hún er bundin við hjólastól og getur ekki bjargað sér sjálf heima.

Kristjana er sykursjúk og fæturnir eru þrútnir og illa farnir. Hún gat þó gengið og var á leiðinni út þegar hún féll heima hjá sér í byrjun ársins. Hún var send á sjúkrahús. Vonir stóðu til að hægt væri að ná henni nokkuð góðri með endurhæfingu á Sankti-Jósefsspítala í Stykkishólmi og var hún þar í rúmar sex vikur. „Ég átti að vera þar í æfingum en ég er ekkert betri. Fóturinn er ónýtur,“ segir hún.

Kristjana var síðan send á Landspítala - háskólasjúkrahús í vetur og hafði dvalið þar uns hún var útskrifuð í vikunni. Hún segir að hún hafi verið send heim til að rýma til fyrir öðrum. „Mér var sagt að ég þyrfti að fara því að það þyrfti einhver annar að fá rúmið,“ segir hún.



**JÓLASKRAUTIÐ ER ENN UPPI Í ÍBÚÐINNI** Kristjana A. Johnsen var útskrifuð af deild B7 á Landspítalanum um hádegisbilið á mánudaginn. Hún var send heim í mannlausa íbúðina þar sem hún getur ekki bjargað sér sjálf. Hún á þó að fá aðstoð frá Félagsþjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Kristjana er afar ósátt og í uppnámi yfir þróun mála. Það má finna hjá henni ótta við að vera ein heima og hafa engan að leita til eða tala við á daginn. Hún vitnar í sjúkraflutningamennina sem sögðu við hana: „Það er til skammar að senda þig heim eins og þú ert!“ „Það eru allir hissa á þessu. Þetta er til stórrar skammar,“ segir hún og kveðst vera öskuvond yfir meðferðinni.

Kristjana hafði verið í símasambandi við frænku sína, sem er í fullri vinnu, á mánudaginn og svo talar hún yfirleitt tvisvar til þrisvar á dag við aðra frænku sína sem er sjálf mikill sjúklingur eftir að hafa fengið blóðtappa og blæðingu við heilann.

Á deild B7 á LSH er ekki um neina sumarlokun að ræða, fólk er bara útskrifað með eðlilegum hætti, að sögn starfsmanna þar. B7 er bráðalyflæknisdeild.

Kristjönu var sagt á spítalanum að starfsfólk Félagsþjónustunnar hefði verið látið vita af því að hún hefði verið útskrifuð og það myndi líta til hennar og aðstoða hana eftir fremsta megni. Kristjana hefur verið fjarri heimili sínu frá áramótum og hefur því ekkert verið þrifið, hvað þá jólaskrautið tekið niður. **ghs@frettabladid.is**






**FJÖR Í RÚSSIBANANUM** Yfir 1600 manns komu í tívolíið í gær, en þá hélt það sinn árlega góðgerðardag.

Góðgerðadagur í tívolíinu við Smáralind:

# Bros á hverju andliti

**GÓÐGERÐIR** Rúmlega 1600 mættu á árlegan góðgerðadag í tívolíinu við Smáralind í gær og að sögn Evu Hrundar Willatzen, talsmanns tívolísins, fór allt afskaplega vel fram.

„Þetta gekk alveg svakalega vel, það var bros á hverju andliti. Sem betur fer héldu veðurguðirnir öllu þurru fyrir okkur. Það gefur okkur öllum mikið að geta skilað einhverju til baka út í þjóðfélagið og starfsfólkið hafði alveg jafn gaman af þessu og gestirnir. Þessi dagur hefði ekki getað heppnast betur,“ segi Eva Hrund.

Á þessum árlega góðgerðardegi tívolísins var aðildarfélögum Umhyggju, sambýlum, barna- og unglingageðdeild LSH, sérhópum vinnuskóla höfuðborgarsvæðisins ásamt fjölskyldum og fylgdarmönnum boðið í tívolíið þeim að kostnaðarlausu. **- sþs**

Þjónustufyrirtækið Nightlife Friend tekur 25 þúsund fyrir sex tíma kynningu á næturlífi höfuðborgarinnar:

# Óánægja með dýrt Laugavegsrölt

**NÆTURLÍF** „Meinið er að í stærri hópum sem ég tek að mér eru alltaf einhverjir ósáttir og það er ósköp eðlilegt,“ segir Jón Kári Hilmarsson, forsvarsmaður Nightlife Friend, en hann býður ferðamönnum kynningu á næturlífi höfuðborgarinnar fyrir 25 þúsund krónur fyrir kvöldið.

Hefur Fréttablaðið fregnir af tveimur hópum manna sem reynt hafa þjónustu Jóns og telja að um hálfgerða svikamyllu sé að ræða. Greiddar séu 25 þúsund krónur fyrir það eitt að rölta niður Laugaveg með viðkomu á nokkrum börum á leiðinni sem ekkert kosti inn á og ekkert sé innifalið.



**MIÐBÆRINN UM HELGAR** Helgarferðir erlendra ferðamanna til Reykjavíkur færast mjög í vöxt og eru margir reiðubúnir til að greiða fyrir leiðsögn um helstu staðina.

Jón fullyrðir sjálfur að yfirgnæfandi meirihluti viðskiptavina sinna sé ánægður með þjónustuna. „Það er talsvert um stóra hópa karla og kvenna sem koma í helgarferðir og vilja finna bestu staðina strax og örugglega og hafa farið sáttir frá mér. Þess utan kemur skýrt fram á heimasíðu minni hvað fólk er að greiða fyrir og þar er ekkert innifalið annað en leiðsögn.“

Fyrirtæki Jóns sem hefur verið starfandi um þriggja ára skeið er hvergi skráð hvorki hjá skattstjóra né ferðaþjónustuyfirvöldum en Jón segir að til standi að bæta úr því. „Ég er smátt og smátt að færa út kvíarnar og mun skrá fyrirtækið innan tíðar.“

Fjöldi ferðamanna til Íslands hefur aukist undanfarin ár. Hafa yfirvöld meðal annars staðið fyrir átakinu Iceland Naturally. **- aöe**

Rannsókn á launamun:

# Konur krefjst lægri launa

**DANMÖRK** Konur biðja um lægri laun en karlmenn vegna inngróins hegðunarmynsturs kynjanna og fastheldinna hefða. Þetta kom fram í nýrri danskri rannsókn, en niðurstöður hennar voru birtar á fréttavef Politiken fyrr í vikunni.

Nýútskrifaðar konur fara fram á mun lægri laun en karlkyns skólafélagar þeirra þegar þær sækja um sín fyrstu störf eftir að hafa lokið sama háskólanámi. Munurinn er töluverður, eða rúmar 30.000 krónur á mánuði að meðaltali, kom fram í rannsókninni sem tók til 9.077 háskólanema. Þrjátíu ár eru síðan kynbundinn launamunur var bannaður í Danmörku. **- smk**



**FRÁ MÓTMÆLUM Í PEKING Í FYRRA** Kona með afskræmda mynd af Koizumi, forsætisráðherra Japans, fyrir utan sendiráð Japans í Peking. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverjar og Japanir deila:

# Bítast um fisk og gaslindir

**KÍNA, AP** Kínverskt skip fór í óboðaðan könnunarleiðangur til Diaoyu-eyja á sunnudaginn. Skipið hélt áfram för sinni þrátt fyrir aðvaranir frá landhelgisgæslu Japans og kvörtuðu japanskir embættismenn formlega við stjórnvöld í Peking vegna þessa. Viðbrögð Kínverja voru þau að árétta kröfu sína til eyjanna.

Málið er á viðkvæmu stigi, en eyjaklasinn, sem kallast Senkaku á japönsku, hefur verið bitbein ríkjanna tveggja í áraraðir. Deilan snýst um landhelgi ríkjanna, gjöful fiskimið og væntingar um að í jarðgrunni eyjanna felist gaslindir. Eyjarnar sjálfar eru átta talsins og örsmáar; á þeim er engin mannabyggð. **- kóþ**

22 ný samstarfsverkefni:

# 48,3 milljónir í verkefni NORA

**SAMSTARF** Á ársfundi Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA) sem haldinn var á Egilsstöðum í síðasta mánuði voru til afgreiðslu 47 umsóknir og var ákveðið að verja 48,3 milljónum til stuðnings 22 nýjum samstarfsverkefnum Færeyinga, Grænlendinga, Íslendinga og Norðmanna. Þess má geta að Ísland er þátttakandi í 17 af þessum 22 verkefnum sem nefndin samþykkti að styrkja.

Með starfsemi NORA er stefnt að því að efla atvinnutengt samstarf á milli þjóða við Norður-Atlantshaf með þróunarverkefnum og verkefnum innan ferðaþjónustu, sjávarútvegs og upplýsingatækni. **-hs**

## LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins um mistök vegna launagreiðslna í Vinnuskóla Reykjavíkur skal það tekið fram að mistökin áttu sér ekki stað innan Vinnuskólans heldur hjá launadeild Reykjavíkurborgar.






**LESTARTEINAR** eftir járnbrautarleiðinni sem Kínverjar hafa opnað frá Peking til Tíbet. Þetta þykir mikið afreksverk, en margir óttast að reglubundnar lestarferðir ógni viðkvæmu vistkerfi og einstæðri menningu í Tíbet. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðhöfn vegna heimsóknar forsetahjóna Grikklands auk annarra gesta:

# Forseti Grikklands til Íslands

**HEIMSÓKN** Forseti Grikklands, Karolos Papoulias, og kona hans verða í opinberri heimsókn á Íslandi 6. og 7. júlí, með hópi athafnamanna, aðstoðarutanríkisráðherra Grikklands auk annarra.

Hjónin munu sitja málsverð með forsetahjónum Íslands og borgarstjóra Reykjavíkur annars vegar og forsætisráðherra hins vegar.

Þau munu einnig hlýða á fyrirlestur Björgólfs Thors Björgólfssonar um evrópskt viðskiptalíf og heimsækja Saltfisksetrið, Hitaveitu Suðurnesja og Bláa lónið. Þau munu kynna sér saltfiskverkun í Vísi, en Grikkland er stórt markaðssvæði fyrir íslenskan saltfisk. Loks munu forsetahjónin skoða Þjóðmenningarhúsið og ýmsa ferðamannastaði í nágrenni borgarinnar, til að mynda Gullfoss, Geysi og Þingvelli.

Embætti forseta Grikklands felur ekki í sér mikil völd, en samkvæmt stjórnarskrá fer hann með æðsta framkvæmdavaldið, þó ekkert sem hann gerir öðlist gildi án undirskriftar ráðherra. Forsetinn er jafnan talinn sameiningartákn frekar en stjórnmálamaður.

Í gær kom George Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna og faðir núverandi forseta, til landsins í boði forseta Íslands. -sgj



**FORSETAHJÓN GRIKKLANDS** Frú May Papoulia og forseti Grikklands, Karolos Papoulias, eru væntanleg til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Færð á vegum:

# Góð færð er nú um allt land

**SAMGÖNGUR** Góð færð er nú um allt land en víða eru einhverjar framkvæmdir í gangi og mikilvægt að ökumenn taki tillit til þeirra. Hálendisleiðir eru smátt og smátt að opnast.

Fjallabaksleið syðri er nú opin, sem og Emstruleið. Arnarvatnsheiði, sem hefur aðeins verið opin að hluta hefur verið opnuð alla leið. Leiðin um Sprengisand í Bárðardal hefur verið opnuð en bæði Eyjafjarðar- og Skagafjarðarleið eru lokaðar. Allur akstur er enn bannaður á hluta Austurleiðar norðan Vatnajökuls. Akstur er enn bannaður á Stórasandi og eins á leiðinni norður í Fjörður. - shá



**SRÍ LANKA** Þrátt fyrir vopnahlé er ástandið í Srí Lanka afar óstöðugt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tamíltígrar í Srí Lanka:

# Vilja útiloka meðlimi ESB

**SRÍ LANKA, AP** Talsmenn Tamíltígranna í Srí Lanka hafa farið fram á að frá og með 1. september taki engir meðlimir Evrópusambandsins þátt í eftirliti með vopnahléinu þar í landi. Evrópusambandið skilgreinir Tamíltígrana sem hryðjuverkasamtök.

Norðurlöndin sinna friðargæslu þar, en þetta útilokar Svía, Finna og Dani. Engin ákvörðun hefur verið tekin um framhaldið segir Þorfinnur Ómarsson, talsmaður gæslunnar á Srí Lanka. -

Fleiri unglingar á Hlemmi sýna erfiða hegðun samkvæmt vaktstjóra á staðnum.

# Betlað af ferðamönnum

**AGAMÁL** Samkvæmt upplýsingum vaktstjóra á Hlemmi hefur það færst í aukana að krakkar á aldrinum 13-16 ára betli af fólki, sýni ögrandi hegðun, gangi sóðalega um og neyti áfengis á staðnum þótt þau séu undir lögaldri. Vaktstjórinn sem hefur starfað á Hlemmi í nokkur ár segir unglingana brjóta gosflöskur á götunni fyrir utan Hlemm og valdi þannig hættu fyrir strætisvagna og leigubíla.

Vaktstjórinn segist hafa talað við lögreglu um ástandið en hún hafi lítið aðhafst. Vaktstjórinn segir að áður fyrr hafi lögreglan gert rassíur á Hlemmi en það sé nú liðin tíð. Hann segir ferðamenn og eldra fólk kvarta sérstaklega yfir krökkum sem betli og hræki jafnvel við fætur fólks. Vaktstjórinn segir þetta ekki góða landkynningu fyrir Ísland sérstaklega nú á háannatíma ferðaþjónustunnar. Hann segist hafa reynt að tala við krakkana en segir þá ekki hlýða og svara fullum hálsi.

Árni Þór Sigmundsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík, sagði að sér hefði ekki borist tilkynning út af þessu tiltekna ástandi á Hlemmi en sagði lögregluna fylgjast með staðnum nú sem endranær. „Við förum yfir allar tilkynningar sem koma til okkar og metum hvert tilfelli fyrir sig. Frá því 10. maí hafa okkur borist tólf mál frá Hlemmi þar af 4-5 mál sem varða yngra fólk.“ Árni segir að tilkynningar um refsivert athæfi barna undir lögaldri séu sendar barnaverndarnefnd. -hs



**VAXANDI VANDAMÁL UNGLINGA Á HLEMMI** Betl, ögrandi hegðun og sóðaskapur færist í aukana á Hlemmi.

Glæpaalda á Hvolsvelli:

# Fjögur innbrot á einni viku

**INNBROT** Í umdæmi lögreglunnar á Hvolsvelli voru framin fjögur innbrot um miðja síðustu viku. Lögreglu grunar að sömu aðilarnir tengist öllum innbrotunum.

Að sögn lögreglu var unnið umtalsvert tjón á öllum stöðunum bæði innandyra sem utan. Húsmunir voru skemmdir og verðmætum stolið.

Nýju fjórhjóli var stolið í einu innbrotanna, úr iðnaðarhúsnæði á Hvolsvelli. Fyrir utan iðnaðarhúsnæðið var farið í olíubirgðatank og úr honum teknir tugir ef ekki hundruðir lítra af díselolíu.

Lögreglan á Hvolsvelli hvetur alla þá sem einhverjar upplýsingar geta veitt varðandi innbrotin að hafa samband við embættið.

Nokkuð hefur borið á því að einstaklingar fari út á landsbyggðina gagngert til að brjótast inn í hús og fyrirtæki. - æþe





Útsalan hefst í dag klukkan 9

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorg 3. Sími [illegible]



Drauma brúðargjöf
VÉLRÆN VINNUKONA
KITCHENAID
33.999 KR.
Hrærivélin fæst aðeins á Smáratorgi
RISA blómaker!
-með skálum
3 STÓR BLÓMAKER
4.998 KR.
Stærsta kerið er 40 sm x 31 sm!
3 saman
Fást aðeins á Smáratorgi
bonus.is
Komdu í Bónus!
2 lítrar í fernu
2 LÍTRAR CHIQUITA
299 KR.
Frábært úr frystinum!
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
EKKERT BRUÐL
Írskar svínalundir
Létt Egilsgull
49 KR.
500 ml
EUROSHOPPER SNAKK
98 KR.
200 GRÖMM
Stór poki - 200g
Bónusfetinn
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
FRAMLEITT ÁN STYRKJA
119 KR.
180g
10%
18%
10 KR. taflan!
UPPÞVOTTATÖFLUR
1098 KR.
110 TÖFLUR
Sjáðu verðið!
8x MACH3 BLÖÐ
998 KR.
PAKKINN
LIME OG SÍTRÓNUTOPPUR
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
1.5 lítri
5 BAGÚETTUR Í PAKKA
ALLS 750g
5x150g BAGÚETTUR
129 KR.
750g
Villibráðarkryddaðar lambasneiðar
VILLI LAMBASNEIÐAR
839 KR.
MERKT VERÐ 1399.-
40% afsláttur við kassann
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki
Danskar kjúklingabringur!
www.bonus.is
ERAN/Landlist

## „ORÐRÉTT“

### Nördarnir erfiðir

**„Þetta er líklega eitt erfiðasta verkefni sem ég hef tekið að mér, en um leið mjög spennandi og skemmtilegt.“**

LOGI ÓLAFSSON, FYRRVERANDI LANDSLIÐSÞJÁLFARI, HEFUR TEKIÐ AÐ SÉR ÞJÁLFUN FÓTBOLTALIÐSINS FC NÖRD. MORGUNBLAÐIÐ, 4. JÚLÍ.

### Aldrei góðar fréttir

**„Sumarfríið mitt er skemmtilegasta verkefnið um þessar mundir. Verst hvað veðurstofan er ósamvinnuþýð.“**

SIGMAR GUÐMUNDSSON, DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR Í KASTLJÓSINU, ER EKKI SÁTTUR VIÐ VEÐRIÐ Í SUMAR. FRÉTTABLAÐIÐ, 4. JÚLÍ.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GESTUR EINAR JÓNASSON, ÚTVARPSMAÐUR

# *Miklu miklu betri en konan í golfi*

„Það er bara allt gott að frétta skal ég segja þér,“ segir Gestur Einar Jónasson, einn allra ástsælasti útvarpsmaður þjóðarinnar undanfarin ár. „Ég er nýkominn frá Ítalíu þar sem ég var í sumarfríi í tæpar þrjár vikur. Ég fór fyrst til Rómar og skoðaði mig rækilega um og sagði að ég myndi ekki yfirgefa borgina fyrr en ég væri búinn að skoða hið víðfræga hringleikahús, Colosseum, sem ég var langmest spenntur fyrir að skoða.“

Gestur leigði sumarhús ásamt fjölskyldu sinni í Toscana-héraði eftir Rómarferðina og þó að hann beri matreiðslu heimamanna góða söguna, segir hann dóttur sína og tengdason hafa galdrað fram kræsingar á hverju kvöldi sem slái öllu við. „Þau eru bæði meistarakokkar svo að það var veisla upp á hvern einasta dag“, segir Gestur Einar.



Hvað framhaldið varðar kveðst Gestur Einar vonast til að geta spilað eitthvað golf. „Ég er ekki búinn að fara nema einu sinni í golf í sumar með konunni minni, en við erum að byrja aftur í golfinu eftir svolítið langa hvíld. Áhugamálin voru kannski of mörg á sínum tíma til að geta stundað golfið að einhverju ráði.“ segir Gestur Einar. Hann segir helsta kostinn við golfið vera þann að geta stundað íþróttina með konunni sinni. „Ég fer ekkert á golfvöllinn og er þar í fjóra til fimm tíma og hef svo konuna fúla heima, heldur förum við bara saman í þetta“. Spurður um hvort þeirra hjóna sé betra í golfinu, skellti Gestur Einar upp úr og sagði: „Ég er miklu miklu betri, þú átt ekki að spyrja svona.“ sagði hann og hló.

## HVAÐ SEGIR ANNA

TRÚMÁL

### *Hef fengið bænheyrslu*



ANNA M. GUÐMUNDSDÓTTIR

Í sjónvarpinu var Kastljós, hvað kom út úr því? Mikið myrkur, glórulaust myrkur. Sagt var að engin sönnun væri fyrir guði, bara hending, Hvað þá um öll svörin við veikum bænum, allar sannar bænir eru veikar, líkt og lítil flöktandi kertaljós.

Guðs ljós lýsir í myrkrum heimi, lifandi guð, ég vil taka á móti honum fagnandi og láta hann gegnumtaka mig svo að hann lýsi og leiðbeini öllum til lífs og sælu. Ég er búin að margbiðja og ég hef fengið bænheyrslu og ég hef heyrt alltaf, er þetta ekki bara hending? En svo koma bænheyrslur þar sem það er ekki hægt að segja að það væri hending. Til dæmis þegar bíllinn var á hraðri ferð fram að akri og hann stefndi beint fram af brúninni og ég bara segi hjálp hjálp og hann stoppar svo fljótt að ég skell fram á stýrið. Af hverju stoppar hann? það gefur augaleið að hann stoppar ekki af sjálfu sér.

Í Kastljósi var sagt til dæmis að kona sem gætti barnaleikvalla mætti ekki flytja bænáruna þegar þau kæmu saman, líklega ekki einu sinni faðirvorið. Hvar væri ég stödd ef að mér hefði ekki verið leiðbeint er ég var barn. Það fyrsta sem mér var kennt það var að biðja og það leiddi mig hvert fet.



**RIGNING Í REYKJAVÍK** Mikil rigningatíð hefur verið í júní sunnan lands FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fólk er dapurt í rigningartíð

**„Ég held að það megi segja að þessi mánuður hljóti að hafa valdið vonbrigðum bæði vegna þess að mánuðurinn hefur ekkert verið sérstaklega hlýr við suðvestanvert landið og er heldur úrkomusamari en í meðalári“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur. Betra veður hefur verið á Norður- og Austurlandi og ferðaþjónustan þar nýtur góðs af því.**

**Júní 2005**
**Reykjavík:**
- **Meðalhiti:** 10,5°C, 1,5 gráðum yfir meðallagi.
- **Úrkoma:** 40,2 mm, um 80% af meðalúrkomu.
- **Sólarstundir:** 208, 40 fleiri en í meðalári.

**Akureyri:**
- **Meðalhiti:** 9,5°C, 0,4 gráðum yfir meðaltali.
- **Úrkoma:** 55 mm sem er tvöföld meðalúrkoma þar um slóðir.
- **Sólskinsstundir:** 157, eða um 20 færri en í meðalári.

**Júní 2006**
**Reykjavík:**
- **Meðalhiti:** 9,4 stig, 0,4 stigum yfir meðallagi
- **Úrkoma:** 58 mm, 17% umfram meðallag
- **Sólarstundir:** 143, átján stundum undir meðallagi

**Akureyri:**
- **Meðalhiti:** 10,9 stig, ekki orðið hærri í júní þar síðan 1988
- **Úrkoma:** 10 mm, innan við helmingur meðalúrkomu þar.
- **Sólskinsstundir:** 188, ellefu stundir umfram meðallag



Sigurður segir að meðalúrkoma í júnímánuði sé um fimmtíu millimetrar en í ár hafi hún verið um sextíu millimetrar. Hann segir einnig að júnímánuður sunnan og vestan lands hafi verið kaldari en síðustu ár þó hann teljist ekkert mjög kaldur. „Það sem er ekki síður athyglivert er að það eru svo fáir alþurrir dagar en það má kannski segja að það sé það sem einkennir mánuðinn öðru fremur, það er hversu títt hefur rignt“.

„Júlí byrjar nú ekki burðugur fyrir þetta svæði, við erum að sigla inn í rok og rigningu, kortin eru almennt frekar blaut næstu daga“ segir Siggi. Hann telur litlar líkur á að júlí verði framúrskarandi góður en lofar þó að minnsta kosti einum fallegum sólardegi. „Þegar vorið er slæmt þá er oft eins og það hökti svoldið með sumarið lengi á eftir“.

Sigurður bendir á að veðrið á norður- og austurhluta landsins hafi verið fínt og lítið um rigningu. „Norðurlandið er alltaf úrkomuminna heldur en Suðurland þannig að þetta er bara mjög eðlilegt veður miðað við afstöðu veðurkerfanna.“

Starfsmenn ferðaþjónustu á þessum svæðum segjast vera nokkuð ánægðir með sumarið og þar sé ekki hægt að kvarta undan leiðinlegu veðri. Á tjaldstæðinu í Ásbyrgi var júní með besta móti þrátt fyrir að þar hafi verið opnað fremur seint vegna kulda en ágætisveður hafi verið í júní. Hjá ferðaþjónustu Austurlands er vertíðin í ár svipuð og hefur verið enda veðrið verið gott þar.

„Það má benda á að það eru tuttugu og þrjú ár síðan það voru færri alþurrir dagar í júní í Reykjavík þannig að þetta er enginn gæðajúní og satt best að segja bara hundleiðinlegur,“ segir Siggi stormur. Hjá upplýsingamiðstöð Suðurlands fengust þær upplýsingar að ferðaþjónustan þar hafi farið hægar af stað í ár en fyrri ár. Sigurdís Guðjónsdóttir, forstöðumaður miðstöðvarinnar, segir fólk helst rekja það til rigningartíðar en einnig gæti heimsmeistaramótið í knattspyrnu og hátt bensínverð spilað þar inn í. Hún segir mikla rigningu hafa verið á Suðurlandi það sem af er sumri en þó það hafi verið rólegt í júní þá sé ferðamönnum að fjölga jafnt og þétt.



**SIGGI STORMUR** Segir að fólk sé miklu skemmtilegra og glaðara í góðu veðri FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Sumarið er svo stutt hjá okkur og þegar við missum sólskinsstundir í einum sólríkasta mánuðnum þá verður meiri spenna að fá betra veður þegar líður á og maður finnur fyrir þeirri spennu mjög vel, það er svona svolítil depurð yfir fólki með þetta, fólk er hálf svekkt einhvern veginn. Það er einmuna veðurblíða á Norðurlöndunum og í mið- og suður Evrópu á meðan við erum að horfa fram á eitt af lakari sumrum sem komið hafa á landinu sunnan og vestan til í langan tíma verði frekara framhald á,“ segir Sigurður.

Sigurður segir starf veðurfréttamanns ekki vera neinn dans á rósum þegar sumarblíðan lætur ekki á sér kræla. „Það er margt skemmtilegra en þegar maður sér svona þungbúin kort, þá spyr maður sig, hvað er maður að gera í þessu. Fólk er í miklu betra skapi, kemur miklu skemmtilegar fram þegar það er gott veður. Ég finn mikinn mun á samskiptum við fólk eftir því hvernig veðrið er og ef einhverjir finna það þá eru það veðurfræðingar,“ segir Siggi að lokum.

gudrun@frettabladid.is


Auglýsing

Nefndir sem umhverfisráðherra skipaði til að endurskoða gildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hafa skilað ráðuneytinu drögum að frumvörpum um skipulags- og byggingarmálefni. Annars vegar er um að ræða frumvarp til nýrra laga um mannvirki og hins vegar frumvarp til nýrra skipulagslaga. Tillögurnar fela í sér breytta stjórnsýslu skipulags- og byggingarmála og leggja nefndirnar til að umræddar breytingar taki gildi 1. janúar 2008.

Frumvarpsdrögin eru aðgengileg á heimasíðu umhverfisráðuneytisins, www.umhverfisraduneyti.is

Hér með er öllum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpsdrögin fyrir 15. ágúst nk. Að loknum kynningartíma verður farið yfir þær athugasemdir sem hafa borist ráðuneytinu og unnið úr þeim. Umhverfisráðherra hefur í hyggju að leggja frumvörpin fyrir Alþingi á komandi hausti.

Athugasemdir sendist rafrænt til umhverfisráðuneytisins á netfangið: postur@umhverfisraduneyti.is

Umhverfisráðuneytið
3. júlí 2006


Útsala
26"hjól
City Racer
Dempari á hnakkstöng
Breiður hnakkur
Sér mótaðar höldur
fyrir betra grip
Bjöllur fylgja öllum
Prostyle hjólum
Bögglaberi
Rafdrifin lukt með
dínamó
Rafdrifin lukt
með dínamó
Hæðarstillir á stýri
Dempari á gaffli
Lás fylgir öllum
Prostyle hjólum
Bretti að framan og
að aftan
Breið dekk fyrir
betra grip
Álgjarðir
Munstruð dekk fyrir
malbik
Glitaugu í pedölum
og gjörðum
40% afsláttur af öllum
Prostyle hjólum
Handbremsur að
One
16"hj
16"hjól 5-7 ára
Bremsur: Handbremsur að
framan og fótbremsur að
aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í
pedölum, gjörðum,
framan og að aftan,
lás, bjalla, bretti að
aftan og framan,
hjálpar-
dekk,
keðjuhlíf.
Princess
16"hjól 5-7 ára
Hjólinu fylgir
pedölum, gjörðum,
aftan og að framan,
lás, bjalla, bretti
að aftan og að
framan,
keðjuhlíf,
hjálpar-
dekk.
26"hjól
Gírar: 21 gíra
Tegund gíra: Shimano
Bremsur: Handbremsur
að framan og að aftan,
diskabremsur.
Gaffall: Demparagaffall
stillanlegur
Hjólinu fylgir:
Glitaugu í
pedölum,
gjörðum,
að aftan
og að
framan,
bjalla,
lás.
Tiger
20"hjól 7-9 ára
Bremsur: Handbremsur að aftan og að
framan
Dekk: Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk
að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í
pedölum, gjörðum, aftan
og að framan,
lás, krómbretti
að aftan,
keðjuhlíf,
bjalla.
Eos Cruiser
Gildir til 10. júlí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Kjósendur á kjörskrá á hvern þingmann í alþingiskosningunum 10. maí




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FARFUGLAR

# *Flogið hringinn kringum hnöttinn*





Um 24 fuglategundir tegundir af þeim 70 sem halda til hér á landi eru farfuglar sem eru hér aðeins yfir sumarmánuðina. Hér eru varpstöðvar þeirra, en á veturna fljúga þeir suður á bóginn til vetrarstöðva sinna. Þær eru mismunandi langt í burtu eftir því hvaða tegund er um að ræða.

**Hvers vegna farflug?**
Það er ekki fyllilega vitað hvað fær farfugla til að leggja í mörg þúsund kílómetra ferðalag á hverju ári, en einhver munur á árstíðunum fær þá til að koma og fara. Á Íslandi er sólin lágt á lofti yfir veturinn og kuldinn frekar mikill. Gróður visnar og skordýr, sem eru oft aðalfæða fuglanna, eru flest í dvala. Sunnar á hnettinum er sól hærra á lofti þegar vetur er á norðurhveli og meira af skordýrum og annarri fæðu í boði. Staðfuglar eru algengari eftir því sem nær dregur miðbaugi, en þar er minni munur á árstíðunum.

**Hvert fara þeir?**
Farfuglarnir sem halda til á Íslandi fara allir suður á bóginn, en vegalengdin er æði mismunandi. Sumar tegundir fara til Bretlandseyja, sem er um þúsund kílómetra löng leið, aðrir fara til vesturstrandar Afríku, um fimm þúsund kílómetra leið, en allra lengst fer krían sem flýgur allt að fimmtán þúsund kílómetra til Suðurskautslandsins. Flugið tekur hana um einn og hálfan mánuð og fer hún þessa leið tvisvar á ári, einu sinni hvora leið. Tvítug kría sem flogið hefur þessa leið fram og til baka einu sinni á ári hefur því ferðast um 800.000 kílómetra yfir ævina, en til samanburðar er meðalfjarlægð til tunglsins um 400.000 kílómetrar.

Bloggsíður á Íslandi:

## Bloggað síðan 1995

Bloggsíða, samkvæmt skilgreiningu flestra dagblaða og tímarita, er „persónuleg dagbók á netinu“. Í nýlegu eintaki tímaritisins The Economist er vitnað í hugbúnaðarfræðinginn Dave Winer, sem sjálfur telur sig hafa lengst allra haldið bloggsíðu, eða frá árinu 1997. Þegar Íslendingar fara hins vegar inn á bloggsíðu Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra og þingmanns Sjálfstæðisflokksins, kemur í ljós að hann hefur haldið sinni síðu gangandi síðan í febrúar 1995.

„Ég hef litið á mína síðu fyrst og fremst sem minnisbók fyrir sjálfan mig um það sem á daga mína drífur auk þess sem ég nota hana til að fjalla um það sem hæst ber hverju sinni og vekur áhuga minn,“ sagði Björn í samtali við Fréttablaðið.

„Fyrir nokkrum árum ákvað ég að bjóða áskrift og sendi ég að jafnaði pistil einu sinni í viku en á póstlistanum eru nú rúmlega 1300 áskrifendur. Ég tók mig einnig til fyrir nokkrum mánuðum og jók færslur í dagbókina á síðunni um málefni líðandi stundar og sé ég að mörg hundruð manns skoða þessar færslur daglega. Ræðst aðsóknin nokkuð af því sem hæst ber í umræðum í þjóðfélaginu hverju sinni.“ Björn skrifar þegar hann hefur tíma og fær engan til að fara yfir textann áður en hann birtist. Í seinni tíð setur hann allt sjálfur inn á síðuna þótt hann hafi á upphafsárum hennar notið aðstoðar góðra manna við tæknilegu hliðina.

„Án þeirrar aðstoðar hefði ég ekki getað farið af stað,“ segir Björn.



# Bloggsíðum ekki treyst

**Fjölmiðlaheimurinn breytist nú gífurlega hratt og eru bloggsíður að verða æ vinsælli sem fréttamiðill. Þótt flestir treysti enn sjónvarpsfréttum mest af öllum fjölmiðlafréttum, fer þátttaka hins almenna borgara í fréttaflutningi heimsins ört vaxandi.**

Bloggsíður og „blaðamennska hins almenna borgara“, eins og bloggsíður eru stundum kallaðar, eru hluti af þróun upplýsingasöfnunar og tækni nútímans, að sögn Richards Sambrook, yfirmanns heimsfréttadeildar BBC, sem jafnframt bendir á að vitnisburður sjónarvotta geti skipt gríðarlegu máli í fréttaöflun og -flutningi.

Nú til dags hefur almenningur tæknina til þess að setja sínar eigin fréttir, eða sínar útgáfur af fréttunum, á vefinn, þar sem milljónir manna hafa aðgang að þeim. „Sumir vilja taka þátt í leiknum, en aðrir vilja bara láta mata sig,“ sagði Sambrook. Þetta kom fram á ráðstefnunni We Media Global Forum sem haldin var í Bretlandi á dögunum. Þar var fjallað um traust á fjölmiðlum og þróun í „blaðamennsku hins almenna borgara“, eins og blogg manna er stundum kallað, og var haldin af breska ríkisútvarpinu, BBC, Reuters-fréttastofunni, og bandaríska sérfræðingaráðinu, Fréttamiðstöðinni.

**Fjórðungur treystir bloggsíðum**
Af öllum þeim fjölmiðlum sem til eru í heiminum í dag er bloggsíðum minnst treystandi sem fréttaheimildum, samkvæmt niðurstöðum nýrrar alþjóðlegrar rannsóknar sem birtar voru á ráðstefnunni. Eingöngu þrjú prósent af þeim rúmlega tíu þúsund sem tóku þátt í rannsókninni sögðu bloggsíður vera mikilvægasta upplýsingamiðil þeirra, en 82 prósent sögðust treysta sjónvarpsfréttum best.

Plötusnúðurinn Nihal Arthanayake hjá BBC segir það viturlegra að fara varlega í að treysta bloggsíðunum, því þó að innihald þeirra geti verið afar skemmtilegt, þá séu upplýsingar þeirra ekki alltaf áreiðanlegar.

Engu að síður halda vinsældir bloggsíðanna áfram að aukast. Á hverri sekúndu er ný bloggsíða stofnuð, samkvæmt upplýsingum Technorati, leitarvélar fyrir bloggsíður. Þetta kemur fram í nýlegu tölublaði The Economist.

**Eðlileg þróun**
Þó að fólk treysti bloggsíðum ekki vel, kom fram á ráðstefnunni að þær hafa gífurleg áhrif á fréttamennsku.

David Brain, forstjóri almannatengslafyrirtækisins Edelman Europe, sagði fréttamenn og ritstjóra fara nú enn varlegar í sakirnar en áður, því nú sannreyna svo margir staðreyndir frétta dagsins. Ólíkt hefðbundnari leiðum sem hinn almenni borgari hefur hingað til notað til að koma kvörtunum á framfæri, svo sem í bréfum til dagblaða, birtast bloggin um leið og þau eru sett á netið. Þar að auki getur bloggsíða náð til milljóna manna. En þó að bloggið hafi sinn sjarma, þá telur bandaríski leikarinn Richard Dreyfuss að þessar síður séu hálfgerðar veiðigildrur, því þær gefi fólki ekki nægan tíma til að velta málefnunum fyrir sér. „Við birtum kaflaheitin, en þeim fylgja engir kaflar,“ sagði hann á ráðstefnunni. „Tæknin getur leitt til örlagaríkra ályktana, án þess að við gefum okkur tíma til að skipta um skoðun.“

**Breytt fréttamennska**
„Ungir lesendur vilja ekki reiða sig á guðlega veru að ofan sem segir þeim hvað er mikilvægt. Og til að taka trúarbragðalíkinguna aðeins lengra, þá vilja þeir svo sannarlega ekki þurfa að hlusta á fréttir eins og guðspjall,“ sagði Rupert Murdoch, stjórnarformaður News Corporation í Bandaríkjunum.

Þar af leiðandi hafa margir virtir fjölmiðlar tekið upp á því að bjóða lesendum sínum að segja skoðun sína á greinum sem birtast á vefsíðum þeirra, og eru orð þeirra tengd við fréttina.

Sabeer Bhatia, eigandi BlogEverywhere.com sem gerir fólki kleift að tengja bloggsíður við hvaða vefsíðu sem er, sagði bloggið vera lýðræðislega þróun og telur að innan fimm ára muni flestir hafa sína eigin bloggsíðu, líkt og flestir nota tölvupóst í dag.

Þar af leiðandi „verður blaðamennska ekki predikun lengur, heldur samræður“, sagði Bhatia í samtalið við The Economist.

Og þessi þróun nær ekki eingöngu til internetsins.

Ný sjónvarpsstöð Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, býður áhorfendum upp á að senda inn sínar eigin sjónvarpsfréttir. Vinsældir Current TV sýna greinilega hversu mikill áhugi er meðal almennra borgara á að segja fréttir, frekar en að láta eingungis mata sig á þeim.

Segja má að suðurkóreska blaðamanninum Oh Yeon Ho hafi tekist að breyta fréttamennsku einna mest. Síðan hans, Ohmy News, fær tvær milljón heimsóknir á degi hverjum, sem setur hana í sama flokk og stórt dagblað. Engir blaðamenn vinna þó hjá Oh. Í staðinn senda áhugamenn inn greinar sem Oh og félagar hans ritstýra.

Líki lesendum greinin geta þeir greitt höfundi fyrir hana í gegnum símann eða kreditkortið. Mest hlaut höfundur rúmar 2 milljónir íslenskra króna fyrir eina grein.



**BARN BLOGGAR** Börn og aldraðir eru meðal þeirra sem blogga daglega, en ný bloggsíða er stofnuð á hverri sekúndu, samkvæmt Technorati, leitarvél fyrir bloggsíður. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

**KAUPTHING MANAGER SELECTION**
Société d'Investissement à Capital Variable
**Registered office: 35a, avenue J.F. Kennedy**
**L-1855 Luxembourg**
**RC Luxembourg B 72.942**

## Erratum

Luxembourg, July 5th, 2006

Dear Shareholders,

An error has occurred in item Nr. 5 of the *Notice to Shareholders* of KAUPTHING MANAGER SELECTION (the "**Fund**") which has been published last June 29th, 2006.

The Board of Directors of the Fund has decided to amend the existing Prospectus of the Fund to reflect - in an updated version of the Prospectus dated July 2006 - the following change:

*Change of dealing times in relation to applications for subscriptions, redemptions and conversions of the Fund's shares which must be received by EUROPEAN FUND ADMINISTRATION S.A., Luxembourg and/or KAUPTHING BANK LUXEMBOURG S.A., Luxembourg, in writing or facsimile message, by no later than **12:00 p.m. (midday) (Luxembourg time)** in order to be executed on the following valuation date.*

The Board of Directors

KAUPTHING BANK
*Thinking beyond*

**Sérstakt** sóltilboð á Ford

Ford
*Nýtt tákn um gæði*



Trend+
**Mondeo Trend Plus**
**2,0i 5 dyra, 5 gíra***
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 41.120 kr.
Verð án sóltilboðs 2.350.000 kr.
**Sóltilboð 2.250.000 kr.**

Sóltilboð á sjálfskiptum Mondeo Trend Plus: Til viðbótar aðeins 140.000 kr.

# Mondeo Trend Plus sóltilboð

# 27.490*

Mán.gr. Bílasamningur Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Skoðaðu góðan Bílasamning* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðaðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.

## Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.



Trend+
**Focus C-Max Trend Plus**
**2,0i 5 dyra, sjálfskiptur***
Bílasamningur 29.480 kr.
Rekstrarleiga 42.600 kr.
Verð án sóltilboðs 2.590.000 kr.
**Sóltilboð 2.390.000 kr.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

Focus C-Max Trend Plus sóltilboð
**29.480***
(mán.gr. bílasamningur)

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

## *Í bíltúr í Ford GT?*



Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðaðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

*Komdu og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.*

**Nýttu þér sérstakt Trend-plús sóltilboð Brimborgar: Ford Mondeo Trend Plus og Ford Focus C-Max Trend Plus.**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Brýnt verkefni í bráð og lengd:

# Samgöngumál Vestmannaeyja

Vestmannaeyingar eru þannig í sveit settir að það þarf sérstaklega að huga að samgöngumálum í Eyjum svo byggð haldist þar áfram og atvinnulíf og ferðaþjónusta þróist þar með eðlilegum hætti, og ætti að vera eitt af forgangsmálum varðandi samgöngubætur á landinu, að tryggja betri samgöngur milli Eyja og lands.

Það er ekkert nýtt að samgöngumál við Eyjar hafi verið mikið í umræðunni, en nýir tímar og breytt viðhorf eru þess valdandi að menn gera meiri og meiri kröfur um góðar samgöngur, sem eðlilegt er. Samgönguyfirvöld hafa gert marga ágæta hluti varðandi þessi mál á undanförnum árum, en það er eins og þeim hafi ekki tekist að halda í við tímann og þróunina, því það er oft langur aðdragandi að samgöngubótum við Eyjar, hvort sem um er að ræða í lofti eða á legi. .

Nýlegar uppákomur varðandi sjúkraflug til Eyja minna enn og aftur á nauðsyn þess að sjúkraflugvél sé ávallt til reiðu í Eyjum, enda hafa heilbrigðisyfirvöld gert samninga þar að lútandi. Því er það greinilega brot á gildandi samningum þegar aftur og aftur kemur í ljós að sjúkraflugvél er ekki til reiðu á flugvellinum í Eyjum þegar á þarf að halda, og ekki er úr vegi að álykta sem svo að oftar hafi vél ekki verið reiðu í Eyjum, þótt ekki hafi á það reynt. Það er því skýlaus krafa Vestmannaeyinga og annarra að í Eyjum sé ávallt til reiðu sjúkraflugvél til að flytja veika eða slasaða upp á fastalandið þrátt fyrir vel búið sjúkrahús á Heimaey. Um helgina var mikið um að vera í Eyjum vegna knattspyrnumóts ungra pilta. Talið er að um 1500 manns hafi komið til Eyja í tengslum við mótið, og hefði mátt halda að þeir sem eiga að sjá um sjúkraflugið hefðu tekið eitthvað mið af því að þessa daga voru upp undir sex þúsund manns í Eyjum.

Samgönguráðherra hefur gefið út að stefnt verði að því að gera ferjulægi í Bakkafjöru á næstu árum, og að þangað verði hægt að hefja ferjusiglingar eftir fjögur ár. Þetta er byggt á rannsóknum sérfræðinga Siglingamálastofnunar, sem telja að hægt sé að gera ferjuhöfn þarna við Suðurströndina, og hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar. Það verður þá ekki hægt að tala um hafnlausa Suðurströnd eftir það. Ef áætlanir um ferjulægi ganga upp tæknilega og fjárhagslega verður þarna um byltingu í samgöngumálum Eyjanna að ræða.

Ferðaþjónustan í Eyjum og fleiri segja að ástandið í samgöngumálum milli lands og Eyja sé óásættanlegt nú þegar. Það er þá spurningin hvort eitthvað sé hægt að gera til að brúa bilið fram að þeim tíma að Vestmanaeyjaferjan sigli á hálftíma milli Bakkafjöru og Eyja. Þangað til þarf að efla þær samgönguleiðir sem mest eru notaðar – áætlunarflugið og ferjusiglingar til Þorlákshafnar. Það hlýtur að koma til greina að fá um tíma stærra og hraðskreiðara skip í stað núverandi Herjólfs, og einnig þarf að huga að heppilegum flugvélum til halda uppi áætlunarflugi á þessari leið.

Því verður ekki á móti mælt að búseta og atvinnulíf hefur dregist saman í Vestmannaeyjum á síðustu árum, sérstaklega eftir að mikilvægi fiskvinnslu og útgerðar þar í bæ minnkaði.

Með bættum samgöngum ætti að vera hægt að snúa þessari þróun við og það er skylda samgönguyfirvalda að hafa frumkvæði um framtíðarlausn í þessum efnum, og stuðla að bráðabirgðaúrræðum, þar til ferjulægið í Bakkafjöru verður að veruleika. Þótt bjartsýnir menn telji að þar verði komin höfn árið 2010, má allt eins búast við að eitthvað lengra sé í land með það verk, og því er brýnt að bráðabirgðaúrræði verði líka höfð í huga.

EURO SKO

Lokað í dag
útsalan hefst á morgun

FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Firði, Hafnarfirði s. 555-4420

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flokksþingið á Loftleiðum

Framsóknarmenn hafa afráðið að halda flokksþingið sitt umrædda á Hótel Loftleiðum. Stefnt er að setningu þingsins síðdegis föstudaginn 18. ágúst og búist við lokum að kveldi laugardagsins á eftir. Endanleg dagskrá þingsins hefur ekki verið ákveðin en ljóst er að kosning nýrrar forystu er mál málanna. Tveir hafa lýst yfir framboðum til embætta; Jón Sigurðsson vill verða formaður og Haukur Logi Karlsson, fyrrverandi formaður Sambands ungra framsóknarmanna, hefur augastað á ritaraembættinu. Á hinn bóginn hafa þær Jónína Bjartmarz og Valgerður Sverrisdóttir sagst ekki gefa kost á sér til forystustarfa. Enn er beðið eftir yfirlýsingum Guðna Ágústssonar og Sivjar Friðleifsdóttur.



### Nýr formaður hylltur með flugeldum

Framsóknarmenn hugsa til þess með ánægju og eftirvæntingu í hjarta þegar þeir ganga fylktu liði út af Loftleiðum á eftir nýjum formanni sínum. Eins og hæfir verður flugeldum skotið á loft og hyggjast framsóknarmenn njóta saman ljósadýrðarinnar á himnum. Þeir þurfa þó hvorki að punga út fyrir herlegheitunum né standa í því að bera eld að púðrinu því flokksþingsslitin ber upp á menningarnótt í Reykjvík en nóttina þá er glæsilegasta flugeldasýning hvers árs haldin í boði Orkuveitunnar.

### Kristján á Vikuna

Kristján Þorvaldsson hætti sem ritstjóri Séð og heyrt eftir að hafa stýrt blaðinu með glæsibrag frá stofnun þess. Hvarf Kristján á brott áður en Mikael Torfason gerðist aðalritstjóri útgáfunnar. Þá var Bjarna Brynjólfssyni, hinum ritstjóra Séð og heyrt, sagt upp störfum. Var aðdragandi þess heldur dapurlegri en brotthvarf Kristjáns fyrir alla aðila. Nú er því haldið fram að Kristján sé kominn aftur til starfa. Á hann að taka við ritstjórn Vikunnar næstu tvo mánuðina - hið minnsta. Elín Albertsdóttir fór í tveggja vikna frí í síðustu viku og átti von á því að koma aftur til starfa. Hún hefur verið tilbúin að gera starfslokasamning en ekki fengið. Spurningin er nú hvort gengð verði frá starfslokum Elínar.



-bg/bþs

# Leyndó - um snuður og hleranir

Eftir árásina á tvíburaturnana í New York 2001 þjöppuðu afturhaldsöfl allra landa sér saman um eina stefnu: Að þrengja að borgaralegum réttindum þegna sinna, efla leyniþjónustustarfsemi og gefa þeim stofnunum auknar heimildir til að snuðra um borgarana, hlera símtöl þeirra, ráðast inn í tölvupósta, samkeyra gagnagrunna til að búa til gagnaskrár um lífsferil þeirra og lífsvenjur, verða sér úti um fingraför þeirra, flugfélög voru skylduð til að gefa upp matarvenjur farþega sinna o.s.frv. í það óendanlega.

Risastórt skref var stigið frammávið til eftirlitsþjóðfélagsins, sem fylgist með þegnunum frá vöggu til grafar, án vitundar þeirra og vilja. Stjórnvöld og fjölmiðlar kyntu undir hræðslu almennings og kvíða við risastórt samsæri sem teygði anga sína um allan heiminn, léti stjórnast af blindu hatri á lífsvenjum vestrænna þjóða og vildi lýðræðisskipulag okkar feigt. Svarið átti að liggja í öryggi í faðmi ríkisins, sem vekti yfir velferð þegnanna allan sólarhringinn með mikilli leynd og gæti, jafnvel í trássi við lög og rétt, útrýmt grunsamlegum mannverum. Það heitir „fyrirbyggjandi aðgerðir“.

Í Bandaríkjunum einum eru tugir leyniþjónustustofnana með milli 30 og 40 þúsund manns sínum snærum. Þær voru allar settar undir einn hatt og yfirmanni hins sameinaða leyndarliðs gefið sæti í ríkisstjórninni og gefur skýrslur reglulega beint til forsetans. Í orði kveðnu á þetta lið að greina aðsteðjandi hættur. Árangur alls þessa liðs er aumkunarverður. CIA hafði enga hugmynd um yfirvofandi hrun Sovétríkjanna og mat hagkerfi þeirra margfalt afkastameira en reyndist þegar það hafði hrunið undan eigin þunga. FBI hunsaði allar aðvaranir um yfirvofandi hryðjuverkaárás 2001 og skellti skolleyrum við upplýsingum um að nokkrir Arabar væru við þjálfun í amerískum flugskólum við að taka stórar farþegaþotur á loft, en teldu ónauðsynlegt að læra lendingar. Yfirmaður einnar þessara

**Í DAG**
STOFNUN PÓLITÍSKRAR LEYNILÖGREGLU



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Flestir þingmenn láta sig dreyma um að verða ráðherrar og hluti af framkvæmdavaldinu. Sauðtryggur stjórnarmeirihluti þingsins gerir eins og fyrir hann er lagt. Til skamms tíma hafa dómstólar verið undir sömu sök seldir....*

njósnastofnana kvaddi starfsmennina á sinn fund í aðdraganda íraksstríðsins og sagði þeim blákalt: „Bush forseti ætlar í stríð. Það er okkar hlutverk að gefa honum átyllu til þess.“ Þetta var nú öll „greiningin“ á þeim bæ!

Bandaríkjamenn höfðu áður fengið sig fullsadda á aðförum njósnastofnana. Í Víetnamstríðinu fóðruðu þær yfirmenn heraflans, forsetann og varnarmálaráðherrann, á röngum og villandi upplýsingum og ráðgjöf og áttu sinn þátt í öförum landsins í þeirri styrjöld. Þær voru þeim mun ötulli við að hundelta andófsmenn gegn stríðinu og forvígismenn í jafnréttisbaráttu svartra. Herbert Hoover taldi Martin Luther King óvin bandaríkjastjórnar númer eitt og kom fyrir hlerunartækjum í öllu nánasta umhverfi hans. Síðan lak hann upplýsingunum til fjölmiðla í því skyni að sverta mannorð hans og ímynd.

Þá var Bandaríkjamönnum loks nóg boðið. Árið 1971 voru sett lög, sem settu njósnastofnunum margvíslegar skorður. Í öllum tilfellum skyldi heimildum til hlerana aflað hjá dómstóli, sem að vísu skyldi leynilegur, en undir forsjá þingsins og eftirlitsnefnda þess með njósnastofnunum. Í vetur varð svo uppvíst að leynidómstóllinn hafði algerlega verið sniðgenginn þegar símtöl voru hleruð hjá hundruðum þúsunda bandarískra borgara. Samráðið við þingið fór fram með þeim hætti að sérvöldum þingmönnum úr eftirlitsnefndum þess með njósnastofnunum var gefin takmörkuð innsýn í umfang þessara hlerana, en bundnir trúnaði, máttu ekki einu sinni ræða málið við starfsbræður sína. Í bréfi til forsetans sagði John D. Rockefeller III, að þetta væri ekki samráð, heldur væri verið að gera lítinn hóp þingmanna að vitorðsmönnum framkvæmdavaldsins og múlbinda með því þingið allt.

Hér hafði það gerst undir yfirskini „stríðsins gegn hryðjuverkum“ að framkvæmdavaldið hafði beygt undir sig dómsvaldið og löggjafarvaldið. Rifjuðust þá upp fyrir mörgum varnaðarorð James Madisons forseta og eins helsta höfundar stjórnarskrár Bandaríkjanna: „Safnist framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvald á fáar hendur, höfum við fengið yfir okkur ógnarstjórn.“ Og má bæta við orðum Benjamíns Franklíns: „Þjóð sem tekur öryggi sitt fram yfir frelsið á hvorugt skilið.“

Í Bandaríkjunum er löng hefð fyrir því að þingið standi fast á rétti sínum gegn ásælni framkvæmdavaldsins. Hér á landi er engin slík hefð. Flestir þingmenn láta sig dreyma um að verða ráðherrar og hluti af framkvæmdavaldinu. Sauðtryggur stjórnarmeirihluti þingsins gerir eins og fyrir hann er lagt. Til skamms tíma hafa dómstólar verið undir sömu sök seldir. Þessvegna er það engin trygging fyrir persónufrelsi borgaranna að „greiningardeild“ Björns Bjarnasonar leiti hlerunarheimilda hjá leynilegum dómstóli, sem hann skipar sjálfur, og hlíti eftirliti þingnefndar, sem bundin er trúnaði. Enginn sannur Íslendingur, sem ann frelsi sínu, ætti að láta sér detta í hug að fórna því frelsi á altari þess „öryggis“, sem Björn þykist ætla að búa okkur með því að bæta einni strípunni enn á úníform ríkislögreglustjórans.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

PEUGEOT



# LJÓNHEPPNI

PEUGEOTLÍNAN Á FRÁBÆRU VERÐI NÚNA

**Komdu strax • Takmarkað framboð**

www.peugeot.is

Veldu frumlegasta, skemmtilegasta eða flottasta ljónið á veginum á enn betra verði núna. Peugeot sameinar stórglæsilegan stíl, hugvitsama hönnun, fjölbreytta tækni og frábæra aksturseiginleika. Ótrúlega mikið fyrir ótrúlega lítið. Komdu og settu saman þína útfærslu af þínum útvalda Peugeot. Við semjum svo um verðið - betra tilboð gerist varla.

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Benhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

2 fyrir 1
Alicante
13. júlí
frá kr. 19.990

Kr. 19.990
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 13. júlí í 1 eða 2 vikur. Netverð á mann.

Allra síðustu sætin
Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina við Alicante á hreint ótrúlegum kjörum. Allra síðustu sætin á frábæru tilboði. Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Úrval gistimöguleika á Benidorm í boði.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# Óþægilegar fréttir en ekki ótrúlegar



UMRÆÐAN
MANSAL

KRISTBJÖRN ÁRNASON
KENNARI

Nú eru sagðar sorgarfréttir af eiginmönnum kvenna af erlendum uppruna sem hafa selt körlum aðgang að þeim. Fréttin á rætur í skýrslu sem bandaríska sendiráðið lét gera á högum aðfluttra kvenna og meint mansal þeirra. Vert er að minna á heitar sögur er gengu þegar fyrstu konurnar komu frá nokkrum Asíu löndum. Hávaðinn var um, að nú væru ýmsir karlar að kaupa sér eiginkonur með meiru. Kröftug umræða var um hverskonar varmenni væru þarna á ferð. Þessar sögur höfðu sem betur fer hljóðnað fyrir löngu. „Alþjóðahúsið“ sendir svo frá sér yfirlýsingu um, að áðurnefnt sendiráð hafi misnotað- og túlkað upplýsingar frá stofnuninni.

Þetta kennir okkur auðvitað að ekki dugir að flytja inn í landið fólk í stórum stíl án þess að tekið sé á móti því á eðlilegan og á mannsæmandi hátt og að fólkið njóti íslenskra mannréttinda í raun, til jafns við innfædda. Mest eru þetta konur frá ýmsum fjarlægum löndum og einnig flóttafólk. Fólk með gjörólíka menningu í brjósti, önnur viðhorf til flestra hluta og oftar en ekki með gríðarlega tungumálaörðuleika. Grunnskólakennarar hafa aðeins kynnst litlum hluta af þessum vanda barna þeirra.

Fréttin getur ekki komið neinum fullorðnum á óvart, allt hefur þetta viðgengist hér áður. Ýmsir menn hafa selt sínar konur frá ómunatíð og hirt þeirra laun hvernig sem unnið hefur verið fyrir þeim. Ekki veit ég hvort það sé bannað að hirða launin en ef svo er ekki, þarf að setja um það lög og reglur og einnig um ýmislegt annað sem gæti styrkt stöðu innflytjenda.

Mikilli vínneyslu og neyslu annara enn sterkari vímuefna fylgir mikill sori og hvers kyns kúgun. Það er dagljóst að innfæddar íslenskar konur sem eiga undir högg að sækja sæta slíkri kúgun og hafa lengi gert. Ekki má gleyma kúgun á börnum frá samskonar mönnum. Til er einnig í dæminu að kona sé kúgarinn. Allt er þetta hluti af hinu stóra leyndarmáli sem ekki má ræða um opinberlega nema í nokkur ár hafa barsmíðar á börnum og konum komið fram í umræðunni auk kynferðislegrar misnotkunar á börnum.

Hin hlið fréttarinnar þótti mér sínu merkilegri er snýr að rannsóknum bandaríska sendiráðsins á hinu íslenska samfélagi. Ekki að það kæmi mér beinlínis á óvart að sú stofnun bandarísk sem sér fyrir um óorðna og óæskilega atburði að þeirra mati og einhverra yfirvalda í Bandaríkjunum sem sér um að eitthvað sé rannsakað fyrir fram sem á eftir gerast, svo notuð séu óskýr orð stjórnmálamanns í vikunni sem leið.

Sannast hefur að nokkrir þingmenn hafa verið undir eftirliti s.s. með símhlerunum og er ljóst í mínum huga að fleiri menn hafa verið í eftirliti. Nú gerist það í fyrsta sinn að Rúv. segir frá óhikað, að bandaríska sendiráðið rannsaki atferli fólks hér á landi. Einhvern tíma hefði þessi miðill hikað við að segja slíka frétt. En hverskonar starfssemi er það þegar erlent sendiráð stendur að slíkum atferlisrannsóknum ef rétt er sagt frá? Það er ljóst að þetta er ekki fyrsta rannsókn þessa ágæta sendiráðs. Ég er viss um að það hefur alltaf staðið í atferlisrannsóknum hér. Þetta er pólitísk könnun og þannig hafa fyrri rannsóknir líka verið og oft snúist um að fylgjast með mönnum með sterkar skoðanir og ríka réttlætiskend. Einkum vinstri mönnum í stjórnmálaflokkum, í grasrótarhreyfingum og forystumönnum í mörgum verkalýðsfélögum. Þetta hefur grasserað í „kalda stríðinu“ en vígvöllur þess náði til Íslands.

Fréttin kallar á að könnuð sé svona starfsemi sendiráða í landinu. Einnig að við spyrjum okkur sjálf hvort það sé eðlilegt háttarlag erlendra sendiráða. Við erum allmörg sem höfum talið okkur til vinstri og höfum starfað í slíkum stjórnmálum sem höfum fundið fyrir óeðlilegum áhuga á okkar lífi og atferli. Atburðir hafa komið fyrir sem ekki er hægt að sanna eða segja frá formlega. Að lokum væri e.t.v. vert að spyrja: Hvað myndi bandaríkjamenn sjálfir kalla það ef íslenska sendiráðið héldi uppi viðlíka atferlisrannsóknum í þeirra landi? Við hefðum að vísu ekki efni á slíkum kúnstum og hvað hefðum við líka að gera með það? Bandaríkjamenn hafa nafn yfir slíka starfsemi erlendra aðila í þeirra eigin landi.




# Umhverfismál í nýju ljósi



UMRÆÐAN
UMHVERFISSTEFNA SAMFYLKINGARINNAR

INGA SIGRÚN ATLADÓTTIR
GUÐFRÆÐINGUR

Allt frá því 2003 hefur verið starfandi framtíðarhópur innan Samfylkingarinnar sem unnið hefur að stefnu flokksins í umhverfismálum. Síðasta árið hef ég unnið í hópnum að verkefninu og einmitt þessa dagana erum við að binda endahnútinn. Áherslan hefur frá upphafi verið á vönduð vinnubrögð, upplýsingaöflun og víðtækt samráð og hefur vinnan m.a. falist í að halda á annan tug samráðsfunda um allt land. Þessi vinna hefur verið bæði skemmtileg og metnaðarfull því unnið er að því að nálgast umhverfismálin á alveg nýja hátt út frá áherslum Samfylkingarinnar á jafnrétti, lýðræði og frelsi einstaklinga.

Þar sem ég hef verið að vinna á þessu sviði hef ég á síðustu mánuðum horft með áhuga á aðra stjórnmálaflokkana setja fram umhverfisstefnu sína og koma með ýmsar yfirlýsingar í umhverfismálum máli sínu til stuðnings. Í athugun minni er það niðurstaða mín að enginn Íslenskur stjórnmálaflokkur geti lagt fram heildstæða og vel ígrundaða stefnu í þessum málaflokki. Það er vissulega lítið mál að setja fram umhverfisstefnu ef hún þarf ekki að vera í samræmi við önnur stefnumál eða ef umhverfismálunum er ætlað að vera afgangsstærð sem stöðugt mætir afföllum þegar aðrir málaflokkar hafa verið afgreiddir. Að setja umhverfismálin einan í forgang er líka einfalt mál því þannig þróast önnur stefnumál fyrst og fremst af einhliða, einfaldri afstöðu.

Stefna vinstri grænna er vissulega sýnileg, en er sett fram í augljósu tómarúmi og ekki hugað að því að samþætta hana byggðarsjónarmiðum, stefnu í atvinnumálum eða menntamálum, svo eitthvað sé nefnt. Slík viðhorf fara vel í umræðunni og duga fullvel flokki sem ekki hefur hug á að vera stefnumótandi í landsmálum að loknum kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur einnig tekið áhugaverða stefnu í þessum málaflokki sem birtist í því að hann styður umhverfismálin svo framarlega sem þau stangast ekki á við hagsmuni flokksins og ganga í engan hátt gegn öðrum fyrirætlunum hans. Í stjórnarsamstarfinu hefur Sjálfstæðisflokkurinn náð að koma vandræðalegum umhverfismálum yfir á bak Framsóknarflokksins sem með stefnuleysi sínu stendur stóreygur og starandi yfir þeim vandræðagangi sem umhverfismálin valda þeim.

Á næstu vikum mun Samfylkingin leggja fram heildstæða stefnu í umhverfismálum sem hefur þá sérstöðu að byggja á vel ígrunduðum tillögum til umhverfis og náttúruverndar án þess að einangra þá hugmyndafræði frá öðrum málflokkum. Sérstaða þeirrar vinnu sem unnin er í framtíðarhópnum er að rofin er sú skipting sem tíðkast hefur milli þeirra sem setja umhverfismál í forgang og þeirra sem styðja öfluga þjónustu og uppbyggingu atvinnutækifæra og menningar. Með áherslu á öfluga uppbyggingu samfélagsins lítur Samfylkingin á umhverfismál sem sjálfsagt heilbrigðismál og sem hluti af heilbrigðum lífsháttum verður aðgangur að umhverfinu hluti af almennum mannréttindum. Með því að flétta saman umhverfismál og mannréttindi opnast leið til vitundarvakningar um leið og stóraukin er aðkomu almennings að umhverfismálum í víðu samhengi.

Markmiðið er því að fjarlægjast þá hugsun að líta á umhverfismálin sem sérstakan málaflokk, hvorki sem stefnumótandi fyrir aðra afstöðu flokksins né mál sem mætir afgangi. Markmiðið er að líta á málefni umhverfisins út frá rétti manna til að lifa í heilbrigðu umhverfi og að eðlilegt sé að líta á að ábyrgð á umhverfinu sé bæði réttur og skylda einstaklinga í lýðræðisþjóðfélagi.

Þannig upplifi ég þá metnaðarfullu vinnu sem Samfylkingin hefur staðið að og vil ég fullyrða að þar sé stjórnmálaflokkur að setja fram besta grunn í umhverfismálum sem komið hefur frá stjórnmálaflokki á Íslandi.

*Höfundur starfar í framtíðarhóp Samfylkingarinnar um umhverfismál.*

## ALLT HITT

**BÍLAR FERÐIR BÖRN**

**Völuskrín** er ný verslun sem eri á Laugavegi við Hlemm. Í versluninni er mikið úrval af leikföngum, púsluspilum og verðlaunaspilum úr tré fyrir alla aldurshópa. Auk þess er þar mikið af fallegum vörum fyrir ungabörn, eins og teppi, leikföng og margt fleira.



**Orkuveita** Reykjavíkur hefur samið við B&L um kaup á 27 bílum og er samningurinn liður í endurnýjun og viðhaldi á þeim tæplega 200 bíla flota sem OR rekur. Um er að ræða bíla af gerðinni Starex, Terracan, Tucson og Getz frá Hyundai og Kangoo-atvinnubíla frá Renault.

**Laugavegurinn.** Um helgina mun Útivist standa fyrir gönguferð á Laugaveginn. Leiðinni er skipt upp í fjórar hefðbundnar gönguleiðir. Lagt er af stað úr Reykjavík að morgni dags og ekið í Landmannalaugar. Ferðin tekur fimm daga og fararstjóri er Oddur Friðriksson.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 5. júlí, 186. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.13 | 13.32 | 23.50 |
| Akureyri | 2.13 | 13.17 | 24.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Björgvin fjárfesti í glænýju hjóli fyrir réttum mánuði og hefur hjólið reynst þeim hjónum afar vel. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Hjónin keyra til skiptis

***Björgvin Þór Sigurólason er einn af fjölmörgum mótorhjólaeigendum á landinu en hann deilir hjólinu með konu sinni, Önnu Kristínu Sigursteinsdóttur. Eru þau hjónin, líkt og bræður Björgvins, með mótorhjólabakteríuna á háu stigi.***

„Þetta er Honda CBR 600 F41 innspýtingarhjól árgerð 2006. Það er mánaðargamalt, en ég keypti það af Ragnari í Bílabúð Benna sem sá um að flytja hjólið inn," segir Björgvin en hann er enginn græningi í mótorhjólasportinu.

„Ég átti annað hjól á undan þessu í þrjú ár sem var gamalt Kawazaki-hjól. Við konan mín erum bæði með mótorhjólapróf og okkur langaði í eitthvað nýtt núna. Við deilum hjólinu og það er einmitt kosturinn við nýja hjólið að það er svo góð áseta á því. Það fer betur með mann í lengri ferðum heldur en mörg af þessum racer-hjólum."

Björgvin og kona hans ætla samt ekki að fjárfesta hvort í sínu hjólinu alveg strax. „Kannski á næsta ári. Það er viss ókostur að eiga ekki tvö hjól en það er gaman að keyra á hjólinu þegar það er gott og þetta hjól býður vel upp á að vera tveir á því. Svo skiptumst við bara á að keyra."

„Við erum þrír bræðurnir og eldri bróðir minn kom með mótorhjólabakteríuna inn í fjölskylduna fyrir mörgum árum," segir Björgvin sem keppir ekki á hjólinu sínu heldur notar það frekar í skemmtiferðir. „Ég er bara á malbikinu. Ég hjóla um borgina og skrepp út úr bænum í góðu veðri. Rigningin hefur svo sem ekki stoppað mig hingað til þar sem ég er vel klæddur í goritex, það hefur virkað vel."

lilja@frettabladid.is





HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is



***Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!***

**Garmin nüvi 360**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu og stórum skjá, en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN. Bluetooth VÉLASALAN radiomiðun

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

**Munið** að fylla á rúðupissið. Það veitir ekki af í öllum drullupollunum.



## ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN**
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066



BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

**Bassabox**



10", 12", 15", einföld
**Verð frá Kr. 5.995,-**
10", 12", 15", tvöföld
**Verð frá Kr. 8.995,-**

**AG Mótorsport -** Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : **www.agmotorsport.is**

**GLÆNÝTT**
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
**30% AFSLÆTTI**
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



**VEGGFÓÐUR.**
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



Ómar Níelsson, framkvæmdastjóri Combi Camp, segir að tjaldvagnar séu alltaf vinsælir. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Einfalt og þægilegt að ferðast með tjaldvagna

***Tjaldvagnar hafa lengi notið mikilla vinsælda þeirra sem ferðast um landið á sumrin. Í Combi Camp í Kópavogi er bæði hægt að kaupa tjaldvagna og leigja þá.***

Ómar Níelsson, framkvæmdastjóri Combi Camp, segir að tjaldvagnarnir hjá þeim séu mjög vinsælir. „Tjaldvagnarnir seljast alltaf vel, þó að komin séu önnur tæki eins og fellihýsi og hjólhýsi og mjög algengt er að fólk byrji í tjaldvögnunum og endi í tjaldvögnunum," segir hann.

Hjá Combi Camp eru ekki aðeins seldir tjaldvagnar því þar er einnig hægt að leigja tjaldvagna. „Leigan fór svolítið hægt af stað í ár vegna veðurs en núna er búið að bóka mikið fyrir sumarið og fram yfir verslunarmannahelgi er mjög þétt bókað."

Um það bil sextíu tjaldvagnar eru til leigu hjá Combi Camp og eru vagnarnir leigðir út í viku í einu. „Leigutímabilið er frá fimmtudegi til miðvikudags og vikan kostar tuttugu og fimm þúsund krónur."

Ómar segir að það sé ekki erfitt að keyra með vagnana. „Við erum með eina stærð af vögnum sem eru fyrir fjóra til sex og þá er hægt að festa aftan í hvaða bíl sem er. Vagnarnir eru léttir, þrjú hundruð kíló, og það er einfalt og þægilegt að ferðast með þá um landið."

*emilia@frettabladid.is*



Tjaldvagnarnir frá Combi Camp henta fjögurra til sex manna fjölskyldum vel.



Auðvelt er að ferðast með Combi Camp tjaldvagnana um landið.

**Bíllinn á það skilið!**



**Glæsilegt úrval álfelgna frá Lenso og Alutec. Hvort sem þig vantar felgur undir sportbílinn eða jeppann, þá hefur Sólning felgurnar.**

**Bjóðum einnig hágæðadekk frá Continental, Nankang og Mastercraft.**

ALUTEC LENSO ALLOY WHEELS Continental Mastercraft NANKANG

SÓLNING
Kópavogur | Njarðvík | Selfoss

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# HVAÐ ER ... BENSÍNMÆLIR?



Bensínmælar í bílum eru í grunninn mjög einföld tæki og reyndar frekar ónákvæm.
LJÓSMYND/NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Einfaldur búnaður en ekki nákvæmur

Hvernig veit bensínmælirinn hvað er eftir á tankinum? Af hverju sýnir hann fullan tank fyrstu 100 kílómetrana en hríðfellur svo? Af hverju skoppar nálin á sumum bensínmælum en öðrum ekki?

Bensínmælar eru í grunninn sáraeinföld tæki, svo einföld að það er í raun mesta furða að ekki hafi farið fram meiri þróun á því sviði á undanförnum árum en raun ber vitni. Kerfið samanstendur af tveimur aðalhlutum, annars vegar mæli- og senditæki og hins vegar mælinum sjálfum. Kíkjum aðeins á hvort fyrir sig.

Mæli- og senditækið er staðsett við og í bensíntankinum. Flotholt í tanknum er fest á stöng sem leikur á ás efst í honum. Þegar tankurinn er tómur hangir flotholtsstöngin beint niður en þegar hann er fullur liggur hún lárétt efst í honum.

Hinn endinn á stönginni er fyrir utan tankinn. Á honum er snerta sem liggur utan í viðnámi. Straumur er sendur í gegnum snertuna og viðnámið og yfir í mælinn. Styrkur straumsins ræðst af því hvar snertan kemur við viðnámið. Því lengri vegalengd sem straumur þarf að ferðast í gegnum viðnámið, því lægri verður útkoman. Straumurinn sem fer fram í mæli, fer því eftir hæð flotholtsins í tanknum. Þegar ekið er í beygjur eða á ójöfnum vegi getur halli og öldugangur í tanknum haft áhrif á útkomuna vegna þess að flotholtið er á ferð. Í sumum nýjum bílum sér lítill tölvuheili um að jafna þessar hreyfingar út.

Við bensínmælinn er fjöður úr tveimur málmþynnum sem svigna við mismunandi hitastig. Sveigja á fjöðrinni fer því eftir straumnum sem í gegnum hana fer. Við annan endann á henni er armur sem tengist nálinni í mælinum. Nálin færist því í beinu samhengi við þann straum sem kemur frá flotholtsarminum.

Þar sem flotholtið er alveg á kafi meðan tankurinn er fullur, og fellur ekki fyrr en það er nánast fljótandi ofan á yfirborðinu, sýnir mælirinn því fullan tank þar til lækkað hefur í honum sem nemur flotholtsstærðinni. Að sama skapi er ekki algilt að flotholtið nái alveg niður á botn og því sýna sumir mælar tóman tank þó eitthvað sé eftir.

Að lokum spilar svo lögun tanksins stórt hlutverk í því hversu nákvæmur mælirinn er. Tankar eru mótaðir með allskyns inn- og útskotum eftir því hvernig rýmið er sem þeim er ætlað. Það þýðir að þó yfirborð bensínsins nemi við hálfa hæð tanksins gæti ósköp vel verið meira eða minna en helmingur eftir af því.

# VÍS hækkar tryggingar

*Ástæðan sögð hækkandi tjónakostnaður sem hlutfall af iðgjöldum.*

Vátryggingafélag Íslands, VÍS, hefur ákveðið að hækka iðgjöld bifreiðatrygginga frá og með 1. ágúst næstkomandi. Ábyrgðartrygging bifreiða, bifhjóla, fjórhjóla, vélsleða og dráttarvéla hækkar um 5 prósent. Þá hækkar slysatrygging ökumanns og eiganda um 5 prósent og kaskó- og brunatrygging um 6 prósent.

Iðgjöld vegna framrúðutryggingar hækka mest, um 15 prósent, en þess ber þó að geta að tryggingin bætir nú tjón á öllum rúðum ökutækis.

(www.fib.is)



Ökutækjatryggingar VÍS hækka um 5-15 prósent þann 1. ágúst.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


www.velaborg.is S: 414 8600

DAF XF 95.480



Eigum á lager einn DAF XF 95.480 tveggja öxla dráttarbíl búinn öllum hugsanlegum þægindum

Verð kr. 9.638.300 án vsk.



**Innifalið í verði:**

- Euro 3 vél 480 hö. 2.100 Nm
- ZF tólf gíra sjálfskipting
- ALCOA álfelgur
- Loftfjaðrir að aftan, hefðbundnar framan
- Þriggja þrepa "Retarder" og mótorbremsa
- 500 lítra olíutankur úr stáli
- Kojuhús með tveimur kojum, ísskáp, olíumiðstöð og fullkomnu hljómkerfi með 8 hátölurum.
- Eyðsla frá 33 - 36 lítra á hundraði.
- Litur „Flake gray"

**Hafið samband við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar**

Vélaborg ehf.

**Reykjavík** • Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 **Akureyri** • Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601


# Cadillac sem sparar bensín

*Fyrsti túrbó dísil Cadillacinn er kominn á markað í Evrópu.*

Bíllinn, Cadillac BLS, er framleiddur í höfuðstöðvum Saab í Svíþjóð og er eini Cadillacinn í Evrópu í flokki miðlungsstórra lúxusbíla. Bíllinn er í boði með nokkrum mismunandi vélum frá 1,9 lítra til 2,8 lítra með hestaflagetu á bilinu 150 til 255. Cadillac BLS með 1,9 lítra, beininnspýtingar túrbó dísilvél er það sem stendur upp úr þar sem það er fyrsti Cadillacinn sem er með túrbó dísilvél. Meðalbensíneyðsla vélarinnar er 6,1 lítri á hverja hundrað kílómetra sem er mikill eldsneytissparnaður miðað við venjulegar Cadillac vélar.



Þetta er fyrsti Cadillacinn sem er með túrbó dísilvél.


# HLÍFÐU BÍLNUM








*Eigum ávallt til á lager ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á eftirtaldar gerðir bíla:*

*Ford · Honda · Hyundai · Isuzu · Jeep · Kia · Land Rover*
*Mazda · Mitsubishi · Nissan · Peugeot · SsangYong · Subaru*
*Suzuki · Toyota · Volkswagen*

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-010 KC



## Mercedes bens c 220 cdi diesel modelár 2004



Kom á götuna sept 2003, ekinn 65 þús.
Sjálfskiptur, rafmagn í sætum, loftkæling,
tveir gangar af felgum með dekkjum 17" og 15",
eyðsla 8,4 í innanbæjar akstri.
Verð 3,4m skipti á ódýrari ath.
Upplýsingar í síma 821 4626

Keyrið út fyrir borgarmörkin og prófið einhverja nýja sundlaug. Það er skemmtileg tilbreyting og það skiptir engu hvernig veðrið er.



Vika í USA

San Fransisco
21.200*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.
* Verð miðað við gengi 1. maí 2006.

Florida
17.800*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.
* Verð miðað við gengi 1. maí 2006.

Boston
23.300*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.
* Verð miðað við gengi 1. maí 2006.

Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
www.hertz.is
Hertz
Sími: 50 50 600 • www.hertz.is

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

# Borg sem á sér enga líka

***Feneyjar hafa löngum laðað til sín fjölda ferðamanna. Borgin hefur upp á fjölmargt að bjóða fyrir ferðamenn og er ógleymanleg öllum sem þangað rata.***



Feneyjar eru byggðar á hólmum úti í sjónum. Undirstöðurnar eru ekki sérlega traustar og margar hinna glæsilegu bygginga hafa látið á sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Feneyjar eru óvenjulegur staður og á borgin sér fáa líka í heiminum. Árum saman hafa Feneyjar verið vinsæll áfangastaður fyrir ferðamenn og í dag koma þangað milljónir ferðamanna á hverju ári, fleiri en til flestra annarra borga í heiminum. Flestir staldra stutt við enda er borgin afar dýr áfangastaður. Í borginni er þó að finna fjölda góðra hótela og gististaða og það er full ástæða til að gefa sér góðan tíma þar.

Feneyjar hafa upp á ótalmargt að bjóða fyrir ferðamenn. Úrvals veitingahús og öflugt menningarlíf eru meðal þess sem trekkir að en borgin sjálf í allri sinni dýrð er þó líklega það sem heillar flesta. Feneyjar eru ólíkar öllum öðrum borgum enda er borgin byggð á hólmum úti í sjónum og hefur í rauninni ekkert fast land. Óteljandi síki, þröngar götur og glæsilegar gamlar byggingar gleðja augað og stemningin er engu lík. Ekki eru bílarnir að þvælast fyrir enda er ekki einu sinni bílfært um miðborgina, þess í stað má sjá líflegt mannlíf á síkjunum fjölmörgu, sérstaklega Canal Grande sem er stærsti skurðurinn og aðalumferðaræð borgarinnar.

Feneyjar voru áður sjálfstætt ríki og heimsveldi Feneyinga náði yfir stórt landsvæði. Árið 1797 urðu Feneyjar hluti af heimsveldi Napóleóns og 1866 varð borgin hluti af Ítalíu. Lega borgarinnar og miklar siglingasamgöngur gerðu það að verkum að menningaráhrif úr ýmsum áttum blönduðust saman í Feneyjum og þar gætir meðal annars áhrifa úr austri. Frá Feneyjum liggja líka leiðir til allra átta. Ferðamenn skreppa þangað í dagsferðir frá Slóveníu og Króatíu auk þess sem stutt er að skjótast frá ýmsum borgum Ítalíu.

Markúsartorgið er þekktasti staður Feneyja og þungamiðja borgarinnar. Þar stendur Markúsarkirjan í allri sinni dýrð en hún er eitt fallegasta guðshús í heiminum, fagurlega skreytt mósaíkmyndum. Ýmsar aðrar þekktar byggingar, eins og hertogahöllin og klukkuturninn, blasa einnig við á Markúsartorginu auk þess sem þar er að finna einhver elstu kaffihús í heimi. Í raun hefur ásýnd Feneyja lítið breyst í 200 ár. Húsin eru gömul og hljóðin sem heyrast frá strætum og síkjum borgarinnar eru þau sömu og fyrir áratugum síðan, skvaldur í fólki og gjálfur í vatninu í síkjunum þegar gondólarnir sigla hjá.

Á stuttum tíma má komast yfir að sjá margt af því besta sem borgin hefur upp á að bjóða. Langar raðir myndast oft fyrir utan Markúsarkirkjuna og hertogahöllina en röðin gengur hratt og örugglega svo ferðalangar ættu ekki að snúa frá þótt röðin sé löng. Rómantísk gondólasigling er ómissandi hluti af hverri Feneyjaheimsókn og góður göngutúr um miðborgina svíkur engan. Röltu bara út í óvissuna en hafðu samt götukort með í för. Auðvelt er að villast í borginni því göturnar eru þröngar, síkin mörg og alltaf eitthvað nýtt að sjá. Svo er líka alltaf gaman að leyfa sér að villast dálítið, taka óvænta beygju inn í þrönga götu, rölta yfir fallega brú eða setjast niður á eitthvað af torgunum óteljandi. Alls staðar er eitthvað spennandi að sjá.

*thorgunnur@frettabladid.is*



Óteljandi síki og skurðir setja svip sinn á borgina.

## Gondólarnir – tákn borgarinnar

Gondólar hafa verið eitt helsta tákn Feneyja öldum saman. Fyrstu gondólarnir sáust á síkjum borgarinnar á 11. öld og í grunninn hefur útlit þeirra lítið breyst. Bátarnir eru langir og mjóir og ræðarinn notast við eina ár. Árið 1562 voru settar nýjar reglur í borginni sem kváðu á um að allir gondólar ættu að vera svartir. Það átti að koma í veg fyrir að menn skreyttu báta sína úr hófi fram til þess að sýna auð sinn og samfélagsstöðu. Gondólarnir eru svartir enn þann dag í dag og margir eru einkar glæsilegir.

Nú til dags eru gondólar aðallega notaðir af ferðamönnum sem borga fúlgur fjár fyrir stutta siglingu á síkjunum. Það er algjörlega ómissandi að skella sér í slíka ferð en gott að gera dálítinn verðsamanburð fyrst þar sem gondólasiglingarnar geta verið afar dýrar eins og annað í Feneyjum.



Gondólarnir eru eitt helsta einkenni borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

# Írskir dagar á Akranesi

***Írskir dagar verða haldnir á Akranesi í sjöunda sinn um næstu helgi.***

Írskir dagar er fjölskylduhátíð sem farin er að festa sig í sessi hjá Íslendingum. Hátíðin er haldin á Akranesi en á síðasta ári heimsóttu um tíu þúsund manns bæinn til að taka þátt í fjörinu.

Hátíðin hefst á menningarvöku á Jaðarsbökkum á fimmtudagskvöldið. Á föstudag verður mikið um að vera og án vafa mikill hiti í bænum þar sem ÍA tekur á móti knattspyrnuliði Grindavíkur um kvöldið.

Helgin er undirlögð af skemmtilegri dagskrá, meðal annars hinni skemmtilegu keppni um rauðhærðasta Íslendinginn. Auk þess má taka þátt í grillveislum, skrúðgöngum, Go Kart, útimörkuðum, tívolí, fjöldasöngvum, sandkastalakeppni, og mörgu fleiru. Paparnir og Todmobile halda síðan uppi fjörinu á tónleikum.

Akranes er aðeins í um 30 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík en einnig er hægt að taka Strætó á Skagann. Nánari dagskrá má finna á www.irskirdagar.is. **- jóa**



Líf og fjör verður í Akranesbæ um næstu helgi þegar írskir dagar fara þar fram.

GÖNGUFERÐ UM TRÖLLASKAGA
570551
Áhugaverð ferð um fáfarnar slóðir yst á Tröllaskaganum
13. - 17. júlí. Stórkostleg náttúra og hrikaleg fjöll
Skráning og nánari upplýsingar á skrifstofu Útivistar í síma 562 1000
ÚTIVIST
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is



## Veiðisumarið
**með Stefáni Jóni Hafstein**

*Fleiri veiðifréttir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.*

# Matseðill bleikjunnar

Vikan var góð við laxveiðimenn víða um land. Norðurá gefur vel ásamt gleðiefni að mikið virðist hafa gengið í Elliðaárnar og fyrir austan fóru Hofsá og Selá vel af stað. Þar voru vænir fiskar í byrjunarveiðinni eins og náttúrulögmál gera ráð fyrir, Bubbi Morthens setti í 9 kg lax sem mældur var 96 sm áður en honum var sleppt í Hofsá. Sá lax er einn af þeim stærstu í sumar, en álíka stór lax veiddist í Þverá og annar 18 punda í Kjósinni en sagan af þeim laxi er skrautlegt og birtist á svfr.is. 70 laxar voru gengnir um teljara Selár fimmtudag sem er mun betra en á sama tíma í fyrra. Lítið erað gerast í Stóru Laxá og Sogi, en þar kom fyrsti laxinn upp á silungapúpu í vikunni.

**Kannað í maga fiska**

Laxinn étur ekki í ánum, en silungurinn treður sig út af lífríkinu í ám og vötnum og því er góður siður veiðimanna að kanna hvað fiskurinn setur ofan í sig. Margir hafa þann sið að fara innan í fyrsta silunginn sem dreginn er og skoða. Menn spretta upp kviðnum og seilast í vélindað sem er aftan við kokið og skera þar á. Þar er ætið sem silungurinn var að éta nýlega. Aftan við vélindað tekur venjulega við úttroðinn maginn og getur gefið góðar upplýsingar, en gæta verður að því að ætið í maganum kann að hafa komist í tæri við meltingarsýrur og því misst lit eða lögun. Á myndinni sem fylgir af bleikju sem veiddist í vikunni má sjá að hún hafði étið vatnabobba, grasmaðk og lirfu sem enn var lifandi þegar hún leit dagsins ljós úr koki fisksins. Eigi maður líkar flugur og ætið sem finnst í fiskinum borgar sig að skipta yfir í þær. Silungaflugur skiptast í megindráttum í tvo flokka: eftirlíkingar af æti, og skrautflugur sem koma fiskinum til án tilltis til þess hvort þær líkjast nokkru sem hann þekkir. Stundum duga skrautflugurnar, en oft þarf að fara út í eftirlíkingar, sérstaklega núna þegar lífríkið er í blóma og fiskurinn syndir að hlaðborði. Á flugur.is er ítarlegur listi yfir 200 vötn og ár og hvaða flugur þykja veiðnastar á hverjum stað.*Veiðikveðja, Stefán Jón.*



Matseðill bleikjunnar getur verið fjölbreyttur og eins gott að kanna hvað leynist í vélinda hennar meðan veitt er.

# Spánarstemning í Vetrargarði

*Spænskir tónar hljóma og flamencodans verður stiginn á ferðakynningu í Smáralind á laugardaginn milli kl. 12 og 18.*

Ferðamálaráð Spánar í Noregi í samstarfi við Ferðamálaráð Andalúsíu, Gran Canaria, Lanzarote og Tenerife býður upp á fjölbreytta ferðakynningu í Vetrargarðinum í Smáralind næsta laugardag milli kl. 12 og 18. Þar verður boðið upp á kræsingar frá Spáni og golfurum gefst kostur á að pútta, auk þess sem ljúf spænsk tónlist verður leikin. Milli kl. 14 og 16 mun Minerva Iglesias García sýna flamenco dans. Myndefni verður á stórum skjá og laufléttur spurningaleikur verður í gangi fyrir gesti þar sem þeir heppnu hljóta vinninga.



Suðrænt andrúmsloft verður í Vetrargarðinum á laugardag.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6631

# 200.000 kr. úttekt

## Útivistartilboð
### með völdum Mitsubishi Pajero, Outlander og Pajero Sport.

Fjórhjóladrifsbílarnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Af því tilefni fylgir 200.000 kr. úttekt hjá Ellingsen völdum Pajero, Outlander og Pajero Sport. Njóttu sumarsins á sprækum fjórhjóladrifsbíl með fullu skotti af dóti frá Ellingsen.

Ellingsen

Gildir til 4. ágúst 2006 eða á meðan birgðir endast.

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA®

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*



**Kerrur** sem eru léttar og auðvelt að ýta áfram eru sniðugar fyrir kríli sem eru að taka fyrstu sporin. Það er nefnilega svo ágætt að hafa eitthvað til þess að halda sér í.

*Útsalan hefst á morgun*
**40% afsláttur**
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

# Skemmtilegast að lesa bók

***Kara Björk Sævarsdóttir er sex ára gömul og hefur frá ýmsu að segja því hún er búin að gera margt í sumar.***


Kara Björk er ánægð með sumarfríið sitt á Íslandi og segir að henni finnist skemmtilegast að vera hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kara býr í Danmörku en er heima á Íslandi í sumar. „Ég er búin að búa lengi í Danmörku og svo átti ég einu sinni heima í Þýskalandi og ég átti líka heima á Íslandi þegar ég var svona tveggja ára," segir hún.

Í haust byrjar Kara í skóla en hún var í leikskóla síðasta vetur. „Mér finnst skemmtilegast að læra í leikskólanum," segir hún og bætir við að þegar hún sé ekki í leikskólanum finnist henni skemmtilegast að vera heima og lesa bók.

Kara á lítinn bróður sem heitir Gunnar Tumi. „Hann er þriggja ára gamall og er nýbúinn að eiga afmæli. Það var mikil veisla og svo þegar veislan var búin þá kom ég heim með frænku minni sem heitir Lóa og hún á tvo hunda sem heita Sísí og Ló. Einn er svona skrítinn og rangeygður en hinn er bara venjulegur. Einn er brúnn með engu hári og svona sköllóttur úti um allt og hinn er með mjög mikið hár og þessi sem var með hárið er rangeygður. Við fórum með þá út að labba og ég tók þennan sem var rangeygður en Lóa tók hinn."

Köru finnst dýr skemmtileg og hún segist sjálf eiga hest. „Hann er í Danmörku ennþá. Ég fer næstum því alltaf á hestbaki í leikskólann en bara þegar mamma er með því þá tekur hann hann aftur heim. Hesturinn minn heitir Ísabel og ég skírði hann og kom með hugmyndina sjálf. Ég er líka búin að eiga hann lengi, í svona fimmtíu ár því við keyptum hann þegar ég var eins mánaðar."

Í vor þegar Kara var ennþá úti í Danmörku átti hún sjálf afmæli og þá var líka haldin veisla. „Ég á afmæli fjórða apríl og ég var líka með veislu. Ég fékk marga pakka og það komu miklu fleiri börn en fullorðnir og mamma bakaði svona bangsaköku með kremi," segir hún brosandi.

Þegar Kara brosir sést að það vantar aðra framtönnina niðri hjá henni. „Hún fór í gær," segir Kara stolt og bætir því við að svo sé hún með eina lausa tönn uppi. „Þetta var ekkert sárt. Hún fór svona niður og svo þegar ég var að reyna að taka hana upp þá datt hún bara í gólfið. Ég setti hana undir koddann og fékk fimm hundruð frá tannálfinum. Ég fékk líka svona blað en hann tók ekki tönnina með því hún er falin einhvers staðar heima en ég veit ekki hvar, ég er ekki búin að leita að henni. Svo sagði hann að ég væri dugleg stelpa og að ég ætti að vera dugleg að bursta tennurnar. Hann sagði líka að ég ætti að setja sápu í tennurnar," segir hún og hlær. „Það er af því að hann setur alltaf sjálfur sápu í bursta og burstar tennurnar sem hann fær."

Kara segist ætla að fara með peninginn frá tannálfinum í dótabúð. „Mig langar í svona Barbídúkku sem er hafmeyja. Hún er með sporð og svo getur maður tekið hann af og þá koma vængir, ég hef séð það."

Dótabúðir heilla Köru mikið og hún gæti alveg hugsað sér að vinna í einni svoleiðis þegar hún verður stór. „Mig langar að verða blaðamaður eins og mamma og líka að vera búðarkona í dótabúð. Kannski get ég bara fyrst verið blaðamaður og svo búðarkona."

Kara er búin að gera margt í sumar og er mjög ánægð með sumarfríið sitt á Íslandi. „Ég er búin að fara í tjaldútilegu og í bíó og svo er ég búin að fara í leikfimi og svo líka sund. Mér finnst skemmtilegast að vera hér," segir hún ákveðin. *emilia@frettabladid.is*








Síða í nýju Drops blaði. Uppskriftir að fötunum eru annars staðar í blaðinu.

# Í handunnum fötum

***Nýlega komu út tvö ný hefti af Drops prjónablöðum með fötum fyrir 0-4 ára.***

Dropsblöðin birta uppskriftir og myndir með prjónuðum og hekluðum fötum á börn upp að fimm ára aldri. Einnig eru þar ýmis góð ráð og leiðbeiningar sem snerta prjónaskap og hekl. Texinn er á norsku, sænsku og dönsku. Útgefandi Drops er hið sænska fyrirtæki Garnstudio en heimasíða þess er www.garnstudio.com. Seljendur Drops hér á landi eru Föndra á Dalvegi 18, Erla á Snorrabraut og Berg á Akranesi.




**Útsalan er hafin**
**Fatnaður á börn og unglinga**
**Stærðir fyrir 0 - 16 ára**
ROBBI...
Hlíðarsmári 17 • S. 555 6688

# MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...
Miðvikudagur 5. júlí 2006 – 25. tölublað – 2. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa



**Slagurinn um PLIVA**
Hvorugur vill gefa sig
8

**Kauphöll Íslands**
Fjármálafyrirtækin gnæfa yfir ICEX-15
10-11

**Forstjóraráðstefna Forbes**
Í frjálsræðinu nýtist sköpunarkrafturinn
14








**REYKJAVÍK** Verðbólga er næstmest hér á landi innan aðildarríkja OECD. Mest er hún í Tyrklandi. MYND/HARI

## Verðbólga eykst

Verðbólga í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, mældist 3,1 prósent í maí. Þetta er 0,4 prósentustiga hækkun frá apríl.

Verðbólga hér mældist 7,5 prósent í maí, samkvæmt OECD. Þetta er næstmesta verðbólgan innan aðildarríkja OECD en hún mældist mest í Tyrklandi í maí eða 11,3 prósent.

Verð á eldsneyti og raforku hækkaði um 16,5 prósent innan OECD á síðstliðnum tólf mánuðum en um 10,2 prósent hér. Þá hækkaði verð á matvöru um 1,2 prósent innan aðildarríkja OECD en um 10,3 prósent hér. Matvöruverð lækkaði einungis í Tékklandi, Sviss og Kóreu. - jab

## Feta nýja slóð í netútgáfunni

Morten Lund, frumkvöðullinn sem græddi yfir milljarð á því að selja Skype til eBay í fyrra, er genginn til liðs við 365 miðla í Danmörku í þróun fréttaþjónustu á netinu. Danska viðskiptablaðið Børsen greindi frá samstarfinu í stórri grein í blaðinu í gær.

Fyrirtæki Lunds og samstarfsmanns hans, Sørens Kenners, á að þróa fréttaþjónustuna sem miðla á jafnt á netinu og í farsíma og önnur tæki. „Það er alveg nýtt fyrir mér að eiga við fréttablað, en við höfum trú á að þarna séu sóknarfæri og erum upp með okkur að fá tækifæri til að leika okkur að þessu verkefni með Svenn Dam, forstjóra 365 í Danmörku,“ hefur Børsen eftir Lund. - óká

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Mynda einingu** | Baugur Group, FL Group og fjárfestirinn Kevin Stanford hafa stofnað með sér fjárfestingarfélagið Unity og verður einkum horft til stöðutöku í breskum félögum.

**Færri kaupa** | Greiningardeild KB banka segir greinileg merki um samdrátt í sölu fasteigna. Segir hún ljóst að vaxtahækkun Íbúðalánasjóðs muni draga úr eftirspurn á fasteignamarkaði.

**Hætta við** | Hætt hefur verið við skráningu íslensk-bandaríska líftæknifyrirtækisins Cyntellect á nýja iSEC-markaðinn. Ekki tókst að safna nægu fjármagni fyrir hlutafjárútboð félagsins.



**Furðu lostinn** | Hannes Smárason, forstjóri FL Group, undraðist vinnubrögð stjórnar LV sem auglýsti opinberlega fimm prósenta hlut sinn í félaginu til sölu.

**FL stærst** | FL Group er, eftir kaup á hlut Magnúsar Kristinssonar, Kristins Björnssonar og tengdra aðila, stærsti einstaki hluthafinn í Straumi-Burðarási.

**Selja hlut** | Avion Group mun að öllum líkindum á næstunni selja meirihluta hlutafjár í dótturfélaginu Avion Aircraft Trading sem stofnað var fyrir tæpu ári utan um kaup og sölu flugvéla.

**Verjast yfirtöku** | Stjórn HB Granda hefur óskað eftir því að bréf félagsins verði afskráð af aðallista Kauphallarinnar og skráð á nýja iSEC-markaðinn í staðinn til að verjast yfirtöku.

**Kaupa fasteignir** | Keops er að ganga frá kaupum á eignasafni sem samanstendur af 172 fasteignum í Svíþjóð, alls 900 þúsund fermetrum af skrifstofu- og atvinnuhúsnæði.

# Niðursveiflan byrjuð að mati KB banka

**Búist er við að fasteignir lækki að raunvirði um sjö til átta prósent næsta árið. Margt bendir til að niðursveifla í átt til jafnvægis í hagkerfinu sé hafin.**

**Hafliði Helgason**
skrifar

Efnahagslífið er á leið í niðursveiflu í kjölfar veikingar krónunnar að mati greiningardeildar KB banka sem birti nýja hagspá sína í gær.

Áhrif gengislækkunar hafa farið hraðar út í verðlagið en búist var við. Greiningardeildin telur að vatnaskil hafi orðið milli fyrsta og annars ársfjórðungs með viðsnúningi eignamarkaða. Óvissa ríkir hins vegar um hraða þeirra aðlögunar sem nú hefur hafist uns jafnvægi næst á ný.

Í spánni er gert ráð fyrir að fasteignaverð muni lækka um tvö til þrjú prósent á næstu fjórum ársfjórðunum og er það veruleg breyting frá fyrri spá. Sú breyting er í ljósi þess að framboð á fasteignamarkaði hefur aukist verulega. Greiningardeildin gerir því ráð fyrir á að næstu fjórum ársfjóðrunum lækki fasteignir að raunvirði á bilinu sex til sjö prósent. Spáin gerir ráð fyrir að offramboð myndist á fasteignamarkaði. .

Árið 2001 gekk hagkerfið í gegnum svipaða aðlögun og snöggt verðfall krónunnar varð til þess að almenningur kippti að sér höndunum og verðbólga hjaðnaði fremur hratt.

Greiningardeildin telur spurninguna nú snúast um hvort jafn giftusamlega takist að lenda hagkerfinu nú og raunin varð árin 2001 til 2002. Ásgeir Jónsson, hagfræðingur greiningardeildarinnar telur að aðhaldsstig Seðlabankans sé í sjálfu sér nóg til að halda aftur af hagkerfinu. Hins vegar glími bankinn við of háar verðbólguvæntingar. Hann gerir því ráð fyrir að bankinn muni hækka vexti um 100 punkta í tveimur áföngum nú á fimmtudag og í haust, en síðan muni lækkunarferli vaxta hefjast í upphafi næsta árs. Hættan sem bankinn standi frammi fyrir sé að ef verðbólga haldist há um tíma hafi það áhrif á væntingar og viðbrögð sem leiði síðan til áframhaldandi verðbólgu. Það sé skýringin á því hversu fast Seðlabankinn stigi á bremsurnar.

Greiningardeildin gerir ráð fyrir að verðbólgan nái hámarki nú á þessum ársfjórðungi og haldist há fram á annan ársfjórðung 2007 en þá muni draga hratt úr henni. Verðbólgan er næm fyrir gengi krónunnar og í spánni er gert ráð fyrir að krónan muni veikjast fram eftir næsta ári og byrja styrkingu á ný í upphafi ársins 2008. Gert er ráð fyrir að meðalgengi vísitölu krónunnar verði 143 á næsta ári en vísitalan er nú í 132. Krónan mun því samkvæmt því veikjast frekar.

# Hafna ríkisreknum lyfjainnflutningi

Viðskiptaráð hafnar í öllu hugmyndum heilbrigðisráðherra, sem lýsti því nýlega yfir að hún vildi kanna möguleika á því að endurvekja Lyfjaverslun ríkisins með það fyrir augum að lækka lyfjaverð hér á landi.

Viðskiptaráð segir hugmyndina um lyfjainnflutning ríkisins og rekstur lyfjaverslunar í beinni samkeppni við einkaaðila afturhvarf til fortíðar og í ósamræmi við stefna stjórnvalda.

Viðskiptaráð segir heppilegra að líta til reynslu Dana og nýta EES-samninginn til þess að fá lyfjafyrirtæki til að sækja um markaðsleyfi á skráningu samheitalyfja eða draga úr regluverki á lyfjamarkaði.



**LYF Í HILLU APÓTEKS** Viðskiptaráð hafnar hugmyndum heilbrigðisráðherra um möguleikann á því að endurvekja Lyfjaverslun ríkisins og segir ráðið það afturhvarf til fortíðar. MYND/PJETUR

Þá segir Viðskiptaráð að ríkið sé ekki betur til þess fallið en einkaaðilar til að ná verði lyfja niður.

Viðskiptaráð segir ennfremur að innflutningur á lyfjum sé ósambærilegur við annan innflutning vegna smæðar markaðarins hér og skýri það að mörgu leyti hátt lyfjaverð á Íslandi. Auk þessa segir Viðskiptaráð innflutning og framleiðslu lyfja kostnaðarsaman lið vegna sérhæfðs og vel menntaðs starfsfólks auk þess sem ýmis gjöld vegna skráningar lyfja hafi hækkað verulega á síðustu árum. - jab


120 1886 2006




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. júní – 1. júlí 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

GOTT FÓLK MCCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -1% | 27% |
| Alfesca | 2% | -2% |
| Atlantic Petroleum | -1% | 27% |
| Atorka Group | -1% | -4% |
| Avion Group | -6% | -29% |
| Bakkavör | 1% | -12% |
| Dagsbrún | -2% | -6% |
| FL Group | -5% | -13% |
| Glitnir | -1% | 1% |
| KB banki | -1% | -1% |
| Landsbankinn | -6% | -21% |
| Marel | 0% | 9% |
| Mosaic Fashions | -2% | -15% |
| Straumur | -10% | 6% |
| Össur | 1% | -4% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

## Spáir hækkun Úrvalsvísitölu

Greining Glitnis spáir því að Úrvalsvísitalan hækki um átta prósent á árinu 2006 og því sé svigrúm til tíu prósenta hækkunar vísitölunnar á seinni hluta ársins. Áður hafði bankinn reiknað með fimmtungshækkun á árinu. Í afkomuspánni kemur fram að kauptækifæri séu til staðar á innlendum hlutabréfamarkaði fyrir fjárfesta sem líta til lengri tíma, en núverandi aðstæður séu erfiðar jafnt innanlands sem utan. Hátt vaxtastig og svartsýni meðal stórra fjárfesta dragi úr spurn eftir hlutabréfum. **- eþa**

## Glitnir tekur við Fishcer

Formlega hefur verið gengið frá kaupum Glitnis banka á norræna verðbréfafyrirtækinu Fischer Partners og tók Glitnir við rekstrinum í gær. Hafa fjármálayfirvöld á Íslandi og í Svíþjóð blessað yfirtökuna.

Karl Otto Eidem tekur við starfi framkvæmdastjóra Fischer Partners en hann gegndi áður starfi forstöðumanns greiningardeildar Glitnis í Noregi.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, segir að kaupin muni styrkja stöðu bankans í Svíþjóð og Noregi og gefa honum færi á frekari vexti á Norðurlöndum.



**BJARNI ÁRMANNSSON** Glitnir hefur tekið yfir Fischer Partners.

Kaupverð nam að minnsta kosti 3,7 milljörðum króna. **- eþa**

## Eignir Festu 43 milljarðar

Festa lífeyrissjóður varð til í síðustu viku þegar Lífeyrissjóður Suðurlands og Lífeyrissjóður Vesturlands gengu í eina sæng. Miðast sameiningin við ársbyrjun 2006. Heildareignir Festu eru um 43 milljarðar króna sem gerir sjóðinn að einum af tíu stærstu sjóðum landsins. Greiðandi sjóðsfélagar eru um níu þúsund manns.

Gylfi Jónasson verður framkvæmdastjóri nýja sjóðsins, sem verður með höfuðstöðvar í Reykjanesbæ en starfsstöðvar á Akranesi og Selfossi. **- eþa**



**MISHKIN OG TRYGGVI ÞÓR** Dr. Frederic S. Mishkin ásamt Tryggva Þór Herbertssyni, forstöðumanni Hagfræðistofnunar, við kynningu á efni skýrslu um efnahagsstöðugleika á Íslandi.

## Mishkin skipaður seðlabankastjóri

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, skipaði um helgina hagfræðinginn dr. Frederic S. Mishkin sem einn af bankastjórum Seðlabanka Bandaríkjanna. Seðlabankastjórar Bandaríkjanna eru sjö talsins og skipaðir til 14 ára.

Mishkin skrifaði skýrslu um efnahagsstöðugleika á Íslandi ásamt Tryggva Þór Herbertssyni, forstöðumanni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem Viðskiptaráð gaf út í maí.

Helsta niðurstaða skýrslunnar er sú að engin ástæða sé að óttast að fjármálakreppa sé yfirvofandi hér á landi oog hafa þeir Mishkin og Tryggvi kynnt efni hennar víða um heim.

Mishkin hefur verið ötull talsmaður þess að seðlabankar setji sér skýr markmið til að halda verðbólgu niðri. Hann hefur ritað fjölda bóka um efnahagsmál, meðal þeirra eina um verðbólguþróun ásamt Ben Bernanke, seðlabankastjóra Seðlabanka Bandaríkjanna.

Að sögn bandaríska dagblaðsins Washington Post hefur Mishkin verið góðvinur R. Glenn Hubbards, fyrrverandi fjármálaráðgjafa forseta Bandaríkjanna um árabil. Sagðist Hubbard í samtali við blaðið ekki telja líkur á stefnubreytingu í efnahagsmálum með ráðningu Mishkins í seðlabankann. **- jab**

## Citibank kaupir íslensk hlutabréf

Risabankinn Citibank, sem er hluti af Citigroup-samstæðunni, er kominn í hóp tuttugu stærstu hluthafa í Bakkavör og Glitni banka.

Hlutur Citibank í Bakkavör var 1,4 prósent þann 29. júní eða um 1.350 milljónir króna að markaðsvirði. Bankinn átti álíka prósentuhlut í Glitni sem var töluvert verðmætari eða 3,5 milljarðar að markaðsvirði.

Líklegt þykir að Citibank kaupi og geymi bréfin fyrir þriðja aðila eins og algengt er erlendis og færist í vöxt hérlendis. **- eþa**




**CITIBANK FJÁRFESTIR Á ÍSLANDI** Meðal þeirra stærstu í Bakkavör og Glitni.

# Togstreita milli lífeyrissjóðs og stórra fjárfesta

### Lífeyrissjóður verzlunarmanna vill láta kanna hvort samráð hafi myndast í Straumi meðal stærstu eigenda. Óánægja er vegna söluaðferðar LV og vilji til að skoða stofnun lífeyrissjóðs. Fjárfestingarstefna LV er gagnrýnd.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Lífeyrissjóður verzlunarmanna vill að FME kanni hvort samráð hafi myndast meðal stærstu hluthafa í Straumi. Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV), staðfestir að sjóðurinn hafi sent inn erindi til Fjármálaeftirlitsins. „Ég ritaði bréf vegna þess að það kom fréttatilkynning frá Björgólfi Thor um að hann hefði verið í samtölum og samráði við Hannes Smárason um framtíð Straums-Burðaráss.“

Þarna vísar Víglundur til yfirlýsingar sem Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss, sendi frá sér í síðustu viku en þar sagði meðal annars: „ ... Ég ræddi við stjórnarfomann FL Group í gær [miðvikudag] um uppbyggingu félagsins og komu þar uppskipti ekki til tals. Hugmyndin hefur heldur ekki verið rædd í stjórn félagsins. Stjórn Straums-Burðaráss lítur á kaup FL Group á stórum hlut í félaginu sem stuðning við stefnu hennar og framtíðarsýn félagsins um uppbyggingu á öflugum alþjóðlegum fjárfestingabanka.“

Víða í viðskiptaheiminum er óánægja með söluaðferð Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) á fimm prósenta hlut sínum í Straumi-Burðarási en ekkert tilboð barst í hlutinn á endanum. Var talið að sjóðurinn vildi fá 19,1 krónu á hlut fyrir bréfin en gengi Straums hefur lækkað hratt síðustu dagana og stóð gengið í 16,9 um miðjan dag í gær.

Meðal þess sem menn hafa rætt, og hafa til athugunar, er stofnun nýs lífeyrissjóðs eða samstarf við annan lífeyrissjóð en LV. Ennfremur eru fjárfestar í svonefndum Baugsfélögum ósáttir við lítinn hlut LV í þeim fyrirtækjum. Til dæmis er sjóðurinn, sem er næststærsti lífeyrissjóður landsins, meðal tíu stærstu hluthafa í KB banka, Landsbankanum og Straumi en ekki að finna á lista yfir tuttugu stærstu eigendur í Glitni banka. LV er meðal tuttugu stærstu í FL Group en sést hvorki á lista Dagsbrúnar né Mosaic Fashions.

Víglundur kannast ekki við þessa gagnrýni. Hann bendir á að LV hafi lengi átt stóran hlut í Íslandsbanka, forvera Glitnis, þar til að aðrir hluthafar gerðu lífeyrissjóðnum gott tilboð í allan hlut sjóðsins fyrir tveimur árum. Bréfin voru seld á einu bretti. Hann nefnir að félög eins og FL Group og Dagsbrún eru ný í þeirri mynd sem þau eru í dag og brátt komi í ljós hvernig þau standi sig yfir heilt rekstrarár. „Mér finnst heldur skrýtið að ef menn stofna almenningshlutafélög á Íslandi þá geti þeir gert tilkall til þess að lífeyrissjóðir eigi að fjárfesta í þeim.“

## Styrkingu krónunnar spáð á næsta ári

Sérfræðingar Merrill Lynch & Co segja íslensku krónuna við lok veikingarferils síns og að hún komi til með að styrkjast á næsta ári um leið og dregur úr viðskiptahalla landsins.

Frá þessu greinir í frétt Bloomberg viðskiptafréttaveitunnar þar sem einnig er rætt við sérfræðinga greiningardeildar Danske Bank.



Merrill Lynch segir veikari krónu efla útflutning héðan um leið og dragi úr innflutningi og þar með dragi hratt úr viðskiptahallanum. „Við erum bjartsýnni á krónuna þegar horft er aðeins fram í tímann,“ er haft eftir Emmu Lawson, sérfræðingi í gengismálum hjá Merrill Lynch í Lundúnum. „Ísland bregst hratt við breytingum í efnahagslífinu og með innbyggðri tilhneigingu til að snúa við viðskiptahallanum.“

Greiningardeildin í Lundúnum spáir því að í árslok hafi gengi krónunnar styrkst um 2,5 prósent (frá 97 krónum gagnvart evru) og um tæp 13 prósent fyrir lok næsta árs og verði þá 85 krónur gagnvart evrunni.

Þá hefur Bloomberg eftir sérfræðingum Danske Bank að þeir búist enn við frekari veikingu krónunnar eftir því sem hagkerfið bregst við hækkandi stýrivöxtum og veikingu krónunnar. Um leið rifjar Bloomberg upp að Danske Bank hafi ýtt undir áhyggjur fjárfesta af íslenska hagkerfinu með skýrslu í mars þar sem hér var spáð kreppu. **- óká**

15,2%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun í júní 2006 á ársgrundvelli

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

GEIMSTOFAN

# VIÐ VINNUM UM VERÖLD ALLA

## – og þróum og seljum vinnslulausnir fyrir matvælaiðnað á heimsvísu

Marel

Marel afhendir framleiðslu sína til yfir 60 landa og rekur 19 dótturfyrirtæki í 5 heimsálfum. Grunnurinn að velgengni fyrirtækisins liggur í nánu samstarfi við helstu matvælaframleiðslufyrirtæki og samhentum hópi 1300 starfsmanna.



Partners in processing | CARNITECH | aew delford systems | DANTECH | Marel

**Marel hf.** | Austurhrauni 9 | 210 Garðabæ | Sími: 563 8000 | info@marel.com

# Síldin kom í íslenskt skip


**SÍLD** Íslenskt skip fékk fyrsta síldarafla sumarsins á Svalbarðasvæðinu.

Íslenskt skip fékk fyrsta síldarafla sumarsins, 120 tonn, á Svalbarðasvæðinu á dögunum. Fiskifréttir hefur eftir norska blaðinu Fiskeribladet að skipið, sem ekki er nafngreint, hafi komið úr Síldarsmugunni og fengið síldarafla strax.

Norðmenn hafa minnkað síldveiðikvóta erlendra skipa á Svalbarðasvæðinu um 5 þúsund tonn frá því í fyrra en þá nam hann 90 þúsund tonnum. Þrátt fyrir mótmæli íslenskra stjórnvalda gegn yfirráðum Norðmanna á Svalbarðasvæðinu þá hlýða íslensku skipin úthlutuninni og yfirgefa Svalbarðasvæðið þegar heildarkvóta er náð, að sögn blaðsins. - jab

# Kiknaði undan álagi hjá Kaupþingi

Erik Högh, sem var látinn taka pokann sinn hjá Kaupþingi í Noregi, eftir að arabinn Mayank Kumank blekkti starfsmenn bankans til að kaupa hlutabréf af sér sem ekki voru tiltæk, telur sig hafa verið gerðan að blórabögglí í þessu máli.

Í samtali við Dagens Næringsliv gefur hann þá skýringu að gríðarlegt vinnuálag hafi valdið því að bakgrunnur Kumanks hafi ekki verið kannaður betur. Vegna þrýstings um mikil afköst hafi þessi „viðskipti“ sloppið í gegn og varð bankinn fyrir miklu tjóni. Að sögn Höghs vinna starfsmenn tólf til fjórtán tíma á dag. Hefur þessi fyrrum uppgjörsstjóri stefnt bankanum fyrir ólögmæta uppsögn.

Jan Petter Sissener, forstjóri Kaupþings í Noregi, lýsir yfir vonbrigðum sínum með að Högh skuli afsaka sig með þessum hætti og gefur lítið fyrir þá skýringu að vinnuálag hafi orðið til þess að mistök hafi verið gerð. Högh, sem yfirmaður, verði að fara eftir verklagsreglum og hafi því verið látinn axla ábyrgð. - eþa



**LANGUR VINNUDAGUR Í NOREGI** Erik Högh kennir vinnuálagi um þegar bankinn keypti hlutabréf af araba sem voru ekki tiltæk.

# Vestfirskir sparisjóðir hagnast vel

Vestfirsku sparisjóðirnir þrír skiluðu metafkomu á síðasta ári en alls nam hagnaður sjóðanna 422 milljónum króna.

Hagnaður Sparisjóðsins í Bolungarvík nam rúmum 110 milljónum króna í fyrra og jókst hagnaður sjóðsins um 93 prósent milli ára. Hreinar rekstrartekjur voru alls 370 milljónir króna en önnur rekstrargjöld voru 171 milljón króna.

Eignir sparisjóðsins voru 5,7 milljarðar króna í árslok og jukust um tíu prósent. Eigið fé var komið í 936 milljónir króna, þar af var stofnfé, í eigu 215 aðila, tæp 161 milljón króna.

Þá skilaði Sparisjóður Strandamanna 99 milljónum króna í hagnað í samkvæmt frétt frá Bæjarins besta og var eigið fé í árslok 414 milljónir króna sem er 31,6 prósenta aukning milli ára. Í fréttinni kemur fram að á aðalfundi sparisjóðsins hafi verið samþykktar tillögur um aukningu og sölu stofnfjár.

Þá skilaði stærsti sparisjóðurinn á Vestfjörðum, Sparisjóður Vestfirðinga, 213 milljóna króna hagnaði í fyrra eins og áður hefur komið fram. - eþa


**FRÁ HÓLMAVÍK** Sparisjóður Strandamanna skilaði 99 milljóna króna hagnaði í fyrra. MARKAÐURINN/JÓN JÓNSSON

| | Hagnaður 2005 | Eigið fé í lok árs |
|---|---|---|
| Sparisjóður Vestfirðinga | 213 | 1.000 |
| Sparisjóður Bolungarvíkur | 111 | 936 |
| Sparisjóður Strandamanna | 99 | 414 |
| **Alls** | **423** | **2.350** |

*(Upphæðir í milljónum króna)*

# Unity langstærst í Moss Bros

## Félagið kemur að þremur breskum smásölukeðjum sem öll hafa þótt líkleg til yfirtöku. Baugur Group tekur á sig mikið tap í vandræðabarninu French Connection.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Eftir stofnun Unity, sem er í eigu Baugs, FL Group og Kevins Stanford, verður félagið stærsti hluthafinn í bresku tískukeðjunni Moss Bros með 28,5 prósenta hlut. Það var Kevin Stanford sem lagði þennan hlut inn sem hlutafé í Unity. Stanford eignaðist hlutinn snemma á árinu 2005 en hljótt hefur farið um fyrirætlanir hans.

Moss, sem er metið á ellefu milljarða króna, rekur 150 verslanir um Bretlandseyjar og selur herraföt í dýrari kantinum og leigir út formlegan klæðnað. Auk þess að selja undir eigin nafni er keðjan sérleyfishafi fyrir Canali og Hugo Boss í Bretlandi.



**MARKS & SPENCER UPPHAFIÐ AÐ UNITY** Sameiginleg fjárfesting Baugs, FL Group og Kevins Stanford í M&S skilaði miklum ávinningi. MARKAÐURINN/AFP

Að þessu leyti fer Baugur inn á ný mið en hingað til hafa sjónir manna beinst fyrst og fremst að kvenfatatískunni.

Mikill yfirtökuorðrómur var á sveimi í fyrra í kringum Moss Bros en sama umræða hefur verið á yfirborðinu í kringum French Connection (FCCN) og Woolworths sem einnig eru í safni Unity. Þótt Unity hafi ekki á stefnuskránni að taka félög er ekki hægt að útiloka það að eigendur félagsins stefni að slíku undir öðrum formerkjum.

Unity varð til vegna sameiginlegrar fjárfestingar framangreindra aðila í Marks & Spencer. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins höfðu þeir tryggt sér fjármögnun frá Landsbankanum og HBOS upp á einn milljarð punda til að fjármagna kaup átíu prósenta hlut í M&S. Þegar gengi M&S tók að hækka verulega var brugðið á það ráð að selja fimm prósenta hlut með góðum hagnaði. Við stofnun Unity er miðað við að fjárfestingargetan verði sú sama og þegar viðskiptafélagarnir unnu að kaupum í M&S og ætla fjárfestar að nýta sér sameiginlega þekkingu til frekari landvinninga.

Talið er að bæði Baugur og FL Group taki á sig tap við það að færa eignarhluti sína í FCCN sem hefur lækkað ört í virði að undanförnu og að alls um 30 prósent frá áramótum. Samkvæmt heimildum Markaðarins er ekki óvarlegt að ætla að gengistap Baugs nemi tæpum einum milljarði króna við það að færa bréf úr eigin bókum yfir í Unity. Baugur átti um fjórtán prósenta hlut í FCCN sem var keyptur á bilinu 230-280 pens. Fimm prósenta hlutur FL Group var sennilega keyptur á um 200 pens en hluturinn í FCCN stóð í 187 pensum við lokun markaða á mánudaginn.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

12,7%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/3/06-30/06/06

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

# TWG Zimsen opnar skrifstofu

TVG Zimsen hefur opnað skrifstofu í Bretlandi, en hún er önnur skrifstofa fyrirtækisins utan Íslands. Að auki rekur félagið skrifstofu í Rotterdam í Hollandi.

Björn Einarsson, framkvæmdastjóri TVG Zimsen, segir opnunina í Bretlandi mikilvægan þátt í sókn félagsins og við að tryggja hátt þjónustustig til íslenskra fyrirtækja frá Bretlandsmarkaði.

TVG Zimsen var stofnað 1894 og er elsta flutningsmiðlun landsins. Fyrirtækið býður upp á alhliða flutningsmiðlun og heildarlausnir fyrir íslensk fyrirtæki í sjófrakt, flugfrakt og skjalagerð. - óká

AMERICAN STYLE

STYLE No 5

Sjáumst!

NÝR STAÐUR 101 REYKJAVÍK
TRYGGVAGÖTU 26

★ BÍLDSHÖFÐI ★ TRYGGVAGATA ★ SKIPHOLT ★ HAFNARFJÖRÐUR ★ KÓPAVOGUR

ITEM /00328

# Kína hjálpar Simbabve

Kína hefur skrifað undir 1,3 milljarða punda samning við Simbabve um að hjálpa til við að bæta úr bráðum orkuskorti í landinu, en títt rafmagnsleysi stendur meðal annars iðnaði verulega fyrir þrifum. Í samningnum felst að kínversk fyrirtæki munu byggja nýjar kolanámur og þrjár jarðhitaaflstöðvar við landamæri Sambíu. Í staðinn mun Simbabve sjá Kína fyrir krómi.

Forseti Simbabve, Robert Mugabe, sem er afar óvinsæll meðal leiðtoga bandarískra og evrópskra yfirvalda, hefur undanfarið lagt sig eftir því að styrkja tengslin við Kína. Af öðru samstarfi landanna á milli má nefna að Kínverjar hafa verið fengnir til að endurbyggja járnbrautakerfi landsins og sjá landinu fyrir nýjum lestum og strætisvögnum. - hhs



**FORSETI SIMBABVE** Robert Mugabe, forseti Simbabve, hefur lagt sig eftir því að styrkja tengslin við Kína.

# Lán fátækustu ríkja heims felld niður

## Alþjóðabankinn vonast til að niðurfelld lán upp á 2.800 milljarða króna hjálpi til við endurreisn fátækustu ríkja heimsins.

Alþjóðabankinn felldi á laugardag niður rúmlega 2.800 milljarða króna lán 19 fátækustu landa heims við bankann. Ákvörðunin er í samræmi við niðurstöðu sögulegs fundar leiðtoga átta stærstu iðnríkja heims í Gleneagles í Skotlandi í fyrra.

Vonast er til að niðurfelling lánanna hjálpi til við endurreisn efnahag landanna 19, sem flest eru í Afríku. Alþjóðabankinn setur löndunum ströng skilyrði fyrir niðurfellingu lánanna og mun sérstök nefnd á vegum bankans hafa umsjón með verkinu.

Paul Wolfowitz, forstjóri Alþjóðabankans, sagðist í síðustu viku vona að fjármunirnir sem sparast með niðurfellingu lánanna komi þeim milljónum íbúa fátækustu landa heims til góða. Nefndi hann sérstaklega að peningana mætti nota til að bæta mennta- og heilbrigðismál í löndunum. - jab



**PAUL WOLFOWITZ** Forstjóri Alþjóðabankans vonar að niðurfelling lána bankans við 19 fátækustu lönd heims verði notuð til mennta- og heilbrigðismála. Mynd/AFP

# Bjó til viðskiptavini

Einn af útibússtjórum Royal Bank of Scotland í Edinborg var í síðustu viku dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir ólögmæta tilfærslu á fjármunum að jafnvirði tæpra þriggja milljarða íslenskra króna úr sjóðum bankans.

Stjórn bankans hrósaði manninum í hástert fyrir þremur árum fyrir mikla fjölgun viðskiptavina bankans.

Nú hefur hins vegar komið á daginn að maðurinn, sem er 45 ára gamall, bjó til bankareikninga undir fölskum nöfnum og dreifði hann fjármunum bankans á þá. Fyrir fjölgun þessara ímynduðu viðskiptavina fékk hann jafnvirði rúmra sjö milljóna króna í árangurstengdar greiðslur.

Þá var maðurinn enn fremur dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að stela rúmum fjórum milljónum króna frá bankanum.

Verjandi mannsins sagði skjólstæðing sinn, sem býr með eiginkonu sinni og tveimur börnum í Edinborg, hafa aldrei haft í hyggju að hagnast sjálfur á gjörðum sínum. - jab



**ROYAL BANK OF SCOTLAND** Einn af útibússtjórum bankans bjó til reikninga í nafni skáldaðra viðskiptavina til að láta útibúið líta betur út. MYND/AFP

# Bauð hæst í Buffett

Kvöldverðarboð með bandaríska auðkýfingnum Warren Buffett fór á 620.100 Bandaríkjadali, jafnvirði 47,6 milljóna íslenskra króna, á uppboðsvefnum e-bay í lok síðustu viku. Þetta er hæsta boð sem einstaklingur hefur greitt fyrir að snæða með „vitringnum frá Omaha", sem á dögunum ákvað að láta 85 prósent af auðæfum sínum renna til góðgerðarmála.

Sá sem átti hæsta boði í kvöldverðinn heitir Yongpin Duan og er 45 ára kaupsýslumaður frá Kína sem fluttist með fjölskyldu sína til Kaliforníu í Bandaríkjunum fyrir fimm árum. Duan rak raftækjafyrirtæki í Kína en ákvað að flytja búferlum eftir að hann las eina af bókum Buffetts.

Fimm manns buðu í kvöldmatinn og rennur fjárhæðin sem Duan greiðir fyrir stund með auðkýfingnum til góðgerðasamtaka á vegum kirkjunnar.

Duan fær að bjóða sjö vinum sínum til kvöldverðarins sem verður á steikhúsi í New York í Bandaríkjunum og munu þeir fá tækifæri til að ræða einslega við Buffett um viðskipti og sýn hans á viðskiptalífið. Það eina sem bannað er að ræða um eru viðskipti Berkshire Hathaways, fjárfestingafyrirtækis Buffetts. - jab



**WARREN BUFFETT OG BILL GATES** Kínverskur kaupsýslumaður átti hæsta boð í kvöldverð með Buffett. Kaupsýslumaðurinn má bjóða sjö vinum sínum á steikhús í New York þar sem þeir munu snæða með Buffett. MYND/AFP

# Vilja hlut í GM

## Samstarf GM með Nissan og Renault er sagt geta forðað bandaríska bílaframleiðandanum frá yfirvofandi gjaldþroti.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Franski bílaframleiðandinn Renault og japanski framleiðandinn Nissan hafa lýst yfir áhuga á að kaupa lítinn en ráðandi hlut í bandaríska bílaframleiðandanum General Motors (GM).

Upplýsingar þessa efnis koma fram í bréfi frá Tracinda Corporation, fjárfestingafélagi bandaríska auðkýfingsins Kirk Kerkorian, til Rick Wagoner, forstjóra GM, sem barst honum í hendur á föstudag í síðustu viku.

Í bréfinu kemur fram að mikið hagræði yrði af samstarfi fyrirtækjanna þriggja og kæmi það öllum bílaframleiðendunum til góða.

Kerkorian á 10 prósent í GM, en fyrirtækið hefur átt í gríðarlegum fjárhagserfiðleikum. Fyrirtækið hefur sagt upp 35.000 starfsmönnum auk þess sem nokkrum verksmiðjum fyrirtækisins verður lokað á næstu tveimur árum í hagræðingarskyni.

GM tapaði 10,6 milljörðum dala, jafnvirði 800 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári. Meginhluti tapsins er kominn vegna minnkandi eftirspurnar eftir sportjeppum á borð við Ford Explorer.



**RICK WAGONER** Forstjóri General Motors á blaðamannafundi.

Fjármálasérfræðingar segja fyrirtækið svo fjárhagslega illa statt að það rambi á barmi gjaldþrots. Samstarf fyrirtækjanna þriggja er hins vegar talið geta skorið GM niður úr snörunni.

Gengi hlutabréfa í GM hækkaði um 11,7 prósent í Kauphöllinni í New York í Bandaríkjunum í vikulokin vegna frétta um hugsanlegt samstarf bílaframleiðendanna þriggja.

# Stuðningur við tilboð Mittal Steel

Stjórnvöld í Lúxemborg, sem eiga 5,6 prósent í evrópska stálrisanum Arcelor, og eignarhaldsfélagið Carla Tassara International, sem á 7,8 prósenta hlut í stálfyrirtækinu, eru fylgjandi endurskoðuðu yfirtökutilboði Mittal Steel í fyrirtækið. Mittal Steel gerði fyrst yfirtökutilboð í Arcelor í janúarlok á þessu ári en andstaða hluthafa í Arcelor varð til þess að gengið var til samninga við rússneska stálrisann Severstal um sameiningu fyrirtækjanna.

Viðsnúningur hluthafanna setur sameiningartilraunir Arcelor og Severstal í uppnám og getur svo farið að Severstal fari með málið fyrir dómstóla.

Fyrsta yfirtökutilboð Mittal Steel, sem er að stærstum hluta í eigu fjölskyldu hins indverskættaða Lakshmi Mittal, eins ríkasta manns sem búsettur er í Bretlandi, í janúarlok hljóðaði upp á 23,3 milljarða evrur eða 2.230 milljarða íslenskra króna. Endurskoðað yfirtökutilboð hljóðar upp á 27 milljarða evra, jafnvirði tæpra 2.600 milljarða íslenskra króna. Ef af kaupum verður munu fyrirtækin renna saman og heita eftirleiðis Arcelor Mittal, sem verður eitt stærsta stálfyrirtæki í heimi.



**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDI** Stálkóngurinn Lakshmi Mittal og Joseph Kinsch, stjórnarformaður Arcelor, á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Arcelor í Lúxemborg á mánudag. MYND/AFP

Hluthafar Arcelor koma saman á morgun og kjósa um hvort taka eigi tilboði Mittal Steel eða halda samruna áfram við Severstal. - jab


HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI



www.rs.is

*Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!*

**Garmin nüvi 360**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu og stórum skjá, en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN Bluetooth VÉLASALAN radiomiðun

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

www.volkswagen.is




## Caddy

Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö.

**Verð 1.760.000 kr.**
**eða 27.808 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

## Transporter

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,8–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð 2.520.000 kr.**
**eða 39.780 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

## Transporter Pickup

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð 2.625.000 kr.**
**eða 41.434 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4068

**Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar**

Aus Liebe zum Automobil

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Hvorugur vill gefa sig í slagnum um PLIVA

**Actavis og Barr Pharmaceuticals hafa á víxl boðið í króatíska samheitalyfjaframleiðandann PLIVA. Verði af sameiningu annars hvors fyrirtækisins við PLIVA verður til þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi. *Óli Kristján Ármannsson* tók stöðuna á slagnum.**



**HÖFUÐSTÖÐVAR PLIVA Í ZAGREB Í KRÓATÍU** Ameríska lyfjafyrirtækið Barr Pharmaceuticals er kokhraust eftir að hafa hækkað boð sitt í króatíska lyfjafyrirtækið PLIVA til að bregðast við hækkuðu boði frá Actavis. Þar á bæ segja menn hins vegar æ minni líkur á að Barr hafi betur, enda hafi Actavis þegar tryggt sér yfirráð yfir fimmtungi hlutafjár í fyrirtækinu. MYND/PLIVA

Actavis stendur í fjandsamlegri yfirtöku á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA með það fyrir augum að mynda þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims. Um leið reynir fyrirtækið að koma í veg fyrir að amerískur keppinautur að nafni Barr Pharmaceuticals hneppi hnossið, en þar á bæ sjá menn fram á að geta gert það sama auk þess að styrkja stöðu sína á mörkuðum beggja vegna Atlantshafsins.

Barr hefur þegar lagt fram viljayfirlýsingu um að fyrirtækið hyggist leggja fram formlegt yfirtökutilboð til hluthafa PLIVA og í gær gaf fjármálaeftirlit Króatíu (HANFA) út tilskipun um að Actavis ætti að gera slíkt hið sama. Í samræmi við króatísk yfirtökulög má búast við að um 45 dagar líði þar til hluthafar PLIVA geta tekið ákvörðun um sölu á hlutum sínum og munu þeir hafa til þess 30 daga. Þannig má búast við að söluferlinu ljúki formlega í september.

Hlutirnir hafa gerst hratt síðustu daga. Á þriðjudag í síðustu viku sendu stjórnendur PLIVA frá sér yfirlýsingu um að þeir styddu kauptilboð bandaríska lyfjafyrirtækisins. Actavis lagði þá fram nýtt tilboð á fimmtudegi og upplýsti um leið að félagið hefði tryggt sér yfirráð yfir 20,4 prósentum hlutafjár í PLIVA. Daginn eftir bauð Barr enn betur og um leið sendi PLIVA frá sér yfirlýsingu og bað hluthafa að halda að sér höndum meðan lagst væri yfir tilboð fyrirtækjanna og skoðaðir fletir sem varðað gætu við samkeppnislög bæði í Bandaríkjunum og Króatíu.

Uppfært gagntilboð Barr hljóðar upp á 755 króatískar kúnur fyrir hvern hlut á móti 735 kúna tilboði Actavis, en þar er í báðum tilfellum talin með 12 kúna arðgreiðsla til hluthafa. Þess má þó geta að tilboðin verða ekki bindandi fyrir félögin fyrr en þau hafa lagt fram bindandi verð til hluthafa sem mun væntanlega gerast um miðjan ágúst. Síðasta boð Actavis jafngildir því að 170 milljarðar króna hafi verið boðnir í fyrirtækið, en líklegt má telja að í jafnhörðum slag og stefnir í milli Actavis og Barr verði endanlegur verðmiði heldur hærri, sama hvort fyrirtæki ber sigur úr býtum. Þá hefur Actavis haldið því fram að þrátt fyrir að vera með lægra tilboð að sinni, sé það engu að síður hagstæðara og mætti hrinda því hraðar í framkvæmd þar sem tilboðið er ekki háð samþykki samkeppnisyfirvalda, að sögn Actavis. Meðal þess sem bent hefur verið á er að samleið Actavis og PLIVA sé meiri og fyrirtækið því sterkara að lokinni sameiningu en það yrði eftir sameiningu við Barr. Að sama skapi myndi sameining kalla á samþættingu söluskrifstofa og verksmiðja sem hefði nokkrar breytingar í för með sér. Þar á meðal yrðu væntanlega breytingar á yfirstjórn PLIVA en óvíst er að núverandi forstjóra hugnist það vel, þar sem hann þyrfti þá væntanlega að fara að svipast um eftir nýju starfi.

Fjármálaeftirlit Króatíu, HANFA, tekur þann pól í hæðina að tilboð Actavis og yfirlýsing þess á heimasíðu fyrirtækisins síðasta fimmtudag hafi jafngilt því að Actavis væri að lýsa yfir vilja sínum til að gera yfirtökutilboð í félagið. Þess vegna gerir stofnunin Actavis að leggja fram yfirlýsingu um yfirtökufyrirætlanir sínar, líkt og Barr hefur þegar gert. Slík yfirlýsing bindur hins vegar hendur fyrirtækisins til að safna auknu hlutafé. Samkvæmt heimildum Markaðarins bjóst Actavis við því að svo gæti farið og hefur félagið ekki bætt við sig hlutafé síðan á fimmtudag. Fyrirtækið hyggst bregðast við tilskipun HANFA með því að senda frá sér viljayfirlýsingu um að gera formlegt yfirtökutilboð.



**VERKJASTILLANDI LYF** Meðal lyfjanna sem Actavis framleiðir eru algengar verkjatöflur.

Þá er erfitt að spá fyrir um niðurstöðu slags Actavis og Barr Pharmaceuticals, en með því að hafa þegar tryggt sér rúmlega fimmtungseignarhlut er Actavis óneitanlega í sterkri stöðu. Króatíska ríkið á nefnilega um 18 prósenta hlut sem það getur ekki selt í opnu söluferli samkvæmt króatískum lögum og gerir um leið ekki upp á milli fyrirtækjanna sem bjóða í PLIVA. Bæði hafa lýst því yfir að þau vilji byggja upp starfsemi PLIVA í Króatíu og hefur Actavis meðal annars gefið til kynna að það hyggist skrá félagið í kauphöllina þar í landi. Actavis þarf því ekki að tryggja sér nema um 30 prósent hlutafjár til viðbótar til að tryggja stöðu sína og ná yfirráðum í félaginu, meðan Barr þarf að næla sér í rúm 50 prósent.

Kaupin á PLIVA skipta Actavis miklu máli, þótt ekki skipti þau sköpum að sögn Halldórs Kristmannssonar, forstöðumanns innri og ytri samskipta hjá Actavis. „Við sjáum mikla samþjöppun á markaðnum og viljum vera í hópi þeirra stærstu. Í dag erum við í fimmta sæti, en kaupin kæmu okkur upp í þriðja sæti. Þar með myndi styrkur okkar aukast mjög og við vera betur fær um að keppa við indversk og kínversk fyrirtæki sem eru að koma inn á markaðinn.“ Þá segir Halldór jafnframt að samlegðaráhrifin yrðu þó nokkur með aukinni framlegð og yrði væntanlega til að hækka verð hlutabréfa fyrirtækisins.

Þegar Actavis lýsti opinberlega áhuga á samruna við PLIVA í mars síðastliðnum hafði fyrirtækið þegar verið í viðræðum við forstjóra PLIVA í um 12 mánaða skeið. Forstjórinn tók vel í allar umleitanir en fór þó aldrei með málið fyrir stjórn fyrirtækisins. Actavis setti þá fram bráðabirgðatilboð sem stjórnin tók ekki vel í og kvað engan áhuga á því að selja fyrirtækið. „Okkur tókst svo í gegnum tengsl okkar í Króatíu og síðar gegnum hluthafa PLIVA að knýja fyrirtækið í söluferli, í raun gegn vilja forstjórans.“ Halldór segir slaginn um PLIVA verða harðan áfram og gaman að sjá áhugann sem málinu sé sýndur. „Enda er ekki nóg með að þetta sé fyrsta fjandsamlega yfirtakan af þessu tagi heldur er hún gríðarlega flókin. Stór hópur fólks hefur unnið að málinu dag og nótt og í rauninni er verið að feta nýja slóð í Króatíu líka þannig að þar er málið ákveðin prófraun fyrir stjórnvöld og fjármálayfirlit,“ segir Halldór.

> **Síðasta boð Actavis jafngildir því að 170 milljarðar króna hafi verið boðnir í fyrirtækið, en líklegt má telja að í jafnhörðum slag og stefnir í milli Actavis og Barr verði endanlegur verðmiði heldur hærri, sama hvort fyrirtæki ber sigur úr býtum. Þá hefur Actavis haldið því fram að þrátt fyrir að vera með lægra tilboð að sinni, sé það engu að síður hagstæðara og mætti hrinda því hraðar í framkvæmd.**



**RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS, Á KYNNINGU ÁRSUPPGJÖRS** Verði af kaupum Actavis á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA vænkast samkeppnisstaða fyrirtækisins til muna, enda þá orðið það þriðja stærsta á sínum markaði.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

# Fjármálafyrirtæki gnæfa yfir IC

**Tvö ný félög komu inn í Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands þann 1. júlí þegar ný samsetning h
Bréf Avion Group og Atlantic Petroleum komu í staðinn fyrir Bréf Flögu Group hf. og Köguna
Sigurðardóttir leit yfir félögin fimmtán sem prýða Úrvalsvísitöluna.**

Úrvalsvísitalan (ICEX-15) er samsett af fimmtán félögum sem skráð eru á Aðallista Kauphallar Íslands. Tvisvar á ári er vísitalan endurskoðuð og hefjast ný tímabil þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Í grófum dráttum er aðferðin við val í Úrvalsvísitöluna svo að þau fimmtán félög af Aðallista Kauphallarinnar sem hafa hæst flotleiðrétt markaðsvirði og hafa hlotið flest veltustig á viðmiðunartímabilinu, en fimmtán veltumestu félögin fá veltustig á hverjum degi, eru valin í vísitöluna svo fremi sem þau standast skilyrði um að verðbil í lok dags sé ekki hærra en 1,5 prósent að meðaltali. Með floti er átt við þau bréf sem að öllu jöfnu eru aðgengileg fjárfestum til kaups og sölu. Þannig að eftir því sem meira magn hluta stendur almennum hluthöfum til boða eykst flot fyrirtækisins.

**Mismunandi vægi félaga innan Úrvalsvísitölunnar skiptir máli fyrir fjárfesta þar sem bæði sjóðir og fagfjárfestar haga oft eignasamsetningu í samræmi við samsetningu vísitölunnar.**

**FJÁRMÁLAFYRIRTÆKIN VEGA LANGÞYNGST**

Þær breytingar urðu á samsetningu vísitölunnar nú að bréf Avion Group og Atlantic Petroleum komu í stað bréfa Kögunar og Flögu Group. Bréf Kögunar voru afskráð á árinu vegna yfirtöku Skoðunar, dótturfélags Dagsbrúnar, á félaginu en Flaga er ekki lengur meðal fimmtán stærstu félaganna á mælikvarða flotleiðrétts markaðsvirðis. Jafnframt varð sú breyting að vægi KB banka í vísitölunni jókst um fjögur prósent í 38 prósent. Það kemur af meðal annars til af því að eignarhlutur Exista í bankanum er ekki lengur álitinn takmarka flot hlutabréfa bankans.

Fjármálafyrirtækin vega langþyngst í Úrvalsvísitölunni og er vægi þeirra, miðað við flotleiðrétt markaðsvirði, 72,10 prósent. Gengi vísitölunnar stjórnast því að mjög miklu leyti af verðbreytingum hjá fjármálafyrirtækjum. Þannig myndi vístitalan hækka aðeins lítillega við mjög mikla hækkun fyrirtækis með lítið vægi meðan hóflegar sveiflur á gengi bankanna getur haft verulega mikil áhrif á gengi vísitölunnar. Mismunandi vægi félaga innan Úrvalsvísitölunnar skiptir máli fyrir fjárfesta þar sem bæði sjóðir og fagfjárfestar haga oft eignasamsetningu í samræmi við samsetningu vísitölunnar.

**NÝ OG BREYTT AÐFERÐAFRÆÐI VIÐ NÆSTA VAL**

Kauphöllin lagði nýverið fram tillögu að breyttri aðferðafræði við val í vísitöluna sem mun taka gildi í desember næstkomandi.

**VÆGI ATVINNUGREINA M.V. FLOTLEIÐRÉTT MARKAÐSVIRÐI***

| Atvinnugrein | Fjöldi félaga | Vægi í vísitölu |
|---|---|---|
| Fjármálaþjónusta | 5 | 72,10% |
| Iðnaður | 3 | 12,03% |
| Heilbrigðisgeiri | 2 | 8,97% |
| Nauðsynjavörur | 2 | 4,10% |
| Fjarskipti | 1 | 1,29% |
| Neysluvörur | 1 | 1,31% |
| Orkuvinnsla | 1 | 0,19% |
| **Samtals** | **15** | **100%** |

** Með floti er átt við þau bréf sem að öllu jöfnu eru aðgengileg fjárfestum til kaups og sölu.*



**Actavis Group**

*Stjórnarformaður:* Björgólfur Thor Björgólfsson
*Forstjóri:* Róbert Wessman
*Aðstoðarforstjóri:* Svafa Grönfeldt
*Vægi í vísitölu: 9,21%*
*Markaðsvirði:* 212.686 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Actavis framleiðir og selur lyf og lyfjahugvit bæði innanlands sem utan. Eitt af markmiðum fyrirtækisins er að vera með þeim fyrstu á markaðinn með samheitalyf þegar einkaleyfi renna út. Þar sem einkaleyfaumhverið er hagstætt á Íslandi getur Actavis á Íslandi unnið að þróun lyfs þrátt fyrir að það sé verndað af einkaleyfum í flestum Evrópulöndum og verið tilbúið að markaðssetja lyf um leið og einkaleyfi þess fellur úr gildi erlendis. Actavis hefur höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í um þrjátíu löndum í fimm heimsálfum. Starfsmenn fyrirtækisins eru um tíu þúsund talsins.

***Stærstu hluthafar:***
Amber International 35,10% (félag í eigu Björgólf Thors Björgólfssonar), Landsbanki Luxembourg S.A. 10,93%, Straumur-Burðarás 8,55%, Landsbanki Íslands hf. 5,18%.



**Alfesca**

*Stjórnarformaður:* Ólafur Ólafsson
*Forstjóri:* Jakob Sigurðsson
*Vægi í vísitölu:* 0,53%
*Markaðsvirði:* 23.503 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Alfesca starfar á markaði fyrir reyktar laxaafurðir, anda- og gæsaafurðir, kældar skelfiskafurðir, blini, ýmsar snakk- og smurvörur auk ýmissa tilbúinna rétta. Vörur Alfesca eru seldar undir vörumerkjunum Labeyrie, Blini, Delpierre, Skandia, Lyons og Farne. Félagið hefur einnig sterka stöðu í vörumerkjum verslanakeðja.
Alfesca starfrækir tólf verksmiðjur í Frakklandi, Englandi og á Spáni en þar eru lykilmarkaðir félagsins. Höfuðstöðvar Alfesca eru á Íslandi en dótturfélög þess eru Labeyrie, Blini og SIF France í Frakklandi, Vensy á Spáni, Lyons Seafoods og Farne í Bretlandi og Christiansen Partner í Noregi. Um 3.500 manns starfa hjá félaginu.

***Stærstu hluthafar:***
Fjárfestingafélagið Vending ehf. 34,13% (félag undir stjórn Ólafs Ólafssonar), Kaupþing banki 26,80%, Samvinnulífeyrissjóðurinn 5,80%.



**Atlantic Petroleum**

*Stjórnarformaður:* Kjartan Hoydal
*Forstjóri:* Wilhelm Petersen
*Vægi í vísitölu:* 0,45%
*Markaðsvirði:* 407 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Atlantic Petroleum er framleiðandi olíuafurða á hafsvæðum í Norðvestur-Evrópu. Félagið leggur helst áherslu á Færeyjar en leitar jafnframt viðskiptatækifæra utan eyjanna. Atlantic Petroleum hefur starfsemi á færeyskum og breskum olíusvæðum og býr jafnframt yfir rannsóknarleyfum og eignum í olíulindum sem verið er að rannsaka. Langtímamarkmið félagsins er að öðlast forkaupsrétt á virkum olíulindum og vera í stöðugri leit að nýjum viðskiptatækifærum.

***Stærstu hluthafar:***
SP/F 14 og skyldir aðilar 9,65%, TF Holding P/F 6,69%, Foroya Sparikassi P/F 5,49%, Mortan og Hildigunn Johannesen 5,41%.



**Atorka Group hf.**

*Stjórnarformaður:* Þorsteinn Vilhelmsson
*Forstjóri:* Magnús Jónsson
*Vægi í vísitölu:* 1,18%
*Markaðsvirði* 20.748 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Atorka er fjárfestingarfélag sem fjárfestir í hlutafé á innlendum og erlendum mörkuðum. Megináhersla er á áhrifafjárfestingar þar sem fjárfest er í nægilega stórum eignarhlut til að félagið geti haft veruleg áhrif á veigameiri rekstrarákvarðanir, stefnumótun og framþróun viðkomandi fyrirtækja. Fjöldi hluthafa í félaginu er um 5.500. Helstu eignir Atorku eru Jarðboranir, Promens, Icepharma, Parlogis, A. Karlsson, Ilsanta og Besta. Eignarhlutur félagsins í NWF Group Plc. er 16%, í Romag um 11% og í Interbulk 23%.

***Stærstu hluthafar:***
Skessa ehf. 10,10% (eignarhaldsfélag í eigu Þorsteins Vilhelmssonar), Harðbakur ehf. 8,33%, Ránarborg hf. 7,73%, Atorka Group hf. 5,99% og Orkuveita Reykjavíkur 5,91%.



**Avion Group**

*Stjórnarformaður:* Magnús Þorsteinsson
*Vægi í vísitölu:* 2,12%
*Markaðsvirði:* 57.754 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Avion Group er fjárfestingarfélag sem sérhæfir sig í fjárfestingum í flutningastarfsemi í lofti, á landi og sjó. Markmið Avion Group er að vera öflugasta fjárfestingarfélag í heimi á sviði flutningastarfsemi. Avion Group leggur áherslu á að ná fjárhagslegum markmiðum sínum með innri vexti sem og kaupum á öðrum fyrirtækjum. Starfsemi Avion Group fer fram á 110 starfsstöðvum um allan heim. Um 6.000 manns starfa hjá félaginu.

***Stærstu hluthafar:***
Frontline Holding 36,42% (félag undir stjórn Magnúsar Þorsteinssonar), Pilot Investors 10,44%, Landsbankinn Luxembourg 9,47%, Straumur-Burðarás 6,10%.



**Bakkavör**

*Stjórnarformaður:* Lýður Guðmundsson
*Forstjóri:* Ágúst Guðmundsson
*Vægi í vísitölu:* 6,35%
*Markaðsvirði:* 96.026 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Bakkavör Group er leiðandi framleiðandi ferskra tilbúinna matvara í Bretlandi. Eftir yfirtöku Bakkavarar á Geest og Hitchen Foods árið 2005 rekur Bakkavör 43 verksmiðjur og hjá félaginu starfa 16 þúsund manns í sjö löndum. Fyrirtækið hefur 4.700 vörutegundir í sautján vöruflokkum og eru vörurnar allt frá pitsum, tilbúnum réttum, ídýfum, súpum og eftirréttum sem seldar eru undir vörumerkjum fyrirtækisins. Fjöldi hluthafa er 3.784. Framtíðarstefna félagsins er að verða leiðandi á sínu sviði á alþjóðamarkaði. Velta félagsins árið 2005 var 1,2 milljarðar punda sem samsvarar um 167 milljörðum íslenskra króna.

***Stærstu hluthafar:***
Exista 24,49% (fjárfestingarfélag að stærstum hluta í eigu Bakkabræðra), Lífeyrissjóður verslunarmanna 6,35%, Gildilífeyrissjóður 6,18%, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 5,12%.



**Dagsbrún**

*Stjórnarformaður:* Þórdís Sigurðardóttir
*Forstjóri:* Gunnar Smári Egilsson
*Vægi í vísitölu:* 1,22%
*Markaðsvirði:* 33.622 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Dagsbrún hf. er eignarhalds- og fjárfestingafélag á sviði fjarskipta, fjölmiðlunar og afþreyingar og stefnir að því að verða alþjóðlegt fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki. Það er meðal annars móðurfélag 365 ljósvaka- og prentmiðla, fjarskiptafélagsins Og Vodafone, og fjarskiptafélagsins P/F Kall í Færeyjum. Þá á það öryggisþjónustufyrirtækið Securitas, afþreyingarfyrirtækið Senu, nýsköpunarfyrirtækið D3 og lággjaldasímafélagið Sko. Dagsbrún á þar að auki Skoðun sem á 51 prósents hlut í upplýsingatæknifyrirtækinu Kögun, 365 Media í Danmörku og félagið Daybreak sem á Wyndeham Press Group.

***Stærstu hluthafar:***
Baugur Group 26,44%, Straumur-Burðarás 11,45%, Landsbanki Íslands 9,93%, Runnur ehf. 10,98%, Landsbanki Íslands hf. 10,05%, Milestone 7,10%, Arion safnreikningur 5,26%.



**FL Group**

*Stjórnarforma*
Skarphéðinn
Steinarsson
*Forstjóri:* Har
*Vægi í vísitöl*
*Markaðsvirði:*
ónir króna

***Í hnotskurn:***
FL Group er
lag með sér
á fjárfesting
ferðaþjónus
hluti starfse
fram í fjórtá
dótturfélögu
íslenskum o
markaði. Dó
eru meðal a
Fjárvakur, Ta
Keflavíkurflu
félag Íslands
Flugleiðir Fr
Icelandair H
ferðir, Blue
Icelease.

***Stærstu hlut***
Eignarhalds
Oddaflug 23,
(félag í eigu
Smárasonar
ehf. 12,41%
Baugs), Glitr
10,55%, Icon
Materia Inve
Arion safnre

# EX-15

## nnar tók gildi.
## Hólmfríður Helga

Flotleiðréttingu verður þá hagað á þann veg að miðað verður við atkvæðisrétt fremur en eignarhald, liggi fyrir upplýsingar um mun þar á. Þykir atkvæðisréttur gefa raunsærri mynd af raunverulegu eignarhaldi fremur en opinbert eignarhald, til dæmis þegar um er að ræða eignarhluti sem skráðir eru á viðskiptabankana en eru í raun framkvæmdir fyrir hönd viðskiptavina. Bankarnir sér í lagi halda oft á tíðum miklu hlutum fyrir viðskiptavini sína sem þeir hafa ekki atkvæðisrétt yfir sjálfir. Það má því vænta þess að flot og þar með vægi bankanna í úrvalsvísitölunni muni enn aukast við breytingarnar að hálfu ári liðnu þegar þessir hlutir verða ekki lengur dregnir frá floti þeirra. Næsta hálfa árið verður þó samsetning félaganna með þeim hætti eins og hér er sagt frá.






:
erg

s Smárason
33%
4.397 millj-

festingafé-
ka áherslu
flug- og
Stærstur
élagsins fer
álfstæðum
em starfa á
þjóðlegum
félögin
rs
iþjónustan
elli, Flug-
celandair,
Loftleiðir,
l, Kynnis-
go og

far:
gið
%
nnesar
G Capital
turfélag
banki hf.
f. 7,30%,
ehf. 6,58%,
ingur 5,09%.

### Glitnir hf.



*Stjórnarformaður*: Einar Sveinsson
*Forstjóri*: Bjarni Ármannsson
*Vægi í vísitölu:* 13,08%
*Markaðsvirði*: 249.634 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Glitnir banki hefur starfsemi í Danmörku, London, Lúxemborg og ekki síst í Noregi sem er skilgreindur sem annar tveggja heimamarkaða Glitnis. Auk þess er starfsemi hafin í Halifax í Kanada og Shanghai í Kína. Bankinn leggur áherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum sérþekkingu á tilteknum vöruflokkum, sókn erlendis byggða á þekkingu á staðháttum og þekkingu á tilteknum atvinnugreinum. Tæplega 12 þúsund manns eiga hlutabréf í Glitni banka.

***Stærstu hluthafar:***
FL Group 18,21%, Milestone ehf. 14,66%, Glitnir banki hf. 4,80%, Landsbanki Íslands hf. 3,97%.

### Kaupþing banki



*Stjórnarformaður*: Sigurður Einarsson
*Forstjóri*: Hreiðar Már Sigurðsson
*Vægi í vísitölu:* 38,30%
*Markaðsvirði*: 493.098 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Kaupþing banki hf. er norrænn banki sem veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn leggur áherslu á vöxt og þróun alþjóðlegrar starfsemi og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu. KB banki er með starfsemi í tíu löndum og fjöldi starfsmanna er 2.317. Helstu dótturfélög bankans eru FIH Erhvervsbank A/S í Danmörku, Kaupthing Bank Sverige, Kaupthing Bank Luxembourg, Kaupthing Bank Oyj og Norvestia Oyj í Finnlandi, Kaupthing Føroyar, Kaupthing New York, Kaupthing Switzerland, Kaupthing Ltd. í Englandi, Kaupthing Norge A.S. í Noregi, Arion og KB líf á Íslandi.

***Stærstu hluthafar:***
Exista 21,10%, Egla hf. 10,82% (félag í eigu Ólafs Ólafssonar), Arion safnreikningur 6,49%.

### Landsbankinn



*Stjórnarformaður*: Björgólfur Guðmundsson
*Bankastjórar*: Halldór J. Kristjánsson, Sigurjón Þ. Árnason
*Vægi í vísitölu:* 11,18%
*Markaðsvirði*: 220.413 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Landsbanki Íslands hf. veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Markmið Landsbankans er að vera alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir framúrskarandi fjármálaþjónustu í alþjóðlegu umhverfi. Stefnt er á að vöxtur bankans á næstu árum verði í vaxandi mæli erlendis. Dótturfélög Landsbankans eru meðal annars Heritable Bank Limited, Kepler Equities, Landsbanki Luxembourg, Landsvaki hf., Merrion Capital Group, Teather & Greenwood Limited, SP-Fjármögnun.

***Stærstu hluthafar:***
Samson eignarhaldsfélag 41,17% (eignarhaldsfélag Björgólfsfeðga), Landsbanki Íslands hf. aðalstöðvar 7,62%, Landsbanki Luxembourg 3,44%.

### Marel hf.



*Stjórnarformaður*: Árni Oddur Þórðarson
*Forstjóri*: Hörður Arnarson
*Vægi í vísitölu:* 0,47%
*Markaðsvirði*: 16.996 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Marel býður upp á vogir, flokkara, úrbeiningar- og snyrtiflæðilínur, tölvustýrðar skömmtunarvélar og öflugan hugbúnað til framleiðslustýringar í matvælaiðnaði. Framtíðarsýn Marel er að vera leiðandi á alþjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu hátæknibúnaðar fyrir matvælaiðnað og auka þar með framleiðni viðskiptavina. Frá og með árinu 2005 rekur Marelsamstæðan 15 dótturfélög í Ástralíu, Evrópu, Rússlandi og Norður-Ameríku. Þá starfrækir fyrirtækið net umboðs- og dreifingaraðila í 30 löndum víðs vegar um heim.

***Stærstu hluthafar:***
Landsbanki Íslands 37,16%, Eyrir Invest ehf. 29,33% (félag Árna Odds Þórðarsonar og Þórðar Magnússonar).

### Mosaic Fashions



*Stjórnarformaður*: Stewart Binnie
*Forstjóri*: Derek John Lovelock
*Vægi í vísitölu:* 1,33%
*Markaðsvirði*: 45.827 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Mosaic Fashions er móðurfélag fjögurra kventískufyrirtækja með sérhönnuð vörumerki: Oasis, Coast, Karen Millen og Whistles. Markaðsstefna fyrirtækisins er að þróa sterk og aðskilin vörumerki og er hvert vörumerki starfrækt sérstaklega með eigin stjórn. Fyrirtækið rekur verslanir um allan heim, annaðhvort í sinni eigu eða af hálfu sérleyfishafa.

***Stærstu hluthafar:***
BG Holding ehf. 36,78% (Baugur Group), Kaupþing banki 13,90%, Derek John Lovelock 7,98%, Arion safnreikningur 4,42%, Richard Spencer Glanville 4,06.

### Straumur-Burðarás



*Stjórnarformaður*: Björgólfur Thor Björgólfsson
*Forstjóri*: Friðrik Jóhannsson
*Vægi í vísitölu:* 9,90%
*Markaðsvirði*: 176.105 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Straumur-Burðarás er sérhæfður fjárfestingabanki sem býður íslenskum og alþjóðlegum fyrirtækjum fjölbreytta fjármálaþjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, útlána og verðbréfamiðlunar. Bankinn starfar einkum á Íslandi, í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Framtíðarsýn bankans er að verða leiðandi fjárfestingabanki á Íslandi og Norðurlöndunum.

***Stærstu hluthafar:***
Landsbanki Luxembourg 15,98% (hlutur í eigu Björgólfsfeðga), Fjárfestingarfélagið Grettir hf. 15,87, MK-44 ehf. 8,52%, Landsbankinn eignarhaldsfélag 5,94%, Smáey ehf. 5,92%, Eignarhaldsfélagið SK ehf. 5,05%, LV 5,04%.

### Össur



*Stjórnarformaður*: Niels Jacobsen
*Forstjóri*: Jón Sigurðsson
*Vægi í vísitölu:* 1,37%
*Markaðsvirði*: 41.573 milljónir króna

***Í hnotskurn:***
Össur hannar og framleiðir stoðtæki, spelkur og stuðningsvörur. Fyrirtækið er leiðandi í hönnun stoðtækja og annar stærsti framleiðandi stoðtækja heims. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi en Össur hefur starfsstöðvar í Bandaríkjunum, Kanada, Hollandi, Bretlandi, Svíþjóð og Ástralíu og er með umfangsmikið net dreifingaraðila á öðrum alþjóðlegum mörkuðum. Hjá fyrirtækinu starfa um 1200 manns.

***Stærstu hluthafar:***
William Demant Invest A/S 36,88%, Eyrir Invest ehf. 14,59%, Mallard Holding S.A. 9,59%, Vik Investment Holding 6,35%.

*Heimildir: heimasíða Kauphallar Íslands, heimasíður fyrirtækja í Úrvalsvísitölunni og útgefið efni greiningardeildar Landsbankans.*
*Hluthafalistar miðast við vef Kauphallar Íslands og gera ekki ráð fyrir framvirkum samningum.*

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Lífeyrissjóðir hafa völd í krafti annarra manna peninga og eiga að beita því valdi af yfirvegun.

# *Markaður milljón pundaseðilsins*

**Hafliði Helgason**

Ein af skemmtisögum rithöfundarins Mark Twain ber heitið „Milljón pundaseðillinn". Sagna fjallar í stuttu máli um mann sem úr örbirgð eignast milljón punda seðil vegna veðmáls tveggja auðjöfra. Milljón pundaseðillinn er eining sem hvergi fæst skipt, en tilurð hans ein opnar manninum dyr að lystisemdum allsnægta auðmanna. Enginn getur skipt seðlinum og eignin rýrnar ekki þrátt fyrir lúxuslíf eiganda seðilsins.

Staðan á íslenska markaðnum er sambærileg við þetta ástand. Stórlega hefur dregið úr peningum í umferð, en þrátt fyrir það höfum við aldrei verið ríkari. Eignir hafa margfaldast að virði og stóreignamennn landsins eiga eignir að stjarnfræðilegu verðmæti. Lausafé er hins vegar með minna móti. Þegar sú staða er uppi eru eignamarkaðir eins og hlutabréfamarkaður fremur viðkvæmir og skyndilegt framboð hlutabréfa getur keyrt markaðinn niður án annars tilefnis. Í því ljósi verður að telja að ákvörðun Lífeyrissjóðs verslunarmanna um að stór hlutur í Straumi-Burðarási væri til sölu, fljótfærnislega og til þess fallna að rýra eignina í Straumi.

**Almennt verður að telja að lífeyrissjóðirnir hafi hagað sér skynsamlega og þróunin verið í þá átt að sjóðirnir hafa ekki skipt sér af væringum milli eigenda í hlutafélögum. Þróunin hefur verið í þá átt að valdi sjóðanna er lítið beitt.**

Mönnum verður eitt og annað á í hita leiksins og mikilvægt að stjórnendur lífeyrissjóða sýni yfirvegun í ákvörðunum sínum. Í þessu tilviki lá ekkert á og skynsamlegt að horfa lengra og bíða þess að ryk væringa í hluthafahópi settist. Það er skiljanlegt sjónarmið hjá lífeyrissjóðum að vilja fremur eiga hluti í félögum þar sem eignarhald er dreift og tryggja þannig betur að sjóðirnir geti haft áhrif á stefnu félags með ávöxtun eigin sjóða að leiðarljósi. Lífeyrissjóðirnir eiga líka að taka hlutverk sitt alvarlega í því að stuðla að góðum stjórnarháttum og heilbrigðum markaði. Hinu mega menn ekki gleyma að sjóðirnir fara með vald í krafti annarra manna peninga. Slíkt vald verður alltaf að fara með af yfirvegun og láta almenn sjónarmið ráða ákvörðun fremur en afstöðu til einstakra manna og viðskiptablokka.

Almenn sjónarmið í fjárfestingarstefnu sjóða í eigu almennings eiga að lúta sömu lögmálum og annað almannavald. Reglur þurfa að vera gegnsæjar og samkvæmar sér.

Almennt verður að telja að lífeyrissjóðirnir hafi hagað sér skynsamlega og þróunin verið í þá átt að sjóðirnir hafa ekki skipt sér af væringum milli eigenda í hlutafélögum. Þróunin hefur verið í þá átt að valdi sjóðanna er lítið beitt. Sjóðirnir eru mikilvæg stoð við uppbyggingu atvinnulífsins og hafa hagnast vel á að taka þátt í fjárfestingum íslenskra frumkvöðla. Það er mikilvægt að í samskiptum stórra fjárfesta og lífeyrissjóða ríki traust og heilindi eins og vera ber í traustu langtímasambandi. Þar verða allir að leggja sitt af mörkum enda sameiginlegir hagsmunir af því að markaðurinn blómstri meiri en þeir smámunir sem liggja að baki pólitískri eða persónulegri óvild.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður."
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

"Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara."
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

...næsta 6 vikna námskeið hefst **9. ágúst**

...næsta 3 vikna hraðnámskeið **14. ágúst**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400**

**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# „Buzz" markaðsaðgerðir

ORÐ Í BELG



**Guðmundur Arnar Guðmundsson**
Kynningarstjóri og MBA nemi

Í söngleiknum Jesus Christ Superstar spurði Tim Rice eitt sinn „What is the Buzz, tell me what is happening?" Aðal málið (buzz-ið) í auglýsingaheiminum í dag er buzz-ið sjálft, þ.e.a.s. buzz markaðssetning. En hvað er buzz markaðssetning? Hana má skilgreina sem markaðssetningu sem nær athygli fólks og fjölmiðla á þann hátt að það verður skemmtilegt, áhugavert og fréttnæmt fyrir fólk að tala um vörumerkið.

Buzz markaðssetningar fóru að vera áberandi í kringum árið 1990 en þá fór það að skipta meira máli fyrir vörumerki að vera álitin svöl. Það hefur einnig ýtt undir notkun buzz aðgerða að árangur af hefðbundnum auglýsingum virðist fara dvínandi. Áhorf, hlustun og lestur er sífellt að dreifast á fleiri miðla sem þýðir fleiri birtingar, á fleiri stöðum, til þess að ná ásættanlegum árangri. Annað vandamál sem auglýsendur standa frammi fyrir er traustið, þ.e.a.s. neytendur bera sífellt minna traust til þeirra skilaboða sem koma fram í auglýsingum.

Erlend fyrirtæki eru í auknum mæli farin að notast við buzz aðferðir. Dæmi um mjög vel lukkað buzz sem erlendir aðilar ýttu úr vör, og við þekkjum hér á Íslandi, er markaðsherferðin fyrir The Blair Witch kvikmyndina. Sett var upp vefsvæði sem kynnti þjóðsöguna um Blair nornina líkt og hún væri sönn. Þar var ennfremur sagt frá ungum krökkum sem fóru út í skóg og týndust við að kanna þjóðsöguna en skildu eftir sig ógnvænlegar myndbandsupptökur. Hópur af fólki var svo fengið til að blogga, fara á spjallsvæði og umræðuþræði og breiða þannig út boðskapinn líkt og um sanna sögu væri að ræða. Þessar aðgerðir sköpuðu buzz sem varð til þess að tugir milljóna manna út um allan heim trúðu sögunni og höfðu ekki hugmynd um hvort myndin væri byggð á sönnum atburðum eða ekki þegar hún kom í kvikmyndahús. Þetta skapaði mikla umræðu um myndina sem skilaði sér í gríðarlegri aðsókn.

Traustið er þannig einn helsti kostur buzz markaðsaðgerða. Þegar fólk sem virðist ekki hafa neina hagsmuni að gæta segir frá vörumerki er það mun trúverðugra en þegar hefðbundnar auglýsingar segja sömu sögu. Markaðsfólki til mikillar lukku elskar fólk að segja sögur og umfram allt sögur sem enginn hefur heyrt. Ef sagan er góð, eins og í tilfelli Blair nornarinnar, dreifist hún því manna á milli eins og eldur í sinu, sögð af ástríðu í hvert skipti sem vörumerkið nýtur góðs af.

Buzz aðgerðir eru mjög ódýrar, mun ódýrari en hefðbundnar auglýsingar. Ólíkt hefðbundnum auglýsingum toga buzz markaðsaðgerðir neytendur að vörunni líkt og í tilfelli kvikmyndarinnar að ofan. Hefðbundið markaðsstarf reynir hins vegar sífellt að ýta vörunni að neytendum.

Þegar orkudrykkurinn Red Bull var að slíta barnskónum fyllti fyrirtækið ruslafötur í flottustu hverfunum í London af tómum Red Bull dósum. Fyrirtækið náði þannig markmiði sínu að búa til þá ímynd að allt fína fólkið í London væri að drekka Red Bull. Mjög mörg fyrirtæki hafa einnig borgað fólki fyrir að bíða í röðum fyrir utan hjá sér sem án undantekninga vekur mikla forvitni. Raðir fyrir utan verslanir búa til þá mynd í hugum þeirra sem ganga hjá að vörurnar sem þar eru seldar hljóti að vera aðalmálið.

Smæð landsins og mikil net og blogg notkun gerir það að verkum að það er sérstaklega auðvelt að koma af stað buzz-i á Íslandi. Hér á landi lesa 57 prósent ungmenna blogg síður daglega og 83 prósent lesa þær þrisvar sinnum í viku eða oftar. 25 prósent ungmenna blogga í hverri viku en 17 prósent í hverjum mánuði. Fleiri blogga en blogga ekki! Hér er því gríðarlegt sóknarfæri fyrir íslenskt fyrirtæki.

Tvö íslensk dæmi um vel heppnaðar buzz herferðir eru nýi orkudrykkurinn Burn og íslenskur raunveruleikaþáttur sem var á einni íslensku sjónvarpsstöðinni. Nokkrum mánuðum áður en orkudrykkurinn Burn var kynntur var stórum hópi áhrifavalda á Íslandi sagt frá partíi sem yrði rosalegra en áður hefði sést á Íslandi. Buzz-ið var þannig sett af stað mánuðum fyrir partíið en enginn fékk að vita tilefni veislunnar, aðeins grófa dagskrá, hversu miklu yrði kostað til og að þetta yrði rosalega VIP. Nokkrum vikum fyrir partíið var miðinn í það orðinn heitasti miðinn í bænum en mun færri miðar voru í boði en eftirspurnin. Gestalistanum var svo lekið í slúðurblöð þar sem nöfn allrar elítunnar á Íslandi var að finna en við það ætlaði um koll að keyra. Þegar í partíið var komið var drykkurinn kynntur en þeim útvöldu fannst svo auðvitað fátt skemmtilegra en að segja frá partíinu og drykknum í langan tíma á eftir. Það var ákveðið stöðutákn að geta sagt frá partíinu og vörunni því þeir sem það gátu voru á meðal þeirra útvöldu og gátu sagt sögur sem aðrir gátu ekki.

Önnur vel lukkuð buzz markaðsaðgerð var kynning á raunveruleikaþætti sem ein af íslensku sjónvarpsstöðvunum fór af stað með. Hópur af bloggurum var fenginn til þess að skrifa um þættina og vera þátttakendur á gríðarlegum fjölda bloggsíðna, umræðu- og spjallþráða. Þessi netumræða, sem var engin fyrir aðgerðirnar, ýtti af stað snjóbolta sem varð fljótt að snjóflóði. Sögur af þættinum og þátttakendunum sjálfum urðu fljótt mjög vinsælt umræðuefni á netinu, svo vinsælt að íslensk tímarit og blöð fóru að endurskrifa sögurnar og birta. Oftar en ekki voru þessar sögur sprottnar upp frá netverjum sjálfum eftir að snjóboltanum hafði verið ýtt af stað. Fólk var farið að elska að tala um þættina, buzz-ið var byrjað.

Mark Hughes, höfundur bókarinnar Buzzmarketing, hefur við rannsóknir sínar komist að því að það eru sex tegundir sagna sem auka gríðarlega líkur á árangri við að búa til buzz fyrir vörumerkjum. Tegundirnar eru sögur sem innihalda eitthvað: tabú (kynlíf, lygi, baðherbergishúmor), óvenjulegt, svívirðilegt, mjög fyndið, mjög markvert eða leyndarmál (sem er annaðhvort uppljóstrað eða ekki) .

Buzz markaðsaðgerðir einar og sér geta verið gríðarlega góð fjárfesting fyrir fyrirtæki og ennþá betri ef þeim er fylgt eftir með hefðbundinni auglýsingaherferð. Það ber þó að ítreka mikilvægi þess að ígrunda markaðsáætlunina þar sem buzz-ið dreifist manna á milli stjórnlaust eftir að af stað er farið. Þegar vel gengur geta buzz markaðsaðgerðir skilað ábata fyrir hverja krónu sem kostað er til, langt umfram það sem hefðbundnar auglýsingar geta nokkurn tímann. Hér er því um að ræða mikið tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki.

MANNAUÐUR

# Að laða að umsækjendur

Með breyttum aðstæðum eins og auknu framboði starfa fyrir ungt fólk verður sífellt erfiðara fyrir mörg fyrirtæki að laða til sín starfsfólk. Ýmsar leiðir eru farnar til þess að laða að umsækjendur. Fyrirtæki bjóða m.a. upp á góða vinnuaðstöðu, reyklausan vinnustað, gott starfsumhverfi, heilsurækt og símenntun. Minna er um að fyrirtæki laði að sér umsækjendur með auglýsingum um störf erlendis eða áþreifanlega þætti eins og afnot af bílum og símum. Sífellt fleiri fyrirtæki líta á mannauð sinn sem samkeppnisforskot og einmitt þess vegna þarf að vanda val starfsmanna. Það getur verið dýrt að gera mistök við ráðningar og fyrirtæki geta sóað háum fjárhæðum á ári með því að vanda ekki til ráðninga. Þess vegna er nauðsynlegt að fyrirtæki temji sér faglegar leiðir bæði við öflun umsækjenda og val starfsmanna.

**ER ÞÖRF FYRIR NÝJAN STARFSMANN?**

Ráðningarferli snýst um að finna, laða að og velja viðeigandi einstaklinga til starfa.

Áður en það ferli hefst og stöður eru auglýstar er ráðlegt að skoða hver þörfin sé fyrir nýjan starfsmann. Þá þarf að greina starfið og skoða hvort möguleiki sé að skipta starfinu niður á aðra starfsmenn eða hvort hægt sé að fá starfsmenn í hlutastarf til að sinna starfinu. Greining tryggir að ráðning nýs starfsmanns sé vel ígrunduð og byggð á sannri þörf fyrir starfsmann. Fyrstu skref að árangursríku ráðningarferli fela í sér gerð starfsgreiningar. Erfitt getur verið að spá fyrir um frammistöðu umsækjenda í starfi og því er nauðsynlegt að greina störf með starfsgreiningu áður en ráðið er í lausar stöður. Með starfsgreiningu fer fram greining á helstu verkþáttum, ábyrgðarsviði og tilgangi starfs, ásamt þeim kröfum um menntun og reynslu sem að starfinu snúa. Með því að temja sér faglegar leiðir við að laða að umsækjendur og velja starfsmenn geta fyrirtæki aukið árangur við ráðningar, sparað sér vinnu og minnkað kostnað til muna.



**Sif Sigfúsdóttir**
**M.A. mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Forvarnir hluti af góðri vátryggingu

Ég hitti eitt sinn forsvarsmann fyrirtækis sem sagði mér frá því að ein aðalástæðan fyrir því að hann vildi vera tryggður væri svo að hann gæti sofið rólegur á nóttunni. Það var nokkuð til í þessu hjá honum og eflaust margir sem deila sömu skoðun og hann. En til hvers tryggjum við okkur og hvernig geta tryggingar verið hluti af forvarnarstarfi fyrirtækja?

Segja má að með vátryggingum sé verið að dreifa hugsanlegri áhættu með öðrum. Með því að kaupa vátryggingu þá eru einstaklingar og fyrirtæki að lágmarka hjá sér áhættu vegna tjóns með því að vátryggja hagsmuni sína. Vátryggingar eru þannig stór hluti af daglegu lífi, hvort sem er í einkalífi eða í starfi.

Við stofnun á nýju fyrirtæki eða þegar verið er að gera breytingar á starfandi fyrirtækjum er nauðsynlegt að yfirfara vátryggingarþörf og meta þá áhættu sem starfseminni fylgir. Venjulega er því þannig farið í fyrirtækjum að reglulega er gert endurmat á áhættunni. Við það tækifæri eru allir hagsmunir skoðaðir gaumgæfilega, hvað er það sem fyrirtækið þarf að vátryggja og hvað ekki. Þegar fyrirtæki ákveður að tryggja ekki hagsmuni er það um leið að taka meðvitaða afstöðu um að bera áhættuna sjálft. Það er því mikilvægt að huga ávallt vel að því að fyrirtæki sé „rétt“ tryggt, hvorki undirtryggt né yfirtryggt og að marka sér stefnu um hvaða áhættur á að tryggja og hverjar ekki.

Mikilvægt er að stjórnendur og starfsmenn séu meðvituð um vátryggingar fyrirtækjanna. Slíkt felur í sér ákveðið forvarnargildi, að starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja séu upplýstir um vátryggingaþörfina og um leið um gildi vátrygginga og mikilvægi þess að vera rétt tryggður. Komið hefur í ljós að starfsmenn í fyrirtækjum eru oft illa upplýstir um tryggingamál. Með auknum skilningi á tryggingavernd og kostnaði við tryggingavernd skapast einnig vaxandi skilningur á mikilvægi forvarna enda njóta þau fyrirtæki þess með lægri iðgjöldum sem hafa sýnt fyrirhyggju í forvörnum

ÖRUGG FYRIRTÆKI
Átak Markaðarins og Sjóvá

Með opnun Sjóvá Forvarnarhússins fyrir skömmu opnast alveg nýir möguleikar hjá stjórnendum fyrirtækja og starfsfólki þeirra að styrkja upplýsingaflæði og auka þekkingu þeirra á forvörnum. Eitt af hlutverkum Forvarnarhúss verður að bjóða fyrirtækjum upp á áhættugreiningu og benda á lausnir sem taka mið af þörfum hvers fyrirtækis fyrir sig. Með þessu er hægt að draga úr tjónum, s.s. eignatjónum og slysum á fólki.

Forvarnarhúsið verður einnig þekkingarsetur þar sem hægt verður að fá margvíslega ráðgjöf og upplýsingar fyrir almenning, fyrirtæki og stofnanir.

**Þorvaldur I. Birgisson**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Klæddur eftir veðri

Ég hef í gegnum tíðina grætt mikið á Straumi. Hef átt töluvert í fyrirtækinu í gegnum árin og hagnast vel á Þórði. Mest hef ég hagnast þegar markaðurinn hefur talið að Þórður væri með óleysanlega stöðu í einhverjum viðskiptum. Þá hef ég aukið við mig og beðið. Það hefur verið segin saga að strákurinn hefur verið duglegur að lenda dílunum fyrir Straum. Jafnvel þar sem menn hafa talið stöðuna vonlitla.

Þetta er verðmætur eiginleiki og ekki allir jafn góðir í að halda hlutunum mátulega opnum til þess að geta lent hlutunum. Í svona dílum verða menn að hugsa nokkra leiki fram í tímann og passa að fara ekki með stöðuna í öngstræti tilfinninganna. Það gildir á markaði að vera kúl og sterkur á taugum. Það klikkaði eitthvað kúlið í þessari Straumsafferu allri. Slæmt að stórir aðilar skuli ekki geta lent hlutum betur en þetta og missa forstjóra fyrir borð sem ég held reyndar að hafi varla verið ætlunin í upphafi.

Ég innleysti í átökunum, en stillti hluta upp aftur til að taka þátt í spennunni á milli Bjögga og FL Group. Sú staða er náttúrlega verulega skökk eftir að Víglundur auglýsti bréfin til sölu. Halló! er einhver heima? Að dömpa bréfum síðustu dagana fyrir mánaðamót í þessu árferði er náttúrlega suicidal.

Jæja, þeir sem ég þekki á þessum markaði hafa enga trú á að Bjöggi og Jón Ásgeir vinni saman til lengdar. Einhvers konar uppskipti eru óhjákvæmileg. Hvort þau verða eftir einn mánuð, þrjá mánuði, ár eða fleiri þá kemur til uppgjörs á endanum í hluthafahópnum. Sennilega rennur þá eitthvað af Straumi saman við FL Group og þá kæmi mér ekki á óvart að Þórður dúkkaði upp aftur eftir að hafa varið tíma til að lækka forgjöfina sína í golfi.

Annars eru þetta óttaleg leiðindi og menn eiga ekki að vera í hluthafaátökum á dauðum markaði. Svona átök eru fín þegar stemning og bjartsýni ríkir. Ég ætla ekki að draga úr þeirri gleði sem Bjöggarnir færðu mér og mínum nánustu þegar þeir komu ferskir inn og hristu upp í þessum markaði. Það var verulega gott hjá þeim.

Það gildir á markaði eins og í því ólukkans veðri sem ríkir á þessu landi að silkijakkaföt eiga ekki við úti á túni í grenjandi rigningu. Þá er það bara gallinn sem gildir og þó það sé ekki gaman, þá er maður þurr og sæmilega hlýtt. Þannig er bara staðan á markaði núna. Allir í regngöllunum og þegar svona viðrar eiga lífeyrissjóðirnir ekkert að vera að strippa eins og það sé glaða sólskin. Eina sem hlýst af því er að menn fá slæmt kvef.

**Spákaupmaðurinn á horninu**



AURASÁLIN

## Afskiptur minnihlutahópur

**Það kom sér óneitanlega vel** fyrir fyrrverandi forstjóra Straums að á sama tíma og hann var rekinn var ákveðið að atvinnuleysisbætur yrðu tekjutengdar. Reyndar var sett á það eitthvað hámark þannig að hann fær ekki alveg jafnmikið í atvinnuleysisbætur og hann hafði í laun - en það ætti þó að duga til þess að koma honum og fjölskyldunni yfir stærsta hjallann.

**Aurasálin hefur alltaf** vorkennt forstjórum stórfyrirtækja í þessu landi. Þeir hafa ágæt laun en á móti kemur að starfsöryggið er alveg fráleitt lítið. Þessir blessuðu forstjórar geta lent í því fyrirvaralaust að hætta að fá borguð mánaðarleg laun upp á nokkrar millur en fá í staðinn einhverja starfslokasamninga. Svo eru kannski jepparnir teknir af þeim og menn hætta að bjóða þeim í lax og á fótboltaleiki með Chelsea. Þeir forstjórar sem er sagt upp núna geta því ekki gert ráð fyrir því að komast til Barcelona í vetur - en það er spá Aurasálarinnar að íslenskir kaupahéðnar verði iðnir við að sækja leiki Katalóníumanna á næsta ári.

**Ríkisstjórnin ætti að huga betur** að málefnum atvinnulausra forstjóra. Þetta er hópur sem fær sama sem enga athygli og enn minni samúð. Ræður þar sennilega mestu að um tiltölulega fámennan hóp er að ræða. En það réttlætir ekki tómlæti stjórnvalda í garð þessa hóps því líklegt er að atvinnuleysi meðal forstjóra sé jafnvel enn algengara heldur en meðal almenns verkafólks.

**Reyndar finnst Aurasálinni** að ríkið ætti að ganga skrefinu lengra heldur en að huga betur að málefnum atvinnulausra forstjóra - sérstaklega í ljósi þess hversu mikilvægum hlutverkum þeir gegna í samfélaginu. Væri í raun ekki eðlilegra að Alþingi skipaði forstjóra í stærstu fyrirtækjum landsins heldur en núverandi fyrirkomulag þar sem alls kyns lið getur orðið forstjórar, jafnvel án fagmenntunar og formlegra hæfnisprófana? Eða væri kannski nóg að ríkið gæfi út starfsleyfi fyrir forstjóra í stórfyrirtækjum?

**Að minnsta kosti** hlýtur að vera eðlilegt að ríkið komi nánar að skipan æðstu embættismanna í atvinnulífinu - þótt ekki væri nema til að koma í veg fyrir að ráðnir væru óhæfir menn í stöðurnar.

**Að lokum vill Aurasálin** nota þetta tækifæri til að harma þá stefnubreytingu sem orðið hefur í iðnaðarráðuneytinu við tilkomu Jóns Sigurðssonar í embætti. Hves konar iðnaðarráðherra er það eiginlega sem ekki er hlynntur iðnaði? Hvað næst - utanríkisráðherra sem talar ekki útlensku?

# Í frjálsræðinu nýtist sköpunarkrafturinn

**Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, sótti forstjóraráðstefnu Forbes dagana 19. og 20. júní síðastliðinn. *Óli Kristján Ármannsson* spurði hann út í hvað þar hefði helst staðið upp úr. Þar ber einna helst að andrúmsloft ótta og tortryggni í Bandaríkjunum kann að vera farið að draga úr samkeppnishæfni landsins og með því gætu sóknarfæri skapast í Evrópu.**



**FLAGGAÐ Í FANGELSI BANDARÍKJAHERS Í GUANTANAMO Á KÚBU** Andrúmsloft ótta og aðgerða sem hamla frelsi manna til ferða, athafna og fjárfestinga í Bandaríkjunum er talið meðal forsenda þess að sóknarfæri eru að aukast í Evrópu, bæði hvað varðar fjárfestingar og nýsköpunar á sviði vísinda og tækni. Markaðurinn/AP

„Ég hef á síðustu árum reynt að láta mér finnast ég koma betri maður af ráðstefnum sem ég sæki, en það gengur nú svona misvel,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, og hlær dátt. Hann var nýverið meðal forsvarsmanna fyrirtækja, hátt settra opinberra starfsmanna og fræðimanna sem héldu erindi á forstjóraráðstefnu Forbes í Kaupmannahöfn.

„Á þessari ráðstefnu var fullt af góðu fólki. Fyrirfólk allskonar úr evrópsku viðskiptalífi og svo svolítið af fólki frá Bandaríkjunum, svo sem Steve Forbes og bróðir hans Robert líka. Skipulagningin var svo með þeim hætti að settir voru saman umræðuhópar þar sem tekið var fyrir ýmislegt sem lýtur að viðskiptum í Evrópu,“ segir Kári, en sjálfur tók hann þátt í tæknitali þar sem borið var saman það sem er að gerast í Evrópu og Bandaríkjunum með það fyrir augum að búa til skilning á því hvernig upplýsingatækni og líftækni hefðu áhrif á þróun viðskiptaumhverfisins á báðum stöðum og eins hvernig tæknin hefði áhrif á annan iðnað í Evrópu.

### ÓTTI OG LAGAFLÆKJUR LETJA

Að sögn Kára kom klárlega fram í umræðuhópi hans sú tilfinning manna að Bandaríkin séu að missa forskotið sem þau hafa haft á margvíslegum sviðum menntunar, vísinda og tækni og sú þróun hafi svo aftur neikvæð áhrif á viðskiptaumhverfið auk annarra þátta sem þar leggist á árar. „Í Bandaríkjunum er ýmislegt sem er hamlandi á tæknisviðinu. Á síðustu árum, eða síðan George W. Bush tók við forsetaembætti, hefur fjöldi doktors- og post-graduate nema til að mynda dregist saman og stór hluti af vinnu sem áður fór fram í Bandaríkjunum er nú unnin annars staðar,“ segir Kári og áréttar að þegar saman komi fólk af mismunandi stöðum í heiminum verði til frjótt umhverfi þar sem skipst sé á skoðunum og líklegra sé að náist ígrundaðar og frumlegar niðurstöður. „Bandaríkin hafa virkað sem slíkur suðupottur, en það hefur minnkað. Svo virðist sem hvöss stefna núverandi stjórnar, þar sem hræðsla er ríkjandi og erfiðara er til dæmis að ferðast til landsins og fá landvistarleyfi hafi dregið úr forskoti Bandaríkjanna.“

Sömuleiðis segir Kári að í Bandaríkjunum hafi reglugerðarumhverfi viðskiptalífsins aukist að umfangi og sú þróun hafi einnig orðið til þess að letja fólk fremur en hvetja í atvinnusköpun og framþróun viðskiptalífsins. „Eftir Enron-hneykslið voru sett lög sem búa viðskiptalífi í Bandaríkjunum afar þröngan ramma. Í Bandaríkjunum voru einföld lög áður, en þau voru brotin og þá voru viðbrögðin sú að setja saman afar flókin lög um viðskiptalífið. Málið er bara að það er ekkert erfiðara að brjóta flókin lög en einföld. Flóknara lagaumhverfi gerir þeim fyrst og fremst lífið erfitt sem vilja vinna að lögum,“ segir Kári og telur líklegt að menn nái ekki að nýta sköpunarkraftinn jafn vel og þeir myndu annars gera í meira frjálsræði. „Grundvöllur þess að geta hugsað eitthvað nýtt, er að hafa frelsi til að gera það.“

### EITTHVAÐ ROTIÐ Í KANAVELDI?

Þá segir Kári að á ráðstefnunni hafi líka komið til afar áhugaverðra orðaskipta milli Steves Forbes, sem er stjórnarformaður og forstjóri Forbes-samstæðunnar auk þess að vera aðalritstjóri viðskiptatímaritsins Forbes í Bandaríkjunum, og Mads Øvlisen, fyrrum forstjóra og stjórnarformanns Novo Nordisk og stjórnarformanns Lego Holdings í Danmörku, en þar var borið saman skattaumhverfið í Danmörku annars vegar og í Bandaríkjunum hins vegar. „Forbes ofbauð skattaáþjánin í Danmörku og hélt því fram að leiðin til að auka velferð og framleiðni í landinu væri að lækka skatta. Daninn hélt því hins vegar fram að öryggi á dönskum vinnumarkaði ætti rætur sínar í almannatryggingum og öflugu atvinnuleysisbótakerfi og þar væru búnar til forsendur þess að efnahagslífið gæti dafnað.“ Kári tekur að nokkru leyti undir orð forstjóra Novo Nordisk og telur ákveðið vandamál í Bandaríkjunum í dag hversu erfitt það sé að segja fólki upp störfum í umhverfi þar sem fátt bíður þess þá annað en guð og gaddurinn. „Að sama skapi er þetta vandamál í þýsku atvinnulífi, en hvort þetta er úrslitaatriði veit ég svo sem ekki. Þegar maður situr svona ráðstefnu og hlustar á það góða fólk sem hana sækir hefur maður á tilfinningunni, ekki að eitthvað gott sé að gerast í Evrópu, heldur að eitthvað slæmt sé að gerast í Bandaríkjunum.“



**KÁRI STEFÁNSSON** Forstjóri Íslenskar erfðagreiningar var annar tveggja Íslendinga sem boðið var að taka þátt í umræðum á þingi Forbes um viðskiptaumhverfi og tækniþróun í Evrópu á dögunum. Kári tók þátt en Björgólfur Thor Björgólfsson, sem ræða átti umhverfið sem frumkvöðlum er búið í Evrópu, forfallaðist. MARKAÐURINN/GVA



**BUSH BANDARÍKJAFORSETI** Stefna ríkisstjórnar George Bush bæði hvað varðar utanríkismál og innanríkis var rædd á nýafstöðnu málþingi Forbes, þar sem hún er talin hafa bein áhrif á samkeppnishæfi Evrópu. MARKAÐURINN/AP

Ekki er laust við að Kári Stefánsson virðist hugsi eftir að hafa hitt kollega sína á ráðstefnu Forbes í Kaupmannahöfn, enda ber hann jú taugar til Bandaríkjanna eftir langa veru þar. Hann lætur það þó ekki skyggja á gleði sína og minnist á að hann hafi á ráðstefnunni samt hvergi orðið var við samlanda sinn Björgólf Thor Björgólfsson, alþjóðafjárfesti og stofnanda fjárfestingarfélagsins Novators, sem einnig átti að taka þátt í umræðum á ráðstefnunni. „En hann er náttúrlega svo lágvaxinn að ég gæti hafa misst af honum,“ grínast Kári og hlær, um leið og hann gerir góðlátlegt grín að Markaðnum fyrir að hafa, um það leyti sem ráðstefnan stóð í síðasta mánuði, fallið í þá gryfju að segja Björgólf hafa komið fram, þegar hann forfallaðist á síðustu stundu.

Kári segist sækja nokkuð af ráðstefnum víða um heim og þá af tvennum toga, annaðhvort um viðskipti eða vísindi. „Ég fór til dæmis nýverið á vísindaráðstefnu í Addis Ababa og þar voru allir að spá í uppruna mannsins, enda ekki skrítið þar sem hann er jú rakinn til Afríku, þannig að það er nokkur munur á þessu tvennu,“ segir Kári. Hann bætir um leið við að þegar upp sé staðið fái hann alltaf það sama út; að hafa hitt ólíka einstaklinga og fengið þegar vel lætur að heyra áhugavert viðhorf. Með slíkt viðhorf telji3 st því allar líkur á að hann hafi komið betri maður af ráðstefnu Forbes í Danaveldi.




Humarhúsið

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

# AMERÍSKIR HEILSUDÝNUDAGAR







# HEILSU OG HÆGINDADAGAR Í JÚLÍ

SPRING AIR








Val um 100% náttúrleg gæðaefni



Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði



Tvíhert háflróað gormakerfi

Staðreyndir um SpringAir

www.design.is ©2006

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí

# Tafir hjá Microsoft

Bandaríski hugbúnaðarrisinn Microsoft greindi frá því í lok síðustu viku að tafir yrðu á því að Office 2007, nýjasti hugbúnaðarvöndull fyrirtækisins, kæmi í hillur verslana.

Í hugbúnaðarpakkanum er líkt og í öðrum Office-pökkum, ritvinnslubúnaður, töflureiknir, PowerPoint, tölvupóstforrit og fleira. Hugbúnaðarpakkinn átti upphaflega að koma á markað í október en nú lítur út fyrir að hann komi ekki á markað fyrr en í enda ársins. Jafnframt mun hugbúnaðarpakkinn fyrir einkatölvur ekki koma út í janúar heldur „snemma árs 2007", líkt og forsvarsmenn hugbúnaðarrisans sögðu í vikulokin.

Þetta eru ekki einu tafirnar hjá Microsoft því útgáfa á nýjasta stýrikerfi fyrirtækisins, Windows Vista, hefur dregist nokkuð. Stefnt er að því að fyrirtækjaútgáfa stýrikerfisins komi á markað í nóvember á þessu ári en útgáfan fyrir einkatölvur ekki fyrr en snemma á næsta ári.



**KYNNING Á OFFICE 2007** Jeff Raikes, einn af æðstu stjórnendum Microsoft, þegar hann kynnti nýja Office hugbúnaðarpakkann á Indlandi í apríl. MYND/AFP

Sérfræðingar í tölvumálum segja Windows Vista stærsta skref í þróun mála hjá Microsoft síðan fyrirtækið setti Windows 95 á markað og skipta afurðirnar miklu máli fyrir afkomu fyrirtækisins. - jab

# Kynhneigð drengja ræðst á fósturstigi

## Menn hafa löngum deilt um ástæður samkynhneigðar. Enginn hefur komist til botns í málinu.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Drengir sem eiga eldri bræður eru líklegri til að verða samkynhneigðir þegar þeir vaxa úr grasi en þeir strákar sem eiga fáa eldri bræður, yngri bræður eða systur. Þetta kemur fram í niðurstöðum kanadískrar rannsóknar um kynhegðun sem gerð var opinber í síðustu viku.

Anthony Bogaert, prófessor í sálfræði við Brock University í Kanada, sem gerði rannsóknina, segir niðurstöðurnar benda sterklega til þess að ástæður samkynhneigðar liggi ekki í uppeldi barna, líkt og sumir telji, heldur ráðist kynhneigð barna strax í legi móður. Þá bendir hann jafnframt á að engu skipti hvort viðkomandi drengur hafi búið með bróður sínum eður ei. Líkami móður, sem átt hefur fleiri en einn dreng, myndar mótefni sem hafi áhrif á heilastarfsemi drengja og þar með kynhneigð þeirra.

Þá kemur fram í niðurstöðum rannsóknarinnar að fyrir hvern eldri bróður aukast líkurnar um þriðjung á því að einhver yngri bræðra hans verði samkynhneigður.


**SAMKYNHNEIGÐIR KARLMENN Á GAY PRIDE UM HELGINA** Kanadískur sálfræðingur telur að efnabreytingar í legi kvenna sem hafa átt marga syni geti haft áhrif á heilastarfsemi ófæddra drengja og ráðið kynhneigð þeirra síðar um ævina. MYND/AP

Starfsbræður Bogaerts hafa tekið niðurstöðunum með nokkrum fyrirvara og segja mun fleiri þætti ráða því hvort drengir verði samkynhneigðir þegar þeir eldast.

# Fornaldarfíll á breskri grund

Breskir fornleifafræðingar, sem hafa rannsakað beinagrind fíls sem fannst við framkvæmdir við járnbrautarteina í Kent í Bretlandi árið 2004, segja veiðimenn hafa drepið fílinn fyrir 400.000 árum.

Beinagrind fílsins, sem er af útdauðri tegund, var 10 tonn að þyngd eða tvisvar sinnum stærri en meðalstórir fílar eru í dag. Hún fannst í nágrenni Kent þar sem lítið stöðuvatn var í fornöld. Á víð og dreif um staðinn fundust tæki og tól úr tinnusteini, sem fornleifafræðingarnir segja benda til að hópur veiðimanna hafi drepið fílinn með spjótum en notað tilhöggna steina til að flá hræið, skera kjötið af beinunum og éta það. Þetta er fyrstu vísbendingar þess efnis að fornir íbúar Bretlands hafi lagt sér fílakjöt til munns.

Einn fornleifafræðinganna, dr. Wenban-Smith, telur líklegt að veiðimennirnir hafi annaðhvort elt fílinn eða fundið hann sárþjáðan og drepið. „Síðan fundu þeir tinnustein í nágrenninu, réðust að hræinu og skáru kjötið af," sagði hann sagði líkur á að veiðimennirnir hefðu borið kjötið til búða sinna og snætt það hrátt. - jab


**FÍLAFJÖLSKYLDA** A.m.k. 400.000 ár eru síðan villtir fílar gengu frjálsir um breska grund. Árið 1997 fæddist fílsungi, sem hér sést á myndinni, í dýragarði í Kent í Bretlandi og er hann annar fíllinn sem fæðist í landinu. MYND/AFP

# Vélmenni keppa á HM

Þjóðverjar fóru með sigur af hólmi í tíunda heimsmeistaramóti vélmenna í knattspyrnu, Robocup, sem fram fór í Bremen í Þýskalandi og lauk á sunnudag.

Rúmlega 400 vélmenni af öllum stærðum og gerðum frá 36 löndum kepptu í 33 flokkum, þar á meðal í flokkum vélmenna með gervigreind og flokki fjórfættra vélmenna. Vélmenni frá Þýskalandi unnu í 11 flokkum. Kínversk vélmenni tóku annað sæti en nágrannar þeirra í Japan hrepptu þriðja sæti með sigri í sex flokkum.

Vélmenni voru í flestum hlutverkum í keppninni en tvö þeirra, Sango og Ami, sem Carnegie Mellon University í Bandaríkjunum þróaði, lýstu gangi nokkurra leikja í beinni útsendingu. Það er hins vegar fjarri að vélmennin hafi staðist samanburð við þá Gaupa, Þorstein J. og fleiri sem lýsa leikjum frá öllu hefðbundnara heimsmeistaramóti því vélmennin gátu ekki talað hvort ofan í annað. Engu að síður hafa þau mismunandi skapgerð en Sango lýsti leikjum í rólegheitum á meðan Ami sleppti af sér hendinni í hita leiksins.


**VÉLMENNAMÓTIÐ Í ÞÝSKALANDI** Talið er að um 150.000 manns hafi fylgst með heimsmeistaramóti vélmenna í knattspyrnu.

Aðstandendur keppninnar vonast til þess að eftir 44 ár muni vélmennin geta keppt við menn og farið með sigur af hólmi. - jab

Markmál
Þýðingar og skjalagerð
Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003


Jakki
Stærðir 48-64
5.330.-
Vesti
Stærðir M-XXL
4.600.-
Buxur
Stærðir 48-64
Frá 4.160.-
Góður vinnufélagi
ARCTIC WEAR
Sími: 534-2900
Vinnuföt - Hlífðarföt Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901

SÖGUHORNIÐ

# Rokkjöfur fæðist

Á morgun eru liðin 81 ár frá fæðingu rokkarans Bill Haley, forsprakka hljómsveitarinnar The Comets.

Haley fæddist í Michiganríki í Bandaríkjunum 6. júlí árið 1925. Hann var ungur að árum þegar hann smitaðist af tónlistarbakteríunni, stofnaði nokkrar hljómsveitir til að svala áhuga sínum og var einungis 18 ára þegar hann hljóðritaði sitt fyrsta lag, Candy Kisses. Þremur árum síðar ákvað hann svo að gera tónlistina að lifibrauði sínu, tók upp sveitatónlistarlög fyrir hin ýmsu útgáfufyrirtæki víðs vegar um Bandaríkin og starfaði um hríð sem útvarpsmaðurinn „The Ramblin' Yodeler". Árið 1948 stofnaði hann svo sína eigin hljómsveit, The Four Aces of Western Swing. Hvort nafngiftin eða lagaval hljómsveitarinnar stóð í vegi fyrir því að lög hennar slógu í gegn þá breyttu félagarnir tvívegis um stefnu og settu í rokkgírinn. Hluti af breytingunni var nýtt nafn á bandinu, sem eftirleiðis kallaðist Bill Haley with Haley's Comets. Haley þóttist sannfærður um að sú blanda af blúshljómum, sem honum heyrðist vera að ryðja sér til rúms, væri líkleg til vinsælda.


**BILL HALEY** Talið er að hann hafi selt um 60 milljónir hljómplatna á ferlinum þegar hann lést árið 1981.

Haley reyndist spámaður í eigin föðurlandi því smáskífur laganna seldust vel á austurströnd Bandaríkjanna og árið 1953 leit ljós fyrsti frumsamdi smellur hljómsveitarinnar, „Crazy Man, Crazy," sem Haley samdi í félagi við Marshall Lytle, bassaleikara hljómsveitarinnar. Lagið sló í gegn og á heiðurinn að því að vera fyrsta rokklagið til að fara á topp tíu lista Billboardlistans.

Ári síðar hljóðritaði Haley og hljómsveit hans stórsmellinn „Rock Around the Clock". Það er reyndar ofsögum sagt að lagið hafi slegið strax í gegn því það rétt náði inn á vinsældalista og hékk aðeins í eina viku í 23. sæti Billboardlistans. Vegur slagarans batnaði hins vegar ári síðar þegar upptökustjórinn James Myers hóf að senda tugum kvikmyndaframleiðenda í Hollywood eintak af smáskífunni ásamt meðmælum þess efnis að tilvalið væri að nota það í kvikmynd. Framleiðendur unglingamyndarinnar Blackboard Jungle bitu á agnið og ákváðu að nota það sem upphafsleg myndarinnar, sem fjallaði um uppreisnarunglinga á 6. áratug síðustu aldar. Myndin sló í gegn og lagið sömuleiðis.

Það er skemmst frá því að segja að frægðarsól Bills Haley fór í hæstu hæðir í kjölfar þess að „Rock Around the Clock" sló í gegn og var hann orðinn einn af vinsælustu tónlistarmönnum vestra um miðjan 6. áratug síðustu aldar.

Haley kom fram með hljómsveit sinni allt fram á 7. áratug og er talið að hann hafi selt um 60 milljónir hljómplatna er hann lést af völdum hjartaáfalls 9. febrúar árið 1981, einungis 55 ára að aldri.




*Við viljum gera heimilið þitt eins fallegt og þú átt skilið. Þess vegna vinnur Slippfélagið með fremstu stílistum landsins við litasamsetningar.*

*Komdu og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og saman finnum við draumalitasamsetningu fyrir heimilið þitt, bæði inni og úti.*

*Slippfélagið selur liti sem virka, málningu sem endist og vill þér bara það besta.*

# 120 ára afmæli Landsbankans var fagnað víða um land með veglegum hætti

Síðasta laugardag hélt Landsbanki Íslands upp á 120 ára afmæli sitt með veglegum hætti á fjórtán stöðum um land allt. Ljósmyndarar blaðsins kíktu á fögnuðinn sem ríkti í miðbæ Reykjavíkur, en þar voru margir til að gleðjast með bankanum.

„Það er ekki á hverjum degi sem tækifæri gefst til að halda 120 ára afmæli. Þess vegna var okkur í Landsbankanum í mun að gera það með eftirminnilegum hætti," sagði Björgólfur Guðmundsson í ræðu sinni á Ingólfstorgi í Reykjavík síðasta laugardag, fyrsta júlí. Þá bauð bankinn til fagnaðar, en hann var stofnaður þennan dag árið 1886. „Þegar sú hugmynd kom fram hjá starfsmanni bankans að banki allra landsmanna héldi afmælisveislu fyrir alla landsmenn var ekki aftur snúið. Og hér erum við í dag, 120 árum eftir að fyrsti banki landsins opnaði í Bakarabrekkunni hér við hinn enda Austurstrætis þar sem í dag er Bankastræti."

Afmælisfagnaður bankans stóð frá því klukkan tólf á hádegi og fram eftir degi, en veislan var ekki bara í Reykjavík því jafnframt var tímamótunum fagnað víða um land við þrettán útibú bankans. Á öllum stöðum var boðið upp á afmælisköku sem bökuð var eftir uppskrift Hafliða Ragnarssonar bakarameistara, en hann sá sjálfur um að baka 120 fermetra köku sem gestir og gangandi gæddu sér á í Austurstræti í Reykjavík.

Björgólfur skipti sögu bankans í fjögur tímabil. Frá stofnun til 1927 var hann aðallega viðskiptabanki auk þess að sjá um seðlaútgáfu. Til 1961 var bankinn svo í senn viðskiptabanki og fullgildur seðlabanki. „Hann var þá langstærsti bankinn og lánaði jafnt til sjávarútvegs og landbúnaðar, sem þá voru aðalatvinnuvegir þjóðarinnar," sagði Björgólfur og kvað hann á þeim tíma hafa orðið banka allra landsmanna. „Þriðja tímabilið, frá 1961 til 1996, var Landsbankinn viðskiptabanki í eigu ríkisins," sagði hann en frá þeim tíma, sem er fjórða tímabilið, hefur bankinn verið hlutafélag, nú að fullu í eigu einkaaðila. „Þetta er tími vaxtar, djörfungar, útrásar og alþjóðavæðingar. Viðskipti eru orðin frjálsari og samkeppni harðari, sem hefur skilað sér í aukinni þjónustu við viðskiptavinina. Jafnframt hefur gamalt kjörorð íslenskra banka, að græddur sé geymdur eyrir, loksins orðið að veruleika. Þar sem vextir eru frjálsir, tapa menn ekki á að spara."

Þá upplýsti Björgólfur að Landsbankinn hefði ákveðið að reisa nýjar höfuðstöðvar sínar á austurbakka Reykjavíkurhafnar, nærri tónlistarhúsinu. „Er það sannfæring mín að það hús mun setja sterkan svip á nýja miðborg líkt og Landsbankahúsið hefur í áratugi sett hér á Austurstræti og gamla miðbæinn." - okh



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON HELDUR AFMÆLISRÆÐU** Björgólfur, sem er formaður bankastjórnar Landsbanka Íslands, fór yfir sögu Landsbankans í hátíðarræðu sem hann flutti á Ingólfstorgi í Reykjavík á laugardaginn. Auk Björgólfs flutti ávarp Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkur. MARKAÐURINN/DANÍEL RÚNARSSON



**AFMÆLISBOLTI** Ungir sem aldnir fögnuðu 120 ára afmæli Landsbankans með leik í miðbæ Reykjavíkur síðasta laugardag. Boðið var upp á margvísleg skemmtiatriði og tækifæri til leikja. MARKAÐURINN/STEFÁN



**BOÐIÐ VAR UPP Á PYLSUR** Auk þess að bjóða upp á köku af metstærð lét Landsbankinn líka grilla ógrynni af pylsum sem allar voru borðaðar á afmælisdaginn. MARKAÐURINN/STEFÁN



**KAKAN AÐ KLÁRAST** Í 120 fermetra afmæliskökuna sem boðið var upp á í miðbænum á laugardaginn fóru yfir 720 kíló af deigi. Ekki var annað að sjá en að kræsingarnar legðust vel í mannskapinn. MARKAÐURINN/STEFÁN

Skrifstofuhúsgögn



Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

www.nytthus.is
einbýlishús
parhús
sumarhús
litaður panill í þakkanta
NýttHús
Nýtt Hús ehf.
Seylubraut 1
230 Reykjanesbæ
Sími: 414-3400


Kerfisloft
Svalagler
Steypumót
Gámaeiningar
Felliveggir
Gler og glerlausnir
Stálgrindarhús
Ertu í framkvæmdahug?
Hleðslubrýr
formaco
Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · www.formaco.is · formaco@formaco.is
Akstur- og iðnaðarhurðir
Gluggar og hurðir
Girðingar
Stigar
Kranar og vinnulyftur

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**8,8%** veiking krónunnar á öðrum ársfjórðungi ársins 2006.

**11** milljarða króna vöruskiptahalli í maí og hefur aldrei verið meiri.

**20%** hlutur FL Group í danska drykkjarframleiðandanum Royal Unibrew eftir að hafa bætt við sig fimm prósentum.

## BANKAHÓLFIÐ



### Leita að nýju skepnufóðri

Verð á fiskimjöli til fóðurgerðar er komið yfir 100.000 krónur á tonnið. Landssamband kúabænda veltir því upp hvort réttlætanlegt sé að nota fiskimjöl í skepnufóður þegar verð á mjölinu er jafn hátt og nú um stundir. Landsambandið hefur eftir Fiskifréttum að ástæður hækkananna sé 20 prósenta samdráttur á uppsjávarafla á sama tíma og rekstrarkostnaður útgerða í heiminum hafi hækkað verulega. Fiskimjöl er mjög góður prótíngjafi en þegar verðið er komið langt upp fyrir heildarmjólkurverð þá hljóti að þurfa að leita skepnufóðurs á öðrum miðum, að mati sambandsins.

### Fresturinn framlengdur

Framlengdur hefur verið til 17. þessa mánaðar frestur til að sækja um styrki sem menntamálaráðuneyti Danmerkur og Noregs veita á námsárinu 2006-2007 Íslendingum til náms við fræðslustofnanir í þessum löndum. Sérstaklega er horft til þess að styrkja framhaldsnám eftir iðnskólapróf og til starfsmenntunar sem ekki er unnt að afla hér. Á næsta ári verða í boði sambærilegir styrkir til náms í Svíþjóð. Nánari upplýsingar er að finna á vef menntamálaráðuneytisins en ekki fylgir sögunni hvað varð til þess að framlengja þurfti frestinn. Ef til vill er áhugi lítill á starfsnámi þegar atvinnu er næga að fá hér og því fáar umsóknir komnar.

### Skrúfað frá krananum

Allt stefnir í að offramboð verði á nýbyggingum áður en yfir lýkur. Hressilega hefur verið skrúfað frá byggingakrönunum og framboð að verða meira en eftirspurnin. Þau ungmenni sem dvöldust á hótel mömmu og tóku litla ábyrgð á sínum daunillu svefnklefum eru flest flutt að heiman. Að minnsta kosti þau sem á annað borð ætla að heiman. Vonir foreldra sem sitja uppi með ódáma sem vilja ekki flytja að heiman eru helstar þær að fáar afsakanir verða eftir þegar á leigumarkaðinn streyma nýjar og fínar íbúðir í úthverfunum í eigu bankanna.







### Viltu vinna hjá traustu og góðu fyrirtæki?
Óskum eftir vönu starfsfólki í afgreiðslustarf, vaktar og helgarvinna. Óskum eftir fólki í framtíðarstarf, lágmarksaldur 18 ára.
**Áhugasamir hafi samband í síma 893 2323 eða á www.kringlukrain.is**

### Matreiðslumaður óskast.
Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða mann með góða reynslu í eldhús frá og með haustinu, þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt.
**Áhugasamir hafi sambnad í síma 863 8900eða á www.kringlukrain.is**

Söluturn og matstofa óskar eftir starfskrafti sem getur byrjað strax. Góð laun og mikil vinna. Uppl. í síma 551 6040 & 897 6966.

### Málarar Athugið!
Óskum eftir málurum eða vönum mönnum.
**Uppl. í síma 898 4782.**




### Ítalía - veitingahús
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir þjónum í sal. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu, ekki yngri en 18 ára.
**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11**

### Hrafnista Reykjavík
Baðvörður óskast til framtíðarstarfa. Um er að ræða hlutastarf við sundlaug Hrafnistu í Reykjavík. Vinnutími frá 8 -12.30.
**Upplýsingar gefur Magnea í síma 585 9529. Netfang magnea@hrafnista.is Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu hrafnistu www.hrafnista.is**

### Vífilsstaðir - Garðabæ
Sumarvinna. Starfsfólk óskast í sumarafleysingar. Starfshlutfall samkomulag Sveiganlegur vinnutími.
**Upplýsingar gefur Sigríður Pálsdóttir í síma 599 7011 og 664 9565 . Netfang sigtal@vifilsstadir.is Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu hrafnistu. www.hrafnista.is**

### Hressingarskálinn Austurstræti
Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Vantar vanan matreiðslumann í eldhús sem getur byrjað sem fyrst.
**Upplýsingar í síma 862 1118. Valdimar**

### Veitingahúsið Nings Wok bar
Nings Wok Bar Smáralind og Kringlunni óskar eftir að ráða jákvætt og duglegt starfsfólk. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af eldamennsku. Ekki yngri en 18 ára.
**Upplýsingar í síma 822 8832 og einnig inn á www.nings.is**

### Múrarar, byggingaverka
Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig bygginaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múrarameistari

### Dekkja og smurverkstæði
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

Hjúkrunarheimilið Holtsbúð Garðabæ óskar eftir starfsfólki í aðhlynningu á næturvaktir. Starfsfólk í aðhlynningu dag- og kvöldvaktir. Starfsmann til ræstinga. Sveigjanlegur vinnutími. Upplýsingar veitir Ragnheiður Alfreðsdóttir sími 535 2222, 694 5206 ragnheidur@holtsbud.is Hildur Ólafsdóttir 535 2200.

Ræstingar - Fyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir starfskrafti til ræstinga - 2 x 3 tíma í viku. Snyrtilegt umhverfi. Uppl. í síma 414 2700.

Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

### Vélamaður og meiraprófsbílstjóri
Óskast sem fyrst. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 861 5577.

Óska eftir manni í málningavinnu. Næg vinna framundan. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 891 6999.

Véla og verkamenn Óskum eftir að ráða véla-og verkamenn til vinnu. Upplýsingar í síma 893 7310.

### Vantar mann strax
Vantar mann strax með meirapróf. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 898 9006.

### Hrói Höttur Hringbraut
óskar eftir kokk/grillara í fulla stöðu. Góð laun í boði. Ekki yngri enn 25 ára. Upplýsingar í síma 844 6292 Eva.

### Flísalagningamaður.
Óskum eftir múrara, flísalagningamanni eða mönnum vönum múrverki. Mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 699 1434.

## Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, útvegar pólskt starfsfólk. Upplýsingar í s. 894 7799 eða ispolska@simnet.is

22ja ára karlmaður með meirapróf óskar eftir starfi við asktur á Árborgarsvæðinu. S. 849 0617.

## Viðskiptatækifæri

### Barrekstur til sölu
Á spáni. Upplýsingar í s. 00 346 3990 2488 & 00 349 2876 7532.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Sony myndavél tapaðist á Vindheimamelum. Fundarlaun í boði. S. 424 6555 & 845 3823.

## Ýmislegt

kynningarvika, kynningarvika. Pizza Holt.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33.

### Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál







Dömurnar á Rauða Torginu eru síbreytilegur hópur yndislegra kvenna á öllum aldri. Langar þig í hressandi símaleik? Ljúft spjall við fallega dömu? Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín.) og 535 9999 (Visa, Mastercard, kr. 199,90 mín.).

Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið.

### Nudd
Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

## Leikir

Bingó í kvöld, allir velkomnir. Vinabær.

## FASTEIGNIR

Það er gott að búa á austurlandi

# Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU









## 2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

**FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.**

**2 herb. verð frá KR. 12.850.000*** TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

**3 herb. verð frá KR. 16.450.000*** TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS — 567 3400

FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. — 580 7905

domus — 545 0555

Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 13
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
LÖGG. FASTEIGNASALI

### Opið hús milli kl. 17 og 19 í dag
### Laugavegur 70B - Falleg íbúð

Frum



Mjög sjarmerandi og kósí 2ja herbergja 43,5 fm íbúð á 2. hæð í bárujárnsklæddu bakhúsi í hjarta borgarinnar. Eignin skiptist í eldhús, stofu, svefnherbergi og rúmgott baðherbergi. Baðherbergi er nýlega uppgert á fallegan máta. Falleg gluggasetning og sameiginlegt þvottahús í sameign. **Verð 12,9 millj.**

**Egill og Guðný taka vel á móti gestum í dag milli kl. 17 og 19. Bjalla merkt Egill og Guðný**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

DP FASTEIGNIR
www.dpfasteignir.is
Dögg Pálsdóttir hrl., lögg. fast.sali Þyrí Steingrímsdóttir hdl., lögg. fast.sali. Andri Sigurðsson sölustjóri Ólafur Finnbogason sölumaður
Við erum í Félagi fasteignasala

### PARADÍS VIÐ HAFRAVATN
### OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17-19

Frum



Fallegt og vel við haldið heilsárshús rétt við borgarmörkin á stórri lóð (2000fm) sem er í góðri rækt. Eignin skipist í hol, stofu, eldhús, 2 svefnherbergi, baðherb. m/sturtu, sólskála og bátaskýli. Stór verönd í suður með útsýni yfir Hafravatn.
EIGNIN VERÐUR SÝND MIÐVIKUDAGINN 5. JÚLÍ FRÁ KLUKKAN 17-19.

**Ólafur Finnbogason sölumaður sýnir eignina S: 822-23207**

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is



## RAFLAGNIR ÍSLANDS ehf.
## RÍ-VERSLUN & ÞJÓNUSTA

# Tækni- og sölustjóri

Óskað er eftir starfsmanni til að annast sölu og hönnun á tæknivörum og iðnaðar innréttingum. Upplýsingar um helstu vörur má sjá á www.ri-verslun.is.

Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra, Bjarni H. Matthiasson með pósti eða á netfang: bjarni@ri-verslun.is

www.ri-verslun.is

allt atvinna
Alla sunnudaga

## THE STANDARD LIFE ASSURANCE COMPANY
## YFIRFÆRSLA Á LANGTÍMA VÁTRYGGINGASTARFSEMI TIL
## SLLC LIMITED, SEM GEFIÐ ER HIÐ NÝJA NAFN STANDARD LIFE ASSURANCE LIMITED

Athygli er hér með vakin á því að þann 9. júní 2006 kvað Hæstiréttur Edinborgar (“The Court of Session”) upp úrskurð samkvæmt VII. hluta fjármálaþjónustu og markaðslaganna (hér eftir “lögin”) um:

(a) heimild fyrir áætlun um framsal vátryggingarstarfsemi (“áætlunin”), þar sem langtíma vátryggingastarfsemi, the Standard Life Assurance Company (“fyrirtækið”), mun færast yfir til SLLC Limited en áætlað er að breyta nafninu í Standard Life Assurance Limited við yfirfærsluna (“SLAL”), sem tekur gildi á þeim tíma sem ákveðin er í áætluninni (“gildistími”);

(b) yfirfærslu til kaupandans SLAL, á eignum og skuldbindingum fyrirtækisins sem gildi tekur frá gildistíma og tekur úrskurður ekki gildi varðandi eftirstæðar eignir skuldbindingar (eins og skilgreint er í áætluninni, fyrir utan eftirstæðar eignir og skuldbindingar varðandi SL Indland og SL Kína) fyrr en við síðari gildisdag (sem skilgreindur er í áætluninni);

(c) áframhald allra málaferla SLAL sem eru í gangi og fyrirtækið hefur höfðað eða sem höfðuð hafa verið gegn fyrirtækinu á gildistíma, að undanskyldum málshöfðunum sem tengjast eftirstæðum eignum eða skuldum, skal úrskurðurinn ekki taka gildi fyrir en við síðari gildisdag;

(d) slit félagsins, án gjaldþrotaskipta, á þeim degi þegar hlutafélagaskrá í Edinborg er afhent afrit samþykktar stjórnar fyrirtækisins þar sem stjórnin ákveður eftir þeirra bestu trú og vitneskju og eftir að hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja að rétt sé með farið, að allar eftirstæðar eignir og skuldir, ef einhverjar, hafi verið framseldar til SLAL og að fyrirtækið eigi engar eignir og skuldir;

(e) að heimila fyrirtækinu og SLAL að óska eftir úrskurði dómstóla, samkvæmt d.lið 1.mgr. 112. hluta laganna, um hvers kyns tilfallandi, afleidd eða viðbótar mál, sem nauðsynleg eru til þess að tryggja að áætlunin sé framfylgt í einu og öllu; og

(f) tilnefningu SLAL skv. 10.mgr. 112. hluta laganna til þess að láta Fjármálaeftirlitið fá tvö löggilt eintök af úrskurðinum.

Í samræmi við 4.mgr. 86.gr laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi, geta vátryggingatakar hjá fyrirtækinu, í tilvikum þar sem Ísland er sá staður þar sem skulbindinguna á að efna, sagt upp vátryggingasamningi sínum við félagið frá þeim degi er flutningur stofnsins á sér stað tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi langtíma vátryggingastarfseminnar frá The Standard Life Assurance Company (“fyrirtækinu”), til SLLC Limited.

Afrit af úrskurðinum, þar sem áætlunin er staðfest, er unnt að fá með beiðni til Dundas & Wilson CS LLP, Saltire Court, Edinborg, EH1 2EN, Bretland (Tilvísun: PMM/CJGH/SL8000).

**Viðauki**

*The Standard Life Assurance Company, 30 Lothian Road, Edinborg, EH1 2DH, Bretland*










## Langabrekka 39
Kópavogur
Laust fljótlega

**Einbýlishús á einni hæð**
Stærð húss: 115 fm.
Stærð bílskúrs: 38 fm.

Fallegt og vel viðhaldið einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr. Fallegur garður í góðri rækt.
Tvö svefnherbergi - stofa / borðstofa - eldhús - búr - þvottahús og baðherbergi.



Sigurður Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali



Lóa Sveinsdóttir, sölufulltrúi
GSM 698 8733 / Sími 520 9400
loa@remax.is








## Rjúpnasalir 12
**LAUST STRAX**

Kópavogur
Opið hús í dag á milli kl. 17:30 og 18:30

**Verð: 26,9 millj.**
Stærð: 111 fm.

Verulega falleg íbúð á 5. hæð í nýlegu lyftuhúsi. Tvö svefnherbergi - eldhús með borðkrók - stofa / borðstofa - þvottahús inní íbúð - baðherbergi. Stórar suðursvalir. Fallegt útsýni. Bílskýli og stór geymsla í sameign.

Hér er bara að flytja inn !



Sigurður Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali



Lóa Sveinsdóttir, sölufulltrúi
GSM 698 8733 / Sími 520 9400
loa@remax.is

FASTEIGNASALAN

# GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI GIMLI

570 4800

Hákon Svavarsson löggiltur fasteignasali, Sveinbjörn Halldórsson sölustjóri, Grétar Kjartansson, Ellert Bragi Sigþórsson, Kristinn G. Kristjánsson
Katrín Gísladóttir, Sigurberg Guðjónsson hdl. og Árni Stefánsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - Fax 570 4810**


*Hákon Svavarsson löggiltur fasteignasali*


*Sveinbjörn Halldórsson sölustjóri*


*Grétar Kjartansson sölumaður*


*Ellert Bragi Sigurþórsson sölumaður*


*Kristinn G. Kristjánsson sölumaður Suðurlandi*


*Katrín Gilsadóttir ritari*


*Sigurberg Guðjónsson hdl. skjalafrágangur*


*Árni Stefánsson viðskiptafr. og lögg. fasteignas.*

## OPIÐ HÚS Í KVÖLD FRÁ KL 18:00 - 20:00 MÁVAHLÍÐ 1 - 3JA HERBERGJA



Mjög falleg 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi. Sameiginlegur inngangur með einni íbúð. 2 góð svefnherbergi með skápum í öðru. Baðherbergi með kari. Ný innrétting í eldhúsi. Stofa með útgang á suður svalir. Hús og sameign til fyrirmyndar. **Verð 25,7 m.**

**Magnús og Ragna sýna eignina í dag miðvikudag frá kl. 18 - 20**

## BREIÐAVÍK - FALLEG EIGN



Falleg og vel skipulögð 4ra herb. íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli. Þrjú rúmgóð herbergi og stór og björt stofa með útg. á stórar suðursvalir. Fallegt útsýni. Fallegar Kirsuberjainnréttingar og hurðir. Parket og flísar á gólfum. Mögl. er að byggja bílskúr. **Verð TILBOÐ. LAUS FLJÓTLEGA**

## VATNSENDAHLÍÐ - SKORRADAL



Nýtt á skrá sérlega vel staðsett og vel skipulagt 62,2 fm sumarhús ásamt tæplega 10 fm gestahúsi á frábærum útsýnisstað. Húsinu verður skilað fullbúnu að utan, með timburverönd og heitum potti, tilb. undir tréverk að innan, veggir og loft einangraðir og plastaðir, kaldavatns og rafmagnsinntak komið í hús. **Tilvalið tækifæri fyrir þá sem vilja klára sitt hús sjálf/ir. Verð 13,5 millj.**

## GYÐUFELL - 2JA HERB.



Vorum að ffá í sölu góða 67 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin er laus strax. Stofa og eldhús með parketi. Herb. með dúk og bað með flísum á gólfi. Hvít innrétting í eldhúsi og á baði. Yfirbyggðar suðursvalir. **Verð 12,9 millj.**

## OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 17:00 - 18:00 BAKKASTAÐIR 167 - 112 RVÍK.



Nýtt á skrá sérlega falleg og afar björt 100 fm íbúð á 2. hæð. Stórar suðursvalir, sérþvottahús innan íbúðar. Fallegt flísalagt baðherbergi með sturtuklefa og baðkari. Stór og rúmgóð stofa nýtist einnig sem borðstofa/borðkrókur. Tvö stór og rúmgóð svefnherbergi. Geymsla innan íbúðar ( nýtt sem þriðja herb ) Mahóný innrétting í eldhúsi. Parket á öllum gólfum nema baði, þvottahúsi og forstofu, þar eru flísar. **Verð 26,9 millj. Áhv. lán frá Glitni 4,15% vextir.**

## LJÓSVALLAGATA - SÉRINNGANGUR



Nýtt á skrá sérlega falleg, björt og afar sjarmerandi 74,4 fm íbúð með sérinngangi. Innan íbúðar eru tvö svefnherbergi, annað inn af forstofugangi og hitt inn af stofu. Forstofan er flísalögð, fatahengi, inn af forstofu er tengi fyrir þvottavél. Eldhús með hvítri innréttingu, innbyggð uppþvottavél fylgir með, borðkrókur. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, sturtuklefi. Stofan er björt og rúmgóð, snýr út í garð. **Verð 18,8 milj.** Garðurinn er afgirtur, sameiginlegt bakhús. **Í heild afar falleg og mikið endurnýjuð íbúð á eftirsóttum stað í næsta nágrenni við Háskóla Íslands.**

## NJÁLSGATA - 2JA HERB.



Sjarmerandi og vel skipulögð 2ja herb. íbúð, sambyggt sérbýli 42 fm á einni hæð með sérinngangi. Gengið er bakatil. Innan íbúðar er eitt rúmgott svefnherbergi með góðu skápaplássi. Forstofan er dúklögð, rúmgott eldhús með furuinnréttingu og borðkrók. Stofan til hliðar við forstofu. Baðherbergi með sturtuklefa og tengi fyrir þvottavél, dúkur á gólfi. Parket á stofu og herbergi. Loftklæðning og einangrun í eldhúsi og svefnherbergi var endurnýjuð á þessu ári, og útloftun sett á þakið. Rafmagnstafla er endurnýjuð. Geymsluris yfir hluta íbúðar og skriðkjallari. **Verð 13,8 millj.**

**Allar nánari upplýsingar í síma 570 4800**

Traust þjónusta í 20 ár — Sími 570 4800

Frum

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.447 **+0,41%** **Fjöldi viðskipta:** 237 **Velta:** 3.664 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| FL Group | +7,78% | Flaga | -0,82% |
| Bakkavör | +1,79% | Alfesca | -0,75% |
| Avion | +1,24% | Mosaic Fashions | -0,63% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,40 +0,64% ... Alfesca 3,97 -0,75% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Atorka 6,18 +0,49% ... Avion 32,60 +1,24% ... Bakkavör 45,60 +1,79% ... Dagsbrún 5,67 +0,00% ... FL Group 18,00 +7,78% ... Glitnir 17,40 -0,57% ... KB banki 739,00 -0,14% ... Landsbankinn 20,00 +0,50% ... Marel 70,80 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,80 -0,63% ... Straumur-Burðarás 17,00 +0,59% ... Össur 109,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Paulson ekki með tóma vasa

Henry Paulson hætti störfum sem forstjóri og stjórnarformaður bandaríska fjárfestingabankans Goldman Sachs í upphafi vikunnar en bandaríska öldungadeildin hefur samþykkt tilnefningu hans í embætti fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sem George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, skipaði hann í maílok.

Árslaun Paulsons hjá bankanum námu rúmum 1,4 milljörðum íslenskra króna en laun fjármálaráðherra Bandaríkjanna nema „einungis" 13,5 milljónum króna á ári. Þetta er því umtalsverður launamunur sem Paulson tekur á sig í nýju starfi.

Það er hins vegar fjarri að hann hafi gengið með tómt veski frá höfuðstöðvum Goldman Sachs því bankinn greiddi honum í byrjun vikunnar 1,4 milljarða krónur í árangurstengdar bónusgreiðslur fyrir störf hans hjá bankanum á fyrstu sex mánuðum ársins.

Jafnframt þessu seldi Paulson hlutabréf sín í bankanum fyrir 26 milljónir dala, jafnvirði tæpra 2 milljarða íslenskra króna og innleysti fjármagn úr sjóði sínum á vegum bankans, sem hann hafði lagt í ásamt eiginkonu sinni. Að sögn talsmanns bankans mun ekki vera gefið upp hversu háar fjárhæðir Paulson og kona hans áttu í sjóðnum þar sem hann er ekki lengur starfsmaður bankans. **- jab**



**HENRY PAULSON** Hinn nýi fjármálaráðherra Bandaríkjanna hrapaði í launum þegar hann hætti sem forstjóri og stjórnarformaður fjárfestingabankans Goldman Sachs í vikunni.
MYND/AFP



**VINNA AÐ SAMEININGU** Skiptihlutföll eru SPV í vil, sem fær 61 prósent.

# Samruni SPH og SPV í gang

Stjórnir SPH og SPV hafa samþykkt áætlun um sameiningu fyrirtækjanna en formlegar viðræður hófust á milli stjórnarformanna sjóðanna í vor.

Skiptihlutföll verða SPV í vil sem fær 61 prósent af kökunni en SPH 39 prósent. Þetta er nánast samhljóða því sem Fréttablaðið greindi frá í apríl.

Stefnt er að því að nýr sparisjóður hefji starfsemi sína síðar á árinu. Í tilkynningu í vor kom fram að sparisjóðirnir haldi nöfnum sínum og fjöldi afgreiðslustaða verði óbreyttur.

Heildareignir sparisjóðanna námu rúmum 80 milljörðum króna um síðustu áramót, eigið fé var tæpir 9,9 milljarðar króna og heildarhagnaður ársins 2005 var yfir 1,8 milljarðar. **- eþa**

# Breytingar í stjórn TM

Ljóst er að mannabreytingar verða á stjórn TM á hluthafafundi sem fram fer í dag. Til stjórnar hafa boðið sig fram Guðmundur Davíðsson, starfsmaður Landsbankans, og Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður og framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Grettis, fyrir hönd Sunds og koma þeir í stað Jóns Kristjánssonar og Páls Þórs Magnússonar. Aðrir stjórnarmenn sitja áfram en það eru þau Geir Zoëga, Guðbjörg Matthíasdóttir og Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson. **- eþa**



**NÝ FRAMKVÆMDASTJÓRN** Besta og A. Karlsson ehf. sem nýverið sameinuðust hafa fengið nýja framkvæmdastjórn.

# Breyta um stjórnendur

Ný framkvæmdastjórn hefur tekið við hjá A. Karlssyni ehf. í kjölfar sameiningar við Besta ehf. Sameinað fyrirtæki mun bjóða öflugar heildarlausnir í búnaði og rekstrarvörum fyrir fyrirtæki og stofnanir með áherslu á heilbrigðis-, hótel- og veitingageirana. Forstjóri er Linda Björk Gunnlaugsdóttir sem meðal annars var áður framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá Skeljungi og framkvæmdastjóri Eimskipa í Færeyjum. Framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs er Guðmundur Hreiðarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs er Ingólfur Garðarsson og fjármálastjóri er Melrós Eysteinsdóttir. **- hhs**



REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA
HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.
BYLGJAN 20 ÁRA
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



†

*Okkar ástkæri*

**Einar Sæmundsson**

fyrrverandi formaður KR, Jökulgrunni 27, Reykjavík,

andaðist á Landspítala við Hringbraut mánudaginn 3. júlí.

**Auður Einarsdóttir**
**Ásbjörn Einarsson** **Jóna Guðbrandsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Gunnar Guðmundsson**
**Helga Einarsdóttir** **Ólafur Davíðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Erna Sigurbjörg Ragnarsdóttir**

hárgreiðslumeistari, Löngufit 24, Garðabæ,

lést föstudaginn 30. júní. Hún verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 7. júlí, kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Holtsbúð í Garðabæ.

**Jón Boði Björnsson**
**Jóhanna Eiríksdóttir**
**Gréta Boða** **Sveinn Gaukur Jónsson**
**Guðbjörg Jónsdóttir** **Þröstur Gestsson**
**Hafdís Jónsdóttir** **Björn Leifsson**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Guðmundur Bergmann Jónsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,*

**Valdimar Guðmundur Jakobsson**

Álfaborgum 27, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 27. júní verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 6. júlí kl. 13.00.

**Jakob Valdimarsson**
**Þráinn Kristjánsson**
**Lára Kristjánsdóttir** **Grétar Geirsson**
**Örn Berg Guðmundsson** **Ragnhildur Gröndal**
**Björk Kristjánsdóttir**
**Stefanía Kristjánsdóttir** **Ásgeir Þór Hjaltason**
**Sigurlaug Jakobsdóttir** **Bragi Már Bragason**
**og frændsystkini.**



†

*Ástkær bróðir okkar og mágur,*

**Heiðar Þórarinn Jóhannsson**

Lundargötu 10, Akureyri,

lést af slysförum sunnudaginn 2. júlí.

**Jón Dan Jóhannsson** **Ruth Hansen**
**Rúnar Jóhannsson** **Jónheiður Kristjánsdóttir**
**Guðmundur Jóhannsson** **Eva Ingólfsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Jónsson**

frá Köldukinn í Dalasýslu, Hraunbæ 90, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum sunnudaginn 25. júní sl. verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 6. júlí kl. 15.00.

**Guðrún Hjartardóttir**
**Anna Jóna Sigurðardóttir** **Einar H. Kristjánsson**
**Karl Arne Sigurðsson** **Birthe Sigurðsson**
**Árni Sigurðsson** **Selma Magnúsdóttir**
**Hjörtur E. Sigurðsson**
**Ingunn Sigurðardóttir** **Jón Axel Brynleifsson**
**Jón Óli Sigurðsson** **Kristín Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**HOWARD NEMEROV (1920-1991), LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ekkert í heiminum fer hraðar en ljósið, segja þeir, og gleyma hraða skuggans.“*

***Bandaríska ljóðskáldið Howard Nemerov vann fjölda verðlauna fyrir skáldskap sinn á langri ævi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 5. JÚLÍ 1950

# *Endurkomulögin staðfest*

Á þessum degi staðfesti ísraelska þingið svokölluð endurkomulög. Lögin tryggja öllum gyðingum rétt til að setjast að í Ísrael og fá ísraelskan ríkisborgararétt.

Lögin segja að Ísrael sé ekki einungis heimaland þeirra sem búa innan ríkisins heldur allra gyðinga, hvort sem þeir búa við fátækt og ofsóknir eða stöðuleika og öryggi. Gyðingum heimsins sé því ávallt velkomið að snúa aftur til heimalands forfeðra þeirra.

Þegar lögin voru sett var ekki tilgreint frekar hverjir gætu talist gyðingar. Árið 1970 var samþykkt viðbót við lögin til að reyna að koma til móts við þá óvissu.

Gagnrýni hefur komið fram um að endurkomulögin séu einn hluti regluverks sem geri gyðinga rétthærri ísraelskum aröbum. Aðrir verja lögin og segja þau endurspegla útskúfun gyðinga og vega einungis upp á móti órétti sem þeir hafi verið beittir annars staðar í heiminum.



**GRÁTMÚRINN Í JERÚSALEM**

## HAFÍSSETUR Á BLÖNDUÓSI: OPNAÐ Í DAG

# Furðulega fjölbreyttur hafís



**DR. ÞÓR JAKOBSSON VEÐURFRÆÐINGUR** Ferðamenn ættu að gefa sér tíma til að stoppa á Blönduósi og heimsækja hafíssetrið. Þór segir að Blönduós hafi verið kjörinn staður fyrir setrið vegna þess að hafísinn kemur þangað fljótt og heita Húnavatnssýslur eftir hvítabjörnum sem komu þar á land eins og getið er um í Íslendingasögum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Enn bætist í safnaflóru á landsbyggðinni því í dag verður opnað Hafíssetur á Blönduósi. Setrið er í elsta timburhúsi landsins, Hillebrantshúsi, og er þar saga hafíss á Íslandi rakin í máli og myndum.

„Við vonumst til að fólk staldri við á setrinu, svo ferðamenn til dæmis bruni ekki alltaf gengum bæinn,“ segir dr. Þór Jakobsson veðurfræðingur sem er einn helsti hvatamaður að stofnun setursins. Þór er veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands og hefur stundað rannsóknir á hafís. Hann segist hafa fengið hugmyndina að setrinu sjálfur en ítrekar að aldrei sé nóg að fá hugmynd, einhverjir þurfi að koma að því að framkvæma hana. „Ég fékk strax mjög góðar undirtektir hjá Blönduósbæ og bæjarstjórarnum Jónu Fanneyju Friðriksdóttur enda er alltaf mikilvægt að fólkið heima fyrir vinni að slíkum verkefnum. Húsið sjálft er safngripur svo það small vel saman að hafa setrið þar.“

Spurður um af hverju hann hafi leitað til Blönduóss til að hýsa safnið segir hann að alltaf hafi legið beint við að hafa safnið á Norðurlandi. „Hafísinn kemur fyrst að Norðurlandi, færist austur með Vestfjörðum og inn Húnaflóa. Nafnið Húnaflói vísar í sagnir úr Íslendingasögum um hvítabirni sem voru þarna á ferðinni og hvítabjörninn er í merki Húnavatnssýslu. Böndin bárust því að Blöndósi.“

Þór segir að mikill munur sé að fá góðan hönnuð til að setja upp sýninguna og að Björn G. Björnsson hafi unnið við það mjög gott starf. „Í setrinu er lögð áhersla á myndir og margar þar glæsilegar af ís og borgarís sem er furðulega fjölbreytilegur. Þarna er einnig mikill fróðleikur, og vonandi læsilegur, á spjöldum.“ Unnið er úr upplýsingum frá fyrri öldum um hafís auk þess sem velt er upp spurningum eins og hvað er hafís og hver sé munurinum á venjulegum lagnaðarís sem breiðist yfir sjóinn og borgarís. „Þetta eru engin línurit, útreikningar eða svoleiðis, heldur útskýrt með mæltu máli,“ útskýrir Þór. Ýmislegt fleira er að sjá í safninu, meðal annars stærðarinnar hvítabjörn sem stendur upp á endann og þurfti að lækka gólfið í húsinu til að koma honum fyrir.

Safnið er í minningu Jóns Eyþórssonar sem var fyrsti lærði veðurfræðingurinn á Íslandi. „Jón var merkur maður og fór fyrstur manna að skrá hafískomur til landsins þegar hann vann hjá Veðurstofunni. Hann var Húnvetningur og fæddist á Þingeyrum sem eru skammt frá Blönduósi. Hann skrifaði mikið um náttúru Íslands og okkur þótti við hæfi að hafa safnið í minningu hans.“

Reynt verður að gera safnið lifandi og brydda upp á ýmsu í kring um það. „Kannski verður boðið upp á ferðir í næsta borgarísjaka sem kynni að fljóta inn í flóann með haustinu og kannski verða kafarameistarar sem kafa með fólki niður með borgarísjakanum. Einnig verður hægt að nota bíó sem er þarna á Blönduósi til fyrirlestra og fleira,“ segir Þór.

Hafíssetrið á Blönduósi verður formlega opnað í dag klukkan 18 og er öllum boðið að vera við opnunina.



†

*Okkar innilegustu þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Guðmundar Guðjónssonar**

Eyrarholti 6.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Landspítalanum í Fossvogi fyrir frábæra umönnun og kærleik.

**Jóhanna Sigurðardóttir**
**Ragnhildur Guðmundsdóttir** **Bragi Bragason**
**Elín Guðmundsdóttir** **Hermann Guðmundsson**
**Hjördís Guðmundsdóttir** **Marco de Aquilar**
**og barnabörn**
**Elín Gísladóttir**
**Þóra Elín Guðjónsdóttir** **Jón Rúnar Backman**
**Ragnhildur Sigurjónsdóttir**

## ÚTFARIR

13.00 **Eiður Arnarson**, Fagrahvammi 3, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju.

13.00 **Ingibjörg Bragadóttir**, Hamraborg 18, Kópavogi, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

13.30 **Magnea Júlíusdóttir**, áður til heimilis í Löngumýri 14, Akureyri og hjúkrunarheimilinu Skjaldarvík, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Sigmar Jóhannesson** sjómaður, Egilsbraut 2, Þorlákshöfn, verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju.



†

*Konan mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hallgerður Sjöfn Helgadóttir**

Dynskógum 1, Egilsstöðum,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans 26. júní sl. verður jarðsungin frá Egilsstaðakirkju fimmtudaginn 6. júlí kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Kristinn Árnason**
**Árni Kristinsson**
**Helgi Kristinsson** **Svava Þórey Einarsdóttir**
**Aðalheiður Sjöfn og Kristinn Viktor.**





LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



4.664 KR. Á MÁNUÐI TIL 5. OKTÓBER*
SUMARTILBOÐ
STÖÐ 2 BÍÓ FYLGIR FRÍTT MEÐ!
* MIDAD VID EINGREIDSLU
515 6100 | STOD2.IS
SKÍFAN | OG VODAFONE




# STUÐ MILLI STRÍÐA Leynifélag

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ER MEÐ LAUSN Á ÞJÓÐARÖRYGGISDEILDINNI



Þegar ég var átta eða níu ára stofnaði ég leynifélag með elsta vini mínum sem heitir Guðmundur - oftast kallaður Gússi. Við stofnuðum félagið af brýnni þörf enda leyndust hætturnar víða í hverfinu okkar, sem stendur vestan við lækinn í Hafnarfirði.

Þetta var ansi öflugt félag. Við áttum okkar eigin leynistaði sem við gátum flúið til þegar hættur steðjuðu að og eins og hjá öðrum leynifélögum áttum við okkar eigið vopnabúr sem samanstóð af túttubyssum, teygjubyssum, heimasmíðuðum bogum og örvum auk þess sem við áttum allskyns snæri og reipi sem við notuðum til að binda meinta óvini með eða sveifla okkar milli staða í skógi vöxnum garðinum hjá Sigurði Blöndal, fyrrverandi skógræktarstjóra ríkisins. Og eins og hjá öllum öðrum leynifélögum vorum við orðnir vel vænissjúkir og grunuðum allt og alla um græsku. Þar á meðal frænku vina okkar, sem var veik á geði, en við vorum sannfærðir um að hefði skotið úr alvöru byssu á okkur á meðan á einni af njósnaferðum okkar stóð.

Því miður er afskaplega lítið eftir af leynifélaginu góða nema minningin sjálf enda var það lagt niður um það bil sem við fórum að komast á unglingsárin. Heimsmynd okkar hafði þá breyst og verkefnin voru orðin allt önnur. Einu minjar leynifélagsins má í raun finna í litla íþróttahúsinu við gamla Lækjarskóla þar sem við ristum í tréstaur nafn félagsins, KG, sem var samansett úr upphafsstöfum okkar beggja.

Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, hefur nú boðað stofnun svokallaðra þjóðaröryggisdeildar eða leyniþjónustu Íslands. Í fljótu bragði virðist þjóðaröryggisdeildin eiga að gegna svipuðu hlutverki og gamla leynifélagið okkar, það er að bregðast við hættum í umhverfinu. Það er því kjörið tækifæri fyrir dómsmálaráðherra að ráða okkur Gússa til starfa hjá leyniþjónustunni, enda höfum við alla þá reynslu sem til þarf. Það sem meira er þá myndum við gera Björn að fullgildum meðlim í leynifélaginu og um leið gætum við fullkomnað nafn þess, sem væri sem fyrr myndað úr upphafsstöfum félaganna og yrði því KGB.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Boot cAmp




# Við hlaupum Blátt áfram...




## ... alla leið frá Hellu til Reykjavíkur

Boot Camp þjálfararnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason ætla að leggja af stað frá Hellu á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 8. júlí og hlaupa til Reykjavíkur.

**Hver og einn þeirra mun hlaupa tvö og hálft maraþon!**

## Hvað getur þú gert til að styrkja Blátt áfram?

- **Þú getur keypt bol***
  *og fylgt Boot Camp þjálfurunum síðasta spölinn - frá hlaupastöð 1 eða 2*
- **Þú getur hringt í 907 2000**
  *þá dragast 1.000 kr. af símreikningnum þínum*

*Þú getur keypt Blátt áfram bolina á næstu Esso stöð, á www.blattafram.is eða við hlaupastöðvarnar þann 8. júlí.

## Blátt áfram frábær dagur
## Laugardaginn 8. júlí

Þú styrkir þig um leið og þú styrkir gott málefni með því að fylgja Boot Camp strákunum síðasta spölinn.

*Hlaupastöð 1*
10.00 Litla Kaffistofan – Hafnarbakkinn = 26,3km
*Hlaupastöð 2*
12.00 Húsgagnahöllin – Hafnarbakkinn = 7,6km

**Leiðin sem farin verður:** Ártúnsbrekka, Grensásvegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur niður að höfn.

*Frjálst er að koma inn í hlaupaleiðina á hvaða stað sem er.*

**Reykjavíkurhöfn – Skemmtun frá kl. 14.00 – 16.00**

| | |
|---|---|
| 14.00 – 14.25 | Lalli töframaður |
| 14.25 – 14.45 | „Létt" Boot Camp æfing fyrir alla |
| 14.45 – 15.00 | Ingó úr Idol |
| 15.00 – 15.20 | Ellen Kristjánsdóttir og Sigríður, Elísabet og Elín Eyþórsdætur taka nokkur lög |
| 15.20 – 15.30 | Footloose mætir á svæðið |
| 15.30 – 16.00 | Halla hrekkjusvín kemur og skemmtir |

*Sumargrín frá ÍTR verður á staðnum – andlitsmálun og leiktæki*

**Mætum við Reykjavíkurhöfn og tökum vel á móti hlaupurunum!**

actavis
hagur í heilsu

BLÁTT ÁFRAM!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**Kl. 13.00**

*Listahópurinn Distill sýnir í Listasafni Reykjanesbæjar við Tjarnargötu í Keflavík. Sýningin ber heiti „Tíminn tvinnaður“ en þar má sjá fjölbreytt verk, allt frá tvívíðum hlutum til skúlptúra og innsetninga.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Mótsagnir léttleikans

Listamaðurinn Franco Marinai sýnir myndir í galleríi verslunarinnar Hún og hún við Skólavörðustíg og nefnir sýningu sína „Flest ský minna mig á Ísland“. Myndirnar eru unnar með sérstakri aðferð þar sem notast er við koparætingu en aðferðin byggir á uppgötvun Williams Talbot sem var brautryðjandi á sviði ljósmyndatækni.
Með þessari tækni vinnur listamaðurinn með ljósmyndir en gefur þeim nýja vídd því hann notar aðferð koparætingarinnar til að hlutgera ljósmyndina sjálfa og viðfang hennar. Á þessari sýningu má sjá myndir



**ÚR FORTÍÐINNI** Myndaserían Tigger Tigger kom í leitirnar fyrir skömmu.

Marinai af brotakenndri íslenskri náttúru, til dæmis af smágerðum steinum en hana mætti einnig túlka sem virðingarvott hans til náttúru Íslands þar sem leikið er með mótsögn léttleikans og efnisins því líkt og yfirskriftin ber með sér minna skýin listamanninn á íslenskt grjót.
Á sýningunni gefur einnig að líta önnur og eldri verk listamannsins, þar á meðal myndir sem Marinai tók árið 1969 og fundust nýlega í kjallara á heimili móður hans.
Sýningin stendur til 25. júlí.

## > Ekki missa af...

...sumarsýningu Listasafns ASÍ. **Rjóminn** af íslenskum **vatnslitamálurum** sýnir nýleg verk við Freyjugötuna. **Eiríkur Smith, Hafsteinn Austmann, Kristín Þorkelsdóttir** og **Daði Guðbjörnsson** sýna í safninu en þar gefur einnig að líta verk eftir **Svavar Guðnason** sem sjaldan koma fyrir augu listunnenda nútímans.

...**blúshátíð** á Norðurlandinu um helgina. Tregablandin tónlist og almennt fjör á **Ólafsfirði**. Skemmtun fyrir alla aldurshópa.

...heimsókn á heimili skáldsins á **Gljúfrasteini**. Skoðunar- og gönguferðir, **margmiðluð** fræðsla og fallegt umhverfi.

# Kvöldvaka í Laufási

Önnur kvöldvaka Minjasafns Akureyrar verður haldin í gamla bænum í Laufási annað kvöld kl. 20.30 en þar geta gestir fræðst um fornar veðurspáraðferðir. Þorsteinn Þorsteinsson, fuglaáhugamaður úr Stoðvinafélagi minjasafnsins mun kynna fyrir fólki hvernig forfeður okkar spáðu í veðrið út frá gömlum messum, skýjafari og hegðun vængjaðra vina. Í tilefni af kvöldvökunni verður Laufásbærinn og veitingasalan í gamla prestshúsinu opin til kl. 22.



**SÖGUSTAÐURINN LAUFÁS Í EYJAFIRÐI** Gestir geta fræðst um fornar veðurspár.

Það stefnir í viðburðaríkt sumar hjá minjasafninu en yfir fjórtíu uppákomur hafa verið skipulagðar, þar á meðal gönguferðir og fyrirlestrar. Nýlega opnaði til dæmis sýningin „Sú þrá að þekkja og nema“ um ævi og störf Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili í anddyri Amtsbókasafnsins á Akureyri en hún er haldin í tilefni þess að liðin eru 150 ár frá fæðingu Jónasar.

Sumarsýningu safnsins ættu menn heldur ekki að láta fram hjá sér fara en hún heitir „Ef þú giftist“ og er helguð brúðkaupssiðum fyrr og nú.

-khh



**VETTVANGUR FÓTBOLTALISTAR** Allir misáhugasamir fótboltaunnendur geta tekið þátt í fjölmennasta fótboltaleik heimsmeistarakeppninnar 2006.




# Allir í boltanum

**Þá sem ennþá dreymir um að láta fótboltafantasíuna sína rætast og spila leik á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi ættu að drífa sig til Hannover. Myndlistarmaðurinn Hlynur Hallsson er að skipuleggja eitt allsherjar fótboltaævintýri þar sem allir mega vera með.**

Á föstudaginn munu bláir mæta rauðum á FIFA leikvanginn AWD Arena í Hannover. Það verður einn bolti, tvö mörk og dómarinn Herr Schnitzmeier en fjöldi leikmanna fer einvörðungu eftir áhuga og mætingu þeirra sem vilja taka þátt.

Það skondna er að Hlynur segist sjálfur ekki hafa neinn áhuga á íþróttinni. „Ég fylgist alveg með,“ segir hann, „en mér þykir fátt leiðinlegra en að horfa á fótbolta.“ Uppákoman er liður í samsýningunni Seitenwechsel sem listahópurinn ART IG skipuleggur í tengslum við heimsmeistarakeppnina þar sem viðfangsefnið er vitanlega heimsíþróttin fótbolti.

„Ég stakk upp á því að aðalleikvangurinn í Hannover yrði opnaður, en hann er einn af þeim völlum þar sem heimsmeistarkeppnin fer fram, og allir gætu komið þangað og spilað fótbolta. Það yrðu leiknar tvisvar fjórtíu og fimm mínútur með einn bolta en ekki ellefu á móti ellefu heldur kannski hundrað á móti sjötíu. Ég bjóst aldrei við því að þetta yrði samþykkt, mér fannst það ólíklegt því þessi knattspyrnuvellir eru svo heilagir,“ segir Hlynur. Margir kannast við viðburðalitla fótboltaleiki þar sem leikmennirnir hanga á miðju vallarins og ekkert ratar í netið en það verður það ekki upp á teningnum í Hannover á föstudaginn því þar kannski verða á annað hundruð manns á eftir boltanum.

Hlynur hefur talsverð tengsl við Þýskaland en hann lærði þar á sínum tíma. Hann kveðst vera þar með annan fótinn og líklega er það fótboltafóturinn því verkið sem hann er að skipuleggja á föstudaginn er annað fótboltaverka hans á



**HLYNUR HALLSSON MYNDLISTARMAÐUR** Klæddi sig upp í brasilíska búninginn í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

skömmum tíma því í fyrra skipulagði hann annan óvenjulegan leik í borginni Köln. „Þar er brú yfir ána Rín sem er fremur óvenjulegt rými. Ég stakk upp á því að þar yrði spilaður fótbolti í rými sem er 300 metrar á lengd en 30 metrar á breidd og við fengum fólk til þess að spila þar,“ útskýrir hann.

Hlynur er á leiðinni til Þýskalands til þess að halda utan um framkvæmd verksins og vitanlega taka þátt í leiknum sem verður án efa talsvert sjónarspil. „Það má yfirleitt ekki traðka á grasinu, það er bara úrvalsdeildin sem fær að stíga á hið heilaga gras,“ segir hann sposkur. „En þessum náunga sem er yfir vellinum leist það vel á hugmyndina að hann samþykkti afnotin af vellinum með tveimur skilyrðum. Annars vegar að við mættum ekki spila á vellinum fyrr en allir leikirnir í Hannover væru búnir og svo að fólk mætti ekki vera á takkaskóm. Við ákváðum að best væri að fólk mætti bara berfætt. Síðan getur það bara mætt - annað hvort í rauðum eða bláum stuttermabol sem ákvarðar í hvoru liðinu það lendir og bara spilað fótbolta.“

kristrun@frettabladid.is



**HLJÓMSVEITARMEÐLIMIR TEPOKANS** Leika á elliheimilinum og undir berum himni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Tepoki í stað kaffikorgs

Fjórir ungir piltar skipa djasskvartettinn Tepokinn, en þeir taka þátt í verkefninu Skapandi sumarstörf á vegum Hins hússins. Í sumar spila þeir aðallega á elliheimilum landsins að eigin frumkvæði en þeir héldu tónleika í Norræna húsinu á dögunum.

„Þetta band var sérstaklega stofnað í kringum Skapandi sumarstörf en við höfðum áður allir spilað í hver í sínu lagi en vissum vel af hver öðrum í gegnum þá djassmenningu sem ríkir á Íslandi. Við sóttum saman um þátttöku í verkefni Hins hússins og fengum inni,“ segir Jóhannes Þorleiksson, trompetleikari hljómsveitarinnar.

Að eigin sögn ætla þeir félagar að spila ryþmíska tónlist af öllum toga í sumar. „Við spilum alls kyns tónlist hvort sem það heitir barnatónlist, rokk eða fusion, en þetta er að vísu ekki tónlist eftir okkur sjálfa. Það kemur þó fljótlega að því að við förum að semja sjálfir og gefa út okkar eigin tónlist.“

Aðspurður um nafngift hljómsveitarinnar segir Jóhannes alla klassíska tónlistarhópa á Íslandi heita einhverjum listrænum nöfnum og því hafi þeir viljað breyta til og búa til eftirminnilegt nafn. „Við sátum yfir kaffibolla þegar ákveðið var að setja sveitina saman og þar sem okkur fannst ómögulegt fyrir hljómsveit að heita Kaffikorgur afréðum við að nefna hljómsveitina Tepokann. Nafnið er skondið og skemmtilegt og auðvelt að finna tónleikum skemmtilega yfirskrift út frá því. Til dæmis gætum við auglýst tónleika sem heita, Tepokinn, þú færð ekki magasár við tedrykkju eins og að drekka kaffi eða Tepokinn, þú færð bara vatn,“ segir Jóhannes hlæjandi.

„Við ætlum okkur að spila á elliheimilum í allt sumar en ástæðan fyrir því vali er sú að það er yndislegt að gleðja gamalt fólk, sjá það brosa og dilla fótunum í takt við lög eftir Jón Múla og Sigfús Halldórsson, lög sem þetta fólk þekkir. Það er stórkostlegt að hafa það á tilfinningunni að kannski takist manni að fá þetta gamla fólk til að gleyma einveru sinni, depurð og krankleika.“ **- brb**

# Gömbusveitin leikur

Sumartónleikar í Skálholtskirkju hófust um síðustu helgi og í dag er komið að fyrstu tónleikum sumarsins sem fara fram í miðri viku. Fram kemur Viola da gamba félagið, gömbuleikarinn Alison Crum, teorbuleikarinn Roy Marks og altsöngkonan Jóhanna Halldórsdóttir.

Á efnisskrá tónleikanna verða verk meðal annars eftir John Taverner, Thomas Tallis, William Byrd.

Viola da gamba félagið skipa íslenskir hljóðfæraleikarar en ekki breskir líkt og fram kom í frétt okkar síðastliðinn mánudag. Gömbuleikararnir Hanna Loftsdóttir, Hildigunnur Halldórsdóttir, Kristín Lárusdóttir, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir og Sigurður Halldórsson skipa sveitina.

Að loknum tónleikum sem fara að venju fram í Skálholtskirkju, verður haldið í Oddsstofu Skálholtsbúðum þar sem dagskrá sem ber heitið Skálholt á barokktímanum fer fram. Þar mun Kári Bjarnason handritafræðingur fjalla um Skálholtsskáld og félagar úr gömbufélaginu slá á léttari strengi. Boðið verður upp á dagskrá í Oddsstofu alls fjórum sinnum í sumar, að loknum öllum tónleikum sem fara fram í miðri viku.

Aðgangur er að venju ókeypis að öllum viðburðum Sumartónleika. **-khh**



**SKÁLHOLTSTÓNLEIKAR** Ljúfir tónar og uppbyggjandi fræðsla í kvöld.



**FRUMSÝNING Á SÚGANDAFIRÐI** Himnaríki eftir Árna Ibsen fer á fjalirnar.

# Himnaríki vestra

Leikfélagið Hallvarður Súgandi frumsýnir leikritið Himnaríki - geðklofinn gamanleikur eftir Árna Ibsen í íþróttahúsi Súgfirðinga annað kvöld. Leikstjóri sýningarinnar er Rúnar Guðbrandsson.

Verkið segir frá þrem ungum pörum sem fara í sumarbústað yfir eina helgi og eins og oft vill verða í slíkum ferðum endar það með ósköpum og vitleysu.

Sviðsmyndin er óvenjuleg að því leyti að sviðið er í miðjum sýningarsalnum og áhorfendur sitja beggja vegna, annars vegar sjá þeir inn í bústaðinn og hins vegar sjá þeir sem gerist fyrir utan. Í hléi skipta svo áhorfendur um sæti, þeir sem sáu það sem gerðist inni sjá nú það sem gerist úti og öfugt. Sýningin er einstaklega metnaðarfull og er allt gert til að gera sýninguna eins góða og kostur er á. Félagið sýnir nú í íþróttahúsi Súgfirðinga í fyrsta sinn en hefur áður sýnt í Félagsheimili Súgfirðinga.

Árni Ibsen var tilnefndur til Norrænu leikskáldaverðlaunanna fyrir leikritið árið árið 1996 en verkið hefur verið sýnt víða um Evrópu.

Leikfélagið Hallvarður Súgandi hefur markað sér þá stefnu að setja upp að minnsta kosti eitt leikverk á ári. Þessi verk hafa verið sýnd á svokallaðri Sæluhelgi sem haldin er þar vestra á hverju sumri. **-khh**


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




HREINN SPARNAÐUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Allt að 30% afsláttur

Á Miele þvottavélum

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

3 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

Miele
Íslenskt stjórnborð




vilborga@centrum.is

Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppnisaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**

MIELE ÞVOTTAVÉL - *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 138.428 | **kr. 96.900** |
| Þvottavél W2241 *1400sn/mín/5 kg.* | kr. 164.000 | **kr. 114.800** |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 191.300 | **kr. 162.605** |
| Þurrkari T223 *útblástur/5 kg.* | kr. 112.200 | **kr. 78.540** |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 131.000 | **kr. 91.700** |



*Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig*

EIRVÍK
*– hágæðaheimilistæki*
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is





# Samband náttúru, guðs og manns

**Rósa Sigrún Jónsdóttir myndlistarkona hefur sett upp listaverkið „Túnin heima“ við Þorgrímskirkju í Þingeyjarsveit, en það byggir á vangaveltum um samband guðs, manns og náttúru.**

„Ég er ættuð af þessum slóðum og tengist því mjög allri umgjörð listaverksins. Ég kom á mölina til að nema við Listaháskólann í Reykjavík en mér finnst að listafólk ætti að leita fanga víðar en einungis í listagalleríum borgarinnar. Færa ætti listina meira út til fólksins og reyna að finna áhugaverða fleti á samskiptum manns og náttúru,“ segir Rósa.

Verk Rósu er sett upp í samvinnu við sóknarnefnd Ljósavatnssóknar og Þingeyskan sagnagarð sem er nýstofnað félag um menningar- og sagnaarf sveitarinnar. „Hugmynd mín að verkinu kviknaði þegar ég sá Þorgeirskirkju sem er tiltölulega nýreist, en hún er tileinkuð Þorgeiri Ljósvetningagoða. Kirkjan er sérstök fyrir þær sakir að hún hefur yfir sér heiðin blæ en enga altaristöflu er að finna í henni. Þess í stað blasir við risastór gluggi sem þekur allan endavegginn á kirkjunni þannig að fegurð og víðátta náttúrunnar á staðnum umvefur mann á augabragði og skilur eftir sig sterka tilfinningu,“ segir Rósa hrærð. „Náttúran er rosalega nærri manni þarna og fyrir mér rennur allt saman í eitt á svona stað, maðurinn, náttúran og guð.“

Rósa segir verkið sitt ekki vera skúlptúr heldur lýsir hún því sem aðstæðubundnu listaverki. „Verkið mitt er hugsað fyrir ákveðnar aðstæður á þessum ákveðna stað. Ég vinn með örnefni sóknarinnar eða 30 nærliggjandi bæja, en sóknin er í raun umfjöllunarefni verksins. Þessi örnefni úr landi hverrar jarðar fékk ég í sérlegri skrá hjá Örnefnastofnun og kom bókinni fyrir á predikunarstól og útsýnispalli sem ég útbjó með skírskotun í kirkjuna í huga.“ Rósa segist hafa endurraðað örnefnunum eftir stafrófsröð en ekki eftir jörðum en við það hafi komið í ljós sérstakt mynstur. „Það heitir bara það að menn eru ekkert sérstaklega frumlegir þegar kemur að örnafnagerð. Til að mynda heita kannski 15 staðir Grásteinn,“ segir Rósa hlæjandi. Hún segir hugmyndina vera þá að gestir sýningarinnar standi í predikunarstólnum, með örnefnabókina sér til halds og traust og horfi svo yfir sóknina. „Öll þessi örnefni geyma samband okkar við landið og það er þetta samband manns og náttúru sem ég er að leggja áherslu á.“

Hægt verður að skoða verk Rósu frá 15. ágúst næstkomandi.

- brb


**RÓSA SIGRÚN JÓNSDÓTTIR MYNDLISTARKONA SÝNIR Í ÞINGEYJARSVEIT** Vinnur aðstæðubundið listaverk í samhengi við örnefni sveitarinnar.






# Skemmtilegur sagnaþulur

**LEIKLIST**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS, BORGARNESI

**Mr. Skallagrímsson - Egilssaga á 120 mínútum**

**Höf:** Benedikt Erlingsson í samvinnu við Snorra Sturluson/Leikmynd: Ragnar Kjartansson/Lýsing: Lárus Björnsson/ Leikstjóri: Peter Engkvist. **Leikari:** Benedikt Erlingsson

Fátt er skemmtilegra en að láta segja sér góða sögu. Enn skemmtilegra þegar sagnamaðurinn leikur atburðarás sögunnar og persónur. Upp úr slíkri skemmtan er ekki hægt að vaxa.

Í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi hefur Benedikt Erlingsson valið sér baðstofuloft til að segja söguna af Agli Skallagrímssyni - enda þar staddur á slóðum Egils. Margir minnast þess vafalaust að um árið sýndi Benedikt ákaflega skemmtilega útgáfu af Ormstungu, ásamt Halldóru Geirharðsdóttur, í Skemmtihúsinu við Laufásveg í Reykjavík - og í samvinnu við Peter Engkvist; sýningu sem kitlaði hláturtaugarnar svo um munaði.

Nú vinna þeir Benedikt og Peter aftur saman - en í þetta sinn er Benedikt einn á sviðinu. En hvernig er hægt að segja sögu Egils Skallagrímssonar á tveimur tímum?

Benedikt hefur valið þá leið að segja söguna eins og við segjum sögur, nema með leikrænum tilþrifum. Hann stiklar á helstu viðburðum í ævi Egils sem gegndi auðvitað nokkuð öðrum siðareglum en við gerum í dag en horfir á Egil með augum nútímamannsins og útkoman er drepfyndin. Sagnamaðurinn í sýningunni er einstaklega næmur á hið skoplega í fari Egils og hans samtíma, sem og hið skoplega í efiðleikum okkar að skilja sögu hans.

Handritið er skemmtilega unnið. Benedikt hefur valið þá aðferð að flytja sýninguna eins og hún verði til á staðnum en handrit hafi hvorki verið skrifað né æft. Til að undirstrika þessa aðferð spjallar hann við áhorfendur, gerir þá hluta af sýningunni. Þar af leiðir að engar tvær sýningar eru eins. Hver og ein þeirra er einstök uppákoma. Benedikt er einstaklega næmur á það hvernig hann nýtir aldur og þjóðerni áhorfenda - sem og fylgihluti sem þeir kunna að hafa í fórum sínum. Það er þó af og frá að hann geri lítið úr þeim.

Í sýningunni um Egil fær áhorfandinn smjörþefinn af því lífi sem lifað var á baðstofuloftum á Íslandi þar til fyrir ekki svo löngu síðan. Við sjáum og skiljum hvað það hefur verið gaman þegar sagnaþulir, sem þvældust um landið til að segja sögur, hafa mætt á svæðið - og hvers vegna þeir voru í hávegum hafðir.

Umbúnaður sýningarinnar er mjög einfaldur og leikmunir ekki til staðar. Slíkt gerir kröfu til þess að leikarinn sé mjög fljótur að hugsa og átta sig á því hvað hann getur nýtt frá áhorfendum. Mr. Skallagrímsson er ákaflega vel unnin og nýstárleg sýning. Það eru ár og dagar síðan ég hef hlegið eins mikið og skemmt mér eins vel í leikhúsi... Gerðist líklega síðast þegar ég sá Ormstungu. Það er alveg víst að ég á eftir að fara aftur á Mr. Skallagrímsson - svona til að athuga hvað gerist á þeirri sýningu og til að hlæja meira.

-Súsanna Svavarsdóttir








# Persónuleg yfirlýsing


**GUÐJÓN BJARNASON MYNDLISTARMAÐUR** Sýnir sprengiverk í New York

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sýning á sprengiverkum myndlistarmannsins og arkitektsins Guðjóns Bjarnasonar verður opnuð í Snug Harbor Cultural Center í New York um helgina. Sýningin „AFsprengi HUgsunar“ var nýlega upp í Hafnarhúsi, Listasafni Reykjavíkur.

Í tengslum við sýningarnar kemur út ríkulega myndskreytt bók um listamanninn þar sem aðalgreinin er rituð af Richard Vine, ritstjóra tímaritsins Art in America en tuttugu og fimm aðrir höfundar, þar á meðal sagnfræðingar, listamenn, arkitektar og ljóðskál leggja til efni í bókina. Haft er eftir Guðjóni að verk hans á sýningunni séu persónuleg yfirlýsing hans um tilgang og þýðingu listarinnar í nýtímanum.

Sýningin í New York verður opin til septemberloka.

-khh




**RÆÐUR HR. SIGURBJÖRNS EINARSSONAR** Yfirskriftin vitnar til til meistara Hallgríms Péturssonar.

# Eigulegt rit

Skálholtsútgáfan gefur út ræðusafn hr. Sigurbjörns Einarssonar fyrrverandi biskups, Meðan þín náð - ræður á helgum og hátíðum, en hann varð 95 ára á dögunum. Bókin inniheldur þrjú ræðusöfn Sigurbjörns sem hafa verið ófáanleg um langa hríð. Samnefnt fyrsta ræðusafn hans kom út árið 1956 en hin síðari nokkru síðar en Setbergsútgáfan gaf út Um ársins hring árið 1964 og Helgar og hátíðir árið 1976.

Alls má þar finna liðlega níutíu ræður og hugleiðingar eftir Sigurbjörn en bókin er rúmlega 540 síður.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

2 3 4 **5** 6 7 8

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 12.15 Kvintettinn **Atlas** leikur í **Sundhöll Reykjavíkur**. Hópurinn er **Skapandi sumarhópur** á vegum Hins hússins og Reykjavíkurborgar og skipaður ungu tónlistarfólki úr **Listaháskóla Íslands**.
- 16.00 Hljómsveitin **Loftvarnir** leikur í **Þjóðminjahúsinu**. Tónlistarhópurinn vinnur **Skapandi sumarstarf** hjá **Hinu húsinu** og Reykjavíkurborg.
- 20.00 Hið íslenska Gömbufélag, **Viola da gamba**, leikur á **Sumartónleikum** í **Skálholti** ásamt gömbuleikaranum **Alison Crum**, teorbuleikaranum **Roy Marks** og altsöngkonunni **Jóhönnu Halldórsdóttur**. Á efnisskrá þeirra verða verk eftir John Taverner, Thomas Tallis, William Byrd. Að loknum tónleikum sem fara að venju fram í Skálholtskirkju, **Kári Bjarnason** handritafræðingur fjalla um Skálholtsskáld í **Oddsstofu** í Skálholtsbúðum.

### LEIKLIST

- 20.30 Leikritið **How do you like Iceland?** eftir **Benóný Ægisson** verður flutt í **Iðnó.**
- 14.00 **Brúðubíllinn** sýnir í **Hallargarðinum** við **Fríkirkjuveg**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




# Töfrandi TÍBRÁR-tónar í vetur



**ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON ÓPERUSÖNGVARI** Syngur á jólatónleikum Salarins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Það verður mikið um dýrðir í Salnum á komandi vetri en nýlega var TÍBRÁR-tónleikaröð Salarins kynnt. Von er á mörgum framúrskarandi tónlistarmönnum í Kópvoginn, alls verða haldnir 33 fjölbreyttir tónleikar þar sem íslenskir og erlendir tónlistarmenn munu flytja úrval af klassískri og þjóðlegri tónlist, djassmúsík og heimstónlist.

Tónleikaröðin hefur verið burðarás starfsemi Salarins frá upphafi en frá opnun hans í janúar 1999 hafa verið haldnir hátt í þriðja hundrað tónleikar í nafni TÍBRÁR og skipta flytjendur fleiri hundruðum. Opnunartónleikar í TÍBRÁ eru ávallt 7. september, á afmælisdegi Sigfúsar Halldórssonar tónskálds og heiðursborgara Kópavogs, en að þessu sinni mun búlgarski virtúósinn Vesselin Stanev hefja dagskrána með píanótónleikum.

Meðal annarra flytjenda vetrarins verða djasshljómsveit Eyjólfs Þorleifssonar, söngkonan margverðlaunaða Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson, sellóleikarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og söngvararnir Sigrún Eðvaldsdóttir og Gunnar Guðbjörnsson sem koma munu fram með Jónasi Ingimundarsyni.

Fastagestir Salarins hafa forkaupsrétt til miðakaupa á TÍBRÁR-tónleika frá og með mánudegi 22. ágúst 2006 kl. 10 en almenn miðasala hefst viku síðar.

Allar nánari upplýsingar um dagskrá vetrarins má nálgast á heimasíðu Salarins, www.salurinn.is. -khh



**GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR ÓPERUSÖNGKONA** Heldur tónleika ásamt Víkingi Heiðari Ólafssyni píanóleikara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Líf og fjör á Hróarskeldu

Þeir eru farnir að tínast heim Íslendingarnir sem nutu tónlistar, sólar og töluverðs magns af áfengi á Hróarskelduhátíðinni í ár. Kristján Sigurjónsson var á staðnum og telur að án efa séu langflestir sáttir við sitt enda tókst hátíðin mjög vel í ár. Listamennirnar stóðu flestir undir væntingum og margumtalað veðrið var eins og best verður á þessum slóðum.

Það var þétt staðið á Hróarskelduhátíðinni í ár enda höfðu allir hundrað og tíu þúsund miðarnir sem til sölu voru verið seldir nokkrum vikum áður en mótshaldið hófst. Tónleikatjöldin voru því ekki ákjósanlegur staðir fyrir þá sem kunna illa við að standa þétt upp við hálfnakta og sveitta samferðamenn sína. Pjattið er því skilið eftir heima og oft er drykkja á köldum bjór besta leiðin til að auka á umburðalyndið. Það vita allir sem svona hátíðir hafa sótt og af þeim sökum var mikið þambað á Hróarskeldu í ár og sló sólskinið á þorstann.

### Gamalt trekkir

Fátt er eins gott í rokkinu eins og gamalt og það vita aðstandendur hátíðarinnar. Úrvalið af gömlum hetjum var því einkar glæsilegt í ár og Bob Dylan þeirra frægastur. Því miður virtist karlinn hafa meiri áhuga á að bæta Hróarskelduhátíðinni við ferilskránna en að skemmta áhorfendum enda stóð hann niðurlútur við hljómborðið og gladdi fáa af þeim tugþúsundum áhorfenda sem voru samankomnir við sviðið. Ekki er ólíklegt að einhverjir áhorfendur hafi einmitt verið í sama gír og Dylan og mætt til að geta hakað við nafn hans á listanum yfir þá sem maður verður að hafa séð.

Roger Waters olli hins vegar ekki vonbrigðum og vann fyrir milljónunum sínum enda studdur af stórri hljómsveit, rakettum og alls kyns vídeóum. Reynsluboltinn Morrissey stóð einnig fyllilega fyrir sínu og var einn af hápunktum hátíðarinnar í ár líkt og fyrir tveimur árum. Þar sem reynsla og gleði fer saman er nefnilega oftast gaman ef svo má segja.

Ungviðið lét líka sitt ljós skína, meðal annars piltarnir í Arctic Monkeys sem eru sennilega frægasta hljómsveit heims miðað við aldur. Gerðu þeir sitt með stæl enda söng skarinn með hverju einasta lagi og tók einnig hressilega undir í gítarsólóunum. Það sama má segja um tónleika Franz Ferdinand. Fóru meðlimir bandsins létt með að halda uppi stuði á stóra sviðinu þrátt fyrir að tuttugufalt fleiri voru mættir til að hlusta á bandið nú en í Kaplakrika á síðasta ári.

### Kanye verst

Fyrir hátíðina var vitað að tónleikar Guns N‘ Roses myndu valda vonbrigðum og sú varð raunin. Stigu þeir á svið klukkutíma of seint og það kunnu tónleikagestir ekki að meta. Var því púað á Axl Rose og starfsmenn hans undir lok tónleikanna og fóru þeir niðurlútir af sviði. Aðalnúmer laugardagskvöldsins, Kanye West, var hins vegar óvæntustu vonbrigði hátíðarinnar en pilturinn virðist ekki hafa neina hugmynd um hvað það er að halda tónleika. Því hann eyddi mestum tíma í að spila af plötum brot úr uppáhaldslögum sínum og foreldra sinna. Áhorfendur létu sér fátt um finnast og nenntu ekki að klappa hann upp eftir stutta viðveru hans á sviðinu. Fór því svo að Kanye lét ekki sjá sig aftur og gerir sennilega tilkall til kjánalegustu tónleikanna í sögu Hróarskelduhátíðarinnar.

### Heiðrinum bjargað

En sem betur fer voru aðrir landar þeirra Axl og Kanye tilbúnir í slaginn og fengu lýðinn til að hoppa og veifa. Matisyahu var til dæmis í fantaformi og mátti hafa sig allan við að halda kollhúfunni á sínum stað þegar hann hoppaði um sviðið og flutti reggírappið sitt. Jack White, einn glæsilegasti fánaberi rokksins um þessar mundir, fór líka létt með að gera allt vitlaust með stuðningi nýja hljómsveitarinnar sinnar, The Raconteurs. Svo mikil var stemningin að eftir tónleikana mátti heyra fólk skipuleggja ferð til Malmö daginn eftir þar sem hljómsveitin gerði næsta stopp.

Það er mikið afrek hjá forsvarsmönnum hátíðarinnar að ná að skipuleggja svo fjölbreytta skemmtidagskrá og boðið var upp á í ár. En það er ekki síður merkilegt að takast að ferja, fæða og þrífa undan öllum skaranum um leið. Á hátíðinni í ár gekk allt upp og því verður að teljast líklegt að miðarnir á hátíðina á næsta ári seljist hratt og Hróarskelda verði enn og aftur valið skemmtilegasta bæjarfélagið fyrstu helgina í júlí.



**SÆTAR STELPUR** Þessar vöktu athygli karlpeningsins á svæðinu.



**STOLTIR FÁNABERAR** Það fór ekki á milli mála að þetta ágæta fólk var fulltrúar Íslands á Hróarskelduhátíðinni. Frá vinstri eru Halli, Atli, Vífill, Ásta, Óli, Sverrir og Garðar. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON.



**BIÐRÖÐ Í BANKANN** Það var vissara að vera með nóg af seðlum á sér því röðin í hraðbanka gat verið ansi löng.



**MJÚKUR SÖLUMAÐUR** Þessi ágæti drengur seldi áhugasömum drykkinn Cosmopolitan.



**BÓNUS** Íslendingar flögguðu Bónusgrísnum á hátíðinni.



**10-11** Og ekki langt undan var fáni frá 10-11.



# Myndarlegir tónleikar



**MATTHÍAS ÁRNI INGIMARSSON** Matthías er með ljósmyndasýningu á Vínbarnum, en mynd eftir hann hefur birst í Rolling Stones. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er alveg frá Flaming Lips niður í Jakobínarínu og allt þar á milli,“ segir Matthías Árni Ingimarsson sem opnaði í vikunni ljósmyndasýninguna Á tónleikum á Vínbarnum. Segja má að Matthías sé sérfræðingur í að taka myndir af tónleikum enda hefur ljósmynd eftir hann ratað í tónlistarblaðið Rolling Stone. „Þetta eru myndir frá Íslandi, Danmörku og Bandaríkjunum. Ég hef tekið myndir af tónleikum frá því að ég fékk áhuga á ljósmyndun og ég ákvað í vor að fara í gegnum þær og opna sýningu,“ segir Matthías en hann er nú í sumarfríi frá námi í Bandaríkjunum.

Matthías á tvö ár eftir í BA námi í ljósmyndaskólanum Brooks Institute of Photography rétt hjá Los Angeles. Þar er enginn skortur á tónleikum og segist Matthías fara á tvenna til þrenna tónleika á viku, en hann vinnur fyrir tónlistarvefsíðu í englaborginni. „Ég hef tekið mikið af myndum fyrir síðuna Icecreamman.com. Ég fór til dæmis á tónlistarhátíðina South by Southwest í Austin, Texas í mars og tók myndir, meðal annars af Jakobínarínu,“ segir Matthías, en myndirnar af Jakobínarínu birtust í Rolling Stone fyrir tveimur mánuðum.

-rsg



**SEAN PENN** Ætlar ásamt öðrum Hollywoodstjörnum að svelta sig í 24 klukkutíma fyrir utan Hvíta húsið til að mótmæla stríði Bandaríkjanna við Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Stjörnurnar fasta

Leikaranir Sean Penn og Susan Saradon hafa nú tekið upp á því að mótmæla stríðrekstri Bandaríkjanna í Írak með því að fasta fyrir utan Hvíta húsið í að minnsta kosti sólarhring. Um 3000 mótmælendur taka þátt í aðgerðunum og hefur talsmaður mótmælanna greint frá því að meðal annars vilji þeir að George W. Bush forseti Bandaríkjanna dragi alla sína hermenn tilbaka frá Írak.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan Kylie Minogue gaf fyrsta viðtalið á dögunum frá því að hún greindist með brjóstakrabbamein. Kylie er næstum því með snoðað hár enda þurfti hún að ganga í gegnum erfiða lyfjameðferð sem lauk í desember. Kylie sagði í viðtalinu að fjölskyldan „féll saman“ þegar hún sagði þeim tíðindin. Sjálf langaði hana mest til að afneita veikindum og halda áfram á tónleikaferðalagi.



Rapparinn Lil' Kim losnaði úr fangelsi á dögunum en hún var dæmd í 12 mánaða fangelsi fyrir að hafa logið fyrir rétti. „Lil' Kim hegðaði sér á á ábyrgðarfullan hátt og var til fyrirmyndar,“ sagði í yfirlýsingu frá fulltrúa rapparans en hún losnaði úr fangelsi eftir aðeins 10 mánuði vegna góðrar hegðunar. „Ég er hæstánægð að vera komin heim,“ sagði hin 30 ára gamla söngkona. „Ég þakka öllum sem skrifuðu mér bréf í fangelsinu.“ Rapparinn var handtekinn í kjölfar skotárásár á útvarpsstöð og laug Lil'Kim fyrir rétti að hún hefði ekki séð menn á vettvangi árásarinnar sem reyndust svo vera viðriðnir málið.



Ashlee Simpson ku hafa afþakkað boð um að sitja fyrir í Playboy en aðdáendur söngkonunnar geta glaðst yfir því að hún mun koma fram í auglýsingaherferð undirfatarisans Victoria's Secret. Ashlee mun reyndar ekki feta í fótspor ofurfyrirsætanna Gisele Bundchen og Heidi Klum og sýna dýrari línur fyrirtækisins heldur mun hún vera andlit og líkami Pink línunnar sem er ætluð unglingsstelpum.



Það er ekki tekið út með sældinni að vera ofurfyrirsæta. Hin brasilíska Gisele Bundchen kvartar yfir aldri og segir að karlmenn séu hættir að reyna við hana. „Ég finn greinilega að fleiri karlmenn reyndu við mig þegar ég var yngri en þeir virðast bara hverfa í burtu núna,“ segir fyrirsætan sem er tuttugu og fimm ára. „Kannski er ég ekki jafnmyndarleg? Ég veit það ekki. Kannski að aldurinn sé að færast yfir? Þegar ég tek sólgleraugun af sést að ég er tuttugu og fimm,“ segir hún. Gisele var með Leonardo DiCaprio fyrir nokkrum árum en síðan þá hefur hún verið með sjóbrettakappanum Kelly Slater.










# Nelly skýtur sig í fótinn

**[TÓNLIST]**

UMFJÖLLUN

Það er eins og Nelly Furtado hafi verið týnd og tröllum gefin í langan tíma. Of langan tíma, myndu gallharðir markaðsmenn segja því í hennar bransa, þar sem stærsti hluti viðskiptavina eru undir 16 ára aldri, eldast listamenn hratt. Þrjú ár er heill árgangur í gaggó og það hlýtur að teljast ólíklegt að þeir krakkar sem voru að hlusta á hana þegar þeir voru 12 ára eigi eftir að hafa áhuga á henni þegar þeir eru orðnir 15 ára. Poppbransinn er eiturharður og miskunnarlaus og er jafn fljótur að kasta manneskju út sem steig beint upp í hæstu hæðir nokkrum árum fyrr. Þetta er ástæðan fyrir því að jafnvel stærstu poppsveitir á borð við Spice Girls verða svona stuttlífar. Samt fær Nelly núna annað tækifæri eftir að Dreamworks-útgáfan sagði upp samningnum við hana eftir mislukkaðan fylgifisk hinnar geysivinsælu Whoa, Nelly! sem gerði hana að súperstjörnu um skeið. Nú er að duga eða drepast fyrir hana, því í poppheimum er hún að verða gömul, og langt síðan hún hefur átt stóran slagara. Þessi plata verður því að vera algjörlega skotheld, sem hún er því miður ekki. Kannski er það einmitt vegna þessarar pressu sem Nelly þorir ekki að taka neina áhættu. Hún ræður til sín stórskotaliðið og má þar helst nefna poppgaldramanninn Timbaland sem útsetur flest lögin. Með hann um borð er a.m.k. búið að tryggja að hljómur plötunnar sé fyrsta flokks. Það er bara ekki nóg. Til þess að gera góðar poppplötur verður maður fyrst og fremst að bjóða upp á góð lög. Kannski vegna þessa andleysis í lagasmíðum hefur Timbaland ekki heldur komist í gang, því á plötunni er ekkert áhugavert.

Margar útsetningarnar minna á Miami Sound Machine, hljómsveitina sem skaut Gloriu Estefan fram á sjónarsviðið. Sú sveit náði aldrei að verða „hipp og kúl" þrátt fyrir að styðjast alltaf við nýjustu hljóðtækni og vísindi. Þar hindr-




**NELLY**

**LOOSE**

**Niðurstaða:** Nelly snýr aftur eftir langt frí og þorir ekki að taka neinar áhættur. Niðurstaðan er lit- og líflaus poppplata sem vantar sárlega neista og slagara.

aði smekkleysa liðsmanna líklegast fyrir, eins og hér. Besta dæmið um þetta eru lögin Do it og balladan In God's Hands. Þetta er svo væmið og andlaust að maður veit ekki hvort verið sé að gera grín að manni. Þessi lög myndu a.m.k. svínvirka sem brandarar á plötu Tvíhöfða. Hún reynir líka að stæla M.I.A. í laginu No Hay Igual með afleitum árangri.

„Slagararnir" ef svo má kalla (annað orð yfir þau lög sem verða send í útvarpsspilun) eru langskástu lögin af þessari plötu. Maneater hefur svolítið frumstæða og skemmtilega hrynjandi sem má alveg dansa við en viðlagið er ekki sterkt. Lagið Promiscuous á að vera sexí en textinn er eins og hann hafi verið saminn af jafningjafræðslu Hins hússins. Fullur af földum meiningum sem eiga að fá unglinga til að hugsa og bera ábyrgð í gjörðum sínum. Því vitið það jafn vel og ég að svona textar eru aldrei nægilega kröftugir til þess að fá unglinga til að stoppa um stund í miðju kelerí til þess að velta því fyrir sér hvað enska orðið „promiscious" þýðir eða hvað það gefur í skyn. Undarlegur texti vægast sagt. Nelly er andlaus og afleit. Líklegast fyrsta skóflustungan að gröfinni þar sem hún getur jarðað poppferil sinn.

**Birgir Örn Steinarsson**

# G-Star á Laugaveginum í ágúst

Þorvaldur Skúlason, sem áður átti veitingastaðinn B-5, Ágúst Freyr Ingason, aðstoðarforstjóri Latabæjar og Þóra Guðmundsdóttir, fyrrverandi eigandi Atlanta flugfélagsins, standa fyrir opnun nýrrar verslunar á Laugavegi 86-94, seinnipart sumars. „Við verðum með fatnað frá hollenska vörumerkinu G-star, en það er mjög vinsælt í Norður-Evrópu og er nú líka komið á markað í Bandaríkjunum. Þetta fyrirtæki hefur vaxið mjög hratt síðustu sjö árin en það á sér sextán ára sögu," segir Þorvaldur. „Rúmlega 50 búðir hafa verið opnaðar út um allan heim og til stendur að opna mun fleiri á næstunni."

Þorvaldur segir þá félaga hafa fengið hugmyndina að því að opna verslun undir merkjum G-star fyrir tveimur árum en sjálfur hafi hann fallið fyrir hönnuninni þegar hann var á ferð í New York fyrir nokkrum árum.

„Ég var farinn að hugsa mér til hreyfings frá hótel-og veitingarekstri fyrir nokkru og hef alltaf haft sérlegan áhuga á tísku. Þá rak ég augun í auglýsingu frá þessu vörumerki á risaflettiskjá á Times Square en gallabuxurnar sem auglýstar voru og auglýsingin sjálf vöktu sérstaka athygli mína," heldur Þorvaldur áfram. „Á þeim tíma var fyrirtækið ekki byrjað að markaðsetja vöruna sem sérstaka concept-vöru en það byrjaði á því fyrir nokkrum árum til að gera vörunni betri skil."



**ÞORVALDUR SKÚLASON** Opnar nýja verslun í nýja bílastæðahúsinu á Laugavegi. Verslunin verður með vörur frá hollenska merkinu G-Star. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fatnaðurinn sem um ræðir er ætlaður báðum kynjum en megináherslan er á gallafatnað. Fyrirtækið framleiðir þó líka skó og fylgihluti af ýmsu tagi. „Þetta er sportlegur, sexí fatnaður og þess má geta að fyrirtækið markaðssetur vörur sínar um heim allan á 20% lægra verði en Diesel," undirstrikar Þorvaldur. Verslunin verður opnuð þann 15. ágúst.

-brb

# Geirmundur skemmtir Kanaríförum í Árnesi

Árleg skemmtun Kanarífara verður um næstu helgi í Árnesi í Gnúpverjahreppi. Löng hefði er fyrir því að Íslendingar sem sækja Kanaríeyjar heim á veturna hittist eina helgi á sumrin og skemmti sér saman. Hátíð þessi hefur verið haldin síðustu 12 ár, þar af síðustu sex árin í Árnesi.

Þetta árið verður Árni Johnsen með brekkusöng og sjálfur Geirmundur Valtýsson leikur fyrir dansi. Hátíðin stendur yfir föstudag og laugardag og aðgangseyrir er 3.500 krónur. Innifalið er miði á dansleik og aðgangur að tjaldstæði, en uppbókað er í aðra gistingu. Allir eru velkomnir.



**GEIRMUNDUR VALTÝSSON** Leikur fyrir dansi í Árnesi í Gnúpverjahreppi um helgina þar sem Kanarífarar hittast.






ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 3-5:45-8-10:20 | |
| THE BREAK UP VIP | KL. 4:15-8-10:20 | |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3-5:30-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 3-5:30-10:20 | |
| THE LAKE HOUSE | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| SLITHER | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| SHE´S THE MAN | KL. 8 | |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 3:45-6-9-10:15-11:30 | |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 8:15-10:30 | B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 4-6:30 | |
| *CARS enskt tal | KL. 3:45-8:15 | |
| *POSEIDON | KL. 6 | B.I. 14 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 8-10:10 | |
| THE CLICK | KL. 8 | B.I. 10 |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 10:10 | B.I. 12 |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 6-8-10:10 |
| THE LAKE HOUSE | KL. 8-10:10 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:40 |

| | | |
|---|---|---|
| THE BREAK UP | KL. 6-8:15-10:30 | |
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15-10:30 | |
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-10:50 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8:30 | |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:20-10:30 | B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 10:50 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Vinsælli en George Michael í Bretlandi

„Við fengum þær góðu fréttir í gær að við erum í 5. sæti yfir vinsælustu lög í Bretlandi á sjónvarpsstöðinni BoxTV,“ segir Alma Guðmundsdóttir, söngkona í stúlknasveitinni Nylon. Þær stöllur hafa verið að gera það gott í Bretlandi undanfarið og hafa bæði hitað upp fyrir Westlife og Girls Aloud sem eru einar vinsælustu sveitir Bretlands.

Fimmta sætið er mjög góður árangur fyrir sveitina og hafa þær slegið út heimsþekkta söngvarann George Michael sem situr í áttunda sæti listans. Sjónvarpstöðin BoxTV er ein vinsælasta tónlistarstöðin í Bretlandi en þar geta áhorfendur sjálfir kosið vinsælasta lagið með því að senda inn sms-skilaboð. „Þetta er betri árangur en við höfðum þorað að vona, við erum allar í skýjunum,“ segir Alma.

Stelpurnar hafa verið í kærkomnu fríi hér heima í nokkrar vikur en héldu aftur út á mánudaginn og liggur leiðin til Írlands þar sem lag þeirra „Losing a friend“ hefur fengið mikla spilun. „Við förum í fimm útvarpsviðtöl og eitt sjónvarpsviðtal þannig að þetta er stíft prógramm fram á föstudag hér. Við erum mjög spenntar þar sem engin af okkur hefur komið þangað áður,“ sagði Alma þegar Fréttablaðið náði tali af henni þar sem hún sat í ferju á leið yfir til Írlands.

Stelpurnar munu snúa aftur til London á föstudaginn og dvelja þar næstu vikuna vegna þess að fyrrnefnt lag kemur út í Bretlandi næstkomandi mánudag. Ásamt laginu „Losing a friend“ mun lagið „Give me one night“, þýðing á laginu „Bara í nótt“ einnig vera á smáskífunni. Það verður því spennandi að fylgjast með hversu vel laginu gengur í hinum harða breska tónlistarheimi. „Við erum spenntar að sjá hvernig laginu gengur og á maður ekki bara að krossleggja fingurna og vona það besta,“ segir Alma.

alfrun@frettabladid.is



**NYLON** Þær Klara, Emilía, Alma og Steinunn eru að gera það gott í Bretlandi og lag þeirra „Losing a Friend“ stekkur upp vinsældalista þar í landi. LJÓSMYND/JÓNATAN GRÉTARSSON





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**KEITH RICHARDS** Er orðin frískur eftir fallið fræga fyrir nokkru og mun spila á næstu tónleikum Rolling Stones.

# Keith búinn að stilla strengina og til í slaginn

Gítarleikari stórsveitarinnar Rolling Stones, Keith Richards gefur út yfirlýsingu á heimsíðu sveitarinnar þess efnis hann sé orðinn stálsleginn. Eins og kunnugt er datt Richards úr pálmatré fyrir nokkru og slasaðist. Sem betur fer fyrir aðdáendur sveitarinnar segist Richards vera búin að stilla strengi gítarsins og tilbúinn fyrir næstu tónleika sem verða í Mílanó á Ítalíu. Vegna veikinda Richards þurfti að fresta nokkrum tónleikum hljómsveitarinnar.




## Hekla snýr heim í Fram

Handknattleikskonan Hekla Daðadóttir hefur samið við Fram til næstu þriggja ára en hún kemur úr röðum Víkings. Hekla er 29 ára rétthent skytta og er uppalinn Framari og lék með meistaraflokki félagsins frá 1994 til 1998.

# sport

sport@frettabladid.is

DREGIÐ Í ÁTTA LIÐA ÚRSLIT VISA BIKARSINS: BJARNÓLFUR OG GRÉTAR FENGU FYRRUM SAMHERJA SÍNA

# *Bjarnólfur dró sína gömlu félaga*

„Maður fékk það í hausinn um leið og Bjarnólfur fór upp að hann myndi draga okkur. Það gerði hann síðan með bros á vör. Þetta verður án efa baráttuleikur,“ sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, eftir að búið var að draga í átta liða úrslit VISA-bikarsins á Hótel Loftleiðum í gær. KR kom fyrst upp úr pottinum og steig Bjarnólfur Lárusson upp og fékk það verkefni að draga mótherja liðsins. Hann brosti um leið og hann sá að hann hefði dregið sínum fyrrverandi samherja í ÍBV en hann fór frá liðinu til KR fyrir tímabilið í fyrra.

„Það er þessi gamla klisja að auðvitað hefðum við viljað fá heimaleik en það er skemmtilegt verkefni að fara í Frostaskjólið og taka á KR-ingum,“ sagði Guðlaugur en bikarkeppnin er líklega eini möguleiki liðsins á titli í sumar.“

Leikur KR og ÍBV verður mánudaginn 24. júlí en hinir leikirnir fara fram daginn áður. Einum leik er ólokið í sextán liða úrslitunum en Leiknir tekur á móti Keflavík á fimmtudaginn og leikur sigurvegarinn úr þeirri viðureign gegn ÍA á Skaganum. Það er ljóst að það verður eitt 1. deildarlið í undanúrslitum þar sem Þróttur dróst gegn KA og mun leikurinn fara fram á Akureyri. Þá mætast Valur og Víkingur á Hlíðarenda en þar er varnarmaðurinn Grétar Sigfinnur Sigurðsson hjá Víking að fara að leika gegn liðinu sem hann lék með í fyrra.



„Mér líst mjög vel á þetta þó ég hefði kosið annan mótherja. En það er gaman að heimsækja Hlíðarenda. Við erum nýbúnir að taka Íslandsmeistarana og það er fínt að afgreiða bara stóru liðin fyrst og taka bikarmeistarana næst. Ef við spilum eins og við gerðum gegn FH þá eigum við að taka Valsmenn, sérstaklega þegar maður eins og Höskuldur er farinn að skora tvö í leik. Það virkar sem hvatning til hinna að fara að skora líka,“ sagði Grétar eftir dráttinn í gær.

## > Valur heimsækir KR

Einnig var dregið í átta liða úrslit VISA bikars kvenna í gær og þar verður stórleikurinn í Vesturbænum þar sem KR heimsækir Val. þar má búast við hörkuleik en þessi lið mættust í Landsbankadeildinni á KR-vellinum fyrir skömmu og þar vann Valur 3-2 í skemmtilegum leik. Bikarmeistarar Breiðabliks munu fá Keflavík í heimsókn, HK/Víkingur leikur gegn Fjölni en bæði lið eru í 1. deild kvenna og þá mun ÍR heimsækja Stjörnuna í Garðabæinn.





**JARI LITMANEN** Gæti þurft að setjast á bekkinn hjá Malmö til að pláss verði fyrir Emil Hallfreðsson á miðju Malmö. NORDICPHOTOS/AFP

Malmö í Svíþjóð:

# Emil leysti Litmanen af

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson spilaði í stöðu framliggjandi miðjumanns þegar lið hans Malmö FF gerði 2-2 jafntefli við FC Kaupmannahöfn í æfingaleik sem fram fór um síðustu helgi. Emil spilaði í stöðu hins kunna Jari Litmanen en hann var meiddur og gat ekki spilað. Emil hefur að mestu spilað á vinstri kantinum fyrir Malmö síðan hann gekk í raðir liðsins í vor en svo virðist sem að Sören Akeby, þjálfari Malmö, hafi trú á því að hæfileikar Emils nýtist honum einnig sem miðjumaður.

„Mér fannst hann fínn í fyrri hálfleik en dalaði eftir því sem á leið. Hann á margt eftir ólært en það er ekki auðvelt verk að prófa algjörlega nýja stöðu. Það er gott að vita til þess að við eigum menn sem geta leyst Litmanen af hólmi,“ sagði Akeby í viðtali við heimasíðu Malmö. **- vig**

# Blikar hafa rætt við Ólaf

**Forráðamenn Breiðabliks hafa rætt við Ólaf Þórðarson, fyrrverandi þjálfara ÍA, um að hann taki við liðinu af Bjarna Jóhannssyni, sem lét af störfum í fyrradag. Ólafur er að íhuga málið og útilokar ekki að taka að sér starfið.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Þórðarson, sem hætti störfum sem þjálfari ÍA í síðustu viku, er efstur á óskalista forráðamanna Breiðabliks yfir hugsanlega arftaka Bjarna Jóhannssonar, sem sagði upp starfi sínu í fyrradag. Ólafur staðfesti við Fréttablaðið í gær að Blikar hefðu sett sig í samband við sig og að hann væri að íhuga málið.

Margir bjuggust við því að Ólafur myndi taka sér frí frá þjálfun í einhvern tíma eftir að hafa verið undir mikilli pressu sem þjálfari ÍA framan af sumri en sjálfur segist hann enga þörf hafa á því. „Breiðablik er áhugavert félag og ég er að skoða málið,“ sagði Ólafur en vildi annars lítið tjá sig.



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Lét af störfum sem þjálfari ÍA í síðustu viku en gæti jafnvel skrifað undir hjá Breiðablik strax í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, var þögull sem gröfin þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær og vildi ekki staðfesta neitt í þjálfaramálum félagsins. „Við höfum gert lista með nöfnum þjálfara sem við teljum álitlega. Sá listi telur færri en tíu nöfn og fleiri en fimm,“ sagði Einar. Að sögn formannsins stefnir knattspyrnudeildin á að vera búin að ganga frá ráðningu nýs þjálfara ekki síðar en í dag, en Breiðablik á mikilvægan leik fyrir höndum gegn Val í Landsbankadeildinni á sunnudaginn.

Margir þjálfarar voru orðaðir við stöðuna hjá Blikum í gær, þar á meðal Pétur Pétursson, sem þjálfað hefur 2. flokk Breiðabliks við einkar góðan orðstýr og Ólafur Kristjánsson, fyrrverandi þjálfari Fram. Nafn Guðjóns Þórðarsonar bar einnig á góma og þá var ein samsæriskenningin á þann veg að þeir bræður Arnar og Sigurður Grétarssynir væru að taka við liðinu í sameiningu.

„Það verður ekkert bræðrateymi hér í Kópavoginum, þó svo að það virðist vera í tísku þessa dagana,“ sagði Arnar við Fréttablaðið í gær og skírskotaði þannig til ráðningar Arnars og Bjarka Gunnlaugssonar uppi á Skaga. Arnar sagðist ekkert hafa rætt við Blika um þjálfarastarfið og taldi því afar hæpið að af því yrði.

Eldri bróðirinn Sigurður kvaðst ekki geta tekið starfið að sér vegna anna í vinnu og af sömu ástæðu útilokaði Pétur að hann yrði næsti þjálfari. Ólafur Kristjánsson kvaðst ekkert hafa heyrt frá Blikum en ef sú staða kæmi upp að honum yrði boðin þjálfarastaðan þá myndi hann skoða það alvarlega.

Þjálfaraflóran á Íslandi í dag telur ekki mikið fleiri einstaklinga sem eiga kost á því að taka að sér starfið hjá Breiðablik og því virðist sem svo að Ólafur Þórðarson sé hugsanlega á leið í íslenska boltann á ný eftir afar stutta fjarveru.

**vignir@frettabladid.is**



**CAPELLO** Mun að öllum líkindum taka við spænska liðinu Real Madrid. NORDICPHOTOS/AFP

Fabio Capello:

# Á leiðinni til Real Madrid

**FÓTBOLTI** Fabio Capello er ekki lengur þjálfari ítalska liðsins Juventus en hann sagði upp störfum í gær. Í tilkynningu sem Juventus sendi frá sér í gær var honum þakkað fyrir hans starf hjá félaginu. Capello átti enn ár eftir af samningi sínum við félagið en hann er að öllum líkindum á leið til spænska stórliðsins Real Madrid þar sem hann er efstur á óskalista Ramons Calderon sem er nýkjörinn forseti félagsins.

Talað er um að Capello verði kynntur sem nýr þjálfari Real Madrid á morgun en þessi fyrrverandi stjóri AC Milan og Roma tók óvænt við félaginu sumarið 2004. Hann hefur náð hreint mögnuðum árangri og unnið ítalska meistaratitilinn á báðum tímabilum sínum hjá félaginu.

Ekki er búist við því að Juventus muni ráða nýjan þjálfara fyrr en þessum málaferlum er öllum lokið en talað er um að Frakkinn Didier Deschamps, fyrrum miðjumaður liðsins, eða Alberto Zaccheroni taki við stjórninni. **- egm**

Horacio Elizondo, dómarinn sem rak Wayne Rooney af velli gegn Portúgal:

# Ronaldo hafði engin áhrif á mig

**FÓTBOLTI** Argentínski dómarinn Horacio Elizondo, sem vann sér það til frægðar um síðustu helgi að víkja Wayne Rooney af velli í leik Englands og Portúgals í 8-liða úrslitum HM, segir að meint hvatning leikmanna Portúgals, þó einkum Cristiano Ronaldo, um að gefa Rooney rauða spjaldið fyrir að hafa stigið á Richardo Carvalho hjá Portúgal, hafi engin áhrif á sig haft.

„Þetta var gróft brot og þess vegna fékk hann rauða spjaldið,“ sagði Elizondo í samtali við enska blaðið The Times. „Fjölmiðlar og fólk getur haldið fram hverju sem það vill en ég var ekki undir áhrifum frá neinum leikmönnum. Ég var vel staðsettur og ég tók ákvörðunina sjálfur. Fyrir mér var þetta ekkert annað en rautt spjald,“ sagði Elizando, algjörlega sannfærður um að hann hafi tekið rétta ákvörðun.



„Sven-Göran Eriksson kom til mín í búningsklefann eftir leikinn og óskaði mér til hamingju með frábæra frammistöðu. Hann sagði að það hefði verið rétt af mér að reka Rooney af velli þar sem þetta hefði verið ljótt brot,“ sagði Elizondo enn fremur.

Spurður um hvort umfjöllun fjölmiðla um atvikið sem og ágæti hans sem dómara sagði Elizondo að hún hefði lítil áhrif á sig. „Mér er nokkuð sama hvað er skrifað um mig. Ég tók þessa ákvörðun og stend við hana. Mér er alveg sama hvað aðrir segja.“ **- vig**

**ÚT AF MEÐ ÞIG, VINUR** Horacio Elizondo sést hér skrá sig í sögubækurnar með því að sýna Wayne Rooney rauða spjaldið í leiknum gegn Portúgal. NORDICPHOTOS/AFP

Ben Wallace:

# Frá Detroit til Chicago

**KÖRFUBOLTI** Miðherjinn stóri og stæðilegi hjá Detroit, Ben Wallace, er á leið til Chicago en hann hefur þegar samþykkt samningstilboð félagsins. Samningur Wallace við Detroit er að renna út og er honum því frjálst að fara hvert sem hugurinn girnist. Flestir áttu þó von á því að hann yrði áfram í herbúðum Detroit en Chicago getur gefið honum mun betri samning þar sem flestir leikmenn liðsins eru minni spámenn sem þiggja heldur lág laun miðað við marga aðra. Wallace hefur um árabil verið einn albesti varnarmaður NBA-deildarinnar og lykilmaður í fyrrum meistaraliði Detroit.

ESPN-fréttastofan heldur því fram að tilboð Detroit hafi hljóðað upp á 48 milljónir dollara fyrir 4 ára samning en að tilboð Chicago fyrir sama samning hafi verið 60 milljónir dollarar. Aukinheldur er líklegt að Detroit fái engan leikmann í stað Wallace þar sem launaþakið hindrar það í að semja við aðra afburða leikmenn. **- vig**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

2 3 4 **5** 6 7 8

### Fimmtudagur

**SJÓNVARP**

- 18.30 **HM-stúdíóið** á Sýn.
- 18.50 **Portúgal-Frakkland** í undanúrslitum HM í knattspyrnu í beinni útsendingu á Sýn.
- 21.00 **4-4-2** á Sýn.
- 22.20 **Íþróttakvöld** á Rúv .
- 22.35 **Mótorsport** á Rúv.





**ROBERTO CARLOS** Hefur lagt landsliðs-skóna á hilluna. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Brasilíska landsliðið:

## Carlos hættur

**FÓTBOLTI** Roberto Carlos, vinstri bakvörður brasilíska landsliðsins til margra ára, er hættur að spila með landsliðinu. Hann staðfesti þetta í viðtali við þarlenda fjölmiðla á mánudag. „Þetta var minn síðasti leikur,“ sagði Carlos þegar hann var spurður út í leikinn gegn Frakklandi í 8-liða úrslitum HM. Carlos lék alls 132 landsleiki á 14 ára löngum landsliðsferlinum. sem hófst í leik gegn Bandaríkjunum í febrúar árið 1992.

Annars er því haldið fram að Carlos sé farinn að taka tíma í ensku sem ýtir óneitanlega undir þann sterka orðróm um að hann sé á förum frá Real Madrid til Chelsea. Carlos vildi þó ekki staðfesta þessar fullyrðingar. - vig



**FÉLAGAR** Lampard vill að Terry verði fyrirliði enska liðsins. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fyrirliði Englands:

## Lampard myndi velja Terry

**FÓTBOLTI** Frank Lampard, landsliðsmaður Englands, kveðst helst vilja sjá John Terry, félaga sinn hjá Chelsea, taka við fyrirliðabandi enska liðsins af David Beckham, en sem kunnugt er hefur Beckham ákveðið að hætta sem fyrirliði. Lampard telur að Terry búi yfir öllum þeim hæfileikum sem fyrirliði Englands þarf að hafa. Terry er talinn langlíklegastur til að hreppa hnossið, ásamt Steven Gerrard hjá Liverpool.

„Hann hefur marga kosti, ekki bara sem leikmaður heldur sem persóna. Hann er mikill leiðtogi og gríðarlega sterkur karakter sem tekur liðið alltaf fram yfir sjálfan sig. Hann hefur mikið sjálfstraust sem smitar út frá sér og hefur lag á að gera samherja sína betri,“ segir Lampard um Terry. - vig



**FARINN** Ekki pláss fyrir Hasselbaink hjá Boro. NORDIC PHOTOS/AFP

Southgate hreinsar til:

## Hasselbaink látinn fara

**FÓTBOLTI** Middlesbrough tilkynnti í gær að félagið ætlaði ekki að framlengja samningi við hollenska sóknarmanninn Jimmy Floyd Hasselbaink. Gareth Southgate, nýr knattspyrnustjóri félagsins, telur ekki þörf fyrir þennan 34 ára leikmann. „Ég hef tilkynnt Jimmy þessa ákvörðun og eðlilega varð hann vonsvikinn. Þetta var mjög erfið ákvörðun,“ sagði Southgate.

Hasselbaink varð markakóngur hjá Middlesbrough með sextán mörk tímabilið 2004/05 og skoraði síðan sautján mörk í öllum keppnum á síðasta tímabili. - egm

Leikið í fjórðungsúrslitum einliðaleiks kvenna á Wimbledon í gær og hjá körlunum í dag:

# Sharapova lét strípaling ekki trufla sig

**TENNIS** Allar þær tenniskonur sem voru í efstu fjórum sætum styrkleikalista Wimbledon-mótsins eru komnar í undanúrslit og fer því nú fyrst að draga til verulegra tíðinda. Þær unnu alla sína andstæðinga í gær án mikillar fyrirhafnar og munu í undanúrslitum mætast þær Kim Clijsters og Justine Henin-Hardenne frá Belgíu. Sterkasti leikmaður mótsins, Frakkinn Amelie Mauresmo mætir hinni rússnesku Mariu Sharapovu. Undanúrslit fara fram á morgun.

Sharapova bar sigur úr býtum gegn löndu sinni, Elenu Dementievu, í tveimur settum og lét meira að segja ekki strípaling sem ruddist inn á völlinn í miðjum leik hafa áhrif á sig. Hún sneri sér einfaldlega undan og vottaði ekki fyrir roða í kinnum hinnar 19 ára gömlu Sharapovu. „Það tók örygg-isverði 10 sekúndur að hylja manninn. En ég horfði eiginlega ekkert á hann - ég vildi ekki virða fyrir mér öll smáatriði.“

Það kom síðar í ljós að strípalingurinn var hollenskur útvarpsmaður, Sander Lantinga, sem var þátttakandi í sjónvarpsþætti sem heitir „Try Before You Die“.

Mauresmo var sú eina í gær af fjórmenningunum sem vann ekki sína viðureign í tveimur settum en hún var þó með talsverða yfirburði yfir andstæðing sínum, Anastatiu Myskina sem hún vann 6-1, 3-6 og 6-3.

Í dag heldur svo keppni áfram í einliðaleik karla og mætir sá besti, Roger Federer frá Sviss, Króatanum Mario Ancic. Federer hóf keppni á Wimbledon með því að bæta met Svíans Björn Borg með því að vinna sinn 42. leik í röð á grasvelli. Hann getur unnið 46. leikinn í dag.

Þá er einnig athyglisvert að Kýpverjinn Marcos Baghdatis er í fjórðungsúrslitum en hann mætir í dag Lleyton Hewitt frá Ástralíu. Baghdatis vakti heimsathygli þegar hann komst í úrslit opna ástralska mótsins fyrr í ár. - esá



**STRÍPALINGURINN** Síðar kom í ljós að það hollenskur útvarpsmaður sem hljóp nakinn inn á aðalvöllinn á Wimbledon-mótinu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP






**KOMINN TIL ANFIELD** Paletta æfði með Liverpool í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Leikmannamál Liverpool:

## Paletta búinn að skrifa undir

**FÓTBOLTI** Argentínski varnarmaðurinn Gabriel Paletta skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við Liverpool. Knattspyrnustjórinn Rafa Benítez er í skýjunum með að hafa náð að klófesta Paletta en leikmanninum er líkt við Roberto Ayala. Paletta er tvítugur og er mjög sterkur og ákveðinn leikmaður.

Paletta var meðal bestu leikmannana á heimsmeistaramóti U20 landsliða og voru stóru liðin í heimalandi hans að reyna að fá hann til sín. Boca Juniors og River Plate höfðu einnig áhuga á honum. **- egm**

Landsbankadeild kvenna:

## KR vann Breiðablik

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur eru komnar með aðra hönd á Íslandsmeistaratitilinn eftir sigur liðsins á Stjörnunni í gær en á sama tíma tapaði Breiðablik fyrir liði KR í Frostaskjóli, 3-2. Fjóla Dröfn Friðriksdóttir kom KR þrívegis yfir gegn Blikum en Erna Björk Sigurðardóttir og Greta Mjöll Samúelsdóttir skoruðu fyrir Breiðablik. Valur vann sinn leik 5-1 og Keflavík vann Fylki 10-0.

Valur er því með sex stiga forskot á Breiðablik og níu stiga forskot á KR og Stjörnuna þegar sex umferðir eru óleiknar. **- esá**

Cesc Fabregas:

## Á leiðinni til Real Madrid?

**FÓTBOLTI** Að sögn umboðsmanns spænska táningsins Cesc Fabregas gæti vel farið svo að hann gæti verið á leiðinni til Real Madrid. Nýkjörinn forseti, Roman Calderon, lofaði því fyrir kosningar að hann kæmi með Fabregas yrði hann kjörinn og staðfesti Joseba Diaz umboðsmaður að viðræður hefðu átt sér stað. „Það voru engin vandkvæði okkar megin við borðið en þeir verða nú að fara til forráðamanna Arsenal og sjá hvað þeir segja.“ Það má telja víst að Arsenal muni ekki selja leikmanninn ódýrt. Diaz sagði Fabregas áhugasaman um að snúa aftur til Spánar og að Real Madrid sé í uppáhaldi hjá honum. **- esá**

Zico til Tyrklands:

## Tekur við Fenerbahce

**FÓTBOLTI** Brasilíska knattspyrnugoðsögnin og fráfarandi landsliðsþjálfari Japans, Zico, hefur verið ráðinn þjálfari tyrkneska úrvalsdeildarliðsins Fenerbahce til tveggja ára. Zico tók við japanska landsliðinu fyrir fjórum árum en hætti eftir að liðið komst ekki upp úr F-riðli heimsmeistarakeppninnar en liðið gerði jafntefli við Króatíu og tapaði fyrir Ástralíu og Brasilíu.



**ZICO**

Zico tekur við starfi Þjóðverjans Cristoph Daum sem hætti með liðið í vor eftir að það náði öðru sæti í tyrknesku úrvalsdeildinni. **- esá**

# Ítalir kláruðu Þjóðverja í blálokin

**Ítalska landsliðið mun leika til úrslita á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi en liðið vann magnaðan sigur á heimamönnum í Dortmund. Staðan var lengi markalaus en undir blálok framlengingar komu tvö mörk.**

**FÓTBOLTI** Ítalía vann Þýskaland 2-0 eftir framlengda undanúrslita-viðureign á heimsmeistaramótinu í gærkvöldi. Leikurinn var fjörlegur og skemmtilegur og þrátt fyrir nokkur mjög góð færi tókst hvorugu liðinu að skora í venjulegum leiktíma. Gripið var til framlengingar en þar skoruðu Ítalir tvö mörk undir blálokin þegar allt virtist stefna í vítaspyrnukeppni. Fabio Grosso og Alessandro Del Piero sáu um að skjóta Ítalíu í sjálfan úrslitaleikinn sem fram fer næsta sunnudag en mótherjarnir verða annaðhvort Portúgalir eða Frakkar.

Fyrsta alvöru færi leiksins kom eftir rétt rúman stundarfjórðung en þá var Simone Perrotta nánast sloppinn í gegn en heimamenn höfðu heppnina með sér og Perrotta missti knöttinn of langt frá sér svo Jens Lehmann náði til hans. Besta færi Þjóðverja í fyrri hálfleik kom tíu mínútum fyrir leikhlé en þá átti Miroslav Klose sendingu á Bernd Schneider en skot hans hitti ekki rammann.

Snemma í seinni hálfleik fékk Klose gott færi þegar hann smaug milli Gennaro Gattuso og Fabio Cannavaro en Gianluigi Buffon sýndi snör viðbrögð í markinu og kom á hárréttum tíma út og bjargaði. Eftir þetta færi kom kafli þar sem þýska liðið komst lítt áleiðis gegn öflugri ítalskri vörn.

Þegar stundarfjórðungur var eftir af venjulegum leiktíma kom Alberto Gilardino inn fyrir Luca Toni sem hafði haft úr litlu að moða og verið frekar einmana í fremstu víglínu. Fimm mínútum síðar var dæmd aukaspyrna rétt fyrir utan teiginn þegar Cannavaro var dæmdur brotlegur. Brotið átti sér reyndar stað fyrir innan teiginn en gestirnir sluppu með skrekkinn. Michael Ballack tók aukaspyrnuna sem var léleg og fór yfir markið.

Markalaust var eftir venjulegan leiktíma og því varð að grípa til framlengingar og þar byrjaði Ítalía af miklum krafti. Strax á fyrstu mínútu sýndi Gilardino flott tilþrif, lék á Christoph Metzelder og komst í dauðafæri en skot hans fór í stöngina og þaðan út. Örstuttu síðar fékk Gianluca Zambrotta boltann rétt fyrir utan teiginn eftir hornspyrnu og hörkuskot hans fór í þverslána. Þjóðverjar algjörlega stálheppnir að vera ekki lentir undir. Rétt fyrir hálfleikinn í framlengingu fékk Lukas Podolski síðan góða sendingu og fékk frábært skallafæri en fór illa að ráði sínu og boltinn framhjá.

Podolski fékk einnig mjög gott færi í seinni hlutanum eftir skyndisókn en Buffon varði hörkuskot hans vel. Framlengingin var nokkuð opin og skemmtileg en allt stefndi í vítaspyrnukeppni þegar Ítalir skoruðu eftir hornspyrnu á 119. mínútu. Vinstri bakvörðurinn Fabio Grosso skoraði þá frábært mark með hnitmiðuðu skoti eftir magnaða sendingu frá Andrea Pirlo. Aðeins mínútu síðar var sigurinn innsiglaður en þá var það Alessandro Del Piero sem skoraði andartaki áður en flautað var til leiksloka en hann kom inn á sem varamaður í framlengingunni, Gilardino átti stoðsendinguna.

Ótrúleg fagnaðarlæti brutust út hjá Ítölum sem hafa spilað frábæran fótbolta í keppninni og hafa gríðarlega heilsteypt og gott lið. Sömuleiðis voru vonbrigðin mikil hjá Þjóðverjum sem hafa verið frábærir alla keppnina. Þjálfarinn Jürgen Klinsmann bar sig þó karlmannlega þótt hann hefði þurft að horfa upp á Ítali leggja sína menn. **elvargeir@frettabladid.**



**GRÉT AF FÖGNUÐI** Fabio Grosso fagnar ótrúlegu marki sínu á 119. mínútu gegn Þjóðverjum í gær. Alessandro Del Piero samfagnar honum en hann skoraði síðara mark liðsins örskömmu síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS



**NÚMER 1** Grosso skorar mikilvægasta mark ferilsins. NORDIC PHOTOS/AFP





**NÚMER 2** Jens Lehmann kemur engum vörnum við. NORDIC PHOTOS/AFP



**NÚMER 3** Grosso trúir þessu varla en fagnar ógurlega. NORDIC PHOTOS/BONGARTS



**NÚMER 4** Buffon markvörður er í sjöunda himni eins og aðrir Ítalar. NORDIC PHOTOS/AFP

Hinn undanúrslitaleikur HM verður í kvöld þegar Portúgal og Frakkland mætast:

# Zidane eða Figo þarf að lúta í gras

**FÓTBOLTI** Sama hvernig undanúrslitaleikur Portúgals og Frakklands á HM í Þýskalandi fer í kvöld þá er ljóst að stórstjarna mun missa af úrslitaleiknum í sinni síðustu HM-keppni. Luis Figo og Zinedine Zidane voru góðir vinir þegar þeir voru saman hjá Real Madrid en þeir eru að fara að mætast á vellinum í kvöld. Annar þeirra mun taka þátt í úrslitaleik keppninnar en hinn verður að láta sér leik um þriðja sætið duga.

Figo hefur farið fyrir portúgalska liðinu sem er búið að ná besta árangri sínum á heimsmeistaramóti í fjórutíu ár. Hann verður 34 ára í nóvember og mun líklegast hætta að leika með landsliðinu eftir þessa keppni þó líklegt sé að hann muni að minnsta kosti eitt tímabil til viðbótar með félagsliði sínu, Inter Milan á Ítalíu.

Fyrir um ári var hann líkt og Zidane á þeim buxunum að leggja landsliðsskóna á hilluna eftir vonbrigðin í Evrópumótinu en ákvað síðan að láta undan þrýstingi og aðstoða þjóð sín.

Gagnrýnendur sögðu að þeir væru báðir of gamlir og hægir til að þola stórmót eins og þetta en þeir hafa náð að kveða niður þær raddir. Zidane ætlar að hætta knattspyrnuiðkun alfarið eftir heimsmeistaramótið og því gæti verið svo að aðeins 90 mínútur séu eftir af ferli hans. „Það er náttúrulega minn æðsti draumur að geta endað þetta með heimsmeistaratitli. Þó er allaveg ljóst að ferli mínum er að ljúka, líkaminn þolir þetta ekki öllu lengur,“ sagði Zidane.

Athyglisvert er að Frakkland hefur unnið þrettán af þeim nítján viðureignum þar sem þessi tvö lið hafa mæst en meira jafnræði er með þeim í dag og veðbankar eru með svipaða stuðla á bæði liðin. Portúgal vann England í átta liða úrslitum á meðan Frakkar lögðu núverandi heimsmeistara í Brasilíu. Ekki er reiknað með breytingum á liði Frakklands frá síðustu leikjum en Portúgal endurheimtir þá Costinha og Deco úr leikbanni. **- egm**



**FIGO OG ZIDANE** Þessir tveir verða í sviðsljósinu í kvöld þegar Portúgal og Frakkland mætast í undanúrslitum heimsmeistaramótsins. NORDICPHOTOS/AFP







B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„We would have injected vitamin C if only they had made it illegal!“**

Svar: Renton úr kvikmyndinni Trainspotting árið 1996.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON HORFÐI Á RÚV Á MÁNUDAGINN**

# *Af hestum, pillum og dósahlátri*

Í þeim leikjum á heimsmeistarmótinu í fótbolta sem ég hef horft á hef ég tekið eftir að auglýsingar um risvandamál karla eru áberandi í auglýsingahléum. Einhverra hluta vegna telja þeir sem sýsla við þetta vandamál og reyna að ráða á því bót, sem alls ekki skal gert lítið úr, að áhugamenn um fótbolta séu rétti markhópurinn. Merkilegt.

Brynju Þorgeirsdóttur og Konráð Pálmasyni hefur tekist að vekja áhuga minn á hestum – að minnsta kosti í hálftíma á mánudögum hverri viku. Nú veit ég sáralítið um hesta en Köngur um stund er skemmtilegri þáttur en ég hef séð hingað til um hestamennsku. Á mánudaginn var til dæmis þrælskemmtilegt viðtal við Jón Sigurbjörnsson leikara, sem býr einn með hestunum sínum. Eini gallinn var glórulaust val á tónlist sem leikin var í bakgrunni; svo tregafullir fiðlutónar að engu var líkara en að Brynja væri á leiðinni austur að jarðsyngja Jón en ekki taka við hann skemmtilegt viðtal. En í grunninn er þetta fínn þáttur.



**KÖNGUR UM STUND** Nokkuð skemmtilegur þáttur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kastljósið með Jóhönnu Vilhjálmsdóttur kom nokkuð sterkt inn mánudag með fréttaskýringu um lyfjaverð á Íslandi. Merkilegt að heyra einn af framkvæmdastjórum íslensku lyfjafyrirtækanna lýsa því yfir að umræðan væri alltof „almenn“ og að lyfjaverð hér á landi væri ekkert tiltakanlega hátt miðað við önnur lönd. Tölurnar sem Jóhanna dró fram sýndu reyndar hið gagnstæða.

Þeir á RÚV mega hins vegar fara að hugsa um að kæfa Svona var það (sem hét einu sinni Svona var það '76 en er víst komið nær '87 núna). Þótt Kaninn geti útvatnað þætti úti í hið óendanlega þurfum við á Íslandi ekki að líða fyrir það. Dósahlátur er líka hallærislegur og þennan þátt á ekki að setja á annan vetur.



▶ 21.00 *Gaman*

GRÆNA ÁLMAN



▶ 21.10 *Spjall*

OPRAH



▶ 21.00 *Gaman*

STACKED



▶ 20.30 *Drama*

BEAUTIFUL PEOPLE



▶ 22.30 *Umræða*

HRAFNAÞING

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (56:58) **18.24** Sígildar teiknimyndir (39:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (62:65)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Tískuþrautir (7:11)** (Project Runway II) Ný þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
▶ **21.00 Græna álman (4:9)** (Green Wing) Bresk gamanþáttaröð um starfsfólk á sjúkrahúsi þar sem allt getur gerst.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir. Dagskrárgerð: Birgir Þór Bragason.

**23.00** Vesturálman (10:22) **23.45** Köngur um stund (4:12) **0.15** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine (14:22)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (3:25) **13.30** Medium (4:16) **14.15** Las Vegas (5:24) **15.00** Amazing Race (14:14) **15.50** Sabrina – Unglingsnornin **16.15** BeyBlade **16.35** Könnuðurinn Dóra **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons (10:21) **18.12** Íþróttafréttir

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Svínasúpan (e)** Frábærir grínþættir sem sýndir voru við miklar vinsældir á Stöð 2 árið 2004.
**20.05 What Not To Wear (3:5)** (Druslur dressaðar upp) Trinny og Susannah eru mættar aftur til leiks og halda uppteknum hætti við að leiðbeina kynsystrum sínum í fatavali og hvernig þær eigi alls ekki að vera til fara.
▶ **21.10 Oprah (74:145)** (Vince Vaughn On The Break-Up) Spányír þættir með hinni einu sönnu Opruh.
**21.55 Earthsea (The Legend of Earth (2:2)** Spennandi ævintýramynd í tveimur hlutum.

**23.20** Strong Medicine **0.05** Stelpurnar **0.30** Grey's Anatomy **1.15** Cold Case (B. börnum) **1.55** State of Grace (Str. b. börnum) **4.05** Timecop 2 (Str. b. börnum) **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sushi TV (4:10) (e)** Sushi TV er sprenghlæginlegur þáttur þar sem Japanir taka upp á alls kyns vitleysu. Hvort sem þau þurfa að borða eitthvað í átkeppni eða taka stórfurðulegar áskoranir frá stjórnendunum þá er það öruggt að þú átt eftir að grenja úr hlátri.
**20.00 Friends (10:17)**
**20.30 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
▶ **21.00 Stacked (4:13)**
**21.30 Clubhouse (10:11)**
**22.15 Revolution** Stranglega bönnuð börnum.

**0.25** Supernatural (21:22) (e) (Bönnuð börnum) **1.15** Jake in Progress (7:13) **1.40** Friends (10:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Völli Snær (e)

**15.40** Kelsey Grammer Sketch Show (e) **16.10** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place**
▶ **20.30 Beautiful People** Ný, bandarísk þáttaröð sem hittir beint í hjartastað. Tvær sætar systur flytja, ásamt mömmu sinni, frá smábæ í Nýju-Mexíkó til stórborgarinnar New York.
**21.30 Rock Star: Prufur á Íslandi** Aðstandendur Rock Star þáttanna komu hingað til lands í byrjun apríl og tóku um sextíu popparar og rokkarar í prufur. Af þeim sextíu sem tóku þátt fengu sextán manns annað tækifæri og var það tekið upp og sýnt Jason, Tommy Lee og Gilby, sem skipa hljómsveitina Supernova.
**22.30 The L Word**

**23.20** Jay Leno **0.00** Rock Star: Supernova **1.30** Close to Home – lokaþáttur (e) **2.45** Beverly Hills 90210 (e) **3.15** Melrose Place (e) **4.00** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
▶ **22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.00** Kvöldfréttir **0.00** Fréttavaktin **3.00** Fréttavaktin **6.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Fierce Creatures **8.00** Wind in the Willows **10.00** Just For Kicks **12.00** I Capture the Castle **14.00** Wind in the Willows **16.00** Just For Kicks **18.00** I Capture the Castle **20.00 Fierce Creatures** (Kostuleg kvikindi) Gamanmynd frá þeim sömu og gerðu myndina A Fish Called Wanda. Myndin gerist í Marwood-dýragarðinum á Englandi. Auðkýfingur hefur keypt garðinn og krefst þess að fjárfestingin skili góðum arði ella muni hann leggja niður alla starfsemi þar. **22.00 Eurotrip** (Evrópurispa) Rómantísk gamanmynd þar sem allt getur gerst. Aðalhlutverk: Scott Mechlowicz, Jacob Pitts, Kristin Kreuk, Cathy Meils. Leikstjóri: Jeff Schaffer. 2004. Bönnuð börnum.

**0.00** Blue Collar Comedy Tour: The Movie (e) (Bönnuð börnum) **2.00** Ballistic: Ecks vs. Sever (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Eurotrip (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**11.30** Number One Single **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** THS Janice Dickinson **14.00** 101 Craziest TV Moments **15.00** 101 Craziest TV Moments **16.00** 101 Craziest TV Moments **17.00** 101 Craziest TV Moments **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Angelina Jolie **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Dr. 90210 **23.00** Sexiest **0.00** THS Angelina Jolie **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Beautiful people** Skjár Einn kl. 20.30

### *Lífið í New York*



Í kvöld hefjast sýningar á nýrri, bandarískri þáttaröð sem fjallar um líf tveggja systra og móður þeirra. Mæðgurnar flytja frá smábæ í Nýju-Mexíkó til stórborgarinnar New York og hefja nýtt líf innan um fína og fallega fólkið. Það kemur þó fljótt í ljós að lífið í stórborginni er ekki bara dans á rósum. Móðirin, sem fórnaði öllu fyrir fjölskylduna, freistar þess að láta gamlan draum rætast og reynir fyrir sér sem fatahönnuður. Sophie fellur ekki inn í hópinn með ríkisbubbabörnunum í einkaskólanum og eldri dóttirin, Karen, reynir að komast að sem módel en það er ekki nóg að vera falleg því samkeppnin er vægðarlaus í New York.

## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

### *Guðjón Guðmundsson*

**Undanúrslit**

**Sýn kl. 19 Frakkland - Portúgal**
**2-0**



Ég held að Frakkar vinni örugglega og fari í úrslit. Einfaldlega vegna þess að Zidane hefur leikið eins og engill í síðustu tveimur leikjum; leikið eins og þegar hann var bestur. Frakkarnir eru „arrogant“ og láta þetta tækifæri ekki úr greipum sér ganga. Portúgal mun líða fyrir þá miklu pressu sem hefur verið á þeim eftir leikinn gegn Englendingum - og í raun líka leikinn gegn Hollendingum. Öll gagnrýnin á þá - einkum í ensku pressunni - og ásakanir um óíþróttamannlega framkomu Ronaldos og fleira mun taka sinn toll og sitja í þeim. Hins vegar tel ég að klókur þjálfari Portúgala, Scolari, geti hugsanlega gert útslagið með leikskipulaginu. Ég hef samt meiri trú á því að Frakkar klári leikinn og komist í úrslit. Spái Frökkum 2-0 sigri og þeir klára þetta á 90 mínútum. Það er komið að Ribery að skora og Henry setur mark - enda snillingur. En ég er hins vegar sannfærður um að Frakkar verði þó ekki heimsmeistarar. Það verða sigurvegarar í hinum undanúrslitaleiknum, Þjóðverjar eða Ítalir.



▶ **18.00**

*Spjall*

ÍÞRÓTTASPJALLIÐ

SÝN besta sætið

**15.15** HM 2006 **17.00** 4 4 2
▶ **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **HM stúdíó** Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið þar sem spáð er í spilin.

**18.50** **HM 2006** Portúgal – Frakkland. Bein útsending frá síðari undanúrslitaleiknum á HM í Þýskalandi. Í þessum leik ræðst hverjir leika til úrslita og hverjir leika um bronsverðlaun.

**21.00** **4 4 2** (4 4 2)HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.

**22.00** **HM 2006** (Portúgal – Frakkland)Upptaka frá síðari undanúrslitaleiknum á HM í Þýskalandi.

**23.45** Hápunktar í PGA mótaröðinni

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikritið: Flugurnar hvísla **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Bókmenntir og landafræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.15** Kvöldsagan **23.00** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## HRÓSIÐ

*... fær Þorsteinn Hreggviðsson fyrir að gleðja hlustendur X-ins að nýju eftir næstum fimm ára fjarveru.*

## ÞRÍR SPURÐIR MAGNI ÁSGEIRSSON SYNGUR Í ROCK STAR Á SKJÁ EINUM Í KVÖLD

# *Ætlar þú að fylgjast með Rock Star-þáttunum ?*

**Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður:**
„Jú, ætli ég setjist ekki niður við skjáinn, með popp og kók og hvetji Magna til dáða. Við verðum að styðja okkar fólk hvar sem það er, í hvaða keppni sem er.“



**Garðar Thor Cortes óperusöngvari:**
„Ég hef ekkert spáð í það hvort ég ætli mér að horfa á þáttinn en ætli það verði nú samt ekki ofan á fyrst Íslendingur tekur nú þátt.“



**Halla Vilhjálmsdóttir leikkona:**
„Jú, klárlega ætla ég að fylgjast með þáttunum. Ég verð áreiðanlega með augun teipuð við skjáinn. Hann Magni er mesti töffari á Íslandi og frábær söngvari.“





**LÁRÉTT**
2 hljóðfæri 6 Austfirðir 8 bein 9 skordýr 11 klukkan 12 land 14 tímamælir 16 hvað 17 þrí 18 kærleikur 20 til 21 málmur.

**LÓÐRÉTT**
1 fjötur 3 klukka 4 duttlungar 5 kraftur 7 kvarnast 10 hljóðfæri 13 veitt eftirför 15 sitja hest 16 rámur 19 á fæti.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 lúta, 6 af, 8 rif, 9 fló, 11 kl, 12 tíbet, 14 sólúr, 16 ha, 17 trí, 18 ást, 20 að, 21 stál.
**LÓÐRÉTT:** 1 hafi, 3 úr, 4 tiktúra, 5 afl, 7 flísast, 10 óbó, 13 elt, 15 ríða, 16 hás, 19 tá.

**VEISTU SVARIÐ?**
Svör við spurningum á bls 8

1. Calderon og Obrador
2. Zora Young
3. Þorsteinn Hreggviðsson

TOPPAR
ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100



**KAUPMENNIRNIR Á HORNINU** Hálfrar aldar afmælis Melabúðarinnar var fagnað í gær. Búðin hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar síðan 1964. Frá vinstri eru bræðurnir Snorri, Pétur Alan og Friðrik Ármann. Lengst til hægri er faðir þeirra, Guðmundur Júlíusson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRIÐRIK OG FJÖLSKYLDA: FAGNA AFMÆLI MELABÚÐARINNAR

# Félagsmiðstöð vesturbæinga í hálfa öld

Fáar matvöruverslanir hafa átt jafn langa lífdaga og Melabúðin sem fagnaði hálfrar aldrar afmæli í gær. Að sögn Friðriks Ármanns Guðmundssonar verslunarstjóra var mikið um dýrðir í tilefni dagsins en komið var upp stóru tjaldi við hlið verslunarinnar, þar sem grillað var fyrir gesti og gangandi og boðið upp á sælgæti og gos fyrir yngri kynslóðina.

„Þetta var svona verslunarmannastemning á staðnum, spilað á harmonikku og að sjálfsögðu var boðið upp á afmælistertu. Þá vorum við líka með margs konar tilboð í gangi í tilefni dagsins,“ segir Friðrik Ármann.

Melabúðin er fjölskyldufyrirtæki en bræðurnar Friðrik Ármann og Pétur Alan hafa báðir komið að rekstrinum. „Sá sem stofnaði búðina, 4. júlí 1956, hét Sigurður Magnússon sem var mikill athafnamaður hér í borg og stórhuga. Melabúðin var önnur búðin í bænum þar sem fólk tíndi sjálft í körfuna því áður voru þetta lokaðar búðir. Faðir minn, Guðmundur Júlíusson, tók síðan við rekstrinum árið 1964 en bróðir minn stóð vaktina með pabba í ein 15 ár áður en ég kom til sögunnar.“

Friðrik segir ferskleika og góða þjónustu vera aðalsmerki Melabúðarinnar. En það segir aðeins hálfa söguna. „Melabúðin er engin venjuleg verslun því hún er ekki hvað síst einhvers konar félagsmiðstöð fyrir Vesturbæinga. Fólk kemur hingað til að hitta mann og annan, ekkert síður en til að versla.“

bryndisbjarna@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrsta plata rokksveitarinnar Reykjavík! er væntanleg í verslanir síðar í vikunni. Útgáfa plötunnar tafðist um viku vegna þess að umslag hennar kom vitlaust brotið saman frá framleiðandanum. Forsíðuna átti að prýða falleg listræn ljósmynd en þegar hljómsveitin fékk fyrstu þúsund eintökin í hendur var það mynd af trommuleikara sveitarinnar sem var á forsíðunni. Sá heitir Kristján Freyr Halldórsson og starfar sem bóksali. Kristján hefur aftur á móti verið duglegur við að leika í auglýsingum og kann það að skýra af hverju framleiðandinn taldi að hann ætti að vera á forsíðunni. Kristján og félagar hans í Reykjavík! voru þó ekki lengi að kippa þessu í liðinn. Þeir rifu plastið af öllu upplaginu og brutu umslagið saman upp á nýtt.



Í kvöld hefst sjónvarpsþátturinn Rockstar Supernova með Guðmundi Magna Ásgeirssyni úr hljómsveitinni Á móti sól í einu af aðalhlutverkunum. Þátturinn hefst klukkan tíu í kvöld á Skjá einum en þá verður sýnt frá áheyrnarprufum sem fram fóru hér á landi en á miðnætti hefst síðan bein útsending frá Ameríku þar sem Magni reynir fyrir sér í rokkliferninu ásamt hinum fjórtán keppendunum. Á heimasíðunni, www.rockstar.msn.com, má finna upptökur úr þáttunum og því helsta sem drifið hefur á daga þeirra. Þar sést Magni meðal annars syngja frumsaminn texta við lag Tommy Lee og félaga úr Supernova. Magni er auk þess búinn að velja sér lag fyrir fyrsta kvöldið. Hann var svo heppinn að sleppa við lagið Roxanne sem hljómsveitin Police gerði vinsælt fyrir nokkru en sá sem valdi það á erfitt kvöld fyrir höndum eða eins og Magni orðar það í þáttunum: „Ég vorkenni Chris því Roxanne er eitt erfiðasta lag sem hægt er að syngja.“



-hdm/kh



Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, VILLTUR LAX, SKÖTUSELUR og KEILA

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Tökur hafnar á Astrópíu

Tökur á kvikmyndinni Astrópíu hófust í gær í Gúttó, Góðtemplarahúsinu, við Suðurgötu í Hafnarfirði. Astrópía er hálfgerð ævintýramynd sem fjallar um unga stúlku sem fær vinnu í nördabúð og tekur þátt í hlutverkaleikjum með tilheyrandi látum. Búast má við alls kyns sjaldséðum uppákomum í myndinni en tökur á henni munu standa fram yfir verslunarmannahelgi.

„Það er mikill spenningur í hópnum og tökur fara allavega vel af stað,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikstjóri Astrópíu.

Með helstu hlutverk í myndinni fara Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Snorri Engilbertsson. Auk þess kemur Halldór Magnússon við sögu í myndinni en hann er bróðir Steins Ármans Magnússonar sem gjarnan hefur verið kenndur við Radíusbræður.

Leikstjóri Astrópíu er Gunnar Björn Guðmundsson en þetta er fyrsta myndin sem hann leikstýrir í fullri lengd. Gunnar Björn hefur leikstýrt þó nokkrum auglýsingum og stuttmyndum, þar á meðal Karamellumyndinni sem hlaut Eddu-verðlaun fyrir nokkrum árum.

Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp eru framleiðendur myndarinnar.



**ASTRÓPÍA** Tökur á myndinni Astrópía hófust í gær í Góðtemplarahúsinu í Hafnarfirði. Tökur munu standa fram í ágúst.


MasterCard
Landsbankinn
olís
Iceland Express
515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE
FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006
Í KVÖLD KL. 19:00
PORTÚGAL
FRAKKLAND
HM 442 með Þorsteini J. og Heimi Karls strax eftir leik
UNDANÚRSLIT
HM
2006
12
adidas
FFF
GOTT FÓLK McCANN
sýn
besta sætið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Þingvellir og Hvíta húsið*

Stundum get ég orðið svo stolt af landi og þjóð að mig hitar í kinnarnar. Þetta gerðist nú á dögunum þegar Halldór Ásgrímsson gekk að míkrafóninum sem hafði verið stillt upp fyrir framan Þingvalla bæinn og sagði stöðu sinni sem forsætisráðherra upp.

**MÉR** fannst þetta svo flott, alveg eins og þegar Bush talar til þjóðar sinnar fyrir utan Hvíta Húsið. Ég var svo fegin að Þingvallanefnd var búin að segja prestinum á Þingvöllum upp húsnæðinu, enda prestar búnir að búa þarna í 1000 ár.

**ÞETTA** hefði ekki verið nærri eins grand alltsaman ef í bakgrunni hefði verið hægt að sjá gluggatjöldin og blómapotta prestfrúarinnar brottreknu. Nei, núverandi Þingvalla nefnd veit alveg hvað hún er að gera þegar hún vill að stórtíðindi í málum þessarar þjóðar hafi á sér „The grand American style."

**VIÐ** framtaksemi núverandi nefndar gleymast mistök fyrri nefnda. Eins og þegar þeir samþykktu þá tillögu 1953 að rífa Þingvalla kirkju og byggja í hennar stað „minningarkapellu um kristintöku á Íslandi" Og krúttlegu Þingvalla kirkjunni okkar átti nú snarlega að breyta í smá steinsteypta kapellu.

**VIRÐIST** fátt hafa afstýrt þeirri framkvæmd annað en heitari áhugi nefndarmanna á að byggja sér sumarbústaði innan þjóðgarðsins. Svo var það árið 1943 þá báðu þeir vegamálastjóra um leyfi til að breikka brúna yfir Flosagjá og vegamálastjóri svaraði að hann vildi „Uppfyllingu í Flosagjá í stað brúar, því að nóg sé uppfyllingarefnið á þeim stað!" Nefndinni leist ekki á blikuna, því þetta voru hugsandi menn, og hættu við, svo enn getum við látið peningana okkar detta niður í tært vatnið í Flosagjá.

**SVO** stundum er framtaksleysi Þingvallanefndar okkur til heilla, en að leyfa Halldóri að ganga fram fyrir gamla prestsetrið og tala til þjóðarinnar „The Bush way" var flott. Það eina sem skyggði á var brussugangurinn í fjölmiðlamönnum þegar þeir létu þyrluna setjast á Þjóðargrafreitinn. Mér er sagt að Einar Benediktsson hafi ekki gert annað en að bylta sér á hina hliðina. En Jónasi varð að orði: „Hvað er nú orðið okkar starf í 600 sumur, að mega þola grafarrusk af framandi vélfuglum."


vísir VEF TV

**NFS Í BEINNI Á VISIR.IS**

35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS



www.toyota.is




## Ökumenn athugið – Nýr Avensis

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst nýjum **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa glænýtt útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu nýjum **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.590.000. kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |